**BIRTA**

**NFS TEKUR TIL STARFA**

*Nú verða sagðar fréttir*

lára stefánsdóttir og dansinn

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**AUSTURLAND**

**FLJÓTSDALSHÉRAÐ**

*Er fjölskylduvænt og fagurt*

**AUKABLAÐ MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. nóvember 2005 — 312. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Heillaður leikstjóri



Ólafur Ragnar Grímsson tók á móti leikstjóranum Quentin Tarantino og áttu þeir ánægjulega stund á Bessastöðum.

**FÓLK 62**

### Himnesk hönnunarsýning

Tímaritið Hús og híbýli stendur fyrir samnefndri hönnunarsýningu í nýju Laugardalshöllinni. Ritstýrur blaðsins eru alsælar með sýninguna.

**FÓLK 48**

### Samfélag samsæranna



„Hvers konar þjóðfélag bregst við tæknilegri bilun í sjónvarpi á þennan hátt? Standi menn upp úr pólitísku skotgröfunum liggur í augum uppi að ástandið er orðið sjúkt!“ segir Birgir Guðmundsson.

**Í DAG 26**

### May á leið til Fylkis?



Forráðamenn Fylkis eru stórhuga þessa dagana en þeir standa í viðræðum við David May, fyrrum leikmann Manchester United, um að hann leiki með Fylki í Landsbankadeildinni næsta sumar. May ætlar að svara Fylkismönnum eftir áramót.

**ÍÞRÓTTIR 54**

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING EÐA SKÚRIR** um sunnan- og vestanvert landið. Úrkomulaust á Norður- og Austurlandi. Hlýnandi veður um allt land.

**VEÐUR 4**






# Bjóða samstarf um þyrlubjörgunarsveit

**Utanríkisráðherra upplýsti á Alþingi í gær að í viðræðum um framtíð varnarsamningsins hefði Bandaríkjamönnum verið boðin hlutdeild Íslendinga í rekstri þyrlubjörgunarsveitar. Landhelgisgæslunni yrði falið verkefnið.**

**UTANRÍKISMÁL** Geir H. Haarde utanríkisráðherra segir að vilji sé til þess að kanna aukið hlutverk Íslands á sviði þyrlubjörgunar í samstarfi við Bandaríkjamenn.

Í ræðu sinni um utanríkismál á Alþingi í gær gat hann þess að viðræður um framkvæmd varnarsamningsins við Bandaríkjamenn hefðu stjórnvöld hefðu í því sambandi boðist til þess að greiða verulegan hluta þess kostnaðar sem hlytist af rekstri og viðhaldi Keflavíkurflugvallar.

„Þá hafa stjórnvöld lýst vilja til þess að kanna möguleika á samstarfi á sviði þyrlubjörgunar þannig að Ísland taki að sér aukið hlutverk í þeim efnum hér á landi. Hvort tveggja mundi leiða til aukinna útgjalda og sýnir því eindreginn vilja af okkar hálfu til að finna framtíðarlausn.“

Geir sagði að meginmarkmið viðræðnanna væri að tryggja lágmarksviðbúnað á Íslandi sem þjónaði hagsmunum beggja ríkja og Atlantshafsbandalagsins í heild á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og í samræmi við ákvæði hans um verkaskiptingu aðila.

Geir sagði í samtali við Fréttablaðið að ef til þess kæmi yrði Landhelgisgæslunni falinn rekstur slíkrar þyrlubjörgunarsveitar af hálfu Íslendinga. Hugmyndir um samstarf í þessum efnum hefðu ekki verið útfærðar enn.

Þyrlubjörgunarsveit á vegum Bandaríkjahers hefur um áratuga skeið verið á Keflavíkurflugvelli og tekið þátt í fjölda björgunaraðgerða á landi sem á hafi úti.

Landhelgisgæslan hefur yfir tveimur þyrlum að ráða. Rekstrarkostnaður flugdeildarinnar var áætlaður um hálfur milljarður króna í fyrra. Starfsmenn hennar eru á bilinu 20 til 25, þar af 9 til 10 flugmenn og 8 flugvirkjar. **- jh**



**PYNTINGUM MÓTMÆLT** Frá mótmælum gegn pyntingum á föngum fyrir utan Hvíta húsið.

Viðhorfskönnun vestra:

## Annar hver ver pyntingar

**BANDARÍKIN** Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem birt var í gær finnst um helmingi Bandaríkjamanna í lagi að beita meinta hryðjuverkamenn pyntingum.

31 prósent svarenda álítur að pyntingar á föngum sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkum séu réttlætanlegar undir vissum kringumstæðum. Fimmtán prósent telja að oft sé rétt að beita þeim. Sautján prósent svarenda telja pyntingar sjaldan réttlætanlegar og 32 prósent hafna þeim alveg. Fréttavefur Aftenposten greindi frá. ■



**ARI EINARSSON** Ari var nýkominn ofan úr Langadalsfjalli á móts við bæinn Fagranes í Langadal þegar blaðamaður og ljósmyndari Fréttablaðsins rákust á hann. Sjö rjúpur lágu að þessu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ari Einarsson frá Blönduósi:

## Leiðist að bryðja högl

**RJÚPNAVEIÐI** „Það er ekkert gaman að skjóta rjúpur með haglabyssu, það er meiri vandi að gera það með riffli,“ segir Ari Einarsson, rjúpnaskytta frá Blönduósi, og kímir góðlátlega. „Þar að auki leiðist mér að bryðja högl á jólunum,“ bætir hann við og hlær.

Hann gefur lítið fyrir það að vera góð skytta; segist eiga góðan riffil, aldraðan Husqvarna-riffil frá Svíþjóð. „Ætli hann sé ekki kominn á fimmtugsaldurinn,“ segir hann. Riffillinn er þokkalega öflugur og því vill Ari helst ekki veiða innan um aðra veiðimenn. „Kúlan getur flogið upp undir einn kílómetra, þannig að það er vissara að ekki séu aðrar skyttur á veiðisvæðinu,“ segir hann.

Veiðisvæðið í Langadalsfjalli þekkir hann út og inn eftir fjölmargar ferðir gegnum árin. Þetta er önnur ferðin í haust og samtals hefur hann skotið tólf rjúpur. „Ætli ég segi þetta ekki gott, enda kominn með kvótann eða því sem næst,“ segir hann. **- ssal**

Kallað eftir frestun á lagningu Sundabrautar á fjölmennum fundi í gærkvöldi:

# Íbúar vilja byrja aftur frá grunni

**SKIPULAGSMÁL** „Ég er búinn að halda fyrirlestra um Sundabraut í níu ár, en þetta er í fyrsta sinn sem einhver nennir að mæta,“ sagði Ríkharður Kristjánsson, verkfræðingur Línuhönnunar, í upphafi kynningarfundar framkvæmdaráðs Reykjavíkur um lagningu Sundabrautar.

Á fundinn, sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík í gærkvöldi, mættu á fjórða hundrað manns og mátti sjá þingmenn borgarinnar innan um.

Meðal þeirra sem til máls tóku voru fulltrúar íbúasamtaka Laugardals og Grafarvogs, Guðmundur Arason og Elísabet Gísladóttir.



**GUÐMUNDUR ARASON** Fulltrúi íbúasamtaka Laugardals.

Þau sögðust bæði þeirrar skoðunar að fara þyrfti betur yfir áætlanir og skoða fleiri kosti varðandi Sundabraut, sama hversu langan tíma það tæki. „Við viljum að byrjað sé frá grunni,“ sagði Elísabet, „og samráð haft við íbúa frá upphafi en þeim ekki kynntar áætlanir á lokastigi.“

Guðmundur vildi að íhugaðar yrðu betur allar leiðir sem lagðar voru til umhverfismats og líka nokkrar til viðbótar. „Við leggjum mesta áherslu á að fylgt verði eftir loforðum um víðtækt samráð við íbúa.“

Anna Kristinsdóttir, formaður framkvæmdaráðs borgarinnar, sagði fundinn ekki síst haldinn vegna áhyggja íbúa bæði í Laugardal og í Hamrahverfi í Grafarvogi af væntanlegri legu Sundabrautar. „Við boðuðum alla þingmenn borgarinnar því auðheyrt er á íbúum að þeir hefðu viljað fara ytri leiðina,“ sagði hún og bætti við að peningarnir sem eyrnamerktir hafa verið verkefninu úr sölu Símans væru skilyrtir við þá innri.

Anna sagði það geta tafið lagningu Sundabrautar um allt að því tvö ár að fara aftur í umhverfismat, vildi fólk fara aðrar leiðir. „Hins vegar þarf nauðsynlega að finna einhverja sátt, bæði við íbúa Hamrahverfis og svo við Skeiðavoginn.“ **- óká**



## SPURNING DAGSINS

*Fáið þið norðanmenn aldrei nóg af snjó?*

„Nei, við fáum aldrei nóg og viljum alltaf meira.“

Snjóframleiðsla er hafin í Hlíðarfjalli ofan við Akureyri. Guðmundur Karl Jónsson er staðarhaldari í fjallinu og segir nú aðstæður til snjóframleiðslu eins og best verði á kosið.

Íslenskir friðargæsluliðar hverfa frá norðurhluta Afganistans vegna hættuástands:

# Hopa undan stríðsátökum

**FRIÐARGÆSLA** Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að hætta þátttöku í endurreisnarsveit í norðurhluta Afganistans vegna átaka og aukinnar spennu á svæðinu.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra sagði á Alþingi í gær að utanríkisráðuneytið hefði haft sérstakar gætur á þróun mála að undanförnu. Spenna hefði aukist verulega milli afganskra stríðsherra í þessum landshluta síðustu vikurnar og árásir hefðu verið gerðar á fulltrúa óháðra hjálparsamtaka og á friðargæsluliða. Ákveðið hefði verið að hætta þátttökunni í norðurhlutanum en haldið yrði áfram að öllu óbreyttu í vesturhluta Afganistans.

Geir sagði að jafnframt yrðu kannaðir möguleikar á öðru íslensku framlagi til friðargæslu Atlantshafsbandalagsins í Afganistan sem kæmi í staðinn og samrædmist kröfum um öryggi borgaralegra friðargæsluliða.

Fram kom í máli utanríkisráðherra að á næstu árum yrði fjölgað í Íslensku friðargæslunni og þátttöku í friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna yrði gefinn aukinn gaumur.

- jh



**FRIÐARGÆSLULIÐAR ÍSLANDS** Utanríkisráðherra hefur tilkynnt að friðargæsluliðar fari frá norðurhluta Afganistans.

Úrvalsvísitalan:

## Endaði við 5.000 stigin

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan í Kauphöll Íslands endaði í 4.999,84 stigum í gær, en innan dagsins fór hún yfir fimm þúsund stig og hefur aldrei verið hærri.

Vísitalan tók stökk í fyrradag þegar bréf KB banka hækkuðu snögglega við kaup stærsta hluthafans Exista.

Gengi bréfa KB banka gaf hins vegar eftir í gær, en Íslandsbanki tók upp merkið og hækkaði um 2,5 prósent. Talsverð viðskipti voru með bréf bankans eða 6,8 milljarðar, en mestu viðskiptin voru með bréf Straums Burðaráss eða tæpa 8,8 milljarða króna.

- hh

Tímaritið Birta:

## Betri dagskrá í breyttri Birtu

**FJÖLMIÐLAR** Dagskrárhluti Birtu hefur verið stækkaður og gerður efnismeiri. Breytingarnar má sjá í fyrsta sinn í tölublaðinu sem fylgir Fréttablaðinu í dag. Fjölbreytt umfjöllun um sjónvarpsþætti, leikara, þáttagerðarfólk og ýmsar hliðar sjónvarpsdagskrárinnar verður framvegis í þessum hluta blaðsins, auk sjónvarpsdagskrár íslenskra og erlendra stöðva. Þjónusta við sjónvarpsáhorfendur er þannig stóraukin.




**BIRTA** Mest lesna tímarit landsins.

Birta er mest lesna tímarit landsins og eiga lesendur þess örugglega eftir að taka þessum breytingum fagnandi. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.




**FASTEIGNAMARKAÐURINN** Jóhannes Gunnarsson hjá Neytendasamtökunum og Gunnar Jónatansson hjá Búseta telja báðir að þannin húsnæðismarkaðurinn fæli frá sér unga fólkið. Neytendasamtökin birtu í gær skýrslu þar sem fram kemur að vextir á Íslandi eru hæstir meðal tíu Evrópuríkja.

# Dyrnar að lokast á yngri kynslóðina

**Gríðarleg aðsókn er að húsnæði í eigu samvinnufélagsins Búseta. Neytendasamtökin birta skýrslu þar sem fram kemur að vextir á húsnæðislánum eru hæstir á Íslandi. Jóhannes Gunnarsson segir stimpilgjaldið óréttlátan skatt.**

**FASTEIGNAMARKAÐUR** „Ég held að það séu sífellt fleiri dyr að lokast á ungt fólk sem er að taka sín fyrstu skref á húsnæðismarkaðnum,“ segir Gunnar Jónatansson, framkvæmdastjóri Búseta.

Umsóknir um íbúðir hjá Búseta hafa margfaldast á síðustu tíu mánuðunum. Til marks um það nefnir Gunnar að yfir sextíu manns hafi sótt um eina íbúð sem auglýst var hjá Búseta fyrr í þessum mánuði. Búseti er samvinnufélag sem á íbúðir og notast við akveðna tegund af leigufyrirkomulagi sem hefur boðið upp á hlutfallslega lágar mánaðargreiðslur.

„Þarna er að mínu mati yngra fólk að leita ódýrari leiða til þess að komast í öruggt húsnæði,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Stimpilgjaldið er ranglát skattlagning sem kemur þyngst niður á unga fólkinu sem er að kaupa sér húsnæði í fyrsta skiptið. Þetta fólk



**JÓHANNES GUNNARSSON** Formaður Neytendasamtakanna.



**GUNNAR JÓNATANSSON** Framkvæmdastjóri Búseta.

þarf að taka hlutfallslega hærra lán en þeir sem eru að kaupa sér í annað eða þriðja sinn,“ segir Jóhannes.

Neytendasamtökin birtu í gær skýrslu sem byggir á könnun sem framkvæmd var í sumar og er unnin í samvinnu við neytendasamtök í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Bretlandi, Írlandi, Hollandi, Þýskalandi og Austurríki. Meðal þess sem kemur fram í skýrslunni er að vextir hér á landi eru að jafnaði frá tveimur og upp í tæplega fimm prósentustigum hærri en í hinum Evrópulöndunum og þar af leiðandi áberandi hæstir. Einnig kemur fram að hér sé lántökugjald hærra en í hinum níu ríkjunum sem borið er saman við. Flest löndin notast við stimpilgjald af einhverju tagi en Finnland aflagði stimpilgjald fyrir sjö árum síðan.

Gunnar Jónatansson hjá Búseta segir að nokkur ládeyða hafi myndast hjá Búseta í kjölfar þess að bankarnir hófu að veita húsnæðislán. „Nú hefur orðið algjör bylting. Bæði hafa færri íbúðir losnað og umsóknirnar margfaldast. Á meðan húsnæði hefur verið að hækka um þrjátíu til fjörutíu prósent erum við að sigla í verðbólgunni sem er þrjú til fjögur prósent. Þetta er náttúrlega gríðarlegur munur,“ segir Gunnar.

saj@frettabladid.is

Meintur morðingi í gæslu:

## Albani verður áfram í haldi

**DÓMSMÁL** Albanskur maður á fertugsaldri sem kom hingað á fölsuðum skilríkjum í haust verður í gæsluvarðhaldi til 5. desember samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Grísk yfirvöld fóru í byrjun mánaðarins fram á framsal mannsins en hann er grunaður um að hafa á jóladag í fyrra myrt mann með skotvopni.

Hæstiréttur staðfesti með dómi sínum úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá því 14. þessa mánaðar, en þann dag lauk refsivist sem maðurinn var dæmdur í vegna skilríkjafölsunarinnar.

Þegar maðurinn kom hingað til lands var hann færður á gistiheimili í Reykjanesbæ þar sem hælisleitendur bíða úrskurðar Útlendingastofnunar. Honum var synjað um hæli í lok september. Beðið er gagna vegna framsalsins.

- óká

Reglubundið sykurát:

## Aukin hætta á krabbameini

**HEILSA** Reglubundið sætmetisát, til dæmis á kexi, ís, hunangi og súkkulaði, eykur líkurnar á brjóstakrabbameini.

Rannsókn sem hefur gerð verið meðal ítalskra kvenna á aldrinum 23 til 74 ára sýnir að brjóstakrabbamein megi í tólf prósentum tilfella rekja til þessara óhollu neysluvenja.



**SÆTMETISÁT** Könnun sýnir að aukin hætta er á brjóstakrabbameini ef konur borða reglulega mikið sætmeti.

Þetta kom fram nýlega í British Medical Journal.

- ghs




Árekstur vörubíls og strætisvagns tekinn fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Vörubílstjóri neitar að hafa ekið á ótryggður og gegn rauðu ljósi

**DÓMSMÁL** Bílstjóri vörubifreiðarinnar sem lenti í árekstri við strætisvagn í ágúst í sumar, Helgi Pálmi Aðalsteinsson, neitaði í gær þeim ákærum sem á hann voru bornar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Honum er gefið að sök að hafa ekið á rauðu ljósi þegar umrætt slys varð en vagnstjóri missti báða fætur fyrir neðan hné í árekstrinum. Einnig urðu nokkur meiðsl á fjórum farþegum. Einnig er Helgi Pálmi ákærður fyrir að hafa ekið um á vörubíl sem ekki var með ábyrgðar- og slysatryggingu í lagi en ákærandi segir hana hafa runnið út í maí síðastliðinn. Þessu neitar Helgi Pálmi einnig.

Málið var þingfest fyrir héraðsdómi í gær og var ákveðið að aðalmeðferð hæfist 13. janúar næstkomandi.

Fram kom að ákærandi í málinu, Þorsteinn Skúlason, myndi leiða fram um sautján vitni í málinu. Þeirra á meðal eru farþegarnir fimm sem voru í strætisvagninum, en einnig lögreglumenn og lögfræðingur frá Vátryggingafélagi Íslands. Einnig kom fram að hemlar á strætisvagninum hefðu ekki verið í fullkomnu lagi þegar slysið varð.

- jse



**HELGI PÁLMI AÐALSTEINSSON** Helgi Pálmi neitaði við þingfestingu í gær að hafa ekið yfir á rauðu ljósi og að tryggingar hefðu verið í ólagi þegar hann lenti í árekstri við strætisvagn. Vagnstjóri missti báða fætur fyrir neðan hné.



# „Áfram Johnny!“

**Óhætt er að segja að stutt heimsókn Jóns Ólafssonar athafnamanns til Íslands hafi vakið mikla athygli.**

Fjölmiðlar hafa fylgt honum hvert fótmál og skráð niður nánast hvert orð sem af vörum hans hefur fallið. Svo virðist sem Einar Kárason hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði á blaðamannafundi að „eldar kviknuðu“ alls staðar í kringum Jón.

Þetta er svo sem ekkert nýtt. Eins og fram kemur í Jónsbók eftir Einar Kárason var æska Jóns og uppvöxtur líka stanslaus barátta, honum var alls staðar hafnað. Jóni var eignað sérhvert prakkarastrik í Keflavík þegar hann var unglingur, hann var rekinn úr skóla og meira að segja íþróttafélagið í Keflavík sagði honum upp.

En það er seigt í Jóni. Alltaf rís hann upp þótt hann sé sleginn niður. Þótt hann sé málaður dökkum litum af voldugum öflum í þjóðfélaginu hefur þjóðin óslökkvandi áhuga á þessum ofvirka dreng sem hófst upp af sjálfum sér og lét ekki bugast. Sigurjón Kjartansson segir að Jón sé orðinn eins konar „Hrói höttur í augum almennings“ og orðar kannski almenningsálitið með upphrópuninni „Áfram Johnny!“



Einar Kárason

## „Eitthvað dallas í gangi“

„Það hafði lengi leitað á mig að úr ævi og ferli Jóns Ólafssonar mætti moða góða sögu. Utan frá fylgist maður með átökunum á fjölmiðlamarkaði; þar var samfélagsdeigla og þar var augljóslega eitthvað dallas í gangi, og þótt heyra mætti af harmakveinum keppinauta keflvíkingsins og slúðursögum sem flugu um bæinn þá virtist ekkert hagga þeirri staðreynd að hverri orrustu lauk með því að hann stóð uppi sem sigurvegari - þar til á endanum hann virtist bíða ósigur, svo hann seldi sínar eigur og fluttist úr landi. Hann eignaðist líka ótrúlega volduga fjandmenn úr pólitík og stórauðvaldi en virtist aldrei veigra sér við að bjóða þeim byrginn; ef það er satt að menn geti orðið stórir af andstæðingum sínum þá var Jón farinn að skaga nokkuð upp úr. Af persónulegum kynnum við manninn báru margir honum ljúflega söguna, en samt virtust alltaf loga umhverfis hann eldar. Og þar sem brenna bál eru oft sögur á sveimi; þarf ekki Flugumýri eða Bergþórshvol til.“





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## Spjallið

umræðuvefur þjóðarinnar

**TITANIC** Nóv. 17 2005, 14:50



Ég er á blaðsíðu 89 og þar er talað um að Jón hafi búið í einhverri kommúnu í Stigahlíð. Eitthvað um hass og allt!!!

**GARGI** Nóv. 17 2005, 14:58



OMG! Er bara allt í þessari bók??

**BINGO** Nóv. 17 2005, 15:11



Ég er nú bara rétt að byrja en mér fannst alveg magnaður kaflinn sem lýsir því þegar hann fer og hittir pabba sinn. Hugsiði ykkur ... þegar hann kynnir sig fyrir honum og segist vera sonur hans svarar hann bara með „Jæja, þú segir það?“ ... og gengur svo bara í burtu! Spáiði í þetta ... hann var bara níu.

**FÓKUS** Nóv. 17 2005, 15:24



LOL! Ég er líka rétt að byrja á bókinni. Mér fannst ferlega gaman að lesa kaflann sem heitir Bæjarvillingurinn. Bæjarvillingurinn „... sem aldrei missti af barnaguðsþjónustu“! Fyndið að bera hann saman við þann Jón sem við þekkjum úr fréttunum.

**MEYJAN** Nóv. 17 2005, 15:31



Rosalega hefur verið erfitt fyrir Jón þegar hann var strákur að búa alltaf hjá ömmu sinni en ekki mömmu. Á bls. 14 er t.d. sagt að hann hafi verið að leika við bræður sína og kótilettur í matinn hjá mömmu, en þá er hann rekinn heim til ömmu í gellur!

**MÓNA** Nóv. 17 2005, 15:42



... ég heyrði á Talstöðinni um daginn að Lobbi var að segja Sigurði G. að þetta væri alls ekki eins og að lesa ársreikning fyrirtækis heldur væri þetta bók um fólk af holdi og blóði sem hefur svo sannarlega séð sitt hvað um dagana

**ÍNA SÆTA** Nóv. 17 2005, 15:58



Fyndin frásögnin af því þegar Jón er hippi og býr í Kristjaníu, en er svo rekinn úr Kristjaníu af því að hann fór strax að búa til plön um að græða ...

**1 MEÐ ÖLLU** Nóv. 17 2005, 16:02



Váááá! Rekinn úr Stínu! Ég hélt að það væri ekki hægt!!!

**HERMES** Nóv. 17 2005, 16:11



Hey! Mér finnst nú lágmark að þið sem hafið lesið segið okkur þetta með dópsalamálið. Kemur það ekki allt fram í bókinni?

**AVA TAR** Nóv. 17 2005, 16:24



Hehe. Lestana sjálfur.

www.spjallid.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 17.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,73 | 62,03 |
| Sterlingspund | GBP | 106,06 | 106,58 |
| Evra | EUR | 72,26 | 72,69 |
| Dönsk króna | DKK | 9,659 | 9,715 |
| Norsk króna | NOK | 9,191 | 9,245 |
| Sænsk króna | SEK | 7,485 | 7,529 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5192 | 0,5222 |
| SDR | XDR | 87,61 | 88,13 |

*Gengisvísitala krónunnar*

102,3065

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Upplýsingar eru enn ófullnægjandi um meint fangaflug um Ísland:

# Skortir vissu um fangaflug

**FANGAFLUG** Geir H. Haarde utanríkisráðherra telur víst að flugvél sú sem lenti á Reykjavíkurflugvelli í fyrradag og bendluð er við fangaflug á vegum bandarísku leyniþjónustunnar hafi ekki flutt fanga. „Ég hef innt sérstaklega eftir því og er að kanna það hvort eitthvað grunsamlegt hafi komið út úr þeirri skoðun á vélinni.“

Geir sagðist ekki hafa fullvissu um málið því ekki væri fullnægjandi svör að hafa enn frá bandarískum stjórnvöldum. Afstaða íslenskra stjórnvalda væri skýr og henni hefði verið komið á framfæri í Washington.



**FANGAFLUGVÉL Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI N196D** Vél sem talið er að flutt hafi fanga til pyntinga fyrir bandarísku leyniþjónustuna lenti á Reykjavíkurflugvelli á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði að fullvissu þyrfti ekki enda tilgangslaust að spyrjast fyrir um athæfi CIA. Hann skoraði á utanríkisráðherra að banna misnotkun á Íslandi og íslenskri lofthelgi í umræddum tilgangi.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ætlar ekki að verða við bréflegri ósk Helga Hjörvar, þingmanns Samfylkingarinnar, um að rannsaka ásakanir um fangaflutningana sem refsivert brot að íslenskum lögum. Björn telur ásakanirnar byggjast á orðrómi og ekki sé lagagrundvöllur til að hefja rannsókn nema fyrir liggi vitneskja eða grunur.

- jh

Yfirmaður Lundúnarlögreglu:

# Allar breskar borgir í hættu

**BRETLAND** Sir Ian Blair, yfirmaður Lundúnalögreglunnar, segir miklar líkur á að hryðjuverkamenn láti til skarar skríða á nýjan leik á Bretlandi og hver einasta borg landsins sé mögulegt skotmark.

Blair sagði á blaðamannafundi í fyrradag að Bretland væri enn ofarlega á skotmarkalista þeirra sem aðhyllast hugmyndafræði al-Kaída og skoraði um leið á Breta um leið til að sýna samstöðu.

Malasískur hryðjuverkamaður tengdur al-Kaída hefur lýst yfir að Bretland, Ítalía, Ástralía og Bandaríkin séu næstu skotmörk samtakanna. ■



**LANGDRÆG ELDFLAUG** Tilraunaflaug skotið frá herstöð á Hawaii. NORDICPHOTOS/AFP

Eldflaugavarnarkerfi BNA:

## Viðræður um útstöð í Evrópu

**BANDARÍKIN** Bandarísk stjórnvöld hafa verið í viðræðum við ráðamenn í Póllandi og fleiri Evrópulöndum um möguleikann á því að hýsa evrópska útstöð eldflaugavarnakerfis Bandaríkjanna.

Í Bandaríkjunum hefur lengi verið unnið að slíku kerfi sem ætlað er að hindra að langdrægar sprengiflaugar nái inn á bandarískt landsvæði, skyldi slík árás verða gerð.

Á fréttavef breska útvarpsins BBC er haft eftir ónafngreindum embættismanni í bandaríska varnarmálaráðuneytinu að rætt hafi verið við stjórnvöld í fleiri Evrópulöndum um að koma upp slíkri útstöð austanhafs. Henni yrði ætlað að vernda einnig Evrópu fyrir eldflaugaárás, svo sem frá Mið-Austurlöndum eða Norður-Afríku.

- aa

### HÉRAÐSDÓMUR

**Ekki refsað fyrir líkamsárás**

27 ára maður var dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir að sparka í andlit annars í slagsmálum við Félagsheimilið á Suðureyri í lok apríl. Honum var ekki gerð refsing en hann hafði sýnt mikla iðrun og var ekki upphafsmaður átakanna.

# Þingmenn þrýsta á Bush vegna Íraks

**Demókratar á Bandaríkjaþingi þrýsta á um að hernámi Íraks verði hætt sem fyrst. Öldungadeildin, sem repúblikanar ráða, vill sjá áætlun um „farsæl lok“ þess. Bush forseti segir gagnrýnina á Íraksstefnu stjórnar sinnar óábyrga.**

**BANDARÍKIN** Gagnrýni á tildrög innrásarinnar í Írak og framkvæmd hernáms landsins hefur orðið æ meira áberandi á Bandaríkjaþingi að undanförnu. Áhrifamikill þingmaður demókrata í fulltrúadeild þingsins, sem greiddi á sínum tíma atkvæði með innrásinni, skoraði í gær á ríkisstjórnina að kalla bandaríska herliðið tafarlaust heim frá Írak.

„Það er kominn tími á stefnubreytingu. Her okkar þjáist, framtíð lands vors er í hættu,“ sagði þingmaðurinn, John Murtha frá Pennsylvaníu, en hann er þekktur fyrir að vera einn mesti „haukurinn“ í þingliði demókrata. Sjálfur barðist hann í Víetnam. „Við getum ekki haldið áfram á sömu braut. Það er greinilegt að áframhaldandi hernaðaraðgerðir í Írak þjóna hvorki hagsmunum Bandaríkjanna, írösku þjóðarinnar né Persaflóasvæðisins í heild,“ sagði hann. Að hans mati myndi tilkynning um brottför bandaríska herliðsins ýta við Íraksstjórn að sjá til þess að verða sjálf fær um að hafa stjórn á öryggismálum í landinu.



**JOHN MURTHA** Einn þekktasti „haukurinn“ í þingliði demókrata á blaðamannafundi í Washington í gær. Hann vill kalla herinn tafarlaust heim frá Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á miðvikudag blandaði varaforsetinn Dick Cheney sér í umræðuna með því að saka demókrata um að óheiðarleika með því að halda því fram að ríkisstjórnin hafi vísvitandi misfarið með leyniþjónustuupplýsinar til að búa til réttlætingu fyrir innrásinni. „Sum ábyrgðarlausustu ummælin hafa (...) komið úr munni stjórnmálamanna sem í reynd greiddu atkvæði með heimild fyrir því að hervaldi yrði beitt gegn Saddam Hussein,“ sagði Cheney í ræðu hjá Frontiers of Freedom Institute, stjórnmálahugveitu í Washington sem tengist Repúblikanaflokknum.

George W. Bush forseti sagðist sammála Cheney. „Það er óábyrgt að segja að ég hafi vísvitandi villt um fyrir bandarísku þjóðinni,“ tjáði hann blaðamönnum á fundi í Suður-Kóreu.

Það eru þó ekki einvörðungu þingmenn demókrata sem hafa áhyggjur af framvindunni í Írak. Öldungadeildin, þar sem repúblikanar eru í meirihluta, hafnaði að vísu tillögu demókrata um að forsetinn skyldi krafinn um tímasetta áætlun um lok hernámsins. Hins vegar var annað frumvarp einróma (98 atkv. gegn engu) samþykkt á þriðjudag þar sem ríkisstjórnin er hvött til að birta áætlun um „farsæl lok verkefnisins“. Í samþykkt þingsins er stjórnin krafin um að gefa þinginu ársfjórðungslega skýrslu um framvinduna í Írak og kveðið á um takmarkanir á þeim aðferðum sem heimilt skuli að beita fanga Bandaríkjamanna. Bush hefur hótað að beita neitunarvaldi gegn frumvarpinu.

audunn@frettabladid.is



**EITURLYF Í SKEIÐ** Hundruð Finna kaupa lyf og eiturlyf á vefsíðum.

Finnar kaupa lyf á netinu:

## Áhættusöm lyfjakaup

**FINNLAND** Mjög einfalt er að kaupa eiturlyf eða ólögleg lyf á netinu og það gera hundruð Finna. Margir þeirra vita ekki einu sinni að kaupin eru ólögleg og þeir taka mikla heilsufarslega áhættu. Þetta kemur fram á fréttavef Hufvudstadsbladet.

Ekki er endilega um hefðbundin fíkniefni að ræða heldur frekar lyf sem eiga að vera „náttúruleg“ og hafa örvandi áhrif eða eiturlyf sem gefa miklar ofskynjanir.

Oft eru eiturlyfin heimaframleiðsla frá Bandaríkjunum, Hollandi eða Bretlandi. Þau eru seld hverjum sem er.

Rannsókn hefur sýnt að fimmtungur vefsíðnanna sem selja lyfin hefur jákvæða afstöðu til eiturlyfja. Tíunda hver vefsíða sem var rannsökuð selur ólyfjan. Á tíundu hverju síðu eru líka leiðbeiningar um hvernig eigi að rækta eða framleiða eiturlyf.

- ghs

### BANDARÍKIN

**Móðir látins hermanns dæmd**

Cindy Sheehan, móðir bandarísks hermanns sem féll í Írak og er orðin fræg vestra fyrir mótmæli sín gegn Íraksstríðinu, var í gær dæmd ásamt 26 öðrum til greiðslu 75 dala sektar fyrir mótmæli. Sheehan hafði efnt til mótmæla við Hvíta húsið sem ekki hafði verið sótt um leyfi fyrir. Lögmaður Sheehan sagði dómnum verða áfrýjað.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

Já, nú er hann að hlýna nokkuð ákveðið. Í dag ætti að vera milt í veðri víða um land, síst þó á Norður- og Austurlandi en þar ætti hitinn að mjakast upp fyrir frostmark og þar verður orðið ágætlega milt á morgun. Vindur er yfirleitt hægur og það skýrir hversu hægt gengur að hlýna. Næstu daga má svo gera ráð fyrir úrkomu víða um land og hitastig fari hækkandi.

Ákveðin suðaustlæg átt. Skúrir með morgninum en úrkomulítið um miðjan dag. Rignir á ný í kvöld, milt í veðri.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C heiðskírt | París | 8°C hálfskýjað | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Osló | 3°C hálfskýjað | Berlín | 3°C hálfskýjað | Mílano | 11°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C heiðskírt | Frankfurt | 6°C alskýjað | New York | 7°C hálfskýjað |
| Helsinki | 0°C hálfskýjað | Madríd | 15°C hálfskýjað | San Francisco | 23°C heiðskírt |
| London | 7°C hálfskýjað | Barcelona | 15°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 22°C skúrir |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Meira úrval




**Alfreð Ómar Alfreðsson**
Matreiðslumeistari hjá Jóhann Ólafsson
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

TILBOÐ
**1.498 kr/kg**
Verð áður 2.298,-

Úr kjötborði
**svínalundir**

TILBOÐ
**2.998 kr/kg**
Verð áður 3.998,-

Úr kjötborði
**nautalundir**




kjúklingaleggir
TILBOÐ
**359 kr/kg**
Merkt verð 599,-

Fersk
**læri, leggir og vængir**



Íslensk
**pekingönd**

TILBOÐ
**999 kr/kg**
Verð áður 1.499,-

## ÁVAXTAFYLLTAR GRÍSALUNDIR

800 g grísalundir
1 poki þurrkaðir blandaðir ávextir
1 glas sætt hvítvín
2 msk. grófkorna sinnep
2 msk. ólífuolía
salt og piparblanda

Saxið blönduðu ávextina og sjóðið í víninu við vægan hita þar til vökvinn er næstum gufaður upp. Setjið ávaxtamaukið á disk og kælið. Stingið í gegnum miðja grísalundina með sleifarskafti. Það er mjög gott að setja upp einnota hanska og þrýsta löngutöng í gegnum gatið. Setjið ávaxtamaukið í sprautupoka og sprautið varlega inn í lundirnar með því að halda vel við. Gott er að þrýsta lundinni saman og stinga sprautupokanum eins langt og hægt er. Hitið olíu á pönnu og brúnið lundirnar í 2 mín. á hverri hlið. Saltið og piprið og smyrjið sinnepi á kjötið. Setjið inn í 160°C heitan ofn í 15 mín., eða þar til kjarnhiti mælist 65°C.



**Ofnsteikt önd í pönnukökur**

Þú færð allt hráefnið hjá okkur




TILBOÐ
**299 kr/pk**
Verð áður 399,-

**Eldbakaðar** pizzur, 3 tegundir
- fljótlegt og gott




**Jóladagatölin** komin!
- mikið úrval




**Emmess** skafís 33% meira magn fyrir sama verð

Gildir til 20. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Eiga íslensk stjórnvöld að banna lendingar fangaflugvéla CIA hér á landi?*

| | |
|---|---|
| Já | 74,2% |
| Nei | 25,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sátt(ur) við frumvarp um bætta réttarstöðu samkynhneigðra?* Segðu skoðun þína á Vísi.is

Friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs hangir í lausu lofti næstu mánuði:

# Sharon boðar til kosninga í Ísrael

**JERÚSALEM, AP** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, lýsti því yfir í gær að þingkosningar yrðu haldnar með vorinu. Palestínumenn halda sínar þingkosningar í janúar og því er ljóst að lítið mun þokast í friðarviðræðum á meðan pólitísk óvissa ríkir.

Ríkisstjórn Sharons hefur staðið veikum fótum að undanförnu, ekki síst eftir að stór hluti félaga hans í Likud-bandalaginu snerist gegn honum vegna brottflutnings landnema frá Gaza í sumar. Þegar Amir Peretz felldi Shimon Peres í leiðtogakjöri Verkamannaflokksins, samstarfsflokks Likud í stjórninni, í síðustu viku var hins vegar ljóst að dagar ríkisstjórnarinnar væru því sem næst taldir.

Sharon lýsti því yfir í gær að í stað þess að kosningar yrðu haldnar í nóvember á næsta ári færu þær fram í vor svo að stjórnarkreppa ríkti ekki í landinu í langan tíma. Yosef Lapid, leiðtogi stjórnarandstöðuflokksins Shinui, greindi svo frá því síðdegis að samkomulag hefði náðst um að halda kosningar í lok mars.

Palestínumenn kjósa fulltrúa til löggjafarsamkundu sinnar í janúarlok. Því telja stjórnmálaskýrendur að allir kraftar stjórnmálamanna svæðisins muni fara í kosningabaráttuna í stað þess að nýta þá þíðu sem myndaðist á milli deilenda í kjölfar brottflutningsins frá Gaza. **- shg**



**PERETZ VÍGREIFUR** Amir Peretz sagði við fréttamenn í gær að Sharon hefði frest til mánudags til að ákveða kjördaginn. „Því fyrr, því betra," bætti hann við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**EIGENDUR BAKKAVARAR GROUP** Bræðurnir Lýður Guðmundsson og Ágúst Guðmundsson standa að Bakkavör.

Hagnaður Bakkavarar:

## Á þriðja milljarð eftir skatta

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Bakkavarar fyrir skatta nam þremur milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins, 2,3 milljörðum eftir skatta.

Hagnaður félagsins á þriðja ársfjórðungi nam 971 milljón króna en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam tæpum þremur milljörðum króna.

Bakkavör hefur tekið miklum breytingum eftir kaup á breska matvælafyrirtækinu Geest og sami ársfjórðungur í fyrra því ekki samanburðarhæfur. Eignir félagsins nema nú 112 milljörðum króna. Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, segir í tilkynningu að uppgjörið sýni áframhaldandi velgengni félagsins eftir yfirtöku félagsins á Geest í maí síðastliðnum. Bakkavör er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu tilbúinna matvæla í Bretlandi. **- hh**

# Ráðuneytið fer með rangt mál

**Þingmaður Samfylkingarinnar, Lúðvík Bergvinsson, segir fjármálaráðuneytið fara rangt með niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála vegna samráðs olíufélaganna. Hann spyr hvort haldið sé hlífiskildi yfir forsvarsmönnum olíufélaganna, þá sérstaklega fyrrverandi forstjóra Skeljungs.**

**OLÍUSAMRÁÐ** „Alvarlegt umhugsunarefni er að fjármálaráðuneytið, sérstakur gæslumaður hagsmuna almennings, skuli vísvitandi fara með rangfærslur hvað varðar niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála," segir Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar.

Aðstoðarmaður fjármálaráðherra upplýsti í vikunni að ekki stæði til að sækja fyrir dómi bætur vegna samráðs olíufélaganna, nema hugsanlega stofnana dómsmálaráðuneytis. Hann sagði áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafa talið önnur brot gegn stofnunum ríkisins ósönnuð.

„Þetta er bara rangt," segir Lúðvík. „Fyrir liggur staðfest að samfellt í sjö ár höfðu olíufélögin ólögmætt samráð vegna útboða sem Vegagerðin stóð fyrir með kostnaðarauka upp á tugi ef ekki hundruð milljóna." Hann segir þá spurningu vakna hvort verið sé að halda sértökum hlífiskildi yfir olíufélögunum. „Og þá sérstaklega fyrrum forstjóra Skeljungs, sem sat í fjármálaráði Sjálfstæðisflokksins, vegna hugsanlegra endurkrafna sem stofnast kunna á hendur forsvarsmönnum olíufélaganna á þessum tíma, yrðu þau dæmd bótaskyld."

Lúðvík telur ótækt annað en að láta reyna á bótaskyldu olíufélaganna gagnvart stofnunum ríkisins fyrir dómi, enda sé um slíkar upphæðir að ræða. „Ef það er ekki hlutverk fjármálaráðuneytisins að gæta að hagsmunum ríkis og almennings í málinu þá veit ég ekki hver ætti annar að gera það."

Þá átelur Lúðvík einnig hversu langan tíma rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á samráðsmálinu taki. „Það er búið að vera í tvö og hálft ár hjá lögreglunni og óþolandi í stærsta fjársvikamáli sögunnar ef Ríkislögreglustjóri fer ekki að afgreiða það," segir hann og bendir á að með rannsókn samkeppnisyfirvalda sé nú búið að rannsaka brot olíufélaganna í um fjögur ár. Hann óttast að frekari dráttur á rannsókn kunni að valda réttarspjöllum og leiða til vægari refsinga. „Dráttur á rannsókn getur bjargað mönnum frá fangelsisvist," segir hann

Ekki liggur alveg ljóst fyrir hvenær bótakröfur vegna samráðs olíufélaganna kunna að fyrnast. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður segir almennan fyrningarfrest á viðskiptakröfum vera fjögur ár, en á skaðabótakröfum tíu ár. „Svo er spurningin hvert upphaf fyrningarfrests myndi vera í svona máli, hvort miðað væri við hvenær kröfuhafa verður staða sín ljós, eða hvenær viðskiptin áttu sér stað. En ég myndi nú telja það fyrra líklegt upphaf frestsins," segir hann og telur að í málum á hendur olíufélögunum yrði miðað við fjögur ár frá því að ljóst var að brot hefði verið framið. „Þetta eru kröfur út af viðskiptum og horfa því öðruvísi við en til dæmis skaðabótakrafa vegna slyss."

**olikr@frettabladid.is**



**Á BENSÍNSTÖÐINNI** Dómsmálaráðuneytið hefur samráð við fjármálaráðuneyti og ríkislögmann um hvort höfðað verði skaðabótamál vegna samráðs olíufélaganna. Málið er enn í skoðun hjá ráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**LÚÐVÍK BERGVINSSON** Lúðvík vill að ríkið höfði mál til skaðabóta vegna samráðs olíufélaganna.


PARS PRO TOTO - DANSVERKIÐ VON
BOREALIS ENSABMLE - ÁRÓRA BOREALIS

Von, dansverk eftir Láru Stefánsdóttur, framleitt af Pars Pro Toto & Áróra Boréalis, brot úr nýju verki á gömlum merg, framleitt af Borealis Ensemble.
Laugardaginn 19. nóv. kl. 20 & Sunnudaginn 20. nóv. kl. 17
Miðaverð kr. 2.000.- Ath! Aðeins þessar tvær sýningar

„Ástir og örvænting" - Hádegistónleikar 29. nóv. kl. 12.15
HLín Petursdóttir, sópran, og Kurt Kopecky, píanó
Miðaverð kr. 1.000.- (MasterCardhafar kr. 800.-)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN




**CIA-VÉL Í REYKJAVÍK?** Þessi skrúfuþota af gerðinni Casa CN-235 með einkennisnúmerið N196D millilenti hér á leið frá Skotlandi til Kanada á miðvikudag. MYND/ATLI MÁR

Fleiri Evrópulönd kanna meint fangaflug CIA:

# Svíar og Finnar hefja rannsókn

**FANGAFLUG** Stjórnvöld í æ fleiri Evrópuríkjum hafa fyrirskipað rannsókn á fregnum um ferðir flugvéla, sem sagðar eru hafa sinnt flutningum á leynilegum föngum bandarísku leyniþjónustunnar CIA, um lofthelgi þeirra og flugvelli.

Svíþjóð og Finnland bættust í gær í hóp landa þar sem slík rannsókn hefur verið sett í gang. Rannsóknardómari á Spáni hefur hafist handa við að rannsaka fregnir um meintar fangaflugslendingar CIA þar í landi. Stjórnarandstöðuþingmenn í Portúgal, Hollandi og Austurríki kölluðu eftir rannsókn í sínum löndum í gær. Dönsk yfirvöld hafa staðfest að flugvélar sem gætu hafa verið í þjónustu CIA hefðu lent á dönskum flugvöllum að minnsta kosti fjórtán sinnum. Norski forsætisráðherrann Jens Stoltenberg sagði í gær að talsmenn bandarískra yfirvalda hefðu fullvissað norsk stjórnvöld um að „engin fangaflutningavél" hefði lent í Noregi.

Í frétt AP-fréttastofunnar er haft eftir Steingrími Ólafssyni, upplýsingafulltrúa Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra, að ríkisstjórn Íslands væri ekki kunnugt um slíkt flug um íslenska flugvelli. Fyrirspurn hefði verið send bandarískum stjórnvöldum en svar ekki borist. „Þetta er nokkuð sem íslensk stjórnvöld sætta sig ekki við," sagði Steingrímur. Því hefur verið haldið fram að meintar fangaflutningavélar hafi lent að minnsta kosti 67 sinnum hér á landi, síðast á Reykjavíkurflugvelli í fyrradag. **- aa**

Nauðgunardómur staðfestur:

## Fékk þriggja ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær þriggja ára fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manni sem nauðgaði fyrrum sambýliskonu sinni í hrottalegri og langvinnri árás á heimili hennar. Honum var einnig gert að greiða henni eina milljón króna í miskabætur.

Árásin átti sér stað á mánudagskvöldi í júlí í fyrra, en þá réðist maðurinn í annarlegu ástandi inn í íbúðina og réðist á konuna með margvíslegum og hrottafengnum hætti.

Maðurinn var einnig ákærður fyrir fíkniefnabrot og ölvunarakstur og játaði þá liði ákærunnar. Nauðguninni neitaði hann. Framburður konunnar var hins vegar talinn trúverðugur og studdur af læknisskoðun og framburði vitna. **- óká**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tveir á sjúkrahús** Maður slasaðist við Hellisheiðarvirkjun um klukkan ellefu um morguninn, en að sögn lögreglu virtist sem hann hefði fallið af bifreið. Hann var fluttur með sjúkrabíl á á slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Þá féll maður úr stiga við sumarbústað í uppsveitum Árnessýslu um klukkan þrjú síðdegis í gær. Sá var að sögn lögreglu fluttur á heilsugæslustöðina í Laugarási og þaðan á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi til frekari aðhlynningar.



HORNBAÐKAR
Ifö Kreta.
Einföld og falleg hönnun sem skapar vellíðan fyrir alla fjölskylduna.
Stærð 143x143sm.
Tilboð:
114.900 kr.
Ifö Þægindi á tilboði
Opið:
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15
TENGI
Smiðjuvegur 76 | 200 Kópavogur | Sími 414 1000 | Fax 414 1001 | tengi.is

www.icelandexpress.is




# HEITAR PÁSKAFERÐIR!

## Tryggðu þér sæti í aukaflugi Iceland Express til Alicante um páskana

Um páskana bætir Iceland Express við aukaferðum í sólina á Alicante á Spáni. Af hverju ættirðu að hírast heima í skugga og skafrenningi þegar þú kemst á suðræna strönd fyrir klink? Ef ske kynni að þig langi frekar til að eyða páskunum í stórborgarstemningu bættum við líka inn aukaferðum til London og Kaupmannahafnar. Gleðilega ferðapáska!

**Verð frá: 7.995 kr.***
**Barnaverð: 5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hversu há var úrvalsvísitalan hæst á þriðjudag?*

2 *Hvað heitir forseti bæjarstjórnar Akureyrar sem er að hætta?*

3 *Hver er unnusti Christinu Aguilera?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 62

Umdeildar breytingar á stjórnarskrá Ítalíu samþykktar á þingi:

# Þjóðaratkvæðagreiðsla boðuð

**ÍTALÍA, AP** Umdeildar og umfangsmiklar breytingar á ítölsku stjórnarskránni voru endanlega samþykktar á miðvikudagskvöld, er stjórnarmeirihluti hægriflokka í efri deild þingsins í Róm samþykkti þær.

Breytingarnar eru þær umfangsmestu frá því stjórnarskráin gekk í gildi árið 1948, en hart hefur verið deilt um þær. Stórnarandstaða miðju-vinstriflokka hefur boðað að hún muni sjá til þess að breytingarnar verði bornar undir þjóðaratkvæði og berjast fyrir því að þeim verði hnekkt. Að sögn forsvarsmanna stjórnarandstöðunnar ógna breytingarnar einingu landsins; þær stefni í að auka enn frekar en orðið er á klofning landsins í rík og fátæk héruð. Einn helsti baráttumaðurinn fyrir breytingunum er Umberto Bossi, leiðtogi Norðurbandalagsins (Lega Nord), sem fyrir ríkisstjórnarþátttöku sína barðist fyrir aðskilnaði iðnhéraðanna á Norður-Ítalíu.

Í meginatriðum fela breytingarnar í sér að héruð Ítalíu, sem eru alls tuttugu, fái meira sjálfræði á kostnað miðstýringarvaldsins í Róm. Hins vegar er valdsvið forsætisráðherrans fært út en vald forseta lýðveldisins skert.

Þar sem breytingarnar voru ekki samþykktar með tveggja þriðju hluta meirihluta á þingi verða þær væntanlega bornar undir þjóðaratkvæði um mitt næsta ár. - aa



**BOSSI FAGNAR** Umberto Bossi, leiðtogi Norðurbandalagsins, fagnar á þingpöllum efri deildar ítalska þingsins er samþykkt stjórnarskrárbreytinganna lá fyrir. MYND/AP

Kirkjan og Mæðrastyrksnefnd:

# Úthluta jólagjöfum saman

**HJÁLPARSTARF** Forsvarsmenn Hjálparstarfs kirkjunnar og aðstandendur Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur hafa ákveðið að vinna sameiginlega að jólaúthlutun þetta árið. Rauði kross Íslands mun styrkja úthlutun þeirra með fjárframlagi og sjálfboðaliðum.

Undanfarin ár hafa báðar stofnanir úthlutað matvælum og annars konar vörum og aðstoð til bágstaddra um jólin en talið er að samvinna geri starfið markvissara og bæti aðstoð við alla þá er á henni þurfa að halda, hvar á landi sem þeir búa. Talið er að þeir skipti þúsundum sem nýta sér þessa nauðsynlegu aðstoð um hver jól. ■



**REYKJANESBÆR** Bæjarstjóri hefur tilkynnt um skattalækkanir og aukna þjónustu.

Reykjanesbær skilar hagnaði:

# Svigrúm til skattalækkana

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Reykjanesbær skilar 160 milljóna rekstrarafgangi á þessu ári og mun samkvæmt áætlun skila öðrum 155 milljónum í afgang á næsta ári. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Árna Sigfússyni bæjarstjóra.

Vegna þessa telja bæjaryfirvöld nú hafa myndast svigrúm til skattalækkana og aukinnar þjónustu við barnafólk í bæjarfélaginu. Um er að ræða talsverðan viðsnúning frá árinu 2004 þegar bæjarfélagið skilaði 210 milljóna tapi. Ný fjárhagsáætlun verður tekin til umræðu hinn 6. desember. - saj

Tyrknesk stjórnvöld krefjast aðgerða:

# Vilja bann á kúrdíska sjónvarpsstöð

**DANMÖRK, AP** Tyrkneska ríkisstjórnin hefur farið fram á það við dönsk stjórnvöld að þau láti loka sjónvarpsstöð sem Kúrdar búsettir í Danmörku starfrækja. Tyrknesk yfirvöld saka stöðina um að vera málpípu bannaðra uppreisnarsamtaka Kúrda og segja að lokun hennar væri eðlilegur liður í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum.

Tyrkneski forsætisráðherrann Recep Tayyip Erdogan sniðgekk blaðamannafund sem til stóð að hann héldi með gestgjafa sínum, Anders Fogh Rasmussen, í Kaupmannahöfn á þriðjudag. Erdogan var ósáttur við að fréttamenn umræddrar sjónvarpsstöðvar, Roj TV, væru á fundinum. Talsmenn Tyrklandsstjórnar halda því fram að stöðin, sem sendir út dagskrá sína í gegnum gervihnött, reki áróður fyrir Kúrdíska verkamannaflokkinn, PKK, en hann er á lista yfir hryðjuverkasamtök bæði í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum, auk Tyrklands.

Fréttamannafundarins hafði verið beðið með nokkurri eftirvæntingu eftir að Erdogan lét hörð orð falla í garð Fogh vegna þess að hann vildi ekki aðhafast neitt vegna birtingar á teikningum af Múhameð spámanni í dagblaðinu Jyllandsposten. Að sið múslima er bannað að birta myndir af spámanninum. - aa



**FOGH EINN** Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, lét sig vanta á fréttamannafund með Anders Fogh Rasmussen í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**OF FÁ BÖRN** Sjálandsskóli í Garðabæ getur tekið við miklu fleiri börnum en eru í skólanum í vetur. Bæjaryfirvöld höfðu gert ráð fyrir mun fleiri börnum í hverfinu en raunin hefur sýnt. Börnum úr öðrum hverfum er ekið í skólann í rútum vegna byggingarframkvæmdanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Allt of fá börn í Sjálandsskóla

**Grunnskólinn Sjálandsskóli í Garðabæ er stórlega vannýttur. Hann getur tekið við 240 börnum en í skólanum í vetur eru tæplega áttatíu börn.**

**GARÐABÆR** Sjálandsskóli í Garðabæ er stórlega vannýttur nú þegar fyrsti áfangi af þremur er risinn. Skólinn getur tekið við miklu fleiri börnum en eru í skólanum í vetur og er þó hluti skólahúsnæðisins leigður út fyrir leikskóla.

Tæplega áttatíu börn eru í skólanum en skólinn getur tekið við 240 börnum eins og hann er núna. Fullkláraður getur skólinn tekið við 500 börnum.

Ástæðan fyrir þessum nemendaskorti í skólanum er sú að mun færri börn búa í Sjálandshverfi en gert hafði verið ráð fyrir í hönnunarforsendum skólans. Foreldrar í Garðabæ fá að velja skóla fyrir börn sín.

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálandsskóla, segir að Sjálandshverfið sé ekki fullbyggt ennþá. Það hafi komið á óvart hversu margir af fyrstu íbúum hverfisins hafi verið fólk á efri árum og það sé kannski vegna þess að fólk hafi séð sér leik á borði að flytja úr eldri hverfum í minni íbúð í glæsilegu hverfi.

„Við vitum ekki hve margir nemendurnir verða á næsta ári því það á eftir að byggja meira í Sjálandinu. Við vitum heldur ekki hve margir fari úr Ásahverfi og Flataskóla yfir í Sjálandsskóla. Með því að bjóða upp á gott skólastarf og kynna skólann vel vonumst við til að skólinn verði í fullri nýtingu á næsta eða þarnæsta ári,“ segir hann.

Byggingaframkvæmdir eiga sér stað í hverfinu við Sjálandsskóla og hefur því ekki verið hægt að tryggja börnunum örugga gönguleið í og úr skólanum. Börnum hefur því verið ekið í litlum rútum úr öðrum hverfum í skólann á kostnað bæjarins. ghs@frettabladid.is

Frumvarp um réttarstöðu samkynhneigðra:

# Góðir menn fagna

**ÞJÓÐKIRKJAN** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, er varkár í viðbrögðum sínum við frumvarpi ríkisstjórnarinnar um réttarstöðu samkynhneigðra og segir: „Allir góðir menn fagna réttarbótum. Þetta er bara gott mál.“

Karl segir að frumvarp ríkisstjórnarinnar um réttarstöðu samkynhneigðra sé umdeilt, ekki bara innan þjóðkirkjunnar heldur meðal almennings og trúfélaga en kirkjan sé víðfeðm og rúmi ýmsar skoðanir. Hann segir að kirkjan sé að skoða vígslu samkynhneigðra para.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að samkynhneigð pör fái sömu heimild til að ættleiða börn og gangast undir tæknifrjóvgun og gagnkynhneigð pör hafa. „Við þurfum að horfa á barnið. Réttur þess til lífs og gæða og ástar og umönnunar og öryggis er aðalatriðið en ekki réttur einhvers til að eiga börn. Mikilvægt er að velferð barnsins sé höfð í fyrirrúmi,“ segir hann. - ghs



**GOTT MÁL** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, er varkár í viðbrögðum sínum við frumvarpi um réttarstöðu samkynhneigðra en segir að það sé gott mál. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





# Allt á 20% afslætti

# Hönnunarhelgi

Opið 10 til 16 laugardag
og 13 til 17 sunnudag.







Þegar innrétta á fallegt heimili

**Egill Árnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is



**UNNUR BIRNA Í KÍNA** Stúlkurnar sem keppa í Ungfrú heimur keppninni stilltu sér upp fyrir myndatöku í Sanya á eyjunni Hainan við Kína. Keppnin er 10. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á leikskólum í Fljótsdalshéraði eru tæplega 200 börn:

# Biðlisti á leikskóla í fyrsta sinn

**LEIKSKÓLAR** Nú er í fyrsta sinn biðlisti á leikskólana í Fljótsdalshéraði. „Hann er reyndar pínulítill, en þetta er nú samt biðlisti," segir Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi héraðsins.

Vel gengur að manna leikskólana fimm á Fljótsdalshéraði, sem eru mjög vel sóttir af börnum héraðsins. „Við höfum búið svo geysivel að það hefur ekki verið vandamál að manna leikskólana hér, og hlutfall fagmenntaðra er hátt, um helmingur starfsfólksins," segir Helga.

Um 100 manns sjá um tæplega 200 börn á fimm leikskólum Fljótsdalshéraðs, en margt starfsfólksins er í hlutastarfi.



**Í LEIT AÐ LAUFBLÖÐUM** Krakkarnir á leikskólanum Hádegishöfða í Fljótsdalshéraði fóru í skógarferð og fundu sér margs konar lauf.

Þrír leikskólanna eru í þéttbýlinu og tveir í dreifbýlinu. Allir hafa þeir mjög vel mótaða stefnu og er mikill munur þeirra á milli. - smk

Öryggi í innkaupakerrum:

# 100 börn duttu úr kerrunum

**ÖRYGGISMÁL** Eitt hundrað börn duttu úr inkaupakerrum á síðasta ári og slösuðust sum þeirra illa. Þetta kom fram á kynningarfundi um öryggi barna í innkaupakerrum sem Slysavarnafélagið Landsbjörg og Lýðheilsustöð stóðu fyrir í gær.

Á fundinum var meðal annars kynnt rétt notkun inkaupakerra og svaraði Hulda Brá Magnadóttir spurningum um höfuðáverka barna sem orðið hafa fyrir þessu. Rík áhersla er lögð á að barn skuli aldrei skilið eitt eftir í kerrunni og að stóllinn sé ávallt notaður. - saj



**MINNI AFLI?** Ferskvatnsfiskar eru sagðir í sérlegri hættu vegna hækkandi vatnshitastigs. NORDICPHOTOS/AFP

Áhrif loftslagshlýnunar:

# Fiskistofnar sagðir í hættu

**GENF, AP** Fiskistofnar heimsins eru í hættu vegna hækkandi hitastigs í höfum og vötnum. Þetta er fullyrt í niðurstöðum skýrslu sem alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin WWF kynntu í gær.

Samkvæmt skýrslunni, sem var unnin á vegum Gland-stofnunarinnar sem hefur höfuðstöðvar í Genf í Sviss, veldur hlýnun loftslags af völdum gróðurhúsaáhrifa hækkandi hitastigi á vatni í ám, vötnum og höfum heimsins. Sumar fisktegundir sem eru viðkvæmar fyrir hitasveiflum, svo sem lax, gedda og styrja, geta alls ekki hrygnt ef vatnshitastigið á vetrarstöðvum þeirra fer ekki niður fyrir ákveðin mörk. Hærra vatnshitastig kemur líka að því leytinu illa við ferskvatnsfiska að minna súrefni leysist upp í hlýrra vatni og þeir ná þannig ekki að anda. Því geta fiskistofnar reynt af flytja sig um set á slóðir þar sem vatnshitastig er nær því sem þeir eru vanir og þannig valdið keðjuverkandi röskunaráhrifum á lífríkið. - aa

# Harður slagur í Hafnarfirði

**Prófkjör Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar verður haldið á morgun. Talsverður málefnamunur er hjá þeim frambjóðendum sem sækjast eftir fyrsta sæti á listanum. Áhersla er lögð á fjármálin annars vegar og velferðarmálin hins vegar. Bæjarblöðin eru undirlögð af auglýsingum og greinum.**

**PRÓFKJÖR** Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði stendur fyrir prófkjöri á morgun þar sem settur verður saman listi til bæjarstjórnarkosninga í vor. Líkur eru á talsverði baráttu milli þeirra Valgerðar Sigurðardóttur og Haraldar Þórs Ólasonar, en bæði sækjast þau eftir fyrsta sæti á listanum. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu sækjast fjórir einstaklingar eftir öðru sæti og þrír eftir þriðja sæti.

„Ég stend fyrir velferðina, fjölskylduna og lífið í bænum," segir Valgerður Sigurðardóttir sem býður sig fram í fyrsta sætið. Valgerður hefur verið bæjarfulltrúi síðan 1994 og hefur því talsverða reynslu af bæjarpólitík. Hún vill leggja áherslu á uppbyggingu á íþrótta- og útivistarsvæðum, málefni eldri borgara og bætta þjónustu í bænum.

„Það hefur verið óráðsía í fjármálum bæjarins í mörg ár undir stjórn Samfylkingarinnar," segir Haraldur Þór Ólason, sem einnig býður sig fram í fyrsta sætið. Haraldur leggur eindregna áherslu á að taka þurfi til í fjármálum bæjarins og telur mikla möguleika vera fyrir hendi í þeim efnum.

„Þetta er bara eins og hvert annað fyrirtæki sem halda þarf réttu megin við strikið," segir Haraldur. Hann kveðst bjartsýnn og segir að núna sé lag að stilla upp sterkum lista þannig að fella megi meirihluta Samfylkingarinnar í vor.

Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði ákvað að leyfa frambjóðendum að auglýsa í fjölmiðlum fyrir prófkjörið. Mikið hefur verið auglýst í bæjarblöðum í Hafnarfirði en svo virðist sem auglýsingaherferðir hafi ekki náð inn í fjölmiðla með dreifingu á landsvísu.

Prófkjörið fer fram í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði á morgun frá klukkan 10 til 22. Kosningin er bindandi og er öllum fullgildum meðlimum sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði heimilt að taka þátt. saj@frettabladid.is

**FRAMBJÓÐENDUR Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í HAFNARFIRÐI**

| | |
|---|---|
| 1. sæti | Haraldur Þór Ólason |
| | Valgerður Sigurðardóttir |
| 1.-8. sæti | Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir |
| | Sólveig Kristjánsdóttir |
| 2. sæti | Almar Grímsson |
| | María Kristín Gylfadóttir |
| | Rósa Guðbjartsdóttir |
| | Skarphéðinn Orri Björnsson |
| 2.-8. sæti | Magnús Sigurðsson |
| 3. sæti | Bergur Ólafsson |
| | Helga Stefánsdóttir |
| 4. sæti | Geir Jónsson |
| | Guðrún Jónsdóttir |
| | Hallur Helgason |
| 4.-5. sæti | Árni Þór Helgason |
| 7.-8. sæti | Halldóra Björk Jónsdóttir |



**HARALDUR ÞÓR ÓLASON** Haraldur sækist eftir fyrsta sæti. Hann vill taka til í fjármálum bæjarins og segir óráðsíu ríkja í fjármálastjórn Samfylkingarinnar.



**VALGERÐUR SIGURÐARDÓTTIR** Valgerður sækist eftir fyrsta sæti og leggur höfuðáherslu á velferðarmálin. Hún vill meðal annars tryggja leikskólavist barna.


„HANN ÓÐ Í GEGNUM FJÓSHAUG MANNLÍFSINS"

Einar Kárason

Hreinn Vilhjálmsson er alþýðumaður sem sökk djúpt í drykkju og afbrot en náði landi um síðir. Hér lýsir hann á hispurslausan en þó broslegan hátt hvernig hann fer í hundana. Skálduð ævisaga sem er allt í senn - skuggaleg, fróðleg og grátbrosleg, en umfram allt heiðarleg.






Hreinn Vilhjálmsson

Tilboðsbók mánaðarins 30% afsláttur

Edda
edda.is


Hugsanlegt skaðabótamál gegn olíufélögunum:

# Dómsmálaráðherra segir málið í skoðun

**OLÍUMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir hugsanlega málshöfðun á hendur olíufélögunum vegna ólöglegs samráðs þeirra til athugunar á vegum ráðuneytisins í samstarfi við viðeigandi stofnanir, „það er Landhelgisgæslu og embætti Ríkislögreglustjóra. Ákvarðanir um málshöfðun verða teknar í samráði við ríkislögmann og fjármálaráðuneyti," segir hann.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, hefur upplýst að gagnaöflun vegna mögulegrar málshöfðunar sé lokið hjá Gæslunni. „Af okkar hálfu er allt tilbúið," sagði Georg í viðtali við blaðið og bjóst við að mál yrði höfðað innan tíðar.

Í fjármálaráðuneytinu fengust þær upplýsingar að hvorki mál Landhelgisgæslunnar né annarra stofnana dómsmálaráðuneytisins vegna skaðabótakröfu á hendur olíufélögunum hefðu ratað þar inn á borð enn sem komið væri og mál væru því á frumstigi. Dómsmálaráðherra gat í svari sínu til blaðsins ekki til um hvenær ákvörðunar kynni að vera að vænta um hvort höfðað yrði mál vegna samráðs olíufélaganna, eða hvað liði samantekt vegna málsins hjá Ríkislögreglustjóra.

Ekki náðist í Skarphéðin Þórisson ríkislögmann vegna málsins. - óká



**DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir samráð verða haft við bæði fjármálaráðuneyti og ríkislögmann áður en ákveðið verði hvort bætur verði sóttar vegna olíusamráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

WWW.SVAR.IS

# MAGNAÐ ÚRVAL SÍMTÆKJA!



## PANASONIC 150

**SÁ ÓDÝRI**
Símanúmerabirtir 50 númer
Símaskrá 20 númer & nöfn
Rafhlöðuending 120 klst. í bið
Rafhlöðuending 10 klst. í tali
Endurhleðslutími 7 klst.
Drægni 50 - 300 metrar
Hægt að tengja aukatæki
20 hringitónar
Endurval 9 síðustu númer

Panasonic

JÓLAVERÐ **4.900-**



## PANASONIC 200

**SÁ HAGKVÆMI**
Símanúmerabirtir 50 númer
Símaskrá 20 númer
Rafhlöðuending 240 klst. í bið
Rafhlöðuending 12 klst. í tali
Hleðslutími 7 klst.
Drægni 50 - 300 metrar
Hægt að tengja aukatæki
10 hringitónar
Endurval 10 síðustu númer
3ja línu skjár
Litir: Svartur eða silfur

Panasonic

JÓLAVERÐ **5.900-**



## PANASONIC 202 - TVÖ TÆKI!

**TVÖFÖLD HAGKVÆMNI**
Símanúmerabirtir 50 númer
Símaskrá 20 númer
Rafhlöðuending 240 klst. í bið
Rafhlöðuending 12 klst. í tali
Hleðslutími 7 klst.
Drægni 50 - 300 metrar
Hægt að tengja aukatæki
10 hringitónar
Endurval 10 síðustu númer
3ja línu skjár

Panasonic

JÓLAVERÐ **9.900-**



## PANASONIC 210

**EINN MEÐ ÖLLU**
Símnúmerabirtir 50 númer
Símaskrá 20 númer
Rafhlöðuending 240 klst. í bið
Rafhlöðuending 12 klst. í tali
Hleðslutími 7 klst.
Drægni 50 - 300 metrar
Hægt að tengja aukatæki
10 hringitónar
Endurval á síðustu 10 númer
3ja línu skjár
Litir: Svartur eða silfur

Panasonic

JÓLAVERÐ **7.900-**



## PANASONIC 212 - TVÖ TÆKI!

**TVEIR MEÐ ÖLLU**
Símnúmerabirtir 50 númer
Símaskrá 20 númer
Rafhlöðuending 240 klst. í bið
Rafhlöðuending 12 klst. í tali
Hleðslutími 7 klst.
Drægni 50 - 300 metrar
Hægt að tengja aukatæki
10 hringitónar
Endurval á síðustu 10 númer
3ja línu skjár
Litir: Svartur eða silfur

Panasonic

JÓLAVERÐ **11.900-**



## PANASONIC 300 - MEÐ SMS!

**ÞESSI FLOTTI MEÐ LITASKJÁ**
Símnúmerabirtir 50 númer
Símaskrá 200 númer
Hleðsla allt að 170 klst. í bið
Rafhlöðuending 16 klst. í tali
Dregur 50 – 300 metra
Hægt að tengja aukatæki
Stighækkandi hringing
Endurval á síðustu 10 númer
Litaskjár
Handfrjáls
SMS

Panasonic

JÓLAVERÐ **9.900-**



## PANASONIC KX-TCD 535

**FLAGGSKIPIÐ**
Númerabirtir 50 númer
Símaskrá 200 númer
Hleðsla allt að 120 klst. í bið
Taltími allt að 10 klst.
Dregur 50 – 300 metra
Hægt að tengja aukatæki
30 mismunandi hringitónar
Klukka / Vekjaraklukka
Endurval á síðustu 10 númer
Tengi fyrir höfuðtól
SMS

Panasonic

JÓLAVERÐ **14.900-**



## AUDIOLINE DECT 8049

**SÍMI FYRIR HEYRNARDAUFA / SJÓNSKERTA**
Tengi fyrir höfuðtól
Stillanlegur styrkur í hlust
Hringing mjög há
100 númera símaskrá / nöfn
6 númera endurval
Ljós handtæki f/ hringingu
Handfrjáls
Rafhlaða: 100 klst. í biðstöðu
Rafhlaða: 10 klst. í tali

JÓLAVERÐ **11.900-**



## COMSYS HOTLINE

**MEÐ TENGI FYRIR HÖFUÐTÓL**
Handfrjáls
Símnúmerabirtir 66 númer
Símaskrá 70 nöfn / númer
10 númera skammval
4 beinvals hnappar
Ljós í skjá
Endurval á síðustu 10 númerum
Klukka / Dagsetning

JÓLAVERÐ **5.900-**



## PLANTRONICS CLARITY 710

**SÍMI FYRIR HEYRNARDAUFA / SJÓNSKERTA**
Tengi fyrir höfuðtól
32 db. mögnun í hlust
Stillanlegur styrkur í hlust
Hringing mjög há
Tengi fyrir heyrnartæki
10 númera skammval
10 númera endurval
Ljós fyrir hringingu
Rafhlaða: 100 klst. í biðstöðu
Rafhlaða: 9 klst. í tali

JÓLAVERÐ **11.900-**



## PLANTRONICS CLARITY EXL30

**SÍMI FYRIR HEYRNARDAUFA / SJÓNSKERTA**
12 forritanlegir beinvalshn.
30 db. mögnun í hlust
Stillanlegur styrkur í hlust
Hringing mjög há
Tengi fyrir heyrnartæki
Stillanlegur styrkur á hljóðn.
Hægt að festa á vegg
Ljós fyrir hringingu

JÓLAVERÐ **11.900-**



## DSC-ZETTLER NOT-TEL 3

**SÍMI FYRIR SJÓNSKERTA**
4 forritanlegir beinvalshn.
Handfrjáls
Hægt að festa á vegg
Endurval á síðasta númeri
Ljós fyrir hringingu
Stórir stafir í skjá

JÓLAVERÐ **4.900-**

svar) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS



**JÚSJENKÓ Í FRAKKLANDI** Viktor Júsjenkó Úkraínuforseti tekur hér í höndina á viðskiptajöfrinum Louis Schweitzer, formanni samtaka atvinnulífsins í Frakklandi. Júsjenkó heimsótti samtökin í fyrradag í tveggja daga opinberri heimsókn sinni til Frakklands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alnæmi er vaxandi vandamál í Suður-Ameríku:

# Tæp milljón barna er smituð

**ALNÆMI** Yfir tvær milljónir eru sýktar af alnæmisveirunni í Suður-Ameríku og hafa menn vaxandi áhyggjur af þeim fjölda barna og unglinga sem eru í þeim hópi. Af þessum tveimur milljónum eru 700 þúsund ungmenni á aldrinum 15 til 24 ára og fimmtíu þúsund hafa ekki náð þeim aldri.

Starfsmenn Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna hafa af þessu miklar áhyggjur enda fjölgar þeim börnum hratt sem fæðast með alnæmi sem móðir þeirra hefur fengið. Sjá menn fram á að tala sýktra barna og ungmenna verði komin yfir milljón árið 2010 ef ekki verði gripið til aðgerða nú þegar.

Alnæmi dregur árlega 140 þúsund manns til dauða í Suður-Ameríku og margir af þeim látnu skilja eftir sig börn sem einnig eru sýkt. Veldur það miklum vandræðum þar sem fáir fósturforeldrar eru reiðubúnir til að taka við börnum sem eiga eftir að lifa í hæsta lagi í tíu til tuttugu ár. - aöe



**EIN MILLJÓN SÝKTRA BARNA ÁRIÐ 2010** Sífellt fleiri börn fæðast með alnæmi í Suður-Ameríku og mun fjöldi þeirra líklega fara yfir milljón á næstu árum.

Handagangur í öskjunni:

## Krókódíll á flugbrautinni

**BANDARÍKIN** Tæplega tveggja metra langur krókódíll gerði sér lítið fyrir í gær og laumaði sér inn á flugvöllinn í Miami.

Dýrið óð yfir nokkrar af flugbrautunum áður en það kom sér fyrir á grasflöt á vallarsvæðinu. Þar sem nokkur hætta skapaðist af þessu ferðalagi krókódílsins brugðust flugvallarstarfsmenn skjótt við og kölluðu á dýraeftirlitsmann sem handsamaði skepnuna, tjóðraði hana og flutti á brott með hjálp lögreglu.

Ekki fylgir sögunni hvert farið var með gestinn óboðna en væntanlega á stað þar sem flugvélagnýrinn var minni. ■




Nýr fursti í Mónakó:

## Embættistaka Alberts fursta

**EMBÆTTI** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorrit Moussaieff forsetafrú hafa þegið boð um að vera viðstödd embættistöku Alberts II fursta af Mónakó sem fram fer við hátíðlega athöfn á morgun í dómkirkjunni í Monte Carlo.



**ALBERT Á ÍSLANDI**

Hefjast hátíðarhöldin strax í kvöld þegar öllum gestum verður boðið til kvöldverðar. Strax að embættistökunni lokinni á morgun verða gestir viðstaddir hersýningu og sérstakan knattspyrnuleik sem fram fer af þessu tilefni. Annað kvöld er svo hátíðarkvöldverður en hátíðarhöldunum lýkur formlega á sunnudaginn. ■



**ILLA ÚTLEIKINN** Íslamska fræðimannafélagið í Írak birti í vikunni þessar myndir af manni sem það segir hafa sætt pyntingum af hendi írösku lögreglunnar. NORDICPHOTOS/AFP

# Pyntingasögur sagðar ýktar

**Innanríkisráðherra Íraks segir ásakanir um að súnníar í haldi lögreglunnar hafi verið pyntaðir vera ýkjur. Súnníar krefjast óháðrar rannsóknar.**

**BAGDAD, AP** Bayn Jabr, innanríkisráðherra Íraks, sakaði þá sem gagnrýnt hafa stjórnina fyrir illa meðferð á súnníum um að ýkja sögur um pyntingar af pólitískum hvötum. Talsmenn súnnía eru hins vegar æfir og krefjast óháðrar rannsóknar.

Jabr boðaði til blaðamannafundar í gær til að slá á ólguna sem blossaði upp eftir að bandarískir hermenn fundu 173 fanga, illa á sig komna, í einni af byggingum ráðuneytsins. Í stað auðmýktar réðist Jabr hins vegar á þá sem gagnrýnt höfðu ríkisstjórnina og sakaði þá um að styðja uppreisnarmenn og vera í pólitískum hráskinnaleik. Í fangageymslunum hefði verið að finna jafnt sjía sem súnnía en einnig hefðu verið þar „hættulegir hryðjuverkamenn“. Hann sagði að „aðeins“ sjö fangar hefðu sætt misþyrmingum og þeir sem þeim hefðu beitt yrðu látnir svara til saka. „Ég er alfarið á móti pyntingum og ég mun refsa þeim sem pynta fanga. Ég bendi hins vegar á að enginn var hálshöggvinn eða myrtur á annan hátt.“

Málið sýnir öðru fremur hversu grunnt er á því góða á milli íraskra sjía og súnnía. Þeir fyrrnefndu sættu ofsóknum á valdatíma Baath-flokks Saddam Hussein þar sem súnníar voru í öndvegi. Í dag eru sjíar hins vegar við stjórnvölinn í lykilráðneytum Íraks, þar á meðal innanríkisráðuneytinu, og er augljóst að mörgum þykir tími til kominn að jafna sakirnar við sína fornu fjendur. Óttast er að verið sé kerfisbundið að hræða súnnía frá þátttöku í þingkosningunum 15. desember.

Orð Jabr féllu í grýttan jarðveg hjá súnníum og lét Abdul-Salam al-Kubais, talsmaður íslamska fræðimannafélagsins, þá skoðun sína í ljós við AP-fréttastofuna að innanríkisráðuneytinu væri ekki treystandi til að inna af hendi rannsókn málsins. „Við erum ekki að ásaka neinn en það er ljóst að lögregla hefur handtekið okkar fólk og síðan finnast lík þess. Ef ráðherrann veit ekki af þessu á hann að segja af sér.“ Annar talsmaður súnnía kvaðst hafa heimildir fyrir því að misþyrmingar tíðkuðust í að minnsta kosti þremur fangelsum til viðbótar.

Manfred Nowak, sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna í rannsókn pyntingamála, styður kröfur súnnía um óháða rannsókn. „Það er á allra vitorði að pyntingar eru ennþá stundaðar í Írak þótt Saddam sé á bak og burt. Þetta er skelfilegur veruleiki en staðreyndin er samt sú að við höfum fengið tilkynningar um þessi leynifangelsi í nokkurn tíma.“

sveinng@frettabladid.is



**BAYN JABR** Innanríkisráðherrann segir málið storm í vatnsglasi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




SOFÐU VEL UM JÓLIN
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu
Chiropractic®
Since 1940
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi
Jólatilboð
Signature Queen kr. 119.900.-
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
Einstök þrýstijöfnun og réttur stuðningur
Jólatilboð
Queen stærð
kr. 129.900.-
Gerðu samanburð
iq-care.com
Nýr fjölstillanlegur Wallhugger
S-CAPE
WALLHUGGER
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.-
Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla
BIFLEX
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.-
Konfektkassi fylgir hverjum heilsukodda
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Large kr. 7.490.-
Medium kr. 6.990.-
Small kr. 5.990.-
Vinsælasta jólagjöfin
Amerískar heilsudýnur
SLEEP & HEALTH
FLIPFREE
Jólatilboð Royalty Queen
kr. 99.900.-
Sleep Series
FLIPFREE
Jólatilboð
Euro 120x200 59.900.-
Queen 153x200 69.900.-
Leður Hægindastólar
Kr. 54.000.-
Svefnsófar
Verð frá kr. 79.900.-
Úrval af húsgögnum
Úrval af teppasettum
Damask Sænguverasett
Hágæða dúnsængur ofl.
Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

# nettó Fylgist með okkur



Ódýrt

ÍSFUGL
Reykjavegur 36
Mosfellsbær
Sími: 566 6103

Krydduð kalkúnasteik
**50%**
afsláttur





Nemo náttföt á börnin í gjafaöskju. 3 litir

Barnanáttföt
**1.999** kr



Súpukjöt
**349** kr/kg

Ódýrt

Það verða bókajól í Nettó










Alexander mikli
**60%** afsláttur
1.592kr

Bestu knattspyrnulið Evr.
**60%** afsláttur
1.752kr

Kurt Cobain
**60%** afsláttur
1.792kr

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 17.-20. nóv. eða á meðan birgðir endast.

Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahvefi Kópavogi

# - áframhaldandi veisla



Bayonneskinka
**50%** afsláttur
629kr/kg




Reyktur grísabógur
**43%** afsláttur
399kr/kg







Goða helgarsteik
**30%** afsláttur
979kr/kg




Rækjur 500g
**299** kr/pk




Dýrmæt reynsla
**50%** afsláttur
1.490kr




Í loftinu lýsa stjörnur
**50%** afsláttur
1.240kr




Lyginni líkast
**50%** afsláttur
1.490kr




Hve glöð er vor æska
**50%** afsláttur
1.490kr

netto



**SIGRI FAGNAÐ** Stuðningsfólk Ellen Johnson-Sirleaf syngur og dansar í Monróvíu, höfuðborg Líberíu, eftir að kjörstjórn staðfesti sigur hennar í forsetakosningum. Johnson-Sirleaf verður fyrsta konan sem tekur við forsetaembætti í Afríkuríki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Börn í Arnarneshreppi fá ekki leikskólavistun í nágrannabyggðunum:

# Allt fullt á Akureyri

**AKUREYRI** Skólanefnd Akureyrarbæjar hefur hafnað beiðni nágrannasveitarfélagsins Arnarneshrepps um að börn úr hreppnum fái leikskólavist á Akureyri á næsta ári. Enginn leikskóli er í Arnarneshreppi og segir Hjördís Sigursteinsdóttir, oddviti Arnarneshrepps, að börn úr hreppnum hafi í gegnum tíðina fengið inni í leikskólum nágrannasveitarfélaganna, þar á meðal á Akureyri.

„Við sendum beiðni um vistun á leikskólum Akureyrar fyrir ótilgreindan fjölda barna en brýnust er þörfin vegna tveggja barna. Sex börn í Arnarneshreppi eru nú í leikskólanum í Hörgárbyggð en aðsókn eftir plássi þar hefur aukist og því sýnt að okkar börn munu missa þau pláss. Sveitarfélagið telur ekki nema um 180 manns og því ekki raunhæft að ráðast í byggingu leikskóla,“ segir Hjördís.

Jón Kr. Sólnes, formaður skólanefndar Akureyrarbæjar, segir að beiðninni hafi verið hafnað þar sem ekki væri rými fyrir börn úr öðrum sveitarfélögum í leikskólunum á Akureyri.

„Ef aðstæður breytast, og við getum tekið við fleiri börnum, þá munum við endurskoða afstöðu okkar, segir Jón.

- kk



**LEIKSKÓLABÖRN Á AKUREYRI** Arnarneshreppur hefur greitt rúmlega 50 þúsund krónur með hverju barni sem vistað hefur verið í leikskólum nágrannasveitarfélaga en að auki hafa foreldrar barnanna greitt hefðbundin leikskólagjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Reyktu hass í bílnum** Lögreglan í Reykjavík gómaði í fyrrakvöldi tvo menn sem grunaðir eru um kannabisreykingar í bifreið í borginni. Mennirnir voru færðir fyrir varðstjóra þar sem teknar voru af þeim skýrslur.

**Þjófur í vímu** Kona var staðin að verki er hún reyndi að stela vörum úr búð í Reykjavík. Hún reyndist vera undir áhrifum lyfja auk þess sem fíkniefni fundust í fórum hennar. Ekki var unnt að yfirheyra konuna sökum vímu og þarf hún að skýrast í höfðinu í vörslu lögreglu áður en hún verður yfirheyrð.

**Bifhjól og vörubíll í árekstri** Bifhjól og vöruflutningabíll lentu í árekstri á Selfossi í fyrradag. Ökumaður bifhjólsins slasaðist og er talinn hafa fótbrotnað. Hann var fluttur með sjúkrabifreið á Landspítala - háskólasjúkrahús í Fossvogi í Reykjavík.






**HEILSULEYSI FYRIRSLÁTTUR** Augusto Pinochet er hæfur til að réttað verði yfir honum að mati lækna. AFP.NORDICPHOTOS/APF

Augusto Pinochet:

## Gerði sér upp veikindin

**CHILE** Læknar sem hafa rannsakað Augusto Pinochet, fyrrverandi einræðisherra Chile, segja hann alls ekki jafn veikan og hann sjálfur hefur gefið í skyn í þeirri von að sleppa við réttarhöld.

Pinochet er ásakaður um margvísleg brot þau sautján ár sem hann stjórnaði landinu. Lögfræðingar hans hafa haldið því fram að heilsa hans leyfi ekki að réttað sé yfir honum en nú telja læknar að það sé yfirvarp og Pinochet sé í raun við hestaheilsu. Líklegt þykir því að dagsetning réttarhaldanna yfir honum verði ákveðin fljótlega. ■



**MIÐLAÐ MILLI MENNINGARHEIMA** Ingibjörg Valdimarsdóttir frá Orkuveitunni, Sabine Leskopf og Áslaug Jóhannesdóttir frá Alþjóðahúsi og Þorbjörg Bjarnadóttir frá Orkuveitunni innsigla samstarfið.

Orkuveita Reykjavíkur:

## Bregst við fjölmenningunni

**FJÖLMENNING** Orkuveita Reykjavíkur hefur fengið fólk úr Túlka- og þýðingarþjónustu Alþjóðahúss til að þýða vefsíðu sína á ensku, pólsku, tælensku og víetnömsku. Tilgangurinn er að auðvelda innflytjendum upplýsingaöflun á netinu.

En Orkuveitumenn láta ekki þar við sitja því starfsfólkið hefur sótt námskeið sem haldið var á vegum Fræðsludeildar Alþjóðahússins þar sem því var kennt að veita persónulega þjónustu í fjölmenningarlegu umhverfi. Einnig eru starfsmenn sem lesa af mælum í heimahúsum komnir með orðalista í hönd sem auðveldar þeim samskipti við viðskiptavini sem eru af erlendum uppruna.

- jse

## ESKIFJÖRÐUR

**Vinnuslys við höfnina** Vinnuslys varð við höfnina á Eskifirði á sjötta tímanum síðdegis í fyrradag. Maður sem vann við að hífa bíl féll þrjá metra af fletinu og bæði handleggs- og fótbrotnaði. Hann var fluttur með sjúkraflugi til Akureyrar skömmu eftir slysið og er líðan hans eftir atvikum.

Stefnir í samstarf jafnaðarmanna og Radikale Venstre út kjörtímabilið í Kaupmannahöfn:

# Fyrsta konan á borgarstjórastóli

**DANMÖRK** Sigurvegari sveitarstjórnarkosninganna í Danmörku á þriðjudag er Ritt Bjerregaard, borgarstjóraefni jafnaðarmanna í Kaupmannahöfn. Flokkur hennar fékk rúmlega þriðjung atkvæða og bætti fylgi sitt þónokkuð. Ritt verður fyrsta konan til að gegna starfi yfirborgarstjóra Kaupmannahafnar.

Ritt Bjerregaard hefur verið lengi í stjórnmálum. Hún var ráðherra um árabil og nú síðast þingmaður. Helsti keppinautur hennar Søren Pind, oddviti Venstre, tilkynnti um afsögn sína um leið og fyrstu tölur lágu fyrir en flokkur hans tapaði þremur borgarfulltrúum. Radikale Venstre bætti töluvert við fylgi sitt í borginni og stefnir allt í að flokkurinn starfi í meirihluta með jafnaðarmönnum út kjörtímabilið.


**KNUUD NIELSEN** Finnst útkoma kosninganna hið versta mál.


**GERNER NIELSEN** Er ánægður með nýja borgarstjórann.

„Ég er mjög sáttur við nýja borgarstjórann," sagði Gerner Nielsen, einn þeirra Kaupmannahafnarbúa sem Fréttablaðið náði tali af í gær. „Ég kýs alltaf Jafnaðarmannaflokkinn og því er þetta góð niðurstaða. Það hefði verið slæmt ef Venstre hefði komist til valda." Kona á miðjum aldri var einnig ánægð. Hún sagði skipta miklu máli að fá jafn reynslumikinn stjórnmálamann eins og Ritt í embættið. Hún væri útlendingur og því fyndist henni Jafnaðarmannaflokkurinn vera besti kosturinn fyrir sig.

Knuud Nielsen var hins vegar ekki eins ánægður. „Þetta var ekki góð niðurstaða. Ritt á ekki farsælan feril að baki og er spillt. Ég hefði miklu frekar viljað fá Klaus Bondam frá Radikale Venstre í borgarstjórasætið."

„Þetta er hið versta mál enda hef ég ekki verið sáttur við störf Ritt hingað til," sagði ungur karlmaður. „Ég kaus Íhaldsflokkinn en því miður kom hann ekki nógu vel út." ■


**KONUNGLEGT BRÚÐKAUP** Sayako, yngri dóttir Akihitos Japanskeisara, og eiginmaður hennar Yoshiki Kuroda svara spurningum blaðamanna eftir brúðkaup þeirra sem fram fór á hóteli í Tókýó í vikunni. Með því að giftast Kuroda, sem ekki er af aðalsættum, missti Sayako prinsessutitil sinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tekist á um kröfur í þrotabú:

## Sparisjóðurinn hafði betur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í gær á það með Sparisjóði Vestfirðinga að kröfur sjóðsins í þrotabú Kristjáns Ragnars Kristjánssonar, eins sakborninga í Landssímamálinu, væru veðkröfur. Slíkar kröfur njóta forgangs við uppgjör þrotabúa.

„Það var fallist á allar okkar kröfur," segir Björn Jóhannesson, lögmaður Sparisjóðsins, en málið snýst um lántökur Lífsstíls, eins fyrirtækjanna sem fyrir koma í Landssímamálinu og Kristján var í forsvari fyrir. Hann sagði nú á forræði skiptastjóra að ákveða næstu skref, hvort kröfurnar yrðu teknar til greina eða málinu vísað til Hæstaréttar. **- óká**


**ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON**

Aron Pálmi Ágústsson:

## Í baráttu gegn dauðarefsingu

**DÓMSMÁL** Aron Pálmi Ágústsson vinnur nú að því að koma heimili sínu í bænum Beaumont í Texas í horfið eftir að fellibylurinn Ríta reið yfir á heimaslóðum hans. „Ég hef unnið mikið við húsið og mér líður mestmegnis ágætlega," segir Aron.

Aron hefur einnig barist fyrir því upp á síðkastið að lífi fangans Stanley Williams verði þyrmt, en hann bíður dauðarefsingar. „Ef ekkert verður að gert verður hann tekinn af lífi 13. desember," segir Aron. „Ég vona að hann fái að lifa." **- saj**

Sænskir unglingspiltar:

## Helmingur laminn

**SVÍÞJÓÐ** Ofbeldi virðist afar algengt á meðal ungs fólks í Svíþjóð. Könnun sem dagblaðið Dagens Nyheter greinir frá sýnir að strákar lenda oftast í átökum úti á götu á kvöldin og um helgar meðan stelpurnar eru beittar ofbeldi heima.

Rúmlega 3.800 átján ára Svíar svöruðu spurningum um hvort þeir hefðu verið beittir ofbeldi eða verið hótað, þar af aðeins um 1.400 strákar. Helmingur þeirra sem svöruðu hafði orðið fyrir hótunum. Helmingur strákanna hafði sætt barsmíðum niðri í bæ meðan stúlkurnar urðu frekar fyrir ofbeldi heima og í ástarsamböndum. Þriðjungur ungmennanna hafði verið beittur ofbeldi heima, venjulega af systkinum, fimm prósent af móður sinni og átta prósent af hendi föður. **- ghs**


NÝJAR OG VINSÆLAR GEISLAPLÖTUR Á TILBOÐI
Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR



Madonna-Confessions On A Dancefloor
Madonna er í einstaklega góðu formi á nýju plötunni "Confessions On A Dancefloor" sem er troðfull af fjörugum og grípandi smellum.
★★★★ Mojo
★★★★ DV
CD 1.999 kr.


Destiny's Child-Number 1's
Safnplata sem spannar litríkan feril Destiny's Child og er jafnframt svanasöngur tríósins. Hér eru 13 topplög frá stúlkunum og 3 glæný lög að auki.
CD 1.999 kr.



Green Day-Bullet In A Bible
Sögur af mögnuðum tónleikum Green Day fóru sem eldur í sinu um rokkheima eftir útgáfu rokkóperunnar "American Idiot" og hér er tvöfaldur tónleikapakki á geislaplötu og DVD diski.
CD+DVD 2.499 kr.



Deftones-B Sides & Rarities
Tvöfaldur pakki sem inniheldur annars vegar sjaldgæfar upptökur úr smiðju Deftones og hins vegar er DVD diskur sem færir okkur 10 myndbönd og heilan helling af aukaefni.
CD 1.999 kr.



Anastacia-Pieces Of A Dream
Anastacia hefur tröllriðið vinsældarlistum undanfarin ár og hér er skotheld safnplata sem inniheldur einnig nýja lagið Pieces Of A Dream.
CD 1.999 kr.



Il Divo-Ancora
Það var að koma út ný plata frá Il Divo piltunum. Á nýju plötunni flytja þeir perlur á borð við Unchained Melody, Hero, I Believe In You, Ave Maria o.fl. og fá Celine Dion og fleiri góða gesti í heimsókn.
CD 1.999 kr.

Úrvalið er í Skífunni!
S·K·Í·F·A·N
skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## „ORÐRÉTT“

*Hafðu ekki áhyggjur – þú gerir það*

**„Ég vona bara að ég verðskuldi þetta.“**

Guðrún Helgadóttir rithöfundur um Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sem hún hlaut á miðvikudag. Fréttablaðið.

*Erfitt*

**„Síðustu ár ævi minnar hafa ekki verið eintóm velgengni. Þátturinn er kominn af dagskrá og síðasta bókin mín fékk einróma lélega dóma.“**

Guðmundur Steingrímsson fjölmiðlamaður í Fréttablaðinu.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** RAGNHEIÐUR HÁKONARDÓTTIR

## *Snjórinn alltaf bestur uppi í fjöllum*

„Það er allt gott að frétta héðan,“ segir Ragnheiður Hákonardóttir, bæjarfulltrúi og svæðisleiðsögumaður í Ísafjarðarbæ. Hún segir að það hafi haustað snemma fyrir vestan og veturinn hefur líka gert vart við sig. „Svo gruna ég fólk um að vera komið töluvert í jólahugleiðingar,“ bætir hún við, „hér er að minnsta kosti mikið að gerast í menningarlífinu, kórar að syngja og alls kyns sýningar standa yfir. Síðan er fólk farið að sækja jólahlaðborðin og taka þátt í aðdraganda jólanna. Það er svo margt skemmtilegt að gerast á þessum tíma,“ segir Ragnheiður. Og vetrinum fylgir skíðavertíð og hún segir skíðamenn komna á kreik. „Já, gönguskíðamenn eru farnir að ganga og það er komið skíðafæri fyrir aðra. En þeir eru ekki farnir að sinna því að ráði, það verður ekki fyrr en eftir áramót.“ Sjálf gengur Ragnheiður ekki á skíðum, lætur börnin um að sinna þeirri íþrótt. „Mér finnst snjórinn alltaf bestur uppi í fjöllunum,“ segir hún og hlær.

Auk þess að vera bæjarfulltrúi er Ragnheiður líka titluð svæðisleiðsögumaður og segir það þýða að hún eigi að hafa aðeins meiri og sérhæfðari þekkingu á sínu svæði en venjulegur leiðsögumaður. „Við eigum að geta farið betur ofan í ýmsa þætti í sögu svæðisins,“ segir hún og neitar því að leiðsögn sé eingöngu sumartengd vinna. „Það eru dæmi um að útskriftarhópar úr skólum hérna komi í heimsókn að vetrarlagi og fái leiðsögumenn með sér, enda margt breyst síðan þetta fólk var hér. Það er alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt að gera,“ segir Ragnheiður Hákonardóttir á jákvæðu nótunum.



Ragnheiður Hákonardóttir



**GÓÐGLAÐIR VÍNGERÐARMENN** Gleði ríkir jafnan meðal franskra víngerðar- og vínáhugamanna þriðja fimmtudag í nóvembermánuði ár hvert en þá hefst sala, og um leið drykkja, á Beaujolais Noveau rauðvíninu. Myndin var tekin í Lyon í Frakklandi í fyrrinótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kirkjuturninn hífður af

**Vegna fúa í timbri hefur turn Bíldudalskirkju verið tekinn niður og er unnið að endursmíði hans.**

Reglulega eru gömul hús endurbætt enda þörf á viðhaldi þegar árin segja til sín. Á það við um kirkjur líkt og önnur hús. Sjaldgæft er þó að heilu turnarnir séu teknir af kirkjum þegar ráðist er í viðgerðir en Bíldudalskirkja má una við það að vera turnlaus næstu vikurnar.

Á næsta ári er liðin öld frá smíði kirkjunnar og verður turninn kominn á sinn stað og kirkjan öll orðin fín og flott þegar afmælisins verður minnst.



**BÍLDUDALSKIRKJA** Heldur hefur dregið úr reisn kirkjunnar eftir að turninn var tekinn niður en hún verður glæsileg sem aldrei fyrr þegar viðgerðum er lokið og turninn kominn á sinn stað.

MYND/PÁLL ÁGÚSTSSON



**TURNINUM LYFT UPP AF KIRKJUNNI**



**HANN HÍFÐUR NIÐUR**



**OG TYLLT Á VÖRUBÍLSPALL**






Páll Halldórsson og fleiri bókbindarar sýna verk sín í Þjóðmenningarhúsinu:

# Bókbandið er í mikilli sókn

„Við finnum mikinn áhuga og meðbyr,“ segir Páll Halldórsson, bókbindari og fyrrverandi flugstjóri hjá Landhelgisgæslunni, en hann er í svonefndum JAM-bókbindarahópi sem sýnir verk sín í Þjóðmenningarhúsinu þessa dagana. Þar má líta fjölda innbundinna bóka sem ýmist eru unnar með gamla laginu, líkt og Guðbrandsbiblía forðum, eða nútíma handbandi.

Páll segir bókbindara hittast reglulega og ráða ráðum sínum og greinilegt sé að bókbandið sé í mikilli sókn. „Á tímabili var mjög dauft yfir þessu en nú er einhver vakning. Við handbókbindarar erum handvissir um að þetta á eftir að aukast áfram og verða mjög vinsælt,“ segir Páll.

Sjálfur hefur hann haft ríkan áhuga á bókbandi síðan hann var unglingur. „Ég hef alltaf lesið mikið og finnst gaman að hafa bækurnar mínar í góðu bandi.“ Hann lærði iðnina í Iðnskólanum samhliða flugnáminu og hefur bundið inn bækur í hundraðavís um ævina.

„Þetta er gjörólíkt flugstörfunum,“ segir Páll en hann var hjá Landhelgisgæslunni í áratugi. „Bókbandið kallar á þolinmæði og nostur enda tekur um tíu til tuttugu klukkustundir að binda inn eina bók.“



**PÁLL HALLDÓRSSON BÓKBINDARI** Bókbandið kallar á þolinmæði og nostur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# FK FJARÐARKAUP HELGARTILBOÐ




50% afsláttur

PILLSBURY HVEITI 2.26kg.
verð áður 173.-
**87** kr. pakkinn.




50% afsláttur

DANSUKKER STRÁSYKUR
1kg. verð áður 93.-
**47** kr. pakkinn.




50% afsláttur

LÉTTMJÓLK og NÝMJÓLK
1l. verð áður 59.-
**29** kr. stk.




50% afsláttur

VITA BÖKUNARPAPPÍR
15metrar. verð áður 198.-
**99** kr. stk.




50% afsláttur

LJÓMA SMJÖRLÍKI 500gr.
verð áður 89.-
**44** kr. stk.




50% afsláttur

HAGVER KÓKOSMJÖL
500gr. verð áður 139.-
**69** kr. pakkinn.



50% afsláttur

SIRIUS KONSUM 200gr.
verð áður 198.-
**99** kr. stk.




50% afsláttur

NESBÚ MEÐALSTÓR EGG
10stk. verð áður 285.-
**143** kr.

**gildir til laugardagins 19.nóv eða á meðan birgðir endast**

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

einstök

## Svona erum við

> Fjöldi launþega í ASÍ

Heimild: Hagstofa Íslands




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: MÁLEFNI TRANSGENDER-FÓLKS

# *Endurskoðun er nauðsynleg*

Margir hafa sótt um að komast í leiðréttingaraðgerð á kyni hér á landi en ekki fást upplýsingar um hversu margir þeir eru. Langflestum er hafnað en ekki fást upplýsingar um það hversu margir þeir eru. Þeir sem hafa sótt um að komast í slíka aðgerð vilja ekki vera kallaðir „kynskiptingar“. Frekar vill það kallast „transgender-fólk“, en transgender er enska heitið yfir þá sem vilja komast í leiðréttingaraðgerð á kyni.

**Hversu margir Íslendingar hafa farið í leiðréttingaraðgerð?** Fjöldi einstaklinga hefur farið í svona aðgerð erlendis. Tveir einstaklingar hafa lokið leiðréttingaraðgerð á kyni hér á landi og tveir ljúka von bráðar slíkri aðgerð á Landspítalanum. Miðað við hlutfallið erlendis er talið að mun fleiri ættu að hafa lokið aðgerð, jafnvel einn á móti 20-30 þúsund.



**Hvers vegna hefur það ekki gerst?** Kerfið og læknar virðast hægja á ferlinu. Bent er á að aðgerðin verði ekki afturkölluð og að fara þurfi varlega í þessi mál. Einstaklingum hafi liðið illa eftir aðgerðina og séð eftir að hafa farið í hana.

**Fer heilbrigðiskerfið kannski of varlega?** Auðvitað er eðlilegt að einstaklingar sem fara í leiðréttingaraðgerð hafi náð ákveðnum aldri og þroska en leiðréttingaraðgerð getur tekið hátt í fimm ár og hún fer fram í mörgum stigum. Einstaklingurinn hefur næg tækifæri til að hugsa sig um. Það getur valdið einstaklingum verulegu hugarangri að komast ekki í aðgerð.

**Hvað vill transgender-fólk að heilbrigðiskerfið geri?** Það vill lög, skýrari vinnureglur, röskari vinnubrögð og að vilji einstaklinganna sé virtur. Það telur þessi mál of háð mati einstakra lækna.

## SPURT & SVARAÐ

VEÐURFRÉTTIR Á NFS



SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON
UMSJÓNARMAÐUR VEÐURFRÉTTA NFS

### *Nýr veðurstofustjóri*

Sigurður Þ. Ragnarsson hefur umsjón með veðurfréttum á Nýju fréttastöðinni, NFS. Í Fréttablaðinu í gær sagði Sigurður að í raun yrði starfandi lítil veðurstofa á NFS og upplýsingar um veðrið fengjust frá morgni til kvölds.

**Verðið þið með veðurstofu?** Það má kalla þetta veðurstofu því við verðum með veðurvöktun, samstarf við Vegagerðina svo erum við náttúrlega með aðgang að bestu tölvuspám í heimi. Það eina sem opinberar veðurstofur hafa fram yfir okkur að þessu leyti er gagnabanki um veðurfar eða svokölluð veðursaga sem við höfum ekki.

**En er næg eftirspurn eftir svona miklum veðurfréttum?** Kannanir hafa sýnt það að velflestir sækja veðurupplýsingar í sjónvarpið og þá er nokkuð súrt fyrir þennan meirihluta að þurfa að bíða til kvöldmatartíma til að fá þær upplýsingar. Við ætlum bara að bæta úr þessu og ég tel að ekki sé vanþörf á.

# Harkalega tekist á um fjárhagsáætlun

**Fyrri umræða um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár fór fram í vikunni. R-listinn telur hana sýna trausta stöðu borgarinnar á meðan minnihlutinn lýsir yfir áhyggjum sínum yfir vaxandi fjárhagsvanda borgarinnar.**



**SÉÐ YFIR REYKJAVÍKURBORG** Fulltrúar minni- og meirihluta deildu harkalega í vikunni um stjórnunarhætti í Reykjavíkurborg og mátti skynja skjálfta í borgarstjórninni fyrir kosningarnar í vor.

Í fyrri umræðum um fjárhagsáætlun Reykjavíkuborgar kom fram hörð gagnrýni frá Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, oddvita sjálfstæðismanna, og Margréti Sverrisdóttur, sem talaði fyrir hönd Frjálslynda flokksins í fjarveru Ólafs F. Magnússonar. Vildu þau meina að bókhaldsbrellum væri beitt til þess að fegra stöðu borgarinnar og fyrirtækja í hennar eigu, þar sem skuldir eru færðar yfir á fyrirtækin og staða borgarsjóðs með því bætt.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir sjálfstæðismenn tefla fram hagfræðilegum aðferðum sem ekki gangi upp þegar öllu sé á botninn hvolft. „Það er augljóst mál að það er ekki hægt að lækka tekjur og auka kostnað á móti. Mér finnst allt benda til þess að sjálfstæðismenn séu að undirbúa sig fyrir kosningarnar í vor með yfirboðum. Þeir vilja lækka útsvarið, eins fasteignaskattinn og það má helst ekki selja lóðir, og lækka öll önnur gjöld að auki. Með þessu móti mun kostnaðurinn alltaf aukast og það er því augljóst að það mun ekki ganga upp til lengdar, enda er þessi stefna ávísun á óráðsíu og ómarkvissa fjármálsstjórnun.“

**Átök ólíkra pólitískra hugsjóna**

Greinilegur munur á pólitískri stefnu R-listans og Sjálfstæðisflokks kom fram í umræðunum í vikunni þar sem sjálfstæðismenn telja skattheimtu borgarinnar orðna allt of mikla og bentu á að hún hefði aukist um 100 þúsund krónur á hvern íbúa síðan árið 2000.

Frjálslyndi flokkurinn telur sig þó tilbúinn til þess að starfa vel með báðum flokkum og má því segja að hann staðsetji sig mitt á milli ólíkra hugsjóna stóru flokkana tveggja.

Það sést kannski best á því hvernig Frjálslyndi flokkurinn vill snúa sér í málefnum Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem hann vill fara meðalveginn á milli sjónarmiða sem komið hafa fram hjá R-listanum og Sjálfstæðisflokknum. „Orkuveita Reykjavíkur á að einbeita sér fyrst og fremst að því að selja heitt og kalt vatn, auk rafmagns, en ekki að öðrum hlutum. Ég ítreka það þó að Frjálslyndi flokkurinn leggst eindregið gegn því að Orkuveitan verði einkavædd, þar sem það hefði í för með sér að auðlindir almennings kæmust á fárra hendur,“ sagði Margrét í ræðu sinni í umræðum um fjárhagsáætlunina.

**Stjórn eða óstjórn í fjármálum?**

Meiri- og minnihluti í borgarstjórn túlka fjármálastöðuna sem fyrr með gjörólíkum hætti. Sjálfstæðismenn gagnrýndu einkum mikla skattheimtu, hækkun skulda ár frá ári og skort á úrlausnum við vandanum en R-listinn ver sig með því að stefnan sé sú að halda þjónustugjöldum eins lágum og kostur er. „Það er einfaldlega stefna þessa meirihluta að halda þjónustugjöldum í lágmarki og taka þá frekar tekjur inn í gegnum sameiginlegan sjóð, sem er þá útsvarið,“ sagði Steinunn Valdís.

Útsvarið er nú í hámarki, 13,03 prósent, og telja sjálfstæðismenn það bera vott um hversu illa haldið hafi verið á fjármálunum, á meðan fulltrúar R-listans segja það eiga sér eðlilegar skýringar. „Rekstrarumhverfi hefur verið einkar hagstætt síðustu misseri fyrir borgina en samt sem áður er útsvarið hækkað í botn. Þetta sýnir að ef markmið eiga að nást er það ekki með hagræðingu í rekstri, heldur eru borgarbúar sjálfir látnir borga í gegnum skatta og lóðakaup,“ sagði Vilhjálmur.

**Stefnt á mikla lækkun skulda**

Samkvæmt áætlunum er stefnt að lækkun skulda um að raungildi 1,1 milljarð króna og gert er ráð fyrir því að tekjur borgarsjóðs hækki um 9,5 prósent, miðað við áætlun þessa árs.

Stefnt er því að nokkuð stórfelldri lækkun skulda á þessu ári þar sem afgangur af rekstri á að verða um 1,4 milljarðar króna. Heildarskuldir borgarsjóðs verða því að raungildi rúmir átta milljarðar króna á næsta ári ef áætlanir R-listans ganga eftir.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

**HLUTFALLSLEG SKIPTING SKATT- OG FJÁRMAGNSTEKNA REYKJAVÍKURBORGAR Í VERKEFNI SVEITARFÉLAGSINS.**








Slökunarsófar
Vandaður og afar þægilegur slökunarsófi með leðri á slitflötum og skemlum
Tilboðsverð aðeins kr.
139.000.-
Vandaður lúxus-hægindasófi með stillanlegu baki og skemli ásamt borði.
Slökunarstólar
í miklu úrvali
Vandaður og afar þægilegur slökunarstóll með leðri á slitflötum og skemli
Tilboðsverð aðeins kr.
54.000.-
Hillusamstæða verð kr. 189.000.-
Vandaðar hillusamstæður verð frá kr. 166.500.-
Lúxus leður-hægindasófar
með stillanlegu baki og skemmli. Frábærir sjónvarps-sófar
Litir: Brúnt / hvítt
3 sæta m/ 2 borðum
Verð aðeins kr. 218.000.-
4 sæta m/ 2 borðum
Verð aðeins kr. 268.000.-
Vönduð ítölsk
Borðstofuhúsgögn
Leðurhornsófar
Italsofa
The Italian touch
Italsofa
Vandað hornsófi með slitsterku áklæði
Verð kr.
129.000.-
Vandaður hornsófi með nautaleðri á frábæru verði.
Litir: Dökkbrúnt, hvítt
Verð aðeins kr.
249.000.-
Sófasett m/áklæði
Italsofa
Vandað sófasett með slitsterku áklæði á frábæru verði.
Litir: Beige, ljóst, fölgrænt
Verð aðeins kr.
139.000.-
Opið sunnud. kl. 13-16
Sjáið úrvalið á
www.italsofa.com
Nýkomið mikið úrval af hornsófum
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga 10-18 - Laugard 11-16

Bílaþing efnir til ofurútsölu á Klettthálsi með ævintýralegum tilboðum. Glæsilegt úrval af nýlegum og eldri bílum. Við ætlum að selja 150 bíla á nokkrum dögum svo það er um að gera að hafa hraðar hendur og fætur.

Þú gerir ekki betri kaup.

# ÚTSA

Tryggjum stöðugleika!
Vetrardekk fylgja
öllum fólksbílum



SP-FJÁRMÖGNUN

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11

HEKLA

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Einnig er útsala hjá söluumboðum ok

# 100%

Allt að 100% lán á völdum bílum til allt að 60 mánaða

# ALA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 4752

**VW Sharan 2,0 árg. 2002**
ek. 47.000, 5 gíra. Ásett verð: 1.910.000. Tilboð: 1.590.000.

**VW Polo 1,2 árg. 2004**
ek. 46.000, beinsk. Ásett verð: 1.080.000. Tilboð: 850.000.

**MMC Lancer 1,6 árg. 2004**
ek. 41.000, sjálfsk. Ásett verð: 1.450.000. Tilboð: 1.160.000.

**MMC Pjero GLS 3,5 árg. 2001**
ek. 95.000, sjálfsk. Ásett verð: 3.990.000. Tilboð: 3.550.000.

**MMC Pajero Pinin 1,8 árg. 2003**
ek. 71.000 sjálfsk. Ásett verð: 1.390.000. Tilboð: 9.900.

**Skoda Octavia 4x4 árg. 2000**
ek. 44.000, 5 gíra. Ásett verð: 1.640.000. Tilboð: 1.470.000.

**Suzuki Liana 1,6 árg. 2004**
ek. 23.000, 5 gíra. Ásett verð: 1.290.000. Tilboð: 990.000.

**Toyota Avensis stw 1,6 árg. 2000**
ek. 23.000, 5 gíra. Ásett verð: 990.000. Tilboð: 790.000.

## Opið Kletthálsi frá kl. 10 til 20

Athugið: Bílaþing Laugavegi lokað á meðan útsölunni stendur

sími 590 5760 | www.bilathing.is

kkar Selfossi, Reykjanesbæ og Akureyri

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

HEKLA, Kletthálsi 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is



landslag
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** PÁLL MAGNÚSSON Í PARDUS

# *Skódaverksmiðjurnar sögðu ekki orð*

Bifreiðaverkstæðið Pardus er einn af föstum punktum tilverunnar á Hofsósi. Þar ræður Páll Magnússon ríkjum eða Palli í Pardus eins og hann er kallaður. Hann er fæddur og uppalinn á bænum Brekkukoti skammt frá Hofsósi en byrjaði bílaviðgerðir í litlum bílskúr á Hofsósi 1974.

**Nafnið komið frá Skóda** Fyrir utan verkstæðishúsið og innandyra sömuleiðis lúra bílar og traktorar á ýmsum stigum tilverunnar. Það er fátt sem minnir á rándýrið fráa pardusinn.

Páll brosir breitt spurður um nafngiftina. „Hún er þannig til komin að þegar ég var að byrja voru bílar af gerðinni Skoda Pardus nokkuð algengir hérna og þaðan er nafnið komið.“ Hann skenkir bleksterkt kaffi og skellir upp úr þegar spurt er hvort Skódaverksmiðjurnar hafi nokkuð gert athugasemdir við nafnið.

**Verkstæðið til sölu** Verkstæðisrekstur á Hofsósi er hálfgerður barningur núorðið að sögn Páls. Þar valda mestu breyttir búskaparhættir, fækkun bújarða og ekki síður breyttir tímar í bílaviðgerðum. „Þetta er allt orðið svo sérhæft og tölvuvætt að það er varla hægt að gera við bíla lengur upp á gamla mátann“, segir hann alvarlegur í bragði. Hann prófaði að auglýsa verkstæðið til sölu í fyrra, svona til að kanna landslagið. „Það kom ekki eitt einasta tilboð,“ segir hann skellihlæjandi. Þannig fór það.




**Fiskur og ferðamenn** En Páll er með fleiri járn í eldinum og á sumrin gerir hann út á fisk og ferðamenn; á svolítinn kvóta og fer meðfram með ferðamenn út í Málmey en hann er umsjónarmaður eyjarinnar. „Ætli útgerðin sé ekki aðaltekjulindin,“ segir hann hugsi og dreypir á kaffinu.

**Stúlkur að striplast** Eins og á flestum betri bílaverkstæðum eru veggir kaffistofunnar skreyttir dagatölum sem skarta stúlkum að striplast innan um bíla og varahluti. „Við fáum af og til einhverjar athugasemdir út af þessu ... aðallega frá konunum,“ segir Páll og hlær prakkaralega.

## STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



### *Hofsós*

**Íbúafjöldi 1. desember 2004:** 173
**Íbúafjöldi 1. desember 2000:** 208
**Íbúafjöldi 1. desember 1988:** 288

**Sveitarfélag:** Skagafjörður

**Sveitarstjóri:** Ársæll Guðmundsson

**Helstu atvinnufyrirtæki:**
Vesturfarasetrið
Málmiðjan Stuðlaberg
Bifreiðaverkstæðið Pardus
Íslenska fánasaumastofan
Sjóskip ehf.
KB banki
Kaupfélag Skagfirðinga

**Skólar:** Grunnskólinn Hofsósi
Leikskólinn Barnaborg

**Vegalengd frá Reykjavík:**
345 kílómetrar ef farið er um Hvalfjarðargöng






# Náttúruaukandi ginsengkaffi

**Skín við sólu Skagafjörður, sagði skáldið. Þessu er að vísu ekki alveg að heilsa þegar Sigurður Þór Salvarsson og Gunnar V. Andrésson aka niður Vatnsskarðið í frosthægu veðri í byrjun vikunnar og Skagafjörðurinn blasir við.**



**HOFSÓS** Það var óneitanlega jólaleg stemmning á Hofsósi þegar Fréttablaðsmenn voru þar á ferð í byrjun vikunnar.

Hann er hrímgrár yfir að líta, dumbungur í lofti; úti á firðinum þar sem grillir í Drangey og Þórðarhöfða gengur á með éljum. Við hafsbrún lyftir þó örlítið undir skýjahuluna og glittir í heiðan himinn. Birtan er allt að því draugaleg. Ferðinni er heitið á Hofsós á Höfðaströnd.

**Veitingahúsið Sigtún**
Þorpið birtist á vinstri hönd út úr móskunni; lætur lítið yfir sér þar sem það kúrir á bökkum Hofsár við ósinn sem bærinn dregur nafn sitt af. Það dimmir yfir í þann mund sem við beygjum niður afleggjarann og himinn og jörð renna saman í eitt um stund.

Við ökum norður Suðurbraut, framhjá bílaverkstæðinu Pardusi og málmiðjunni Stuðlabergi þar sem framleiddir eru hljóðkútar af ýmsum stærðum og gerðum; iðnaður sem Fjólmundur heitinn Karlsson setti á fót á sinni tíð. Þarna eru líka KB banki og kaupfélagið að ógleymdri íslensku fánasaumastofunni. Og tvílyft timburhús sem ber hið volduga nafn Veitingahúsið Sigtún.

**Saltkjöt og baunir**
Innandyra er matarlykt og veitingakonan Dagmar Þorvaldsdóttir tekur á móti okkur. Hún býður upp á saltkjöt og baunir.

Við langborð sem snýr út að götunni sitja vörpulegir menn, þeirra á meðal Valgeir Þorvalds-



**DAGMAR ÞORVALDSDÓTTIR** Kaffið góða frá Malasíu sem sagt er að hressi bæti og kæti á alla lund.

son, forstöðumaður Vesturfarasetursins sem er stóriðja Hofsóss nú um stundir. Við spyrjum einsog fávísir kaupstaðarbúar: Og hvað segja bændur? Fáum þau svör að þeir viti það ekki þar sem þeir hafi ekki hitt neina það sem af er degi. Það var og.

**Hækkandi meðalaldur**
Valgeir segir kankvís að menn á Hofsósi uni sæmilega við sitt. Vissulega fækkar fólki jafnt og þétt og meðalaldurinn hækkar að sama skapi. Unga fólkið vill mennta sig; kemur ekki aftur, enda lítið við að vera. Útgerðin hefur líka dregist saman.

Góðu fréttirnar eru þær að heitt vatn hefur fundist í nágrenni bæjarins og það gefur góðar vonir um betri hag. „Þá fáum við sundlaug og hitaveitu ... svo ekki sé minnst á heita potta,“ segir hann kímileitur.

**Náttúruaukandi heilsukaffi**
Dagmar veitingakona býður okkur heilsukaffi á eftir saltkjötinu og baununum. „Þetta er sérstakt kaffi sem ég flyt inn frá Malasíu,“ segir hún ögn sposk á svip. „Ginsengkaffi sem sagt er vera sérlega heilsubætandi og auk þess náttúruaukandi,“ bætir hún við og brosir leyndardómsfullu brosi. Við látum slíkar trakteringar ekki framhjá okkur fara.

Í anddyri Sigtúns rekur Dagmar litla vídeóleigu. Eflaust minnstu vídeóleigu landsins, tuttugu spólur eða svo. Og það er lítið að gera. „Þetta er mest fullorðið fólk sem býr hér, og það horfir bara á sitt sjónvarp,“ segir hún.

**Ýmislegt í pípunum**
Við göngum út með Valgeiri. Það marrar notalega í snjónum og hópur grátittlinga þýtur hjá. Börn á leikskólanum Barnaborg handan götunnar fylgist með ferðum komumanna. Af kambinum ofan við höfnina blasa hús Vesturfarasetursins við; gömul hús að sjá en velflest byggð á undanförnum árum í stíl við gamla pakkhúsið frá dögum einokunarverslunar Dana.

Komum ferðamanna í safnið fækkaði eilítið í sumar frá fyrri árum. „Tíðin var ekki nógu góð og þá fækkar Íslendingunum,“ segir Valgeir og strýkur skeggið hugsi. En hann er fjarri því svartsýnn á framhaldið. „Það er ýmislegt í pípunum,“ segir hann íbygginn og gerir sig kláran fyrir myndatöku. ■




**LEIKSKÓLINN BARNABORG** Börnin horfðu forvitnilegum augum á komumenn.



**VALGEIR ÞORVALDSSON** Hefur lyft grettistaki í uppbyggingu Vesturfarasetursins á Hofsósi, sem sést í baksýn.

# Helgarsprengja

**Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind og Kringlu. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.**



**9.990**

## United 14" sjónvarp

14" Black matrix myndlampi • Textavarp • Scart tengi og svefnrofi • Fjarstýring • Mál (bxhxd) : 35x34x34



**4.990**

## United DVD spilari

Fjölkerfa DVD spilari • Spilar DVD og VCD/SVCD • Spilar CD, CD-R/RW, JPEG og MP3/WMAf • Dolby Digital og DTS • Valmyndakerfi • NTSC afspilun yfir í pal • Scart, CVBS og audio tengi • Digital coaxal og optical tengi • Fjarstýring



**18.990**

## United 21" sjónvarp

- 21" Flatur black matrix myndlampi
- Textavarp
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 59x45x49



**19.990**

## Lenco ferða DVD spilari

- Fjölkerfa DVD spilari - silfurlitaður
- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Hægt að snúa skjá um 180°
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og VCD/SVCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby digital og DTS
- AV og headphone tengi
- Coaxal útgangur
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir og tengi í bíl fylgja
- Taska og fjarstýring fylgja



**29.990**

## Minolta digital myndavél

- Lítil og nett digital myndavél
- 8 megapixel
- 2,5" LCD skjár (118.000 pixlar)
- 3x optical zoom og 4x digital zoom
- Linsa: 7.7 - 23.1mm (35mm samb.: 37 - 111mm)
- Anti-shake
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hágæða hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- Fimm myndstærðir
- Super macro, landscape, night portrait, text og sunset modes
- Auto flass og red eye reduction
- USB 2.0 tenging við tölvu
- 32mb SD kort fylgir
- Rafhlaða endist í tæplega 150 skot
- Hugbúnaður fylgir
- 9,5cm x 6,8cm x 1,95cm og aðeins 135 grömm



**19.990**

## Olympus digital myndavél

- 6 megapixel
- 3x optical zoom og 4x digital zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 1,8" LCD skjár
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka (hámarksupplausn 320x240)
- Þrjár myndstærðir
- 16 scene modes
- Auto flass, red eye reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- 32MB xD kort, USB snúra og rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir



**1.990**

## Supertech útvarp

Einfalt og gott eldhúsútvarp

Gildir til 24. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Frumvarp sem markar þáttaskil varðandi réttindi minnihlutahóps.

## Réttur samkynhneigðra

Samkynhneigðir hér á landi hafa nú uppskorið árangur erfiðis síns með nýju frumvarpi um breytingu á réttarstöðu þeirra sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra skýrði frá á mánaðarlegum blaðamannafundi sínum á miðvikudag. Það vill svo til að á miðvikudaginn var alþjóðlegur dagur umburðarlyndis að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna og hittist vel á að á þessum degi skyldi vera skýrt frá þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt væntanlegu frumvarpi stórbatnar staða samkynhneigðra hér á landi og er talið að leitun sé á því í heiminum að finna frjálslyndara frumvarp hvað þetta varðar. Kannski erum við Íslendingar enn að ryðja brautina hvað varðar samfélagsleg réttindamál.

*Frumvarpið sem hér um ræðir er mikið framfaraspor og mun breyta miklu fyrir þennan hóp, og nú er beðið viðbragða kirkjunnar í þessum málum. Þjóðfélagið verður líka að laga sig að þeim breytingum sem breytt lög um réttarstöðu samkynhneigðra hafa í för með sér.*

Það þarf ekki að leita langt aftur í tímann til þess að finna mikla fordóma gagnvart samkynhneigðum hér á landi. Orðin hommar og lesbíur voru bönnuð á opinberum vettvangi og urðu samkynhneigðir að heyja mikla baráttu bara til þess að þessi orð yrðu notuð yfir samkynhneigða karla og konur. Þegar svo þessi orð urðu viðurkennd tók við mikil barátta fyrir tilverurétti og réttarstöðu samkynhneigðra, sem nú hefur verið viðurkennd að miklu leyti með væntanlegu frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Í því felst að sögn forsætisráðherra að samkynhneigðir geta fengið óvígða sambúð skráða í Þjóðskrá og það verður til þess að þeir njóta sömu réttinda og aðrir um almannatryggingar, skattalega meðferð, lífeyrisréttindi og skiptingu á dánarbúi og fleira. Samkynhneigðum verður heimilt að ættleiða börn og þar verður sá réttur jafnaður. Þá er að geta þess að kona í staðfestri sambúð með annarri konu hefur rétt til að gangast undir tæknifrjóvgun með gjafasæði. Fram undir þetta hafa samkynhneigðar konur í sambúð þurft að fara til útlanda til að fá tæknifrjóvgun, en nú verður breyting þar á.

Frumvarpið sem hér um ræðir er mikið framfaraspor og mun breyta miklu fyrir þennan hóp, og nú er beðið viðbragða kirkjunnar í þessum málum. Þjóðfélagið verður líka að laga sig að þeim breytingum sem breytt lög um réttarstöðu samkynhneigðra hafa í för með sér og það eiga áreiðanlega eftir að heyrast raddir sem setja sig upp á móti þessum breytingum. Við vorum sein af stað hvað varðar réttindi samkynhneigðra en nú eru horfur á því að við verðum í fararbroddi og þegar fer að reyna á lögin má búast við að aðrar þjóðir leiti í reynslusjóð okkar, eins og átt hefur sér stað varðandi fæðingarorlofslögin. Þar erum við mörgum skrefum á undan mörgum vestrænum þjóðum, sem við gjarnan viljum líkja okkur við. Sá er þó munurinn á þessum tveimur málum að fæðingarorlofið hefur í för með sér töluverð útgjöld fyrir ríkið en réttarstaða samkynhneigðra er fyrst og fremst mannréttindamál. Þau eru ófá dæmin um að samkynhneigðir hafi orðið að flytja til annarra landa vegna fordóma í þjóðfélaginu en nú er sá tími vonandi fyrir bí.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### „Vel tímasett hjal“

Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslyndra, gerir umræður um jafnréttismál á Alþingi á miðvikudaginn að umtalsefni í pistli á heimasíðu sinni í gær. Það var Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokksins, sem efndi til þessarar umræðu og til svara var flokksbróðir hennar Árni Magnússon félagsmálaráðherra. Magnús Þór skrifar: „Óneitanlega læddist að manni sá grunur að hér væri á ferðinni eins konar leiksýning í boði Framsóknarflokksins. Vel tímasett hjal, ekki síst í ljósi þess að um síðustu helgi var prófkjör hjá Framsóknarflokknum í Kópavogi þar sem konur guldu mikið afhroð miðað við það sem stefnt var að. Umræða nú um jafnréttismál, þar sem félagsmálaráðherra flokksins var til svara, gat því límt einhverja plástra á sárin.“



### Bak við eldavélina

Magnús Þór hefur efasemdir um heilindi framsóknarmanna í jafnréttismálum. „Mér sýnist að Framsóknarflokkurinn sé nefnilega sá stjórnmálaflokkur á Íslandi í dag, þar sem innri órói er mestur með tilliti til baráttu kynjanna. Og þarna fari konurnar halloka“, skrifar hann. Hann lýkur pistli sínum með því að minna á að sagan segi að núverandi varaformaður Framsóknarflokksins eigi þau fleygu orð að „staða konunnar sé á bak við eldavélina“.

### Orðaflaumur

Annar þingmaður Frjálslyndra, Sigurjón Þórðarson, víkur að Þorgerði Katrínu menntamálaráðherra í nýjum pistli á netinu. Hann segir málflutning ráðherrans einkennast af „orðaflaumi um öfluga menntasókn, víðtækara námsframboð, auknar gæðakröfur, samkeppnishæfni náms, fjölgun nemenda“. En miklu minna fari fyrir því að hún ræði kjarna mála. „Ég fór að velta þessum orðaflaumi fyrir mér í tengslum við umræðu um tillögur um víðtækan og sársaukafullan niðurskurð á starfi Háskólans á Akureyri. Staðreyndin er sú að fjárframlög til skólans eru langt frá því að hafa haldist í hendur við nemendaaukningu og þess vegna glímir skólinn við fjárhagserfiðleika. Þegar menntamálaráðherra var spurður út í niðurskurðinn var svarið að það myndi efla skólann til framtíðar. Þetta eru alger öfugmæli að mínu viti“, skrifar Sigurjón.

gm@frettabladid.is

# Samfélag samsæranna

Í DAG
FORINGJASTJÓRNMÁL OG JÓNSBÓK



BIRGIR GUÐMUNDSSON

*Hvers konar þjóðfélag bregst við tæknilegri bilun í sjónvarpi á þennan hátt? Standi menn upp úr pólitísku skotgröfunum liggur í augum uppi að ástandið er orðið sjúkt!*

Því hefur stundum verið haldið fram að þjóðfélagsumræðan öll, ekki einvörðungu pólitíkin, hafi á síðasta áratug eða svo mótast af sterkum foringjastjórnmálum og skilgreindum skotgröfum þar sem menn eru ýmist í einum herbúðum eða öðrum. Eru annaðhvort með einhverjum eða á móti honum. Eru annaðhvort góðir eða vondir. Í slíku andrúmi getur verið erfitt að vera með grámyglulega hálfvelgju eða efasemdir. Allt er annað hvort svart eða hvítt – og ekkert rými fyrir gráa tóna í litakorti skoðananna. Smám saman elur þetta af sér almenna tortryggni og ofsóknaræði – enda gjalda menn þess iðulega fari þeir á einhvern hátt út af línunni. Samsæriskenningar og ásakanir um hitt og þetta einkenna þjóðfélagsumræðuna, gengisfella hana og breyta í sápuóperur í stíl absúrdleikhússins. Öll umræða verður að gjammandi kappræðu og fjöldi þeirra sem hugsanlega hefðu blandað sér í hana hverfur frá með kalið hjarta. Ef ekki væri fyrir hina miklu og raunverulegu hagsmuni og völd sem verið er að spila með, tæki því varla að eyða orðum á þetta ástand.

Í vikunni birtist okkur gott dæmi um íslenska þjóðfélagsumræðu. Dæmi sem dregur fram það nöturlega ástand sem í raun ríkir í landinu eftir rúman áratug foringjastjórnmála. Þetta dæmi kom upp í tengslum við kynningu á Jónsbók Einars Kárasonar um Jón Ólafsson í Skífunni. Kastljós Sjónvarps hugðist birta viðtal við Jón þar sem hann er m.a. að „uppljóstra“ um ofsóknir á hendur sér og brot af því var sýnt í fréttum. Síðan þegar kemur að því að sýna viðtalið sjálft í Kastljósþættinum koma upp tæknilegir erfiðleikar sem valda því að menn ná ekki samræmi milli hljóðs og myndar og ákveðið er að bíða með útsendingu viðtalsins.

Í siðmenntuðu lýðræðisríki með sjálfstæða fjölmiðla hefði þetta tæplega vakið mikla athygli og áhorfendur og alþjóð hugsað eitthvað á þá leið að þetta væri einstök óheppni fyrir viðkomandi sjónvarpsstöð – og ekki síst fyrir þá sem unnu tæknivinnuna, því það er almennt ætlast til þess að alvöru sjónvarpsstöðvar geti sýnt það efni sem þær hafa náð að auglýsa upp eins og hér var gert. En á Íslandi, mótuðu af áratug foringjastjórnmála, vakti þetta allt önnur viðbrögð. Enginn virtist taka það trúanlegt að vandamálið væri af tæknilegum toga, heldur þótti mun líklegra að „bak við tjöldin“ hefði verið gripið í taumana og útsending viðtalsins einfaldlega stöðvuð. Ekki nóg með að almenningur á kaffistofum landsins hafi fyrst og fremst velt fyrir sér hvort fyrrverandi forsætisráðherra hefði komið beint að málinu eða ekki, heldur voru fjölmiðlar fullir tortryggni líka. Meira að segja Morgunblaðið sá ástæðu til að yfirheyra Kastljósstjórann um hvort það væru í raun og veru „tæknilegar ástæður“ fyrir því að birta ekki viðtalið og láta stjórann jafnframt lýsa því yfir að fyrr myndi hann segja af sér en sætta sig við að þátturinn yrði ritskoðaður af aðilum úti í bæ. Viðtalið var svo eins og alkunna er sent út daginn eftir, og þá líka á netinu og óklippt – en ástæða þótti einnig til að margendurtaka að netútgáfan væri óklippt, því margir virtust hreinlega ekki trúa því að viðtalið hafi ekki verið ritskoðað!

Það er full ástæða til að staldra við og velta fyrir sér hvað þetta segir okkur um íslenskt lýðræði og borgaralegt samfélag. Hvers konar þjóðfélag bregst við tæknilegri bilun í sjónvarpi á þennan hátt? Standi menn upp úr pólitísku skotgröfunum liggur í augum uppi að ástandið er orðið sjúkt!

Ekki skánar þetta mál þegar skoðuð er fréttamúsin, sem fæddist eftir þessa jóðsótt Kastljósfílsins. Stóra fréttin snerist um að skattrannsóknarstjóri átti að hafa fengið aukafjárveitingu tvö ár í röð gegn því að taka þá Jón Ólafsson og Jón Ásgeir Jóhannesson til skattrannsóknar. Vissulega stórmál ef satt væri. En ásakana- og fullyrðingastíllinn sem fest hefur rætur í umræðunni – og einkennist einmitt á köflum m.a. af svona mútuáskökunum – gengur aftur enn einu sinni. Málið breytist í grátbroslegt grín þegar í ljós kemur að ásakanir byggja alfarið á því að einhver maður á að hafa heyrt skattrannsóknarstjóra segja frá þessu í gleðskap eða á kennderí. Að þessu sinni koma þó hvorki við sögu London né vínber. Sápuóperan fullkomnast síðan þegar málatilbúnaðurinn, ef hægt er að kalla þetta það, er hrakinn í Morgunblaðinu með því að blaðið upplýsir sigri hrósandi að skattrannsóknarstjórinn hafi verið bindindismaður í 30 ár!

Eitt helsta afrek foringjastjórnmálanna hefur verið að framleiða pólitískar sápuóperur sem henta vel fyrir Spaugstofuþætti, enda hefur fréttastofa Spaugsstofunnar iðulega verið með réttustu og hreinskilnustu fréttaskýringarnar allra fjölmiðla um pólitíkina. Spyrja má hvort ekki sé kominn tími á breyttan stíl í íslenskum stjórnmálum? ■











FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ




## 75.000 króna GJAFAKORT í Smáralind og VETRARDEKK fylgja með öllum tilboðsbílum. Allt að 100% fjármögnun.

VERÐDÆMI

Komdu til okkar og fáðu þér notaðan bíl á frábæru verði og þú færð jólagjafirnar í kaupbæti!



| TEGUND | ÁRGERÐ | EKINN | VERÐ | TILBOÐSVERÐ |
|---|---|---|---|---|
| **MMC Pajero** | 2002 | 66 þús | 3.480.000 | **3.140.000** |
| OPEL Vectra 1.6GL | 2001 | 73 þús | 940.000 | **790.000** |
| **VW Passat** Basic Line | 1997 | 172 þús | 640.000 | **330.000** |
| Nissan Terrano II | 1999 | 135 þús | 1.150.000 | **990.000** |
| **Suzuki Vitara** | 1998 | 90 þús | 690.000 | **470.000** |
| Mitsubishi Lancer | 2000 | 84 þús | 740.000 | **590.000** |
| **OPEL Corsa Comfort** | 2001 | 96 þús | 720.000 | **470.000** |
| OPEL Vectra 1.6GL | 1999 | 106 þús | 720.000 | **580.000** |
| **OPEL Astra 1.6GL** | 1999 | 72 þús | 880.000 | **690.000** |
| OPEL Astra 1.2 | 2003 | 29 þús | 1.020.000 | **820.000** |

Sjá nánari upplýsingar um tilboð á www.ih.is/notadir

**Notaðir bílar** **Ingvar Helgason**

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Fiton/SÍA

# Reiður framkvæmdastjóri

**UMRÆÐAN**
FRÍHÖFNIN Í LEIFSSTÖÐ



**HELGA SIGRÚN HARÐARDÓTTIR**

Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ), Sigurður Jónsson, virðist hafa verið ævareiður þegar hann skrifaði grein í Fréttablaðið 9. nóvember. Reiðin beindist að ríkisskattstjóra, Indriða H. Þorlákssyni, fyrir ummæli hans um blekkingu verslunarinnar í auglýsingum um niðurfellingu virðisaukaskatts. Í framhaldinu hellir Sigurður úr skálum reiði sinnar yfir skattstjórann vegna komuverslunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE).

Enn eina ferðina, heldur Sigurður því fram að fyrirkomulag á komuverslun í FLE sé siðlaus og ólögleg um leið og hann gengur erinda stórkaupmanna sem nú þegar eiga stóran hluta markaðarins hérlendis og vilja að sjálfsögðu LÍKA komast í kynni við þær tæpu tvær milljónir farþega sem leið munu eiga um FLE árlega.

Í komuverslun Fríhafnarinnar í FLE er allur rekstur samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi og mér finnst ósmekklegt að draga starfsmenn Fríhafnarinnar inn í umræðuna með þeim hætti sem gert er. Þeir vinna sitt verk samviskusamlega og hafa náð góðum árangri sem líklega fer fyrir brjóstið á þeim sem þarna vilja komast að. Þá er þessi skoðun Sigurðar, um samkeppni við verslun á höfuðborgarsvæðinu, æði langsótt, ef skoðuð er kauphegðun ferðalanga. Halda menn í alvöru, að þessi verslun og þar af leiðandi tekjurnar sem henni fylgja, flytjist ekki á aðra flugvelli ef komuverslun verður lögð niður, eins og Sigurður leggur til? Og ef komuverslun verður aflögð, verðum við af tekjum, sem flytjast til útlanda, ekki í vasa stórkaupmanna í landinu og allir tapa.

Hvert ætlum við þá að sækja fjármagn til þess að halda áfram nauðsynlegri uppbyggingu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar? Jú, með aukinni skattheimtu á ferðalanga sem leið eiga um Flugstöðina, sem varla getur talist hvati í ferðaþjónustu. Það er því í þágu almannahagsmuna að reka komuverslun í FLE með því sniði sem nú er og því miður fyrir Sigurð og hans umbjóðendur hafa fleiri aðkomu að málinu en ríkið eitt og sér, því aflagning komuverslunar hefur neikvæð áhrif á fjölmarga aðila, ferðaþjónustuna innanlands, flugfélögin og ferðamennina sjálfa. Víða í kringum okkur, hafa verið opnaðar komuverslanir á flugvöllum, að okkar fyrirmynd, svo hér er ekki um einsdæmi að ræða. Þá bendi ég einnig á að í FLE er boðið upp á fyrsta flokks aðstöðu til endurgreiðslu virðisaukaskatts fyrir þá erlendu ferðamenn sem verslað hafa hjá umbjóðendum Sigurðar innanlands. Nú þegar er hafin framkvæmd við stækkun FLE og á komandi misserum verða opnaðar nýjar verslanir og boðið upp á fjölbreytta þjónustu sem í öllum tilfellum er rekin af einkaaðilum. Það hlýtur því að vera umhugsunarefni fyrir aðila SVÞ hvort framkvæmdastjórinn þeirra vinnur þeim gagn, með gífuryrðum, dónaskap og klárum rangfærslum. Óska ég samtökunum velfarnaðar og vona að Sigurði renni reiðin fyrir jól.

*Höfundur er stjórnarmaður í Fríhöfninni ehf.*




Það þarf ekki að kosta mikið að verða stór

Navision Small Business er viðskiptahugbúnaður sem getur vaxið og þróast með fyrirtæki þínu. Ef fyrirtækið þitt stækkar og stækkar, getur Navision Small Business orðið Navision Big Business! Taktu rétta ákvörðun strax. Veldu Navision Small Business.

Nú á aðeins kr. 115.038

Nú getur þú tryggt þér öruggan og hnökralausan aðgang að fjárhags- og viðskiptaupplýsingum fyrirtækisins í eitt skipti fyrir öll. Það gerir þú með Navision Small Business.

Hafðu samband núna!
Hringdu í síma 550-9000 og fáðu réttu lausnina fyrir þitt fyrirtæki

Landsteinar Strengur er stærsti sölu- og þjónustuaðili Microsoft viðskiptahugbúnaðar á Íslandi. Sérfræðingar okkar aðstoða þig við að ná markmiðum þínum í rekstri þannig að þitt fyrirtæki geti vaxið og dafnað.

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 | 108 Reykjavík | www.landsteinarstrengur.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

# *Heyrn, heilsa og hávaði*

**UMRÆÐAN**
HÁVAÐI OG HEYRN



**INGIBJÖRG HINRIKSDÓTTIR**

*Að lifa með heyrnarskerðingu er á margan hátt líkt því að lifa með langvarandi sjúkdóm, hann hverfur ekki og hefur tilhneigingu til að versna.*

Evrópska vinnuverndarvikan var í ár tileinkuð hávaða á vinnustöðum. Hávaði er hljóð sem einstaklingur óskar ekki eftir að heyra, þannig geta ljúfustu hljóð eins og falleg tónlist orðið hávaði ef þau verða of sterk. Hljóð fyrir einum getur verið hávaði fyrir öðrum. Styrkur hljóðsins hefur mest að segja um það hvernig áhrif það hefur á einstaklinga, en þó getur lágtíðni hljóð eins og t.d. frá loftræstingu valdið þreytu og einbeitingarerfiðleikum þó styrkur þess sé veikur eða rétt yfir þröskuldi heyrnar.

Um 30 prósent launþega í Evrópu eru útsettir fyrir of miklum hávaða a.m.k. 25 prósent vinnutíma síns. Heyrnartap er alvarlegasta afleiðing hávaða og jafnframt algengasti óafturkræfi vinnuskaðinn. Breskar rannsóknir hafa sýnt að fyrir utan öldrunarheyrnartap er hávaði algengasta orsök varanlegrar heyrnarskerðingar hjá mönnum og sama má segja um eyrnasuð. Heyrnartap af völdum hávaða kemur fyrir á öllum aldri. Heyrnartapi af völdum hávaða fylgir oft eyrnasuð sem mörgum reynist erfiðara að lifa með en heyrnartapinu sjálfu. Tengslin á milli styrks hávaða og hversu lengi maðurinn dvelur í hávaða er þekkt. Varanleg heyrnarskerðing er algeng eftir að einstaklingur hefur verið útsettur fyrir >85dB LAeq (jafngildishljóðstyrkur) daglega í mörg ár t.d. við vinnu sína. Þetta getur t.d. átt við vinnu á smíðaverkstæðum, við vörubílstjóra, í leikskóla o.fl. Hávaðinn getur leitt til hægt vaxandi heyrnarskerðingar sem einstaklingur verður ekki var við í upphafi. Skyndilegur hávaði, >140 dBpeak (skyndilegur hljóðstyrkur) við eitt tilfelli eins og frá byssuskoti eða sprengingu getur leitt til varanlegrar heyrnarskerðingar. Algengt er að jafngildishljóðstyrkur á danshúsum sé 100-110 dB og jafnvel meiri, 15 mínútna dvöl þar getur jafngilt 8 klst. dvöl í 85 dB LAeq. Styrkur (orkuinnihald) hljóðsins sem fer til eyrans hefur mest að segja um þær skemmdir sem það veldur, ekki sjálfur hljóðgjafinn.

Næmni innra eyrans fyrir hávaða er mismikil. Af því leiðir að menn sem eru jafnlengi í sama jafngildishávaða fá mismikla heyrnarskerðingu af völdum hávaðans. Í hvert sinn sem maðurinn er útsettur fyrir of mikinn hávaða skemmast og/eða deyja nokkrar hárfrumur í kuðungi innra eyrans. Þessar frumur endurnýja sig ekki. Fyrstu merki heyrnarskerðingar af völdum hávaða koma fram á heyrnarmælingu sem minnkuð heyrn við tíðnirnar 3, 4, og 6 kHz. Oftast verða bæði eyru fyrir hávaðaskemmd þó örlítill munur geti verið á hversu mikil skerðingin er. Heyrnartapi af völdum hávaða fylgir oftast minnkaður hæfileiki innra eyrans til að greina talmál. Fyrstu einkenni heyrnarskerðingar af völdum hávaða eru því oftast erfiðleikar við að fylgjast með og taka þátt í umræðum í klið, eins og í veislum eða þar sem hljómlist er.

Algengt er að fólk telji að þeir sem þegar eru heyrnarskertir þoli meiri hávaða en eðlilega heyrandi fólk. Það er ekki rétt, innra eyra þeirra skemmist á sama hátt við of sterkt hljóð. Að lifa með heyrnarskerðingu er á margan hátt líkt því að lifa með langvarandi sjúkdóm, hann hverfur ekki og hefur tilhneigingu til að versna.

Hávaði getur haft áhrif á fleira en heyrn, þannig getur hann valdið svefntruflunum, eins og erfiðleikum við að sofna, truflað djúpsvefn og leitt til þess að fólk hrökkvi upp. Streituáhrif hávaða geta komið fram í aukningu streituhormóna í blóði, hækkun blóðþrýstings, truflun á athygli og minnkaðri framsetningar- og einbeitingarhæfni.

Mikilvægt er að hafa í huga að hætta er fyrir hendi þegar maður er á svæði þar sem samskipti á talmáli eru erfið, maður finnur fyrir són eða suði í eyrum og þegar svæðið er yfirgefið hafi maður jafnvel þá tilfinninguna að bómull sé í eyrunum.

Mikilvægt er að atvinnurekendur sjái til þess að vinnusvæði sé eins vel hljóðdempað og unnt er, að viðeigandi heyrnarhlífar séu aðgengilegar og starfsmenn séu hvattir til að nota þær. Einstaklingurinn er síðan ábyrgur fyrir þeim hávaða sem hann útsetur sig fyrir við frístundariðju.

*Höfundur er yfirlæknir Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.*

## AF NETINU

### Ekki innbyrðis

[Viðskiptabankarnir] hafa ... sameinast í atlögu að Íbúðalánasjóði, nokkurs konar tangarsókn í anda Napóleóns. Þegar sóknin rann út um þúfur heimtuðu þessi fánaberar samkeppnisþjóðfélagsins að Íbúðalánasjóður yrði lagður niður. Samkeppnin er ekki innbyrðis heldur bara við Íbúðalánasjóð.

**Kristinn Gunnarsson á kristinn.is**

### Ímyndarvandi

Og öllum datt það sama í hug ... Ímyndarvandi Ríkisútvarpsins birtist í hnotskurn þegar sagt var frá því [á mánudagskvöld] að vegna tæknilegra mistaka væri ekki unnt að senda út viðtalið við Jón Ólafsson. Öllum datt það sama í hug: Bláa höndin.

**Mörður Árnason á mordur.is**

### Einar K. fær tækifæri

Útvegsmenn hafa ákveðið að gefa nýjum sjávarútvegsráðherra færi á að fóta sig, eins og það er orðað, ef marka má frétt Fréttablaðsins. Þeir höfðu ætlað að láta reyna á það hvort skerða mætti aflamark útgerðar til að búa til byggðakvóta sem svo er úthlutað til annarra. Einkum höfðu útvegsmenn áhuga á því að láta reyna á það hvort kvóti sem hefði verið keyptur fullu verði hefði aðra stöðu en sá sem þeim hefði verið úthlutað frá ríkinu á grundvelli veiðireynslu í fortíð. En nú á sem sagt að bíða og sjá til hvað Einar K. Guðfinnsson gerir.

**Svanfríður Jónasdóttir á jafnadarmenn.is/svanfridur**

### Mafía er það

„Mafía er það, og mafía skal það heita," sagði Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, á Alþingi fyrir um þremur áratugum í tengslum við Guðmundar og Geirfinnsmál og meint tengsl Framsóknar við Klúbbinn. Ólafur átti þarna við dagblaðið Vísi sem flutti harðar fréttir af málinu. Ég held að þessi orð hafi fallið í utandagskrárumræðu sem Sighvatur Björgvinsson, ungur þingmaður Alþýðuflokksins, átti við forsætisráðherrann um framkomnar ásakanir í garð Framsóknarflokksins. Þessi orð Ólafs heitins koma ósjálfrátt upp í hugann nú þegar Jón Ólafsson kynnir af kappi miklu Jónsbók sína og Einars Kárasonar. Þar er Sjálfstæðisflokkurinn borinn þungum sökum. Sökum sem hann getur ekki vikist undan að svara með skýrum hætti. Svo alvarleg eru þau ámæli sem fram koma í máli Jóns um framgöngu flokks og forystu hans gagnvart sér og sínum viðskiptum í gegnum tíðina að undir þeim getur Geir Haarde ekki þegjandi setið.

**Björgvin Sigurðsson á bjorgvin.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# ALLT DIGITAL

## JVC

DIGITAL NIGHT SCOPE




**GRD200**

Digital TÖKUVÉL með 2,5" skjá, 1/4" upptökuflögu með 1,33 MegaPixel upplausn, 540 lína upplausn með Super High-Band Processor,10x Optical Zoom og 500x Super Digital Zoom, **Digital NightScope** (myndar í myrkri), titringsdeyfi, DV inn/út og Analougue inn, **innbyggðri kyrrmyndavél ofl.**

**TILBOÐ 39.990**

FULLT VERÐ kr. 69.990

---

## JVC GZMG20

**20GB HARÐUR DISKUR**

### TÖKUVÉL ÁN SPÓLU




Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með **20GB** hörðum diski (**allt að 25 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél (640x480), 1/6" upptökuflögu með 800.000 pixela upplausn, 2.5" LCD skjá, 25x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, Power Producer, ljós að framan, titringsdeyfir og USB 2.0. Tekur SecureDigital kort. Stærð í sm (bxhxd): 6.7x7x10.9.

**TILBOÐ 59.990**

FULLT VERÐ kr. 69.990

## JVC GZMC500

### 5 MEGAPIXEL

Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með þremur 1/4.5" ipptökuflögum með 1,33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel kyrrmyndötaku (2.560x1.920 Pixlar), 1,8" LCD skjá, 4GB MicroDrive,hægt að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóðupptaka, Snapshot möguleiki, titringsdeyfi og USB2 tengi. Stærð í sm (bxhxd): 8.0x5.5x11.8. Þyngd 400 grömm.



**MEÐ 4GB MicroDrive**

### TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

**TILBOÐ 119.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990

## TÖKUVÉLAR MEÐ HÖRÐUM DISK

---



### OLYMPUS® C480Z

Digital MYNDAVÉL með 5 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital, 6.3 - 11.6mm linsu, 1,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hágæða hreyfimyndatöku, 3 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 14mb innra minni og rauf fyrir xD kort.

**4 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 12.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990



### OLYMPUS® FE120

Digital MYNDAVÉL með 6 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital, 6.3 - 18.9mm linsu, 1,8" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 32mb innra minni og rauf fyrir xD kort.

**6 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 19.990**

FULLT VERÐ kr. 22.990



### OLYMPUS® MJU600

Digital MYNDAVÉL með 6 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 5.8 - 17.4mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 8 mb minni. TekurxD kort.

**6 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 27.990



### KONICA MINOLTA DiMAGE G600

Lítil Digital MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 3x Digital Zoom, Autofocus, hreyfimyndatöku, Red Eye Reduction, tímarofa og USB tengingu. Notar bæði SD kort og Memorystick.

**6 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 26.990**

FULLT VERÐ kr. 34.990

---

Hágæða hreyfimyndataka með hljóði ...




### KONICA MINOLTA DiMAGE X1

## 8 MEGAPIXEL

Ótrúlega ítil Digital MYNDAVÉL með 8 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 7.7 - 23.1mm linsu, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa og USB 2 tengingu. 32mb SD kort fylgir.

**95 x 68 x 195mm – Vegur aðeins 135 grömm ...**



**TILBOÐ 29.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Þristur, Ísafirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. SR vélaverkstæði, Siglufirði. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# Landsins m





**Bolur**
hvítur, rauður
st. 92-140
**1.999**kr

**Pils**
rautt, bleikt
st. 92-134
**2.999**kr

**Kjóll**
rauður, bleikur
st. 92-134
**3.999**kr



**Skyrta**
beige
st. 92-140
**1.999**kr

**Buxur**
drapp, bláar
st. 92-140
**1.999**kr



**Vesti**
drapp, blátt
st. 92-122
**1.999**kr

**Skyrta**
margir litir
st. 2-13
**1.999**kr



**Skyrta**
st. 92-176
**1.699**kr

**Buxur**
margir litir
st. 92-128
**2.499**kr

**Peysa**
margir litir
st. 92-128
**2.499**kr

**Pils**
rautt
st. 92-128
**2.499**kr

Gildir á meðan birgðir endast.

# ...esta úrval
## af jólafatnaði á börn




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**FRELSI**

Mér er efst í huga hve áhorfendur hafa tekið leiksýningu minni, Jóns Páls Eyjólfssonar leikstjóra og hinna listamannanna vel en Frelsi var frumsýnt á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins 28. október síðastliðinn. Aðsóknin er mjög góð og áhorfendur frá unglingsaldri og upp úr eru djúpt snortnir af því hvað leikritið sýnir raunsæja mynd af samtímanum. Það er merkilegt hve margir tjá sig í umræðum eftir sýningar og hve mörg ungmenni í áhorfendahópnum telja að atburðir verksins gætu gerst á Íslandi. Þau telja að ekki sé hlustað á ungt fólk og þau telja líka að brotin heimili leynist víða undir fáguðu yfirborði. Líkindin við óeirðir ungs fólks í Frakklandi og víðar eru vísbending um að þau hafi rétt fyrir sér.

**YFIRGANGUR**

Mér er mjög ofarlega í huga að æ fleiri tjá sig um spillingu, yfirgang og geðþóttaákvarðanir ríkisvaldsins. Æ fleiri tjá sig um að minnihlutahópar eigi sér ekki rödd þar sem stjórnvöld eru of upptekin af peningum, gróða, kaupum og sölu og af því að skammta sjálfum sér laun. Æ fleirum blöskrar yfirgangur ríkisvalds sem ákveður að skera sundur náttúru landins með gríðarlegum virkjunarframkvæmdum; sem beitir lögreglunni gegn mótmælendum með aðferðum sem eru alvarlegar og hlægilegar í senn; sem ákveður upp á sitt eindæmi að taka ábyrgð á innrás Bandaríkjanna í Írak.

**KLÁMVÆÐING**

Ég hef miklar áhyggjur af klámvæðingunni sem leitast við að drekkja árangri jafnréttisbaráttunnar, þurrkar burt sjálfsvirðingu unga fólksins okkar, ýtir undir mannfyrirlitningu, er gróðrastía fyrir kynferðislegt ofbeldi og leggur línurnar fyrir ofbeldi í ýmsum myndum. Klámvæðingin birtist í athöfnum, klæðaburði og fasi og málfari sem leitast við að ómerkja falleg orð og táknræn um fagrar athafnir ástarinnar.

**JÓLIN**

Núna hlakka ég til jólanna á hverjum degi. Ég hlakka til að undirbúa jólin með fjölskyldu og vinum; búa til jólakort og jólaskraut, baka smákökur, hlusta á fallega tónlist og hafa kveikt á kertum. Ég hlakka til að hlusta á dóttur mína spila á jólatónleikum. Ég nýt þess að ganga úti í snjónum í tunglsljósinu á stjörnubjörtu síðdegi og mér finnst gott að vera byrjuð að lesa jólabækurnar.



**EFST Í HUGA**

**HRUNDAR ÓLAFSDÓTTUR**
LEIKSKÁLDS

# Athugasemd við orð Óttars Guðmundssonar

**UMRÆÐAN**
LEIÐRÉTTINGAR Á KYNI



**ANNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Óttar Guðmundsson geðlæknir sendir mér tóninn í Fréttablaðinu í gær vegna orða minna um hörku íslenskra yfirvalda í garð þess fólks sem óskað hefur leiðréttingar á kyni. Þótt svör hans ættu vart að vera svaraverð, langar mig samt til að gera athugasemdir við orð hans.

Óttar heldur því fram að hér á landi sé farið eftir sömu reglum og gilda í Svíþjóð og Danmörku. Ég ætla ekki að svara fyrir Danmörku, en svar Óttars er ekki í samræmi við sænsku reglurnar. Lögin um „Fastställelse av könstillhörighet“ nr. 119/1972 í Svíþjóð eru lög, vissulega barn síns tíma og löngu úrelt, en lög samt. Á Íslandi gilda engin lög um þessi mál. Finnar settu lög um þessi mál um 1996 og fóru þá eftir sænsku lögunum að verulegu leyti, en endurskoðuðu lögin árið 2003 og eru nú með bestu löggjöf um þessi mál á Norðurlöndunum að mati fólks sem ég ræddi við á dögunum.

Í Svíþjóð áttu rétt á að leita annað ef trúnaðarbrestur verður á milli þín og læknisins sem rannsakar þig eða ef þér er hafnað af lækninum. Í Svíþjóð er það ekki læknirinn sem kveður upp endanlegan úrskurð um hæfi fólks til að gangast undir aðgerð til leiðréttingar á kyni, heldur er það „Rättsliga rådet“ hjá Socialstyrelsen. Sú aðferð er að vísu mjög svo niðurlægjandi fyrir þá persónu sem sótt hefur um að komast í aðgerð, enda vinnur „Rättsliga rådet“ eftir sömu vinnureglum og gilda almennt fyrir fjölskipuðum dómi með dómsforseta og sérhæfða meðdómendur. Í Svíþjóð getur „Rättsliga rådet“ gefið út þrjá mismunandi úrskurði við umsóknum um aðgerð:

1. Gefið leyfi til breytingar á nafni og kennitölu ásamt aðgerð til leiðréttingar á kyni.
2. Gefið leyfi til breytinga á nafni, en frestað ákvörðun að öðru leyti í eitt ár eða lengur.
3. Hafnað umsókn.

Á Íslandi eru til tvær leiðir, já eða nei, þar sem aðaláherslan virðist vera á seinni leiðina. Að auki sýnist mér sem ekkert sé gert til að bæta félagslega þátttöku þessa fólks á Íslandi til að tryggja sem bestan árangur eftir aðgerð. Þó get ég engu haldið fram um það, enda einungis tvær manneskjur sem hafa lokið aðgerð hér á landi.

Aðili sem ég kannast við og flúði land eftir að hafa verið hafnað af Óttari Guðmundssyni, fór í aðgerð vestanhafs og kann honum ekki fagra söguna. Hann bendir meðal annars á að hann hafi verið talinn of gamall til að sækja um aðgerð og var það meðal annars notað gegn honum. Þó var hann langt undir þrítugu þegar hann sótti um aðgerð hér heima. Með þessu falla úr gildi orð Óttars um að einstaklingurinn þurfi að hafa náð ákveðnum aldri og þroska. Þessi sami aðili benti mér einnig á að sami geðlæknir hefði lýst því yfir við sig að hann hefði aldrei sleppt mér í gegn hefði ég sótt um aðgerð hjá honum. Þetta er enn eitt dæmið um mismunandi reglur í Svíþjóð og Íslandi því mig grunar að á Íslandi gildi engar ákveðnar reglur, einungis geðþóttaákvarðanir.

Ekki hafa allir einstaklingar sem sótt hafa um aðgerð, treyst sér til að flýja land og sækja um aðgerð erlendis. Þetta fólk þjáist hér heima og á sér enga ósk heitari en að komast í aðgerð, en á sér engan málsvara. Þó er í minnst tveimur tilfellum um að ræða fólk sem lifir algjörlega í sínu óskaða kynhlutverki, hefur gert lengi og mun aldrei geta snúið til baka í hlutverk karlmannsins. Að hafna þessum manneskjum er brot á mannréttindum.

Þá langar mig til að benda á að ég veit nokkur dæmi þess að fólk sem var hafnað um aðgerð til leiðréttingar á kyni svipti sig lífi í kjölfarið. Eru til dæmi þessa á Íslandi? Ég bara spyr.

Þá skrifaði Dr. Ove Bodlund við Universitetssjúkrahúsið í Umeå doktorsritgerð árið 1995 þar sem kom fram að einungis einn aðili af tuttugu sem hann hafði rannsakað, hlaut verri lífsgæði eftir aðgerð en fyrir. Á virkilega að láta þessa nítján líða fyrir þennan eina?

Flest lönd Norðvestur-Evrópu hafa sett reglur um aðgerðir til leiðréttingar á kyni. Einustu undantekningarnar eru Írland og Ísland. Á Írlandi eru aðgerðir enn bannaðar, en stendur þó til bóta. Þá verður Ísland eitt eftir án raunhæfra reglna, nema auðvitað ef Alþingi tekur af skarið og bætir úr þeim lagaskorti sem ríkir á þessu sviði hér á landi.

Með þessum orðum vísa ég orðum Óttars Guðmundssonar um óréttmæta sleggjudóma mína aftur heim til föðurhúsanna.

*Höfundur er vélfræðingur.*




# Vandaðra – hollara – betra

**UMRÆÐAN**
VITUNDARVAKNING UMHVERFISSVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR



**MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR**

Val okkar í neyslusamfélaginu hefur mikil áhrif á umhverfi okkar. Áhrifanna gætir ekki einungis í okkar nánasta umhverfi, heldur höfum við talsverð áhrif langt út fyrir landsteinana. Hnattvæðingin hefur þau áhrif að við höfum aðgang að varningi sem við kunnum ekki deili á hvað varðar framleiðsluferli, aðbúnað starfsfólks, mengun af völdum framleiðslu eða hversu langar vegalengdir varan hefur verið flutt áður en hún hafnar í okkar höndum. Afleiðingin er sú að við erum ekki meðvituð um það hver „umhverfiskostnaður“ vörunnar er í raun.

Nú nálgast hátíð ljóss og friðar í menningu okkar Vesturlandabúa með tilheyrandi áti. Undirbúningnum fylgja stórinnkaup á matvöru, gjafavöru og ýmiss konar skrauti sem tilheyra þykir hátíðunum. Álagið eykst á þá sem veita heimilunum forstöðu, tími til samveru og gæðastunda minnkar hröðum skrefum er nær dregur jólum. Þetta skellur á í okkar myrkasta mánuði, þeim árstíma sem við þyrftum einna helst að forgangsraða og skynja það að við höfum eitthvað um lífsstílinn að segja.

Jólastressið og ruslið sem hátíðunum fylgir hafa verið umkvörtunarefni, en það er neikvæða hliðin á hátíðahöldunum. Við getum minnkað álagið með því að spyrja okkur þeirrar krefjandi spurningar hvort þörf sé á öllu þessu? Hugsanlega má draga úr útgjöldum, þeytingi og streitu við öflun „nauðsynjanna“ með meðvitaðra vali á matvælum, gjafavöru og fylgihlutum. Nei takk! Sama og þegið gæti verið svarið við stöðugu áreiti öflugrar markaðssetningar misnauðsynlegrar vöru.

Ábatinn af meðvituðu vali dregur úr neyslu með auknum gæðum samverustunda á aðventunni. Samverustundirnar yrðu fleiri á kostnað þess að þeytast um borg og bæ í leit að „hlutnum“. Inntak staðardagskrárinnar sem hljóðar svo upp á enskuna „Think global – act local“ á hér vel við, enda handhægast að stuðla að bættu hnattrænu umhverfi með aðgerðum í heimabyggð og meðvitaðri daglegri neyslu.

Umhverfismál eru heilbrigðismál. Umhverfismál hafa áhrif á heilsu okkar, jafnt líkamlega sem andlega. Nú nálgast sú hátíð sem einna mest reynir á andlega heilsu landsmanna. Áður óttuðust menn það að fara í jólaköttinn ef þeir fengu ekki nýja flík fyrir jólin. Í dag er það öllu heldur stressið sem vofir yfir. Einkunnarorðunum hærra – hraðar – meira mætti gjarnan skipta út fyrir vandaðra – hollara – betra.

Meðvitað val á því sem endar á jólaborðinu, í jólapakkanum og gagnrýnin hugsun með virðingu fyrir umhverfinu og okkur sjálfum gæti leitt til afslappaðri og innihaldsríkari samveru. Ávinningurinn yrði betra umhverfi, minni mengun, minna af rusli og fallegri jól.

Hið einfalda lögmál hönnunar „Minna er meira“ á hér einnig við, og er ágætis leiðarljós við hönnun jólanna í ár.

*Höfundur er landslagsarkitekt hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar.*

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.06 | 13.13 | 16.19 |
| Akureyri | 10.07 | 12.58 | 15.47 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ



matur o.fl.

**ENSK JÓLAKAKA**
Ómissandi á jólunum á mörgum heimilum
bls. 2





tilboð o.fl.

**BÍLAR**
Alls konar tilboð í gangi
bls. 6






*Góðan dag!*
Í dag er föstudagur 18. nóvember
322. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**





**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Pamela eldar daglega eitthvað gott í eldhúsinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ítalskt og íslenskt fer ágætlega saman

***Pamela De Sensi þverflautuleikari leikur sér að því að blanda saman íslensku hráefni og ítölsku í eldamennskunni.***

Pamela ólst upp við útsýni til Sikileyjar því hún kemur frá syðsta hluta Ítalíu. Þar er matargerð ríkur þáttur í hefðum fólks svo þann þátt fékk Pamela í vöggugjöf. Ástin dró hana hingað norður í svalann fyrir fáum árum og hún kveðst ósköp ánægð með það. „Mér finnst rosalega fínt að vera á Íslandi og kann vel við fólk og land. Stundum vantar reyndar sól en mér finnst gaman að kynnast snjónum því hann var alveg nýr fyrir mér."

Fyrst eftir að Pamela flutti til Íslands bjó hún norður á Hólmavík, stundaði þar tónlistarkennslu og líkaði vel. Nú kennir hún á þverflautu í Tónlistarskóla Árnesinga og í tónlistarskólanum Do Re Mi í Vesturbænum í Reykjavík, auk þess sem hún syngur í kirkjukór Neskirkju þar sem eiginmaður hennar, Steingrímur Þórhallsson, er organisti. Þessa dagana stendur yfir listahátíð í kirkjunni þar sem þau hjón leggja sitt af mörkum. Til dæmis ætlar Pamela að magna þar upp rómantíska stemningu annan sunnudag á tónleikum Duo Giocoso. Hún er spurð með hiki hvort hún hafi einhvern tíma til að elda. „Já, já, ég elda á hverjum degi. Mér finnst það gaman og ég slappa af við eldamennskuna," svarar hún að bragði og bætir við: „Fyrst eftir að ég flutti hingað bjó ég bara til ítalskan mat en nú er ég farin að blanda íslenskum saman við. Mér finnst pasta ómissandi en ég elska líka íslenskan fisk."

Pamela gefur girnilega uppskrift að tagliatelle á síðu 3.


*Jólastemning*



Verðum á sýningunni H&H í Laugardalshöllinni um helgina og munum bjóða upp á glæsileg tilboð.

**Nýtt kortatímabil**

UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun. 13-16
www.unika.is



Íslensk list
gerir hús
að heimili


Mynd eftir Karólínu Lárusdóttur


Mynd eftir Soffíu Sæmundsdóttur

LISTMUNASALA fold

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18, sunnudaga kl. 13-17

Opið á Rauðarárstíg laugardaga kl. 11-16, sunnudaga kl. 14-16

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

**Slátur** er hollt og gott og algjörlega málið á haustin. Þeir sem ekki taka slátur geta keypt það tilbúið í flestum matvörubúðum.





## BEAR CROSSING:

# *Kóalabjörninn á kynningarverði*

Bear Crossing er heiti á vínlínu frá ástralska vínfyrirtækinu Angove´s. Flöskurnar bera merki Australian Koala Foundation, samtaka til verndar kólabjörnum en þessi smávöxnu og vinalegu pokadýr eru í mikilli útrýmingarhættu. Hluti andvirðis af hverri seldri flösku rennur til sjóðsins og hefur þetta framtak vakið mikla athygli náttúruunnenda. Miðinn á flöskunni líkist varnaðarskiltunum sem eru sett upp við þjóðvegi sem kólabirnir eru gjarnir á að þramma yfir.

Angove´s Bear Crossing Cabernet/Merlot vínið hefur vakið athygli og þykir þessi þrúgnasamsetning mjög fersk. Má drekka með flestum kjötréttum, pizzu og mismunandi ostum, einnig mjög gott eitt og sér. Vínið verður á sérstöku tilboðsverði fram að jólum.

*Lækkað verð í Vínbúðum 990 kr.*




**Réttir kvöldsins**

Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| Forréttur | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| **Aðalréttir** | | |
| Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu , grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| **Eftirréttur** | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Tilboðin gilda öll kvöld
Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27 / www.madonna.is






Svona lítur kakan út þegar hún er tilbúin. Þessi var bökuð árið 1999.

# Ómissandi á jólunum

***Sigríður Gunnlaugsdóttir hefur bakað enska jólaköku á þessum árstíma í tuttugu og sjö ár.***

„Ég hef bakað enska jólaköku á hverju einasta ári síðan 1978,“ segir Sigríður Gunnlaugsdóttir kennari sem féllst á að deila reynslu sinni með lesendum Fréttablaðsins. „Þetta er siður sem við tókum heim með okkur frá Bretlandi þar sem við bjuggum frá 1977 og til 1980 en þar féll ég fyrir ensku jólakökunni.“ Hún segir að fjölskyldunni finnist þetta ómissandi þáttur á jólunum, bæði kakan en ekki síst allt stússið í kringum hana. „Ég held að mínum börnum fyndust ekki jól nema væri búið að skreyta ensku jólakökuna og setja á sinn stað. Þeim finnst hún mjög góð og betri eftir því sem þau verða eldri.“



Kakan er allaf geymd í sömu dósinni en miklu skiptir að hún sé loftþétt og auðvitað jólaleg.



Enska jólaköku ber að vökva vel og vandlega á tíu til fjórtán daga fresti.



Svona lítur kakan út hálfum mánuði eftir bakstur en löngu fyrir skreytingu.

Sigríður bakar kökuna alltaf um mánaðamótin október- nóvember. „Ég geymi hana alltaf í sömu dósinni enda eru miklar serimóníur í kringum þetta. Ég vökva hana á tíu til fjórtán daga fresti og þá ágætlega en það er bara smekksatriði.“ Hún á þau ráð helst handa þeim sem vilja leggja út í jólakökubakstur að enskum sið að taka málunum með ró. „Besta ráðið er að vera afslappaður gagnvart kökunni, fara eftir uppskriftinni og vera þolinmóður. Geyma hana í járndós uppi á skáp nema þegar er verið að vökva og njóta þess þá að þefa af henni.“ Sigríður vökvar kökuna með brandí en segir áfengistegundina vera smekksatriði, eins og fram kemur í uppskriftinni.

Og enska jólakakan er fastur liður hjá fleirum en heimilisfólkinu. „Fyrstu árin var hún ekkert sérstaklega vinsæl nema hjá bóndanum en svo hafa ættingjarnir lært að meta hana og pabba mínum finnst ómissandi að koma hingað í heimsókn á kvöldin milli jóla og nýárs og fá bita af ensku jólakökunni.“ Sigríður féllst á að gefa uppskrift að kökunni sem hún bakar og þá er bara að leggja form undir deig um helgina svo að kakan nái að lagerast vel fyrir jól.

## Ensk jólakaka (bökuð í nóvember)

FRÁ SIGRÍÐI GUNNLAUGSDÓTTUR

200 g smjör
200 g púðursykur
1 msk. síróp
Rifinn börkur af 1 appelsínu eða sítrónu
4 stk. egg
2 msk. brandí, viskí, romm, púrtvín eða sérrí eftir smekk

Hrærið saman smjör og púðursykur þar til létt og ljóst. Bætið þá sírópi og appelsínuberki út í. Eggin eru sett út í, eitt og eitt í senn, og hrært vel á milli. Síðan er áfenginu bætt í.

250 g hveiti
1/4 tsk. múskat (helst ferskt rifið af hnetu)
1/4 tsk. kanill
1/4 tsk. brúnkökukrydd
1/4 tsk. negull
1/4 tsk. salt

Blandið öllum þurrefnum saman og setjið smátt og smátt út í eggjahræruna.

600 g þurrkaðir ávextir að eigin vali (epli, rúsínur, kúrenur, sultönur, kirsuber, döðlur, aprikósur)
50 g möndlur, hakkaðar

Ávextir og möndlur eru settir síðast út í. (Margir velta ávöxtunum upp úr dálitlu af þurrefnunum áður en þeir eru settir út í blönduna)

Setjið í springform (u.þ.b. 22 cm í þvermál) sem hefur verið fóðrað með bökunarpappír og bakið neðst í ofni við 150°C í eina klukkustund og síðan í tvær klukkustundir og fimmtán mínútur við 140°C.

Kælið kökuna, hellið áfengi yfir eftir smekk, pakkið inn í álpappír og geymið í loftþéttri málmdós. Vökvið á 10-14 daga fresti í um einn mánuð.

Að lokum er marsipan flatt út og sett utan um kökuna. Ég held mig við enska siðinn og set „icing“ utan á marsipanið og skreyti svo með jólaskrauti sem mér var gefið á fyrstu kökuna sem ég bakaði 1978.

2 eggjahvítur
500 g flórsykur
1/2 msk. sítrónusafi
1/2 msk. glyserol (fæst í apótekum)
Öllu hrært saman.

20% afsláttur
af vínþrúgu mánaðarins
áman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020

allt
heimili
Alla fimmtudaga

# Nemakeppni á Nýja-Sjálandi

***Í mars á næsta ári verður haldin alþjóðleg nemakeppni á Nýja-Sjálandi. Keppnin er haldin á vegum heimssamtaka matreiðslumanna og til stendur að einn íslenskur nemi taki þátt.***



Matreiðslunemar bretta nú upp ermar á kokkagallanum og undirbúa sig fyrir alþjóðlega nemakeppni á Nýja-Sjálandi.

Klúbbur matreiðslumeistara og Hótel- og matvælaskólinn hafa ákveðið að senda þátttakanda á alþjóðlega nemakeppni sem haldin verður í mars á næsta ári á Nýja-Sjálandi. Keppnin er hluti af 32. heimsþingi World Associaton of Cook´s Societies, 2006.

Forundankeppni verður haldin í Hótel- og matvælaskólanum þann 15. desember. Í forundankeppninni þurfa þátttakendur að búa til matseðil úr völdu hráefni og fá þeir tvær klukkustundir til að ljúka verkefninu. Fimm nemendur verða svo valdir til að taka þátt í undankeppninni og mun sigurvegari hennar taka þátt í keppninni á Nýja-Sjálandi. Fulltrúi Íslands mun taka þátt í pallborðsumræðum á þinginu á Nýja-Sjálandi þar sem hann kynnir Ísland og íslenskar afurðir.

Skráning í keppnina hefst 28. nóvember og stendur til 3. desember.

## uppskrift }

### Tagliatelle með humar UPPSKRIFT PAMELU DE SENSI.

400 g tagliatelle pasta
250 g skellaus meðalstór humar (pillaður)
8 meðalstórir humrar með skel
800 g tómatmauk í bitum úr dós
80 g fersk steinselja
2 hvítlauksrif (hvítlauksbútur)
hálft glas hvítvín
4 msk. ólívuolía Extra Vergine
Salt og pipar eins og þarf

Skerið hvítlaukinn í litla bita og setjið í stóra pönnu með ólívuolíu og hitið á meðalhita. Strax og hvítlaukurinn er gylltur setjið þá allan humarinn, líka með skel í pönnuna og látið steikjast í nokkrar mínútur eða þar til vatnið úr fiskinum er þornað. Þegar fiskurinn er byrjaður að steikjast setjið þá hálft glas af víni og tómatmaukið. Látið allt eldast eins og þarf á sama hitastigi (þar til hvorki er of mikill vökvi né of þurrt) en passið þegar þið hrærið sósuna að brjóta ekki humarinn, Setjið salt eftir smekk. Á meðan sjóðið þið vatn fyrir pastað og setjið smá salt út í með pastanu og sjóðið þar til „al dente" ekki of hart, ekki of lint. Áður en pastað fer út í verðið þið að taka humarinn með skel úr pönnunni og setja á disk og þá er gott að setja svartan pipar út í sósuna. Setjið soðið pastað út í sósuna þegar það er tilbúið og bætið steinseljunni ofaná sem þá á að vera búið að brytja niður í smátt. Skammta svo á diska og bæta við humrinum með skel.

# BEAUJOLAIS NOUVEAU:

## *Kom á markaðinn í gær*




Fyrsti söludagur á Beaujolais Nouveau í Frakklandi var í gærdag. Þá hófst kapphlaup um allan heim hjá söluaðilum til að koma víninu sem allra fyrst til vínunnenda. Beaujolais Nouveau er fyrsta vínið af uppskeru haustsins sem drukkið er. Nouveau þýðir nýtt og Beaujolais er nafnið á héraðinu sem er í Búrgúndí. Árgangurinn í ár þykir mjög góður, magnið er 30% minna en í fyrra en gæðin sögð töluvert meiri. Hér á Íslandi hefur myndast mikil Nouveau-hefð undanfarinn áratug og verður vínið á boðstólum strax á fyrsta leyfilega degi hér á landi. Vinsældir Nouveau hafa aukist stöðugt og má ætla að allt að 20.000 flöskur af Nouveau-víni frá héraðinu seljist hér á landi á næstu mánuðum. Má nefna að Perlan, Hótel Hérað og Hótel Flúðir koma til með að vera með fyrstu opnun á sínum hefðbundnu jólahlaðborðum og bjóða gestum sínum að bragða á fyrstu uppskeru 2005 af Bouchard Aine Beaujolais Nouveau á fyrsta leyfilega söludegi í heiminum.

**10 atriði um Nouveau:**

1. Beaujolais Nouveau er ævinlega sett á markað þriðja fimmtudag í nóvember óháð því hvenær uppskerutíðin hefst.
2. Um 4.000 vínbændur í Beaujolais-héraðinu norðan Lyon lifa á því að rækta þrúgur sem fara í Nouveau.
3. Allar þrúgurnar í Beaujolais verða að vera handtíndar. Þetta er eina héraðið utan Champagne þar sem þetta er skylda.
4. Einungis er leyfilegt að nota þrúguna gamay.
5. Ekki má búa til Beaujolais Nouveau úr þrúgum sem koma frá „10 crus" ekrunum í Beaujolais.
6. Vínið er auðdrekkanlegt vegna þess að það er gerjað með berjagerjun, sérstakri aðferð sem varðveitir hið ferska berjabragð vínisins án þess að fá tannín úr hýðinu.
7. Vínið á að drekka ungt og á að vera búið að klára það fyrir maí næsta ár, nema í alveg sérstökum árgöngum.
8. Vínið er best að bera fram létt kælt svo þess megi njóta til fulls.
9. Um þriðjungur af heildaruppskeru Beaujolais-héraðsins fer til framleiðslu á Nouveau.
10. Beaujolais-héraðið er þekkt fyrir framúrskarandi matargerð. Hið kunna veitingahús Paul Bocuse er í hjarta héraðsins.










# allt tilboð o.fl.

**80%** Af mörgum góðum tilboðum þessa viku eru appelsínurnar í Nettó með mesta afsláttinn. Þær lækka úr 95 krónur kílóið í aðeins 19 krónur.




STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsu-hornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn


**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 19. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus malt 500 ml | 69 kr. Nýtt | 138 | | |
| Bónus appelsín 2 lítrar | 98 | 129 | 98 | 25 |
| Bónus ferskur trönuberjasafi | 259 | nýtt | 259 | |
| Bónus hveiti 2 kg | 39 | 59 | 39 | 35 |
| Bónus kaffi 500 g | 199 | 229 | 199 | 15 |
| Bónus lambalæri krydduð | 899 | nýtt | 899 | |
| Kjúklingalæri úrbeinuð | 598 | 898 | 598 | 35 |
| Smjörlíki 500 g | 79 | 99 | 79 | 20 |
| Suðrænir ávextir í dós 850 g | 59 | 99 | 69 | 40 |
| K.f hrásalat 350 g | 98 | 159 | 98 | 40 |
| K.f kartöflusalat 350 g | 98 | 159 | 98 | 40 |

**FK FJARÐARKAUP**

Tilboðin gilda til 19. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Merlo rækja | 595 | nýtt | 595 | |
| Kalkúnn | 598 | 798 | 598 | 25 |
| Fyllt svínasteik frá kjarnafæði | 795 | 1.256 | 795 | 35 |
| London lamb frá kjarnafæði | 985 | 1.539 | 985 | 35 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 1.115 | 1.858 | 1.115 | 40 |
| SS rauðvíns helgarsteik | 1.358 | 1.668 | 1.358 | 20 |
| Vínber rauð/græn | 339 | 398 | 339 | 15 |
| Blómkál | 99 | 259 | 99 | 60 |

**HAGKAUP**

Tilboðin gilda til 20. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Pekingönd | 999 | 1.499 | 999 | 35 |
| Holta kjúklingalæri fersk | 360 | 599 | 360 | 40 |
| Holta kjúklingaleggir ferskir | 360 | 599 kg | 360 | 40 |
| Holta kjúklingavængir ferskir | 360 | 599 kg | 360 | 40 |
| Ömmubakstur tilboðspizzur ferskar 3 teg. | 298 | 398 | 298 | 25 |
| Nautalundir úr kjötborði | 2.998 | 3.998 | 2.998 | 25 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.498 | 2.298 | 1.498 | 35 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 22. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| SS Grand orange lambalæri | 1.259 | 1.798 | 1.259 | 30 |
| Kalkúnn frosinn | 598 | 798 | 598 | 25 |
| Goða hamborgarhryggur | 899 | 1.498 | 899 | 40 |
| Móðir náttúra tortillur m/fyllingu 2 teg. 500 g | 498 | 669 | 249 | 25 |
| Móðir náttúra sólskinssósa 220 ml | 198 | 295 | 198 | 30 |
| Naggalínan kjötbollur 450 g | 359 | 513 | 359 | 30 |
| Stjörnu hrásalat 800 g | 244 | 375 | 244 | 35 |
| Krónubrauð stórt og gróft 770 g | 99 | 129 | 99 | 25 |
| Myllu sjónvarpskaka 430 g | 221 | 276 | 221 | 20 |
| Harboe Cider epla/peru 2 l | 199 | 249 | 100 | 20 |

**nettó**

Tilboðin gilda til 20. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Hangilæri úrbeinað vacumpakkað | 1.699 | 2.430 | 1.699 | 30 |
| Bayonneskinka | 626 | 1.252 | 626 | 50 |
| Súpukjöt 1.fl. | 349 | 499 | 349 | 30 |
| Reyktur grísabógur 1/2 | 399 | 669 | 399 | 40 |
| Goða skinka | 295 | 339 | 295 | 15 |
| Goða helgarsteik | 979 | 1.398 | 979 | 30 |
| Ódýrar appelsínur | 19 | 95 | 19 | 80 |
| Epli Jónagold | 19 | 59 | 19 | 70 |
| Náttúra salatblanda hefðbundin pk. | 159 | 219 | 159 | 25 |
| Krydduð kalkúnasteik | 484 | 968 | 484 | 50 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 23. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nóatúns þurrkryddað lambalæri | 1.039 | 1.598 | 1.039 | 35 |
| Nóatúns þurrkrydduð lambasteik | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| Móa kjúklingabringur magnpk. | 1.996 | 2.495 | 1.996 | 20 |
| Nóatúns Bayonneskinka | 979 | 1.398 | 979 | 30 |
| Goða Baconhleifur | 370 | 740 | 370 | 50 |
| Goða áleggsskinka | 219 | 339 | 219 | 35 |
| Stjörnu ferskt salat 300 g | 135 | 225 | 450 | 40 |
| Eðalf.salöt túnfisk/rækju/skinku 200 g | 154 | 256 | 770 | 40 |
| Nýbakað snittubrauð baquette | 119 | 215 | 119 | 45 |
| Pepsi Max 4x2 l | 499 | 698 | 125 | 30 |

**SPAR**

Tilboðin gilda til 23. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kindainnalæri | 1.690 | 2.898 | 1.690 | 40 |
| Kindasnitsel | 998 | 1.368 | 998 | 30 |
| Kindagúllas | 998 | 1.378 | 998 | 30 |
| Kindahakk | 599 | 728 | 599 | 15 |
| Lambahryggur | 998 | 1.516 | 998 | 35 |
| Ísfugl kjúklingalæri/leggir magnpakkn. | 472 | 629 | 472 | 25 |
| Klementínur | 149 | 199 | 149 | 25 |
| Vínber | 349 | 395 | 349 | 10 |

**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 23. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kjúklingalæri/leggir | 629 | 472 | 472 | 25 |
| Dönsk grísabógsteik | 879 | 703 | 703 | 20 |
| Borgarnesbjúgu | 573 | 458 | 458 | 20 |
| Borgarnes skólaskinka 165 gr. | 199 | 159 | 960 | 20 |
| SS F&F Cordon bleu | 419 | 335 | 335 | 20 |
| SS hangiálegg 2X8 sneiðar | 3.228 | 2.582 | 2.582 | 20 |
| Mills kavíarmix 175 g | 184 | 139 | 794 | 25 |
| Mills kavíar 190 g | 269 | 179 | 942 | 25 |
| Hattings hvítlauks snittubrauð 2 stk. | 198 | 189 | 540 | 5 |
| Hatting ostabrauð 2 stk. | 198 | 189 | 99 | 5 |





Hinn þekkti danski rithöfundur **Irma Lauridsen** verður í **Súfistanum**, Máli og menningu, **Laugavegi 18** **í kvöld frá kl. 20** – í tilefni af útkomu bókarinnar *Hið óþekkta – Furðuleg fyrirbrigði og óskýranleg atburðir.* Hún segir frá og svarar spurningum. Túlkað. Þýðandinn, **Svava Jónsdóttir**, les úr bókinni.

**Bókin er á frábæru tilboði í versluninni**





# Afsláttur á úlpum og kápum



*Tilboðið stendur til morguns.*

Tuttugu prósenta afsláttur fæst nú á öllum úlpum og kápum í versluninni hjá Hrafnhildi á Engjateigi 5 í Reykjavík.

„Við erum með mikið úrval, ótal gerðir, allt frá hversdagskápum og upp í flottar, síðar kápur með refaskinni,“ segir Antoníus Svavarsson, eigandi hjá Hrafnhildi, en verslunin selur bæði síðar og stuttar úlpur, með og án skinnkraga, og hægt er að fá bæði venjulegar ullarkápur, sem og fínar kápur úr vandaðri kasmírull.

„Við erum með mikið af hlýjum kápum, upplagðar fyrir kaldasta tíma vetrarins. Þú færð ekkert betra fyrir jólin,“ segir Antoníus, og bætir við að jafnframt séu kápurnar og úlpurnar upplagðar í jólapakkann.

Tilboðið stendur fram á laugardag.

## Ódýrara að senda pakka

*Hjá Flugfélagi Íslands hlakka menn til jólanna.*

Senn líður að þeim tíma ársins sem jólapakkarnir fara á ferð og flug. Fraktflug Flugfélags Íslands er með tilboð á pakkasendingum sem gildir fram að miðjum desember. Í boði er að senda pakka allt að tíu kílóum á alla áfangastaði Flugfélags Íslands fyrir 700 krónur. Um að gera að nýta sér slík tilboð enda getur sendingarkostnaður orðið æði hár þegar ættingjarnir dreifa sér vítt og breitt um landið.



## Fyrir herra

*Jakkaföt, skyrtur, bindi og skór eru á lækkuðu verði í Gallerí sautján fram á sunnudag.*



Svokallaðir jakkafatadagar eru nú í versluninni Gallerí sautján bæði í Kringlunni og á Laugavegi. Mao flauelsisföt, og jakkaföt frá Parks 4You og Tiger eru öll á niðursettu verði. You fötin eru til dæmis öll á 14.990 krónur. Skyrtur eru á 2.990, bindi á sama verði og skór eru á 6.990 krónur. Nú er því kjörið tækifæri fyrir karlmennina að dressa sig upp.



















# Bleikur sparnaður kaldhæðinnar drottningar

***Erlingur Grétar Einarsson er leikari, nemi, kennari og íbúðareigandi. Erlingur virðist hafa bleikt þema í sínum sparnaði, hann verslar við bleika Bónus grísinn og kaupir bensín með bleika Orkukortinu sínu.***

Erlingur Grétar Einarsson leikur eitt af aðalhlutverkunum í uppsetningu Stúdentaleikhússins á verkinu Blóðberg. Á sviðinu fer hann með hlutverk drottningarinnar Quincy, kaldhæðins homma sem hangir öll kvöld á börum bæjarins. Auk þess að vera leikari nemur Erlingur kvikmyndafræði við Háskóla Íslands og kennir við Menntaskólann við Sund. Nýlega keypti hann sér íbúð með kærustunni sinni og hlýtur því að auki titlana íbúðareigandi og sambýlismaður. Dagarnir líða hratt hjá Erlingi enda í nógu að snúast, bæði utan sviðs og á, og segist hann varla hafa tíma til að hugsa um sparnað.

„Ég reyni að versla í Bónus þegar tími vinnst til,“ segir Erlingur. „Ef maður sér eitthvað sem er á tilboði þá náttúrlega skellir maður sér á það ef maður þekkir vöruna.“

Nýlega jók Erlingur útgjöldin með því að festa kaup á íbúð. „Mann langar auðvitað til að forðast lán og raðgreiðslur,“ segir Erlingur. „En núna erum við með húsnæðislán og bílalán. Við erum reyndar með þetta allt í greiðsluþjónustu og það hjálpar rosalega. Og við erum líka laus við yfirdrátt sem er algjört heaven,“ segir Erlingur og blaðamaðurinn stynur af öfund. Íbúðakaupum getur oft fylgt óvæntur kostnaður sem erfitt er að sjá fyrir og því gott að sýna fyrirhyggju. „Við gerðum það þannig að við reiknuðum kostnaðinn alltaf rúmlega svo við lentum ekki í vandræðum,“ segir Erlingur. „Við höfum líka haft það fyrir sið að leggja alltaf til hliðar fimm prósent af launum okkar um hver mánaðamót. Þá eigum við alltaf varasjóð til að nota í húsgagnakaup eða ferðalög eða þvíumlíkt.“

Erlingur og kærasta hans reka einn bíl, Daewoo station, sem Erlingur segir eyða frekar litlu. „Maður finnur samt fyrir bensínkostnaðinum. Ég fór alltaf á þjónustustöðvarnar þegar ég keypti bensín en ég var að fá mér Orkukort þannig að núna er ég að fara að spara alveg helling,“ segir Erlingur ánægður. „Ég skoðaði hvar mesti afslátturinn væri á þessum ódýrari stöðvum og ákvað að skella mér á þetta. Þetta er frelsiskort þannig að maður leggur inn á kortið og svo skellir maður því bara í sjálfsalann. Á þennan máta getur maður jafnvel skammtað sér bensínpeninginn ef vill. Með þessu er ég að spara mér um fjórar krónur á lítrann. Og það munar um það.“ johannas@frettabladid.is



Erlingur Grétar Einarsson leikari með fagurbleika Orkukortið sitt.



# Tækifæri til bílakaupa

***Verðandi bílakaupendur geta hugsað sér gott til glóðarinnar.***

Þeir sem ferðast um á tveimur jafnfljótum og eru í bílahugleiðingum ættu að hafa augun opin. Fjölmargar bílasölur eru nú með tilboð á bæði nýjum og notuðum bílum. Úr nægu er að velja hvort sem það eru risavaxnir jeppar eða smáir bílar sem taka aðeins hálft bílastæði. Ingvar Helgason býður kaupauka með notuðum bílum sem eru á tilboðsverði þessa dagana. Bílabúð Benna er með lækkað verð, og Bílaþing Heklu er með útsölu á nýlegum og eldri bílum í dag og á morgun. Þeir sem hafa hug á bílakaupum ættu að vafra um netið eða hringja í umboðin áður en lagt er af stað til að vita hvað er í boði.

# Ítölsk bómull

***Náttföt og náttkjólar eru á tilboði í Dizu í Ingólfsstræti 6.***

Stakar smáköflóttar náttbuxur og langerma toppar við, einlit náttföt, hvít, blá eða bleik og náttkjólar, stuttir og síðir eru meðal þess sem verslunin Diza í Ingólfsstræti 6 býður á fimmtán prósenta afslætti til næstu mánaðamóta. Allt er þetta úr ítalskri hágæðabómull þannig að um hlýlega og vandaða vöru er að ræða. Verðið er heldur ekkert til að fælast. Náttfötin eru á bilinu 4-5 þúsund og náttkjólarnir undir þrjú þúsund kallinum.



# Þrjú verð

***Tískuvöruverslunin Næs í Grafarvogi er nú með rýmingarsölu þar sem allt á að seljast.***

Vegna breytinga hjá versluninni Næs í Grafarvogi verður allt í búðinni selt. Næs selur gæða kvenfatnað og aðeins þrjú verð verða í gangi, 700 kr., 1.500 kr. og 4.000 kr. Hægt er að fá allan kvenfatnað eins og buxur, dragtir, pils, boli, toppa og margt fleira. Allt á að seljast og þess vegna er eins gott að láta hendur standa fram úr ermum.

Næs er á Foldatorgi í Grafarvogi og hefur verslunin verið afar vinsæl hjá Grafarvogsbúum.





## SKIPT ÚR ÖÐRUM GÍR Í ÞANN FIMMTA

*Hjalti Axelsson er varðstjóri á Egilsstöðum.* SJÁ BLS. 10



## DAGAR MYRKURS

*hátíð á Austurlandi.* SJÁ BLS. 2

[ SÉRBLAÐ UM EGILSSTAÐI OG NÁGRENNI – FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER 2005 ]

# höfuðstaður á héraði



EFNISYFIRLIT


**Fljótsdalshérað**
BLS. 2 Er afar fjölskylduvænt

**Lagarfljótsormur**
BLS. 2 Er lyngormur

**Skógrækt**
BLS. 2 Trjám fjölgar um landið

**Strikið**
BLS. 4 Nýja aðalgatan á Egilsstöðum

**Eiðar**
BLS. 4 Sinna Austfirðingum betur

**Leiklist**
BLS. 4 Líf og sál Fljótsdalshéraðs

**Listamenn**
BLS. 4 Fá betri aðstöðu

**Hreindýr**
BLS. 6 Þrífast fyrir austan

**Álverið**
BLS. 6 Teygir anga sína víða

**Skíðasvæði**
BLS. 6 Góð aðstaða fyrir austan

**Eldri borgarar**
BLS. 8 Mikið félagslíf

**Safnahúsið**
BLS. 8 Miðstöð menningar

**Framhaldsnám**
BLS. 9 Af ýmsu er að taka

**Unglingar**
BLS. 9 Kraftur í austfirskum unglingum

**Kvikmyndahús**
BLS. 10 Ofarlega á lista Elínar Káradóttur

**Skriðuklaustur**
BLS. 11 Menningar- og fræðasetur



„Hvað er í gangi?"

www.akureyri.is

Allt sem er að gerast á Akureyri í viðburðadagatalinu á www.akureyri.is!
Hefur þú kynnt þér málið?

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



Upplýsingamiðstöðin á Akureyri
Hafnarstræti 82 • 600 Akureyri • Sími 462 7733

hátíð }



Nálhús úr hreindýrshorni eftir Ritu Freyju Bach.

# Dagar myrkurs

SKAMMDEGISSKEMMTUNIN DAGAR MYRKURS HÓFUST Á AUSTURLANDI Í GÆR. DAGSKRÁIN ER AFAR FJÖLBREYTT.

Á dagskrá Daga myrkurs var til dæmis dimmt diskótek fyrir krakka í sundhöll Seyðisfjarðar í gærkvöld, ljós- og skuggaleikir á leikskólum í Fellabæ, á Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði í dag, margvíslegar listsýningar víða um Austurland, og jafnframt verður Seyðisfjörður almyrkvaður í kvöld og getur fólk farið í afturgöngu um kaupstaðinn. Í Kaupvangi á Vopnafirði verða magnaðar draugasögur lesnar í kvöld. Rómantísk stemning verður á laugardagskvöld víðs vegar um Austurland, til dæmis verður ástareldur kveiktur á Mjóeyri við Eskifjörð og Langabúð á Djúpavogi býður upp á seyðandi myrkrastund. Á sunnudag verður svo sýning og málþing haldið um Brynjólf biskup Sveinsson og 17. öldina á Skriðuklaustri, og á Minjasafninu Burstafelli við Vopnafjörð verður dagskráin Gamli bærinn í rökkurró haldin, auk margs fleira.

Frekari upplýsingar um dagskrána má finna á vefslóðinni http://isl.east.is. Í tengslum við Daga myrkurs á Austurlandi verður handverks- og listiðnaðarsýning opnuð á Hótel Héraði síðdegis í dag. Handverk og hönnun, Menningarráð Austurlands, Markaðsstofa Austurlands og Þróunarstofa Austurlands standa að sýningunni, sem ber nafnið Auður Austurlands. Sýndir verða munir frá 24 handverks- og listamönnum, og eru munirnir unnir úr hráefni sem tengist Austurlandi, svo sem hreindýraskinni, hreindýrshorni og beini, lerki og líparíti. Áætlað er að sýningin verði sett upp á fleiri stöðum á landinu í ársbyrjun 2006. Aðgangur er ókeypis.

# Vaxandi skógar víða

Innan við tvö prósent af landinu er skógi vaxin í dag. Þó fer trjánum ört fjölgandi, ekki síst vegna starfa skógarbænda.



„Fljótsdalshérað er vagga bændaskógræktarinnar, þar sem bændur rækta skóga á sínum jörðum með framlagi frá ríkinu," segir Þröstur Eysteinsson, þróunarstjóri Skógræktar ríkisins.

Bændaskógrækt hófst í kringum 1970 í Fljótsdalshéraði með aðstoð Skógræktarinnar. Í kjölfar niðurskurðar vegna riðu á áttunda og níunda áratugnum óx bændaskógræktin mikið, og þá voru Héraðsskógar stofnaðir, en þeir tóku við af Skógræktinni við að sinna þörfum bændanna.

„Undanfarin fimmtán ár hefur þetta verið mesta skógræktarátakið á tiltölulega afmörkuðu svæði hér á landi, og er í raun og veru fyrirmynd annarra landshlutabundinna skógræktarverkefna," segir Þröstur. 70 til 80 prósent allrar gróðursetningar á landinu fara fram á vegum þessara verkefna.

Héraðsskógar kaupa mikið magn af plöntum í einu og afhenda bændunum, sem þeir svo gróðursetja á jörðum sínum. „Hér er markmiðið að úr verði nytjaskógur, og það bendir allt til þess að það takist," segir Þröstur, en Skógrækt ríkisins veitir bændunum ýmiskonar ráðgjöf og sinnir rannsóknum á skógum og skógrækt.

Upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar
opin alla daga kl. 07:00 – 22:00 í vetur
Færð og veður 1777
Textavarp síður 470–490
Talvél sími 1779
Engin gjöld eru tekin fyrir að leita upplýsinga hjá Vegagerðinni
VEGAGERÐIN
www.vegagerdin.is



Egilsstaðir að haustlagi.

# Fljótsdalshérað afar fjölskylduvænt

Egilsstaðir er stærsta þéttbýlið innan sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs, sem varð til fyrir ári síðan þegar Austur-Hérað, Fellahreppur og Norður-Hérað sameinuðust. Héraðið er það fjölmennasta á Austurlandi, með um 3.500 íbúa.

Umhverfis þéttbýlið Egilsstaði eru blómleg landbúnaðarsvæði og smærri þjónustukjarnar á Hallormsstað, Eiðum og Brúarási. Sveitarfélagið er mjög víðfeðmt og með þeim landmestu á Íslandi.

Með tilkomu álversins á Reyðarfirði eru fleiri og fleiri utansveitarmenn farnir að líta Egilsstaði hýru auga, enda er margt þar sem tryggir góðan lífstíl. Til dæmis er samfélagið mjög fjölskylduvænt og býður upp á fjölbreytta námsmöguleika. Fimm leikskólar eru í Fljótsdalshéraði, fjórir grunnskólar, þrír tónlistarskólar, hússtjórnarskóli, menntaskóli og góð aðstaða til fjárnáms á háskólastigi.

Aðstaða til íþróttaiðkunar er mjög góð, hægt er að velja um fjögur íþróttahús og þrjár sundlaugar, þar er glæsilegur íþróttaleikvangur, skemmtilegur golfvöllur og góð aðstaða fyrir hestamenn. Tvær félagsmiðstöðvar eru á Fljótsdalshéraði og kaffi- og menningarhús ungs fólks.

Fljótsdalshérað er rómað fyrir náttúrufegurð og gott veðurfar, sem minnir oft á loftslag á meginlandi Evrópu. Skóglendi einkennir svæðið og fjölmargir staðir eru vel fallnir til útivistar. Mannlífið er litskrúðugt og hlýlegt, rétt eins og landslagið. Þar er afar fjölbreytt og lifandi menningarlíf, öflug tónlistar-, myndlistar- og leiklistarstarfsemi og fjölþætt starfsemi í klúbbum og félagasamtökum. Lifandi safnastarf býður upp á sérsýningar og ýmiskonar kynningar- og skemmtidagskrár. Fjöldi árvissra menningarhátíða er haldinn á Fljótsdalshéraði með þátttöku fjölda listamanna sem laða að fólk úr öllum landshlutum, en mikill straumur ferðamanna leggur leið sína um Egilsstaði ár hvert, og er aðstaða fyrir ferðamenn í Fljótsdalshéraði mjög góð, enda margt að sækja til þessa landshluta. Þar liggja krossgötur mikilvægra samgönguleiða innan fjórðungs og til annarra landshluta, þar er alþjóðlegur flugvöllur og miðstöð landsamgangna.



Brú liggur yfir Lagarfljótið við Egilsstaði, og ekkert sést í lyngorminn hroðalega á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lagarfljótsormurinn er lyngormur

Þjóðsagan um orminn í Lagarfljóti.

Þjóðsagan segir að kona nokkur hafi gefið dóttur sinni hring úr gulli. Stúlkan hafði heyrt að ef maður léti orm liggja á gulli, þá stækkaði það. Hún lagði því hringinn undir lyngorm og setti svo bæði lyngorminn og hringinn ofan í lítið skrín.

Þegar stúlkan leit í skrínið nokkrum dögum síðar var ormurinn orðinn svo stór að skrínið var farið að gliðna í sundur. Stúlkan varð hrædd, þreif upp skrínið og grýtti því og orminum út í Lagarfljót.

Um langa hríð vissi enginn af orminum, en loks fór hann að bæra á sér og drap þá bæði menn og skepnur sem fóru yfir fljótið, og teygði sig stundum upp úr fljótinu og spjó eitri á bakkana.

Eins og gefur að skilja voru bágindin mikil sem af þessu sköpuðust, og tókst engum að leysa úr vandanum um langa hríð.

Sumir segja að tveir galdramenn hafi að lokum steypt sér í fljótið og tókst þeim að binda ókindina niður að framan og aftanverðu. Aðrir segja hins vegar að Guðmundur góði biskup hafi bundið orminn.

Enn eru til menn sem halda því fram að ormurinn sjáist reka kryppuna upp úr Lagarfljótinu, og eru sumar þessar sögur frá allra síðustu árum. Sagt er að hann stækki enn og muni halda áfram að lifa á botni Lagarfljóts alveg fram að heimsendi, þegar hann á að losna og leggja allt Fljótsdalshérað í eyði.

Ormsins er fyrst getið í annálum 1345, og var sagt að það boðaði stórtíðindi þegar hann skyti upp kryppum úr fljótinu. Nú hefur gas fundist á tveimur stöðum, sem streymir upp úr vatninu, og þykir þar komin skýringin á Lagarfljótsorminum.




# …þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

***Vildarþjónusta Sparisjóðsins***

er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta Sparisjóði eða á **www.spar.is**.

- Lán án ábyrgðarmanna og afsláttur af lántökugjöldum
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Endurgreiðsla persónutrygginga
- Frábær tilboð hjá Og Vodafone, Plúsferðum og Úrval Útsýn

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

Fíton/SÍA FI013084

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu

**Sexfaldur sigurvegari** | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | **spar.is**



Strikið fyrirhugaða á Egilsstöðum.

# Strikið á Íslandi

Þjónustugata á Egilsstöðum ber kunnuglegt nafn.

Í sumar samþykkti bæjarráð Fljótsdalshéraðs tillögu skipulags- og byggingarnefndar þess efnis að verslunar- og þjónustugata sem fyrirhugað er að liggi um nýjan miðbæ Egilsstaða muni heita Strikið.
Gatan verður mjög áberandi í nýja miðbænum en hún verður bæði hellulögð og malbikuð. Rauðleitum náttúrulegum steinefnum verður blandað saman við malbikið og því mun gatan liggja sem rauðbrúnt strik frá ráðhúsi bæjarins, sem ætlunin er að reisa við enda Striksins, og í gegnum allan miðbæinn.
Við annan enda þess verður reist veglegt menningar- og stjórnsýsluhús, en eins mun íbúðarhús aldraðra rísa við götuna.
Sveitarfélagið er þessa dagana að kaupa land af einkaaðilum, því ólíkt flestum bæjum landsins á Fljótsdalshérað afar lítið land sjálft.

# Uppákomur fyrir Austurland á Eiðum

Eiðastóll hefur nýverið ráðið starfskraft.

Ég hef verið að skipuleggja uppákomur sem eru meira ætlaðar fyrir þá sem búa á Austurlandi," segir Lára Vilbergsdóttir, nýráðinn starfsmaður Eiðastóls, en Eiðar eru 12 kílómetrum norðan við Egilsstaði. Á dagskránni eru dansnámskeið, fyrirlestrar og þögul listsýning á aðventu sem ætlað er að hjálpa fólki að slaka á í jólastressinu.

Fyrir fjórum árum keyptu Sigurður Gísli Pálmason og Sigurjón Sighvatsson eignir Alþýðuskólans að Eiðum með það í huga að setja á fót alþjóðlega mennta- og menningarmiðstöð. Síðan þá hafa stakar uppákomur verið haldnar að Eiðum aðallega á sumrin, en nú er hafin vinna við að gera framtíðarsýn Eiða að veruleika. Fleira starfsfólk verður ráðið um áramótin.



Lára Vilbergsdóttir var nýverið ráðin starfsmaður Eiðastóls.



Jódís Skúladóttir og Friðjón Magnússon í hlutverkum sínum sem afbrýðisöm eiginkona og viðhald hennar í leikritinu Sex í sveit.

# Leiklistin er þeirra líf og sál

Leikfélag Fljótsdalshéraðs er kraftmikið leikfélag með vel yfir 100 meðlimi, og hefur félagið svo sannarlega ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur í uppfærslum sínum.

„Við erum svo heppin að vera með fagfólk í flestum geirum sem koma að leiksýningum, sviðsmynd, lýsingu, förðun og svo framvegis. Þetta er ekki fólk sem við höfum pantað, heldur er þetta fólk sem hefur flutt hingað, hefur unnið til dæmis í Borgarleikhúsinu, og heldur áfram í leiklistinni hér svo við njótum góðs af," segir Þráinn Sigvaldason, formaður leikfélagsins.

Sautján manns stofnuðu leikfélagið í ágúst 1966, og nú, tæpum 40 árum síðar, er það enn ein af aðal lífæðum Egilsstaða og nágrennis. Áhugi á leiklist á Héraði á sér þó enn lengri sögu, en það var tilkoma héraðsheimilisins Valaskjálfs árið 1966 sem olli straumhvörfum. Sviðið í Valaskjálf varð aðalvettvangur sýninga félagsins og margir stigu þar sín fyrstu spor á leiksviði, en félagið hefur innan sinna vébanda stóran hóp fólks með mikla reynslu og þekkingu, auk kraftmikillar unglingadeildar.

„Þrátt fyrir sjónvarps-, myndbanda- og tölvuvæðingu, er starfsemin nú öflugri en nokkru sinni fyrr og ekki útlit fyrir annað en að félagið muni hér eftir sem hingað til skipa stóran sess í menningarlífi Héraðsbúa," segir Þráinn, og bætir við að næstu tvö árin verði afar skemmtileg, því haldið verður upp á 40 ára afmæli félagsins með pompi og prakt og, að sjálfsögðu, ýmiss konar leiksýningum og uppákomum.



Félagið hefur sýnt rúmlega 50 leikrit, fyrir utan ýmiss konar skemmtanir sem það hefur staðið fyrir og tekið þátt í, svo sem árviss jólaverkefni, barna- og unglingaskemmtanir, skáldakynningar og 17. júní hátíðarhöld. Auk þess heldur það margskonar námskeið á ári hverju.

Meðal þeirra leikrita sem félagið hefur sýnt eru Valtýr á grænni treyju, Þorlákur þreytti, Gullna hliðið, Piltur og stúlka, Karíus og Baktus, Fiðlarinn á þakinu, Ævintýrariddarinn Don Kíkóti, Dagbók Önnu Frank, Draumur á Jónsmessunótt, og My Fair Lady, ásamt fjölmörgum fleiri erlendum og íslenskum verkum.

Um þessar mundir sýnir leikfélagið Sex í sveit eftir Marc Camolett, í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelsonar. Sýningin er haldin í félagsheimilinu að Iðavöllum, sem leikfélagið hefur gert upp á afar smekklegan hátt.

KPMG

## Viðskiptafræðingur á Egilsstöðum

Á skrifstofu KPMG á Egilsstöðum vantar viðskiptafræðing til starfa. Starfsmenn KPMG vinna einkum við endurskoðun og reikningsskil fyrir viðskiptavini sína sem eru annars vegar fyrirtæki á almennum markaði og hins vegar fyrirtæki og stofnanir í opinberri þjónustu. Við leitum að metnaðarfullum og framsýnum einstaklingi sem hefur áhuga á starfsþróun og spennandi vinnuumhverfi í félagsskap fagfólks.

Við metum mikils sjálfstæði í vinnubrögðum, sveigjanleika, frumkvæði og aðlögunarhæfni. Hæfileiki til að vinna með öðrum er mikilvægur því mikið er unnið í hópum innan félagsins og með viðskiptavinum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólanám í viðskiptafræðum
- Viðskiptatengd starfsreynsla
- Mjög góð þekking á bókhaldi og reikningsskilum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Mjög góð þekking á Excel

Ef þú telur að eiginleikar þínir og þekking fari saman við óskir okkar hvetjum við þig til að senda okkur umsókn.
Nánari upplýsingar veita Andrés Guðmundsson, starfsmannastjóri KPMG, agudmundsson@kpmg.is, sími 545 6077 og Hlynur Sigurðsson, forstöðumaður KPMG á Egilsstöðum, hlynursigurdsson@kpmg.is, sími 545 6061. Fyllsta trúnaðar verður gætt varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsókn ásamt ítarlegri ferilsskrá sendist í tölvupósti. Umsóknarfrestur er til 1. desember næstkomandi.

AUDIT ▪ TAX ▪ ADVISORY

© 2005 KPMG Endurskoðun hf., íslenski aðilinn að KPMG International, svissnesku samvinnufélagi.



Leirlistakonan Anne Kampp hefur aðsetur í Kompunni.

# Listamenn fá inni í Kompunni

Bætt aðstaða fyrir listamenn á Héraði.

Bæjarstjórnin á Fljótsdalshéraði hefur opnað aðsetur á annarri hæð við hlið bæjarstjórnarskrifstofanna á Egilsstöðum þar sem hinir ýmsu listamenn á Héraði geta fengið aðstöðu til þess að sinna listum sínum. Meðal annars fara þar fram listsýningar og tónleikar, hljómsveitir geta æft, fólk getur fengið aðstöðu til að mála og búa til önnur listaverk, og hægt er að halda myndlistarnámskeið í Kompunni.

„Aðstaðan er lánuð endurgjaldslaust, en fólk þarf að hafa samband áður en það fær inni," segir Karen Erla Erlingsdóttir, menningar- og frístundarfulltrúi Fljótsdalshéraðs.

Eins sinna eldri borgarar bókbandi í Kompunni, leirlistakona hefur aðsetur þar og til stendur að vefari setji upp vefstól sinn þar.

# Fasteigna- og skipasala Austurlands ehf.

- tryggir farsæl fasteignaviðskipti -

Hilmar Gunnlaugsson, hdl. og lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali


www.austurland.is fasteignasala@austurland.is

Félag Fasteignasala

Lagarás 4
700 Egilsstaðir
Sími: 580 7905
Fax: 580 7901

Búðareyri 2
730 Reyðarfjörður
Sími: 580 7907
Fax: 580 7931




Hilmar Gunnlaugsson, hdl. og lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali



Guðrún Gísladóttir, lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali



Sólveig Eiríksdóttir, viðskiptalögfr.



Hjördís Hilmarsdóttir, fjármálastjóri



Svanhvít Antonsdóttir, sölumaður




## 58 ÍBÚÐIR FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI, ÞAR AF 6 GLÆSILEGAR ÞAKÍBÚÐIR.

Eddu-Borgir ehf. byggja þrjú lyftuhús með tengingu við yfirbyggð bílastæði á lóð í hjarta Eskifjaðar. Íbúðir hannaðar með þarfir 50 ára og eldri, þjónustuhús með sal fyrir félagsstarf og aðra starfsemi.
**Stærð íbúða: Þakíbúðir: 100fm., 3. herb. 80fm. og 2 herb. 65fm.**

**Tilvalið að tryggja sér góða íbúð og setja eignina sína á sölu. Nánari upplýsingar á skrifstofu Fasteigna- og skipasölu Austurlands.**

EDDU-BORGIR

Fasteigna- og skipasala Austurlands ehf.

## Eignir Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði





**Rendita ehf. byggir blokk á Fáskrúðsfirði**

Fallegt þriggja hæða fjölbýlishús við Garðaholt á Fáskrúðsfirði, fullbúnar íbúðir til afhendingar frá júlí 2006, sérinngangur er í hverja íbúð. 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir, afhentar með fallegum innréttingum og nýjustu tækjum. Kæliskápur, uppþvottavél, þvottavél og þurrkari eru í hverri íbúð. 3ja og 4ra herb. íbúðir eru með þvottahúsi innaf baðherbergi. 2ja herb. íbúðir hafa sameiginlegt þvottahús með þvottavélum og þurrkurum í kjallara. Þar eru góðar geymslur sem fylgja hverri íbúð.





**Raðhús á Reyðarfirði**

Trésmiðja Sveins Heiðars byggir fullbúin raðhús til sölu eða leigu á Búðarmelnum á Reyðarfirði. Fallegar og notalegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir, stærðir 88,9 fm og 104,9 fm. Verð á fullbúinni íbúð kr. : 14.640.000 fyrir minni íbúðir, 16.370.000 fyrir stærri.
Næsta lausa íbúð verður afhent í mars 2006. Einnig til langtímaleigu.

## Eignir Stöðvarfirði



### FJARÐARBRAUT STÖÐVARFIRÐI

160,0 m2 skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum byggt árið 1967. 111,0 m2 á efri hæð, þar eru 4 skrifstofur, geymsla og kaffistofa. Á neðri hæð er salerni, hol, geymslurými og inngangur. Stigi milli hæða. Tilboð óskast. Upplýsingar á Fasteigna- og skipasölu Austurlands.



### BAKKAGERÐI STÖÐVARFIRÐI

155,5 m2 hús með tveimur íbúðum byggt árið 1960. Sérinngangur er í íbúðirnar. Að utan var húsið klætt fyrir um þremur árum. Að innan þurfa báðar íbúðir mikið viðhald- Tilboð óskast. Upplýsingar á Fasteigna- og skipasölu Austurlands.



### BANKASTRÆTI STÖÐVARFIRÐI

2.822,0 m2 atvinnuhúsnæði (hraðfrystihús) að hluta til á tveimur hæðum. Fyrsti hluti hússins var byggður 1959 en síðan hefur það verið stækkað í tvígang. Fyrst árið 1976 og svo 1997. Tilboð óskast. Nánari upplýsingar á Fasteigna- og skipasölu Austurlands.



### FJARÐARBRAUT STÖÐVARFIRÐI

986,3 m2 atvinnuhúsnæði á einni hæð, endurbyggt árið 1995. Stór vinnslusalur, kaffistofa, salernisaðstaða, lítil búningsaðstaða, lyftarageymsla, og tvö önnur geymslurými eru í húsinu. Tilboð óskast. Nánari upplýsingar á Fasteigna- og skipasölu Austurlands.



### FJARÐARBRAUT STÖÐVARFIRÐI

750,0 m2 Iðnaðar og skrifstofu húsnæði á tveimur hæðum byggt úr steypu árið 1970.Á efri hæð er stór vinnslusalur, skrifstofa, salerni, eldhúsrými, tvö herbergi og eitt ágætis vinnurými. Á neðri hæð var starfandi vélarverkstæði og í einum fjórða hluta er slökkvistöð. Tilboð óskast. Nánari upplýsingar á Fasteigna- og skipasölu Austurlands.

www.austurland.is



## Hreindýrin þrífast fyrir austan

STOFNSTÆRÐIN UM 3.000 DÝR.

Hreindýr voru fyrst flutt hingað til lands frá Finnmörku á ofanverðri 18. öld og var tilgangurinn sá að efla íslenskan landbúnað. Íslendingar voru hins vegar ekkert hrifnir af hreindýrabúskap og var dýrunum sleppt víðs vegar um land, meira að segja í Vestmannaeyjum. Þau virðast hins vegar þrífast best á Norðausturlandi, þar sem gnægð er af fléttum, skófum og fjallagrösum. Reynt er að halda stofnstærðinni í 3.000 dýrum og gefur Veiðimálastjórn út veiðileyfi á um það bil 800 dýr á ári hverju, en eins og gefur að skilja herjar ekkert annað rándýr á íslensku hreindýrin en maðurinn.



Kárahnjúkavirkjun mun sjá álverinu á Reyðarfirði fyrir rafmagni.

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

# Álverið teygir anga sína um alla Austfirði

Á næstu tæpu tveimur árum mun Alcoa á Íslandi ráða 400 manns til starfa í álverinu á Reyðarfirði sem nú rís, og búa Austfirðingar því sig undir að heimabyggðir sínar stækki mikið.

„Það er búist við því að fólk muni búa í svona 30 mínútna akstursfjarlægð frá álverinu á Reyðarfirði, sem tekur þá til Egilsstaða, Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar, Eskifjarðar, Norðfjarðar og jafnvel Seyðisfjarðar, auk Reyðarfjarðar," segir Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi hjá Alcoa Fjarðaáli.
Alcoa gerir ráð fyrir því að um helmingur starfsmannanna 400 komi frá Austfjörðum, en hinn helmingurinn komi annars staðar að af landinu. Margir þeirra aðfluttu munu væntanlega flytja fjölskyldur sínar með sér og þar af leiðandi munu þjónustu-, skóla- og heilbrigðisgeirarnir stækka líka.
Austfirðingar hafa tekið Alcoa Fjarðaáli afar vel. Síðustu vikur hefur fyrirtækið haldið sex íbúafundi víða um Austfirði til kynningar á álverinu og störfunum sem þar verða í boði, og mættu vel yfir 200 manns á þessa fundi.
„Fundirnir voru mjög vel sóttir, og sýnir það hversu vel Austfirðingar taka fyrirtækinu," segir Erna. „Þetta er auðvitað ævintýraleg uppbygging sem á sér stað hérna um þessar mundir."
Fólk sem áður átti von á að þurfa að flytja burt og selja húsin sín fyrir slíkk vegna samdráttar í landbúnaði og sjávarútveg, sér nú framtíð í álverinu, enda eru heilu hverfin á teikniborðum víða um Austfirði, að sögn Ernu.
Hún bætir því við að fyrirtækið leggi mikla áherslu á að flest störfin séu við hæfi kvenna jafnt sem karla, og var það ánægjuefni hversu margar konur mættu á þessa fundi. „Störf í nútíma álveri eru hreint ekki störf sem reyna á líkamlega burði, heldur er þetta mikið tölvustýrt og tæknivætt, svo að þessi tiltölulega vel launuðu störf í hátækniiðnaði henta konum jafn vel og körlum," segir Erna.

AUSTFIRÐINGAR
í atvinnurekstri!
Erum að hefja starfsemi nýs þjónustufyrirtækis á sviði bókhalds, almennrar reikningsskilaþjónustu auk skattskila fyrir smærri félög og einstaklinga með rekstur.
Munum veita fjölþætta og sveigjanlega þjónustu, nota nútímalegar lausnir og eiga samstarf við traust samstarfsfyrirtæki í tengdum starfsgreinum.
SKRA
SKRIFSTOFUÞJÓNUSTA AUSTURLANDS
Sigurjón Bjarnason
skilvirk skráning – skapandi þekking
Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf. • Fagradalsbraut 11 • 700 Egilsstaðir • Sími 471 1171 • skra@simnet.is
Samstarfsaðilar: KPMG og Mánatölvur





## Skemmtileg skíðasvæði

Einnig aðstaða fyrir snjósleða.

Fljótsdalshérað og Seyðisfjörður standa sameiginlega að rekstri skíðasvæðis í Stafdal, sem er milli Efri-Stafs og Neðri-Stafs í austanverðri Fjarðarheiði, í um 10 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum og 17 kílómetra fjarlægð frá Seyðisfirði.
Skíðasvæðið er flóðlýst og þar er eins kílómetra löng diskalyfta og skíðabrekkur við allra hæfi, jafnt fyrir lengra komna sem styttra. Auk þess býður svæðið upp á göngusvæði og aðstöðu fyrir snjósleða, og hægt er að kaupa léttar veitingar, svo sem kakó og vöfflur, um helgar í skíðaskálanum.
Í Selskógi í útjaðri Egilsstaða er afar skemmtilegt útivistarsvæði og er umhverfið fallegt á öllum árstímum. Skógurinn er tilvalið gönguskíðasvæði fyrir alla fjölskylduna, en þar eru ruddar brautir fyrir gönguskíði þegar veður og aðstæður leyfa.

# TÖLVUR OG TÆKI

## Frábær pakki



**HP Pavilion t845.dk Photosmart tölva**
Intel Pentium 4 2.93 GHz, 512MB vinnsluminni, 200GB harður diskur
DVD±RW (+R dual layer) LightScribe skrifari og auka DVD-ROM geisladrif
Card Reader 9 í 1, TV-Tuner og fjarstýring, 7.1 hljóðstýring, þráðlaust netkort
ATI RADEON X300 SE 128MB PCI Express skjákort, 7 x USB, Firewire.
Microsoft Windows XP Home Edition og góður hugbúnaðarpakki.

**HP 17" L1740 LCD/TFT**
Upplausn 1280x1024, birta 300nits, skerpa 500:1, 13ms viðbragðstími,
Landscape/Portrait snúningur og hæðarstilling, VGA/DVI

**HP Photosmart 7450 ljósmyndaprentari**
HP Thermal Inkjet tækni, prentar allt að 18 bls. í svörtu á mín og 12 í lit
1200x1200dpi upplausn í svörtu og 4800x1200dpi í lit, PhotoREt IV, 16 MB minni
Prentar á jaðar pappírs (10x15cm), kortalesari fyrir CF I og II, SmartMedia
Secure Digital, Multimedia Card, Memory Stick, XD, 1.7" sv/hv LCD skjár
Geymsluhólf fyrir 3ja blekhylkið og 10x15 blaðabakka

**HP Photosmart M22 stafræn myndavél**
1x aðdráttur, 6x digital zoom, 4.23MegaPixel, Secure Digita og MultiMediaCard
16MB innra minni, 120gr á þyngd.

FYLGIR!

Aðeins **129.900,-**



Skjár: 15" XGA 1024x768 Öflugt skjákort, ATI X300 (allt að 128MB)

Fingrafaralesari Kortalesari fyrir 6 gerðir minniskorta

**512 MB** Minni: 512MB DDR RAM Mest 2 GB

**60 GB** Diskur: 60GB 4200rpm

**DVD** Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)

802.11b/g WLAN (þráðlaust netkort)

Lithiumrafhlaða allt að 3,45 klst (8,45 klst með ferðarafhlöðunni)

Stýrikerfi: Win XP-Pro með servicepack 2

Alltaf ódýrastur!

## Fartölva

**HP Compaq nx6125 S3100+ 15.0**
PY420EA
Örgjörvi: AMD Sempron 3100+ (1.8Ghz)
Þyngd: 2,7 kg
Höggvörn á hörðum disk
Vökvavörn á lyklaborði

Aðeins **99.900,-**

## Stafræn myndavél

**HP Photosmart R717 myndavél**
- HP Photosmart R717 myndavél - L2038A
- Upplausn: 6.4 MegaPixel
- Aðdráttarlinsa: 24x total (3x aðdráttur, 8x digital)
- Hreyfimyndir: ótakmarkað eftir stærð kortsins
- Hljóð: Allt að 60 sek. með hverri mynd
- Fókus: Normal, macro, infinity, manual
- Lokarahraði: 16 til 1/2000 sek.
- Skjár: 4.6cm lita LCD skjár (558x3=130572 punktar)
- Flass: Auto, auto with red-eye,
- ISO hraði: 100, 200, 400, sjálfvirkt
- Rafhlaða: HP Lithium-Ion rafhlaða
- Stærð: 130 x 54 x 83mm

Aðeins **19.900,-**

2ja ára neytenda-ábyrgð!





Aðeins **22.900,-**

## Prentari

**HP Photosmart 8250 - Q3470B**
- Ljósmynda bleksprautuprentari
- Prenttækni: HP Thermal Inkjet
- Prenthraði bls. á mín. A4: Allt að 32 í svörtu, 31 bls. í lit
- Upplausn: 1200x1200dpi í svörtu, 4800x1200dpi í lit
- Litatækni: PhotoREt Pro
- Minni: 64MB • Prentar á jaðar pappírs
- Mánaðarnotkun: 3.000 bls.
- Pappírsbakki: 100 A4 bls. og 20 10x15 bls.
- Tungumál: PCL 3-GUI • Tengi: USB 2.0 og PictBridge • Kortalesari: 4 raufar
- Stjórnborð: Einfalt stjórnborð (Save, HP Instant Share, Layout, Select photos,
- Print, Cancel, Zoom, Menu, Rotate buttons, Selector dial)
- Skjár: 2.5" lita skjár • Sjálfvirkur pappírsskynjari
- Hægt að prenta úr hreyfimynd • HP Image Zone hugbúnaður fylgir
- Automatically remove red-eye • 6 lita kerfi. • 6 aðskilinn blekhylki

HRAÐVIRKASTI LJÓSMYNDAPRENTARI Í HEIMI

10x15cm ljósmynd á 14 sekúndum



## Prentari

**HP Deskjet 3940 - C9050A**
- Bleksprautuprentari
- Prenttkani: HP Thermal Inkjet
- Prenthraði bls. á mín. 16 í svörtu, 12 í lit
- Upplausn: 1200x1200dpi í svörtu, 4800x1200dpi í lit
- Prenttækni: HP Thermal Inkjet • Mánaðarnotkun: 500 bls.
- Pappírsbakki: 80 bls., 10 umslög, 20 glærur, 15 límmiðar
- Útbakki: 50 bls. • Pappír: 65-200gr • Tungumál: LIDIL
- Tengi: USB • Macintosh samhæfður

Aðeins **4.990,-**

Afgreiðslutímar verslana!

*Office 1 Smáralind*
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18

*Office 1 Skeifunni 17*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17

*Office 1 Akureyri og Ísafirði*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

*Egilsstöðum*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14

**Office 1 Superstore**


Brynjólfur Bergsteinsson er formaður Félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði, en félagið er kraftmikið og býður upp á afar fjölbreytt félagslíf.

# Mikið og fjölbreytt félagslíf eldri borgara

Eldri borgarar á Fljótsdalshéraði eru um 150 og þeim fer fjölgandi. Félagsstarf þeirra er afar fjölbreytt.

„Ég held það sé afar mikilvægt fyrir eldri borgara að hafa aðgang að góðu tómstundastarfi. Þegar fólk eldist og er kannski orðið eitt í húsinu eða í mesta lagi með maka sínum, þá skiptir það miklu að komast út og hitta fólk,“ segir Brynjólfur Bergsteinsson, formaður Félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði.

Í Miðvangi, húsi eldri borgara, hafa eldri borgarar hist nú í tæpan aldarfjórðung og dansað, spilað, farið í handavinnu og sinnt hinum ýmsu áhugamálum. En aðstaðan er að verða þröng fyrir sívaxandi hóp eldri borgara á svæðinu, og hafa þeir nýverið fengið aðstöðu í Kompunni, listahúsi Fljótsdalshéraðs, þar sem þeir geta sinnt áhugamálum svo sem bókbandi og tréskurði, og sótt ýmiskonar listanámskeið sem eru í boði.

Jafnframt eru góðar vonir bundnar við nýja byggingu eldri borgara sem fyrirhugað er að byggja við Strikið, nýja aðalgötu Egilsstaða. Þar verða 24 þjónustuíbúðir sem bætast við þær 20 sem fyrir eru í Miðvangi.

Að auki er blandaður kór eldri borgara starfandi á Egilsstöðum, og stendur félagið fyrir reglubundnum ferðalögum um land allt.

Sjálfur segist Brynjólfur ekki hafa mikinn tíma aflögu til félagsstarfa. Hann býr enn á bæ sínum fyrir utan Egilsstaði, og sinnir formannsstarfinu af krafti. „Þetta bara tekur sinn tíma,“ segir hann og brosir.

# Safnahúsið á Egilsstöðum er miðstöð menningar

Þrjú söfn eru samankomin undir einu þaki í Safnahúsinu á Egilsstöðum og þar blómstrar menningarlíf Austlendinga.

Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Bókasafn Héraðsbúa er öll að finna í Safnahúsinu á Egilsstöðum, og kennir þar ýmissa grasa.

Minjasafn Austurlands sýnir muni sem tengjast menningu, atvinnuháttum og daglegu lífi á Austurlandi frá upphafi landnáms til okkar daga. Á fastri sýningu má meðal annars sjá aldagamla baðstofu frá Brekku í Hróarstungu sem og Þórisárkumlið, eitt ríkasta kuml sem fundist hefur á Íslandi. Sérsýningar safnsins gera rannsóknum þess skil, auk þess sem boðið er upp á þjóðháttardaga á fimmtudögum á sumrin, þar sem þjóðlegu handverki og verkhefðum er gert hátt undir höfði, og geta gestir spreytt sig á ýsubeinaútskurði, eldsmíði, útsaum og mörgu fleiru. Minjasafnið hefur einnig umsjón með Kjarvalshvammi í Hjaltastaðaþinghá, þar sem Kjarval bjó og málaði, og Geirsstöðum í Hróarstungu, þar sem getur að líta endurgerða kirkju frá upphafi kristni á Íslandi.


Skemmtilegar sýningar er að finna innandyra í Safnahúsinu.


Safnahúsið á Egilsstöðum er glæsilegt hús.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga verður þrítugt á næsta ári. Safnið varðveitir skjöl og bækur sveitarfélaga, stofnana og félaga sem tengjast þeim. Á safninu eru lesvélar fyrir örfilmur, en á filmum eru til kirkjubækur úr Múla-, Skaftafells- og Þingeyjarsýslum. Fleiri gögn sem tengjast austfirskri sögu eru einnig til á filmum, svo sem bréfasöfn margra þeirra sem setið hafa á Alþingi fyrir Austurland. Auk þess eru margar bækur til á safninu.

Bókasafn Héraðsbúa varð til við samruna nokkurra lestrarfélaga á Héraði í vetrarbyrjun árið 1956, og hefur það verið til húsa á efstu hæð Safnahússins síðan 1995. Safnið hefur um 14.000 bækur til umráða, en auk þess er á safninu ofurlítill vísir að myndbandasafni og hljóðbókasafni. Safnið er tölvuvætt og tengt landskerfi bókasafna, Gegni. Gestir safnsins hafa aðgang að tölvu sem mikið er notuð, ekki síst af ferðamönnum.

Nú færðu þá líka á Egilsstöðum

JG Bílar eru nýr umboðsaðili B&L á Austurlandi

Nýir og notaðir bílar



HYUNDAI hefur gæðin

RENAULT

BMW

LAND-ROVER GO BEYOND™

ARCTIC CAT®

Með bílinn handa þér

JG bílar, umboðsaðili B&L á Austurlandi, Kaupvangi 16, sími 471 2524, jgbilar@simnet.is



Unglingar frá Fljótsdalshéraði sýndu mikla hæfileika í stílkeppni sem haldin var í fyrra.

# Kraftur í unglingum á Egilsstöðum

Félagsmiðstöðvarnar Nýung og Afrek í Fljótsdalshéraði eru ætlaðar ungu fólki á aldrinum 12 til 16 ára, en aðaláherslur í starfinu eru á unglinga 14 til 16 ára.

„Áttundi, níundi og tíundi hópur er aðal markhópurinn í dag, en við erum með opnanir alveg niður í fimmta bekk," segir Þráinn Sigvaldason, forstöðumaður félagsmiðstöðvanna. „Aðsóknin er mjög góð, í Nýung koma um 20 til 50 krakkar úr efstu bekkjunum á kvöldin þegar er opið, af 94 krökkum, og í Afreki koma á milli 20 og 40 krakkar af 60. Yngri bekkirnir mæta nánast allir." Þær bjóða upp á ýmis námskeið, klúbbastarfssemi og hefur góða aðstöðu fyrir unglingana. Til dæmis eru þar vel útbúin tölvuver með bæði leikjatölvum og nettengingu, sem og billjardborð, borðtennisborð, píluspjöld og fleira. Jafnframt hafa félagsmiðstöðvarnar fína heimabíóaðstöðu, og gegna lykilhlutverki í vinnu við forvarnir. „Eins erum við með helgarsport, þá koma krakkar annað hvert föstudagskvöld í Íþróttahúsið frá klukkan 10 til 12, og fá að sprikla. Þá er alltaf fullt hús," segir Þráinn. Félagsmiðstöðvarnar halda uppi miklu samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar á Austurlandi og stofnanir sem starfa á landsvísu, svo sem Flakkferðir og Hitt Húsið í Reykjavík. Eins hafa miðstöðvarnar tekið þátt í Evrópuverkefnum, og árið 2003 tóku Egilsstaðir á móti 67 unglingum frá fimm löndum, og sama ár fóru 10 unglingar til Portúgal vegna þessa verkefnis.

# Fjölbreytt framhaldsnám í boði

Hægt er að leggja stund á ýmisskonar framhaldsskólanám á Austfjörðum. Stúdentar, útlærðir iðnaðarmenn, hársnyrtar og sjúkraliðar útskrifast frá fjórum framhaldsskólum, sem og frá þremur framhaldsskólum sem bjóða upp á fjarnám.

„Það er mikil gróska í þessu hjá okkur," segir náms- og starfsráðgjafinn Emil Björnsson, sem jafnframt er framkvæmdastjóri Fræðslunets Austurlands. „Sumir þessara nema eru í masters og doktorsnámi, og hafa aðgang að okkar þjónustu á Háskólanámssetrinu."

Fræslunet Austurlands er sjö ára gömul sjálfseignarstofnun sem starfar um allt Austurland, frá Skeiðará í suðri að Langanesi í norðri. „Fyrst og fremst erum við í námskeiðahaldi, og að miðla námi frá háskólunum," segir Emil. Meðal annars býður fræðslunetið upp á íslenskunám fyrir útlendinga, tölvunámskeið, og ýmis konar starfstengd- og tómstundanámskeið, og eru þessi almennu námskeið á markaðsverði. Jafnframt sér Fræðslunetið um próftökur fólks sem er í fjarnámi við erlenda háskóla, og í augnablikinu er boðið upp á ókeypis námskeið sem ætlað er að auðvelda fólki að finna sér framtíðarstarf.

„Þetta er í rauninni til að takast á við breytingar á vinnumarkaðinum á Austurlandi," segir Emil. Fræðslunetið tekur einnig þátt í rekstri námsvera á nokkrum stöðum á Austurlandi í samstarfi við framhaldsskóla og sveitarfélög, og geta nemendur sótt myndfundi, lesaðstöðu og ráðgjöf til þessara staða.



Þorbjörg Ásbjörnsdóttir bóndi er í fjarnámi í þroskaþjálfanámi, og notar mikið aðstöðuna sem Fræðslunet Austurlands býður upp á.

Menntaskólinn á Egilsstöðum var stofnaður árið 1979, og stunda nú um 300 nemar dagnám við þann skóla, og um 70 eru í utanskólanámi. „Þrátt fyrir nafnið, förum við eftir áfangakerfi, og megináherslan er á stúdentspróf," segir Helgi Ómar Bragason, skólameistari. „Við erum líka með styttra nám, oft í kvöldskóla, við erum til dæmis með skrifstofubraut og leiðsögumannanám, og það er þá í samstarfi við hina framhaldsskólana hér."

Í skólanum er heimavist fyrir um 120 nemendur, en í í heimavistarhúsi er einnig mötuneyti, hátíðarsalur, skrifstofur skólans, kennslustofur, bókasafn og lesaðstaða. Auk þess er kennsluhús með skólastofum og vinnuaðstöðu kennara. Íþróttir eru kenndar í glæsilegri íþróttamiðstöð á Egilsstöðum.

Verkmenntaskóli Austurlands er staðsettur á Neskaupstað, og býður upp á bæði bóklegt og verklegt nám. Í skólanum fer fram kennsla í grunndeildum tré-, málm- og rafiðna og framhaldsdeildir iðnnáms eru í vélsmíði, rennismíði, húsasmíði og rafvirkjun. Þá er einnig boðið upp á nám til stúdentsprófs á félagsfræði- og náttúrufræðibrautum, og býður VA upp á nám í hársnyrtiiðn, nám á sjávarútvegsbraut og sjúkraliðabraut. Við skólann er rúmgóð heimavist og aðstaða til íþrótta er í íþróttahúsi bæjarins.

Auk ME og VA eru tveir aðrir framhaldskólar á Austurlandi, Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu á Hornafirði og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað. Jafnframt er hægt að stunda fjarnám við Verkmenntaskólann á Akureyri, Fjölbrautaskólann við Ármúla og Iðnskólann í Reykjavík. Háskólarnir sem bjóða upp á fjarnám í gegnum Fræðslunet Austurlands eru átta: háskólarnir á Akureyri, í Reykjavík, Íslands, á Hólum, Kennaraháskólinn, Landbúnaðarháskóli, Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Listaháskólinn.





Austurlandið heillar

Lúxusgönguferðir

Er gönguhópurinn þinn að leita að verðugu verkefni!

Frábærar gönguleiðir við allra hæfi á Austurlandi. Víknaslóðir, Landið. sem hverfur undir Hálslón og virkjanir, Gerpissvæði, Lónsöræfi og margar fleiri.

Leyfðu okkur að þjóna þér við skipulag ferðarinnar. Leiðsögn, ferðir, fæði og afþreying að ykkar þörfum.

Spyrjið þá er reynt hafa.

Er fyrirtækið þitt á ferðinni?

Hjá Ferðaskrifstofu Austurlands er alhliða ferðaþjónusta á einum stað.

- Flugbókanir innanlands sem utan
- Skipulag ferða fyrir erlenda verkamenn
- Skipulag og framkvæmd funda og ráðstefna

Finnum ávallt hagkvæmustu og bestu lausnina.
Þjónustum fyrirtæki um allt land.

Þjóðlegt í jólapakkann og skóinn...

Átta álfa- og vættasögur frá Borgarfirði eystra í leikgerð.
Ásgríms Inga Arngrímssonar í leiklestri úrvalsleikara.



Verð aðeins krónur 1.500,-.
Ókeypis heimsending ef pantað er fyrir 1. desember.

Dreifing: Ferðaskrifstofa Austurlands sími 471-2000 netfang info@fatravel.is

Ferðaskrifstofa Austurlands
Kaupvangi 6 · 700 Egilsstaðir · Sími +354 4712000 · Fax: +354 4712001
info@fatravel.is · www.fatravel.is

# Kvikmyndahús efst á lista

Þótt Elín Káradóttir sé einungis 15 ára gömul, þá sinnir hún stjórnmálum af kappi, enda er hún formaður Ungmennaráðs Fljótsdalshéraðs og situr bæjarstjórnarfundi.

„Þetta er mikil lífsreynsla fyrir okkur öll," segir Elín Káradóttir, sem er í 10. bekk grunnskólans á Egilsstöðum. „Þó ég sé ung, þá hef ég mikinn áhuga á pólitík og hef setið marga fundi. En það má kannski segja að þetta sé byrjunin á ferli mínum í stjórnmálum."

Ungmennaráðið var stofnað í haust, og er ætlað að vera rödd unga fólksins innan sveitarstjórnarinnar. Kosið verður í það á hverju hausti, en í ráðinu sitja auk Elínar níu unglingar á aldrinum 15 til 20 ára sem koma víðs vegar að úr samfélaginu, bæði úr grunn- og framhaldsskólum á svæðinu, sem og úr félagsmiðstöðinni. Að því er hún best veit er þetta eina ungmennaráðið starfandi á landinu.

„Unglingar geta nú leitað til jafnaldra sinna, sem er mikill kostur," segir Elín, og bætir við að ráðið haldi reglulega fundi. Elín situr síðan bæjarstjórnarfundi og vekur athygli á því sem unglingunum liggur á hjarta.

Málefnin sem ráðið hefur hugsað sér að færa sveitarstjórninni í vetur eru til dæmis nauðsyn þess að opna kvikmyndahús í Fljótsdalshéraði, jafnrétti, menningarlíf ungs fólks, og nauðsyn þess að efla starf félagsmiðstöðva á svæðinu. „Okkur finnst það alveg hlægilegt að það skuli vera 2.000 manna samfélag hérna og það er ekkert kvikmyndahús. Næsta kvikmyndahús er á Akureyri," segir Elín.


Elín Káradóttir er afar áhugasöm um stjórnmál. Sem formaður Ungmennaráðs Fljótsdalshéraðs mætir hún á sveitarstjórnarfundi og fjallar þar um málefni unglinga á Héraði.

Verið er að vinna að uppbyggingu ráðs eldri borgara í Fljótsdalshéraði, að sögn Óðins Gunnars Óðinssonar, verkefnastjóra Fljótsdalshéraðs.

# Skipt úr öðrum gír upp í þann fimmta

Uppgangurinn á Austfjörðum hefur áhrif víðs vegar í samfélaginu, og verður lögreglan þess vör líkt og aðrir. En hún átti alls ekki von á því að þurfa að hafa miklu meiri gætur á hreifum ökumönnum. Sú varð þó raunin þegar Suður-Evrópumenn hófu störf í Kárahnjúkavirkjun.

„Þeir koma auðvitað frá annars konar menningu, og þeim virðist ekkert finnast það neitt tiltökumál að aka eftir að hafa fengið sér örlítið neðan í því," segir Hjalti Axelsson, varðstjóri á Fljótsdalshéraði. „Við enduðum á því að hafa samband við Impregilo og biðja þá um að nefna á námskeiðunum sem haldin eru fyrir nýja starfsmenn að þetta er bannað með lögum á Íslandi. Í framhaldi af því dró stórlega úr þessu."

Níu lögregluþjónar eru starfandi á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði, en þar af er einn á Vopnafirði og annar í ársleyfi. Hjalti, sem útskrifaðist úr Lögregluskólanum árið 1999, hefur unnið á Egilsstöðum síðan árið 2002.

„Þegar ég kom hingað var hér þessi hefðbundni sveitafílingur, frekar rólegt og bara heimamenn úti á skemmtanalífinu um helgar. En vorið 2003 var eins og skipt væri úr öðrum gír upp í þann fimmta, þá fór allt á fullt," segir Hjalti. Fimmtán hundruð til tvö þúsund manns starfa við byggingu virkjunarinnar, mun fleiri flutningabílar eiga nú leið um svæðið, og verið er að byggja og leggja vegi um alla Austfirði.

„Þar af leiðandi eru mun fleiri umferðaróhöpp og fleiri vinnuslys. Það hefur eiginlega bara orðið sprenging hérna hjá okkur á þessum árum," segir Hjalti, og bætir því við að á síðasta ári hafi tveir lögreglumenn verið ráðnir í viðbót við flotann.


Hjalti Axelsson varðstjóri á Egilsstöðum segir mikil umsvif á Austfjörðum hafa sín áhrif á lögregluna sem og aðra geira þjóðfélagsins.

Jafnframt hafa mótmæli umhverfissinna haft sín áhrif. „Þetta umstang tók sinn toll í sumar. Á þessum rúma mánuði sinntu menn nánast engu öðru en því að fara upp á Kárahnjúka," segir Hjalti, sem var í fríi þessar vikur. „Þegar ég kom aftur og fór að skoða hvað menn voru búnir að gera varðandi hraðakstur og fleira þess háttar, þá var það í algjöru lágmarki því þeir höfðu ekki ráðrúm til að sinna neinu öðru, jafnvel þótt við fengjum aðstoð frá Eskifirði og Sérsveitinni."

En samfélagið hefur aðlagast vel öllum þeim breytingum sem uppgangurinn hefur haft í för með sér, og það er gott að búa á Austfjörðum, að sögn Hjalta.





Skriðuklaustur er eitt mikilfeng- hús landsins. Þar er menningar- g ákaflega gott kaffihús.

## enningar- fræðasetur

ILI GUNNARS NARSSONAR.

uklaustur var heimili skáldsins ars Gunnarssonar og konu Franziscu Gunnarsson, sem lét byggja um það leyti sem heimsstyrjöldin braust út 939. Þau hjónin bjuggu þar ár og gáfu síðan íslenska rík- úsið svo hægt væri að reka enningarstofnun.
ar þó ekki fyrr en 1997 sem arsstofnun var sett á laggirn- hún leggur rækt við bók- tir með áherslu á ritverk og unnars Gunnarssonar, rekur stað fyrir lista- og fræði- , eflir rannsóknir á austfirsk- æðum og stendur fyrir sýn- og öðrum listviðburðum. ingar- og fræðasetrið að uklaustri er opið allt sumarið, vetrinum þegar sýningar a yfir.





Húsið Skriðuklaustur er eitt mikilfeng-legasta hús landsins. Þar er menningar-setur og ákaflega gott kaffihús.

# Menningar- og fræðasetur

HEIMILI GUNNARS GUNNARSSONAR.

Skriðuklaustur var heimili skáldsins Gunnars Gunnarssonar og konu hans, Franziscu Gunnarsson, sem hann lét byggja um það leyti sem seinni heimsstyrjöldin braust út árið 1939. Þau hjónin bjuggu þar í níu ár og gáfu síðan íslenska ríkinu húsið svo hægt væri að reka þar menningarstofnun.
Það var þó ekki fyrr en 1997 sem Gunnarsstofnun var sett á laggirnar, en hún leggur rækt við bókmenntir með áherslu á ritverk og ævi Gunnars Gunnarssonar, rekur dvalarstað fyrir lista- og fræðimenn, eftir rannsóknir á austfirskum fræðum og stendur fyrir sýningum og öðrum listviðburðum. Menningar- og fræðasetrið að Skriðuklaustri er opið allt sumarið, og að vetrinum þegar sýningar standa yfir.





Starfsfólk okkar vítt um Austurland er sterk liðsheild sem leggur metnað sinn í að vera til staðar fyrir viðskiptavini með vörur og þjónustu sem veita bæði farartækjum og viðskiptavinum hressandi kraft og öryggi. **Við gerum betur.**

**Shell - með þér alla leið**




**ÍSTAK hf.** · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík
Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · istak@istak.is · www.istak.is

# Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!




**ÍSLENSK HLUTABRÉF**




**ÍSLENSK SKULDABRÉF-MEÐALLÖNG**

Sjóðir í sölu hjá Íslenskum verðbréfum hf. skiluðu góðri ávöxtun síðustu 6 mánuði eins og sjá má hér að ofan.

Athygli fjárfesta er vakin á því að nálgast má útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu hjá Íslenskum verðbréfum hf.

Skoðaðu nánar á síðu Lántrausts hf., www.sjodir.is
Hlutlaus aðili - réttur samanburður.

Íslensk verðbréf hf. er eina sérhæfða fyrirtækið á sviði eignastýringar á Íslandi og stýrir í dag um 70 milljörðum króna fyrir hönd fjárfesta.

Skoðaðu heimasíðu okkar **www.iv.is**

## Eignastýring er okkar fag!

ÍSLENSK VERÐBRÉF

EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

ÍSLENSK VERÐBRÉF HF. • STRANDGATA 3 • 600 AKUREYRI • SÍMI 460 4700 • FAX 460 4717 • www.iv.is

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílabúð Benna NOTAÐIR BÍLAR



VW Golf GTI, 2/2005, ek. 10 þús, beinskiptur, ABS, álfelgur, ASR spólvörn, magasín, CD, topplúga, handfrjáls búnaður, hiti í sætum, leður, líknarbelgir, loftkæling og Climatic miðstöð, rafm. í rúðum og speglum, reyklaus, smurbók, spoiler, Xenon o.m.fl. Hlaðinn aukabúnaði. Ásett verð 3.350 þús. Tilboð 2.990.000.



VW Passat 1600 Basic Line, 11/1999, ek. 108 þús, beinskiptur, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, magasín, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, ný tímareim o.fl. Ásett verð 870 þús. Tilboð 730,000-



Volvo XC 90 2.5T, 5/2003, ek. 51 þús., sjálfskiptur, ABS, álfelgur, dráttarkúla, CD, hiti í sætum, Cruise Control, leður, líknarbelgir, loftkæling, minni í sætum, rafm. í öllu, handfrjáls búnaður, smurbók, þakbogar, þjófavörn o.m.fl. Einn með öllu. Ásett verð 4.150 þús. Tilboð 3,990,000-



Toyota Corolla Terra, 6/1999, ek. 107 þús, beinskiptur, fjarstýrðar samlæsingar, CD, rafm. í rúðum og speglum, spoiler, þjófavörn o.fl. Ásett verð 590 þús. Tilboð 440,000-



Suzuki Swift GLS 1.3, 9/2000, ek. 43 þús., beinskiptur, fjarstýrðar samlæsingar, CD, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar o.fl. Ásett verð 590 þús. Tilboð 450,000-



Suzuki Grand Vitara, 7/2003, ek. 86 þús., beinskiptur, ABS, CD, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar, þakbogar o.fl. Ásett verð 1.670 þús. Tilboð 1,490,000-

Bílabúð Benna NOTAÐIR BÍLAR



SsangYong Musso Sports 2.9 TD-I, 7/2005, ek. 18 þús., beinskiptur, ABS, álfelgur, diskalæsing, CD, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar, auka hljóðeinangrun, handvirkar driflokur o.fl. Ásett verð 2.450 þús. Tilboð 2,350,000-



SsangYong Korando TD-I 2.9, 8/2000, ek. 122 þús, sjálfskiptur, álfelgur, CD, rafm. í rúðum og speglum o.fl. Ásett verð 1.250 þús. Tilboð 1,090,000-



Nissan Primera 1600, 7/2001, ek. 77 þús., beinskiptur, ABS, álfelgur, CD, rafm. í rúðum og speglum o.fl. Ásett verð 790 þús. Tilboð 630,000-



Nissan Patrol GR Diesel Turbo, 35" breyttur, 8/1992, ek. 263 þús, vél og kassi tekin upp fyrir 100 þús. km síðan, beinskiptur, álfelgur, dráttarkúla, rafm. í rúðum og speglum o.fl. Ásett verð 790 þús. Tilboð490,000-

**Bílabúð Benna ehf. Notaðir bílar**
**Bíldshöfði 10, 110 Rvk.**
**Sími: 587 1000**
**www.benni.is**

BÍLAHORNIÐ
BÍLASALA
Funahöfða 5 - S: 567-2400
www.bilahornid.is



Toyota Landcruiser Diesel 100 VX Árgerð 2002. Ekinn 80 þúsund km. Hlaðinn aukabúnaði. Webasto miðstöð, leður, rafmagn í öllu, TEMS fjöðrun og fleira. 5 manna. Verð kr. 4.950.000. Skipti athugandi.

**Bílahornið**
**Funahöfða 5, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2400**
**www.bilahornid.is**

567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLINN



Toyota LandCruiser 100 VX dísel, árgerð 8/2000, ekinn 135 þús. km, sjálfskiptur. Leður, topplúga, tems fjöðrun, DVD og skjár. 2 eigendur. Sami eigandi frá 10/2000. Ásett verð 3.980 þús. Bíllinn er til sýnis hjá Nýju Bílahöllinni að eirhöfða 11, í bílakjarnanum.



Jeep Cherokee Laredo 3.7L árgerð 2005, ekinn 30 þús. km, sjálfskiptur, leður, rafmagn í öllu, CD magasín. Ásett verð 3.790 þús. Bíllinn er til sýnis hjá Nýju Bílahöllinni að eirhöfða 11, í bílakjarnanum.



Nissan Pathfinder LE nýr og ókeyrður bíll. Sjálfskiptur, veður, topplúga, 7 manna, rafmagn í öllu. Ásett verð 4.690 þús. Bíllinn er til sýnis hjá Nýju Bílahöllinni að eirhöfða 11, í bílakjarnanum.



Suzuki Sidekick JLXI Sport árgerð '97, sjálfskiptur, ekinn 131 þús. km, álfelgur, dráttarkr., fjarst samlæs. Ásett 690 þús. Tilboð 490 þús. stgr. Bíllinn er til sýnis hjá Nýju Bílahöllinni að eirhöfða 11, í bílakjarnanum



Mazda 6 Station árgerð 5/2004, ekinn 25 þús. km, sjálfskiptur. Álfelgur, akturstalva, fjarst samlæs. Ásett verð 2.100 þús. Bíllinn er til sýnis hjá Nýju Bílahöllinni að eirhöfða 11, í bílakjarnanum.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

SPAR bíll



Nýr Jeep Gr. Cherokee Overland '06. 5,7 l Hemi, 330 hö., glertopplúga, rússkinn og leðurinnrétting í bland, DVD með þráðlausum heyrnartólum, allt rafknúið, flottustu hljómgræjurnar osfv. Kanada útfærsla með Km. mæli. Okkar verð: 5.144 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

X4 ehf.



Mazda MPV nýr 7 manna bíll frá X4, sjálfskiptur, ríkulega útbúinn, nokkrir litir í boði til afhendingar strax. Verð. 2.990þús. Upplýs. 565-2500 og www.x4.is.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

AÐALBÍLASALAN
STOFNUÐ 1955



VW Sharan 1.8 Turbo 5/2002 ek 82 þ.km,ssk, verð 1.890 þ.

**Aðalbílasalan**
**Bílakjarninn Eirhöfða 9,**
**ßReykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

## Bílar til sölu




Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bíla-Uppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com



MMC Lancer "99 e.121 þús. sumar og vetrard.á felgum,tilboð óskast, s: 8495461



Bens E320 4matic Atvangarde '99, ekinn 137 þ. km, ssk, leður, lúga, 7 manna. Ásett verð 2.950.000. Athuga skipti. Uppl. í s. 893 1853.



Ford F-150 XLT árg. 2004, ekinn 56 þ. km. Verð 2.950.000, tilboð 2.650.000!! Uppl. í síma 660 1704.



BMW 320i 1999, ek. 158 þús., þjónustubók, 17" álf., topplúga, kastarar ofl. V. 1.660 þús. Áhvílandi lán getur fylgt. S. 691 0636.



Tilboð! Audi A4 árg. '96. Uppl. í s. 863 0159.



Ford F 150 King Rance árg. 2005, ekinn 16 þ. km. Einn með öllu. Gott verð. S. 898 2811.



Ford F 150 V8 5,4 Triton Lariat árg. 2005, ekinn 34 þ. km. Einn með öllu S. 898 2811.



Musso Sports 2900 TDI árg. 2005, sjálfskiptur, ekinn 11 þús. km. 31" dekk. Góður bíll á góðu verði. S. 898 2811.

### Ódýrir bílar til sölu!

Einnig dýrari bílar. Á sama stað búslóð til sölu. Uppl. gefur Bragi í s. 863 1861 & 821 1861.

Til sölu dekur konubíll, Subaru Impreza GL wagon 4WD 2.0 sjálfsk. árg. '88, ekinn aðeins 85 þ. km, vetrardekk fylgja. Selst á 650 þ. Sími 896 2514.

Volvo 740 station árg. '91, nýskoðaður. Góður bíll. Bein sala. S. 856 2422.

## 0-250 þús.



Nissan Sunny árg. '94 ekinn 116 þús. Verð 100 þús. Uppl. í síma 551 1429.

Til sölu í heilu lagi eða til niðurrifs Nissan Patrol '85, vél 3,3, í toppstandi. Nospin hásingar, 5 gíra kassi o. fl. fl. Uppl. í síma 897 3667.

Toyota 4runner árg. 1991, V6, 35", ek. 168 þús. Rafmagn í rúðum, breytt púst, samlæsingar, topplúga, dráttarkúla. Ásett verð 200 þús. Uppl. í síma 899 2771.

Nissan Sunny árg. '92, 1.6, ssk., ný vetrar og sumardekk. sk. '06. Verð 120 þús. Uppl. í s. 848 6896.

Toyota 4 Runner árg. '87, sk. '06 í góðu ástandi. Verðtilboð. S. 698 3848.

Daihatsu Charade '91, ek. 85 þ. 2 eigendur. Verð 60 þ. stgr. S. 844 5958.

Toyota Corolla '87, 3 dyra, ssk., sk. '06, verð 65 þús. Uppl. í síma 847 0408.

Toyota Corolla XL '92, ek. 122 þ. 5 dyra, sjálfsk., sk. '06. Þarfnast lagfæringar. Verð 90 þ. Uppl. í s. 696 8554 & 692 6554.

## 250-499 þús.



Nissan Double Cap Disel '94. Góður bíll, ekinn 210 þ. km. Upplýsingar í síma 899 1681 eða 438 1681.

Til sölu Toyota Corolla '96, Galloper árg. '99, ssk., sk. Góðir bílar. S. 699 3737 & 690 0981.

Til sölu Toyota Land Cruiser 60 árg. '88. Uppl. í síma 693 6488.

## 500-999 þús.



Opel Corsa 2000 árgerð, ekinn 57.000 km, 1400cc, 90 hö, álfelgur, geislaspilari og sportáklæði. Verð 570.000 kr. Uppl. í síma 692-8324



Golf '99, ek. 116 þ. Ný tímareim, bremsur o.m.fl. Verð 700 þús. stgr. S. 866 3183.



VW Passat árg. '98 ek. 148 þ. Bíll í toppstandi. Fæst á 150 þús. og yfirtöku á láni 470 þ. eða skipti á ódýrari. S. 896 2888.



Ford F250 árg '89.Ek 35þ míl. Breyttur fyrir 38/44". Loftpúðar að framan. Plast í skúffu. Ásett Verð. 990 þús. Tilboð 690 þús. 100% lán mögulegt. Þarfnast lítisháttar lagfæringar. Uppl. í s. 822 4167

### Musso-Lancer '93
Er að rífa Musso '98, '99 og Lancer '93. Á einnig framljós í Golf, Avensis og Corollu. Kaupi Bíla. Uppl. í s. 864 0984.

Á varahluti í Charade '88/'93, Civic '91, Lancer Colt '92/'93, Galant '90, Corolla '92, '97, Touring '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '92. Sonata '92. S. 896 8568.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Plasthúðað galvaneshúðað vírnetspanetspanel. 200cm hæð: verð 1,388 p/meter. Upplýsingar í síma 533 3700 Atlantskaup efh.




PIZZA 67

### 1000 kr. Tilboð!!!
Allar pizzur á matseðli eða með 2 áleggjum á aðeins 1000 kr. og hvítlauksbrauð fylgir frítt með, alla daga þegar sótt er. Opið 16-21 alla daga. Pizza 67 Austurveri, Háaleitisbraut 68. S. 800 6767.

Vélaborg



### Drifskaftaefni
Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftsrör og hlífar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.




### Settu saman sjálfur
handriðakerfi tilbúið til uppsetningar. Verðdæmi handrið á mynd 3m, 10.970 pr.m Ryðfrítt stál, ál, galvanhúðað stál, trélistar og gler, hentar vel á stiga og svalir. Engin bið, ótrúlega hagstæð verð. Stigalagerinn, Dalbrekku 26, s 564 1890

### Húsgagnaverslun með smávöru hættir !
Lager mikið af fallegri glervörum, ljósum og margskonar gjafavörum til sölu.
**Upplýsingar í síma 534 4100 & 659 9429.**




### Minkapelsar
Til sölu minkapelsar, síður og stuttur, blárefapels, skinnkragar, ullarkápur og jakkar t.d. í yfirstærðum og fl. Verð frá 5000.-
**KS. Diana s. 551 8481.**




Ný sending af fimleika og ballettbolum. Verð frá 2.780.-. Einnig svartar æ buxur m/klauf st. 98-164 og 36-44. Sendum í póstkröfu. S. 555 2887. Músik og Sport Reykjavíkurvegi 60 Hafnarfirði.

Sófasett 3+2 drapplitað, Cal Kingsize rúm frá Svefn og heilsu ársgamalt og lítið notað, heimabíó frá SonyCenter, gamalt hjónarúm úr Ikea með gafli. Uppl. í s. 869 2558.

Hornsófi til sölu, verð ca 12 þús. Uppl. í síma 695 3291.

Íssk. 140 cm m. sér frysti á 10 þ. 133 cm og 85 cm á 8 þ. Gasísskápur á 15 þ. Olíukamína á 15 þ. Barnakerra á 4 þ. Barnabílstóll á 2 þ. 4 stk. 15" BMW felgur á 6 þ. 20" sjónvarp á 3 þ. S. 896 8568.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur




Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringiðunni. Sími 525 2400.

### Ódýrar tölvuviðgerðir!
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

### Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Vélar og verkfæri



### Járnaklippur.
Vandaðar Japanskar járnaklippur, einfasa eða rafhlöðuvél. Taka upp í 16 mm. Léttar og öflugar. Rafbjörg ehf. Vatnagörðum 14. Sími 581 4470.

## Verslun



### Nýtt!! Nýtt!!
Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

## Heildsala

### Bókabúð Grímsbæ
25% afsláttur af öllum leikföngum í nóvem

## Fyrirtæki



### Skrifborð og skjalaskápar til sölu.
Til sölu skrifborð að gerðinni Flétta og Flétta 2000. Einnig eru til sölu skjalaskápar. Talsvert magn til.
**Upplýsingar gefur Ragnar Pálsson í síma 458 8355, virka daga milli kl. 8.30 - 16.30**

# ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir



Jólasveinn.is. Erum byrjaðir að taka niður pantanir. Söng og sprell jólasveinar, þeir hressustu í bænum. Komum á jólaballið, í jólaboðið, í jólaglöggið eða með þér að sækja jólatré. [Kynning ehf] S. 586 9000.

## Hreingerningar




Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

## Ræstingar

### Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur,teppahreinsun,bónvinna, o,fl Húsfélagaþjónustan ehf s: 863-8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

## Málarar

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Þök, gluggar, hurðir, veggir, parket og gólf. Smíðalausnir Jósep 899 3011.

### Húsaviðhald.
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl. Vönduð vinna. Upplýsingar í síma 892 2752 & 695 4661.

Tökum að okkur flísalagnir og smærra viðhald, vönduð vinnubrögð. Sími 554 7376.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa-& parkertlagnir. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## BÍLAR TIL SÖLU



### 30% Kynningarafsláttur
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd, s. 587 0711, Dýraland Kringlan, s. 588 0711 Dýraland Spöng. s. 587 0744.**

### Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

### Labrador óskast!
Óskum eftir labrador hvolpi á gott heimili. S. 846 4040.

Til sölu 8 vikna poodle hvolpar. S. 663 4085 og 862 8088 e. kl. 18.

## Ýmislegt



Góð jólagjöf fyrir 6.900.- Grænlenskar selskinnslúffur. kulusukart.com S. 8936262

Til sölu hvít eldhúsinnrétting Keramik eldavél 3x Fataskápar, 9 innihurðir, ofnar o.fl. Uppl. í s. 891 8833.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur




## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is













## Ljósmyndun

Eru myndirnar þínar öruggar? Hrynur talvan á morgun? Eru þær á geisladiski sem endist í 6 ár? Er tekið afrit af myndunum þínum reglulega þar sem þú hýsir þær. Ef ekki, þá áttu á hættu að glata þeim fyrir fullt og allt. Bíð upp á 5 gígabæta fría vistun. Ótrúlegir möguleikar í myndnotkun. Nánari upplýsingar; heimsmynd@simnet.is eða 699 1114.

## Ýmislegt

Jólakort með mynd af börnunum! Nú þarf að fara að huga að jólakortunum. Get boðið upp á jólakort með þinni eigin mynd, allt niður í 40 kr. stykkið. Tvær gerðir. Mismunandi verð eftir stykkjafjölda. Heimsmynd ehf, heimsmynd@simnet.is, sími 699 1114.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Í Árbænum, Hraunbær 8. 85 fm íbúð til leigu. Til sýnis föstud. 18. nóv. kl 18 - 21. Nánari uppl. í s. 864 2068.

Herbergi til leigu í Hraunbæ. Verð 25 þús. Uppl. í s. 865 9637.

### Tímabundin leiga, laus strax!
Til leigu 4ra herb. 111 fm. íbúð í Hafnarfirði (norðurbæ). Eingöngu reglusamt fjölskyldufólk kemur til greina. Áhugasamir sendi nafn, símanúmer, atvinnu, greiðslugetu og fjölskyldustærð á netfangið jonajona@mi.is og við höfum samband.

Snyrtileg 2 herb. kjallaraíb. á svæði 104. Reyklaus. Leiga 65.000 + 3 mán trygging. íb. er laus. s. 896 5412.

Til leigu einstaklingsíbúð í Mosfellsbæ. Uppl. s. 691 1603 eða 699 8832.

## Húsnæði óskast

### Snyrtileg íbúð óskast.
Óskum eftir snyrtilegri 2 herbergja íbúð, (ekki í kjallara) í langtímaleigu. Á verðbilinu 55-60 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 699 2778.

Óska eftir að leigja 2-3 herb. íbúð á sv. 101 eða 105. Uppl. í síma 863 9459.

Reglusöm fjölsk. bráðvantar 4ra-6 herb. Einb., rað-parh. eða sérh. á sv. 104, 105, 108 Rvk. fyrir 1 feb. '06. Skilyrði að eignin sé snyrtileg! Tryggar greiðslur, fyrirframgr, meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 896 6606 & 659 2969.

Starfsmann Sölufélags garðyrkjumanna vantar 3 herb íbúð til leigu frá og með 1. desember. Upplýsingar gefur Dagbjartur í síma 822 8845.

2 herb. leiguíbúð vantar á sv. 109 í Rvk. fyrir reglusaman og heiðarlegan mann á þrítugsaldri. Frá og með 1. des. Uppl. í s. 698 2062, Samúel.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð sem fyrst, svæði 105 (Hlíðar). 2 á heimili. reyklaus og reglusöm. Leigutími til 1. júní '06. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 861 4440.

Ungan mann vantar einstakl./2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsv. fyrir 1. des. Reyki. Meðmæli og fyrirframgr. S. 659 4128.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 206 fm við Réttarholtsveg 3 í Rvk. http://www.rettarholtsvegur.com eða í s. 898 3677.

Til leigu verslunar og lagerhúsnæði í Smiðjuhverfinu í Kópavogi. Gott húsnæði og góð aðkoma. S. 699 3737 & 690 0981.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Nokkur pláss laus í upphituðu geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla á Höfuðborgarsv. Uppl. í síma 661 3131 & 897 2000.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Veitingahúsa vinna
Vegna anna viljum við bæta við okku í eftirtalin störf. Pizzabakari fulltstarf. Afgreiðsla í sal fullt starf. Afgreiðsla í sal hlutastarf um helgar. Dyravarsla helgarvinna.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

### Áfylling
Hagkaup Smáralind óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa við áfyllingar á þurrvöru og gosi. Einnig vantar okkur starfsmann til að sjá um bakaríið með okkur. Um er að ræða heilsdagsstörf með margvíslegan vinnutíma eftir störfum. Áhugsömum er bent á að hafa samband við Margréti sölustjóra matvöru í síma 530-1000, einnig er hægt að sækja um á www.hagkaup.is

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

### Hlutastörf á kassa
Nú vantar okkur starfsfólk í hlutastöf á kassa. Ef þig langar að vinna hjá okkur í Smáralindinni þá er spurning um að sækja um á www.hagkaup.is eða hringja í hana Dagbjörtu rekstrarstjóra í síma 530 1000 og sjá hvort við eigum samleið.

### Hótel Borg, veitingadeild.
Óskar eftir að ráða starfsfólk í uppvask.
**Upplýsingar veitir Hinrik í síma 820 7085 og á staðnum.**

### Ýmis störf í boði
í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.**

### Vantar þig góða vinnu?
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**




### Furðufiskar ehf
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar fólk í eftirtalin störf: Í afleysingar og aukavinnu við afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðinu í Hagkaupum kringlunni.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf og í hlutastarf. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga. Áhugasamir sæki um á www.dominos.is

Heimilishjálp óskast til léttra heimilisstarfa og til að gæta ársgamals drengs hluta úr degi. Viðkomandi þarf að vera kínverskumælandi vegna drengsins. Uppl. í síma 822 3858.

Traustur og góður starfsmaður óskast í söluturninn Tröllavideó Seltjarnarnesi. Opnunartími 12-23:30. Uppl. S. 895 6000.

VÉLVÍK

### Rennismiður óskast-framtíðarstarf
Vélvík ehf óskar að ráða rennismiði með sveinspróf. Í boði eru góð laun á afar velbúnu verkstæði þar sem verkefni eru fjölbreytileg. Tækifæri fyrir vandvirka menn með metnað. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík Sími 587 9960, netfang: velvik@velvik.is

Sölufólk óskast. Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir Blindrafélagið. Góð sölulaun í boði. Upplýsingar á skrifstofutíma Blindarfélagsins mánud. - föstud. að Hamrahlíð 17, 105 Rvk. S. 525 0000, og í tölvupósti blind@blind.is

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki til ræstingastarfa í hverfum 104, 105, 107 og 111. Nánari upplýsingar eru veittar virka daga í síma 587 3111.

### Iðnaðarmenn
G.G. lagnir ehf óskum eftir pípulagningamanni til viðgerðar og viðhaldsvinnu einnig mönnum til fóðringa á fráveitulögnum. Uppl. í s. 660 8870 www.gglagnir.is.

Óskum eftir bílstjórum, vélamönnum, verkamönnum og viðgerðamanni fyrir austan fjall. Uppl. í s. 862 0727.

### Smart
Starfsfólk vantar á sólboðstofu Smart Grensásvegi og við Ánanaust. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 19 ára koma ekki til greina. Reyklaus vinnustaður.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 661 7768.

Kokkur sérhæfður í kínverskri matargerð óskast á veitingahús í Keflavík. Þarf að geta byrjað fljótlega. Uppl. í síma 822 3858.

Just-Eat.is vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Uppl. í síma 820 6992.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál







### Ertu einmanna?
Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

## TILKYNNINGAR

### СВЯТО-НИКОЛАЕВСКИЙ ПРАВОСЛАВНЫЙ ПРИХОД МОСКОВСКОГО ПАТРИАРХАТА В РЕЙКЬЯВИКЕ

**Каждую Субботу: 16.00** - *Занятия по основам православной веры и богослужения (в храме, для всех желающих),* **16.00** - *Репетиция хора (в храме),* **18.00** - *Вечернее богослужение,* **18.40** - *Исповедь*
**Каждое Воскресение: 09.30** - *Исповедь,* **10.00** - *Божественная литургия*
**21 ноября, Архистратига Михаила: 10.00** - *Божественная литургия*

БОГОСЛУЖЕНИЯ СОВЕРШАЮТСЯ ПО АДРЕСУ:
Tungata 24, Reykjavik 101, 3 этаж, вход со стороны Ægisgata

Таинства Крещения, Соборования, Венчания, а также панихиды, молебны, освящение квартир, а/м и другие требы совершаются по просьбам верующих

***По всем вопросам можно обращаться к настоятелю прихода - священнику Тимофею Золотускому - тел. 699-12-12***

KÓPAVOGSBÆR

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi

**Skemmuvegur 4. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 4 við Skemmuveg. Í tillögunni felst heimild til að reisa einnar hæðar viðbyggingu við norðvestur enda núverandi byggingar samtals um 700 m2 að grunnfleti. Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða breytist. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 og 1:500 dags. í október 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

**Frostaþing 2. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Frostaþing. Í tillögunni felst að lóðinni, sem er 3.500 m2 er skipt upp í fjórar lóðir fyrir sérbýli. Lóðin Frostaþing 2, sem nú þegar er byggð einbýlishúsi, fær nýja aðkomu og verður nr. 1 A við Dalaþing. Eins og í gildandi deiliskipulagi verður áfram möguleika á að byggja hesthús á lóðinni. Þar norðan við verður til ný lóð fyrir tveggja hæða einbýlishús Dalaþing 1 B, um 1.300 m2 að flatarmáli og einnig með möguleika á hesthúsi. Sunnan við núverandi hús (Frostaþing 2) er enn fremur gert ráð fyrir nýrri lóð, um 600 m2 að flatarmáli, fyrir einnar hæðar einbýli með risi Engjaþing 2. Vestan hennar er síðan gert ráð fyrir parhúsalóð fyrir einnar hæðar parhús, Frostaþing 2 A og 2 B. Opið svæði sunnan Dalaþings 1 er felt út og gönguleiðir og reiðleiðir breytast. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 27. október 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

**Sæbólsbraut 40-42. Göngustígur. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðanna nr. 40 og 42 við Sæbólsbraut. Í tillögunni felst að gert er nýjum göngustíg á lóð Sæbólsbrautar 42 fast við lóðamörk Sæbólsbrautar 40. Stígurinn verður hlekkur í göngustígakerfi Sæbólshverfis og mun tengja núverandi byggð strandstíg þeim er liggur á norðanverðu Kársnesi. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 28. október 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 18. nóvember til 16. desember 2005. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 þriðjudaginn 3. janúar 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

ATVINNA

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



## Áhugaverð störf í boði

### MENNTASVIÐ

### Laus störf í grunnskóla

### Umsjónarmaður skóla

**Klébergsskóli**, sími 566 6083
- Húsvörður í 100% stöðu frá 1. janúar 2006. Helstu verksvið eru umsjón með húseignum skólans, verkstjórn skólaliða og önnur til fallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**
Iðnmenntun kostur
Hæfni í mannlegum samskiptum
Þolinmæði
Þjónustulund
Áhugi á börnum

### Matráður

**Klébergsskóli**, sími 566 6083
- Matráður yfir eldhúsi sem sér um matreiðslu fyrir um 200 manns í 100% stöðu frá 1. janúar 2006.

**Hæfniskröfur:**
Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu
Góð þekking á næringarfræði
Þekking á rekstri
Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veitir skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í viðkomandi skóla. Umsóknir ber að senda til viðkomandi skóla. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.grunnskolar.is

### Laust starf í leikskóla

### Laus staða aðstoðarleikskólastjóra

Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í Hálsaborg, Hálsaseli 27 sem er 3 deilda leikskóli í Seljahverfi. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði Berit Bae, þar sem virðing, sjálfræði og viðurkenning eru lykilhugtök. Allar nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri Ólöf Helga Pálmadóttir í síma 557-8360.

**Hæfniskröfur:**
Leikskólakennaramenntun er áskilin
Hæfni og reynsla af stjórnun
Færni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
Skipulagshæfileiki, fumkvæði, áhugi og metnaður í starfi
Nákvæmni í starfi

Staðan er laus til umsóknar frá 1. janúar 2006. Umsóknarfrestur er til 22. nóvember nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir leikskólastjóri í viðkomandi leikskóla. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

*Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.*

EYKT
FRAMKVÆMDIR | BYGGINGARIÐNAÐUR

## Hörkuduglega verkamenn vantar við uppbyggingu Höfðatorgs sem allra fyrst.

**Upplýsingar gefur Baldvin verkstjóri í síma 822-4431**

## Næturræstingar

Óskum eftir starfsfólki til ræstinga að nóttu til, frá kl 4.00 e.m. Unnið er í 7 daga og síðan frí í 7 daga. Mjög þægilegt starf. Æskilegt aldurstakmark 25 ára, þó ekki skilyrði.

Hreint RÆSTING
Auðbrekku 8, 200 Kópavogi, sími 554 6088, hreint@hreint.is, www.hreint.is

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN
www.eignastyring.is
**Síðumúla 27** 108 Reykjavík
sími 534 4040, fax 534 4044
Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari

### KRISTNIBRAUT, REYKJAVÍK.



Sérlega falleg 4ra herbergja 129,1 fm. Íbúð á jarðhæð í þriggja hæða fjöleignahúsi byggðu 2001. Eignin skiptist í parketlagt eldhús með fallegri viðarinnréttingu, flíslagt baðherbergi með innréttingu, baðkari og sturtu, flísalagt þvottaherbergi, þrjú parketlögð svefnherbergi með skápum, stofu og borðstofu með útgangi út á stóra timburverönd með skjólveggjum. Toppeign. **Verð kr. 28.700.000,-**

### KLUKKURIMI, REYKJAVÍK.



Falleg 86,6 fm. 3ja herb. íbúð á jarðhæð Íbúðin skiptist í hol/miðrými með skáp, tvö svefnherbergi bæði með skáp, flísalagt baðherbergi með sturtu, tengt fyrir þvottavél og glugga, geymslu með hillum, eldhús með fallegri hvítri og beiki innréttingu og borðkrók, stofu og borðstofu, útgengi út á hellulagða verönd og sér afgirtan garð. Linoleum dúkur á gólfum. Íbúðinni fylgir hlutdeild í sameiginlegri geymslu. Mjög góð íbúð á góðum stað. **Verð kr. 18.800.000,-**

### GOÐABORGIR, REYKJAVÍK.



Mjög góð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjöleignahúsi með sérinngangi af svölum. Íbúðin sem er 86 fm. að stærð skiptist í forstofu, hol, hjónaherbergi, barnaherbergi, eldhús baðherbergi og sérgeymslu. Íbúðin er mjög vel skipulögð með stórum suðursvölum. Mjög góð staðsetning nærri allri þjónustu. **Verð 17.900.000,-**

### ÆGISÍÐA, REYKJAVÍK.



Góð risíbúð í bárujárnsklæddu timburhúsi byggðu 1946. Inngangur er sameiginlegur með 1. hæð hússins. Íbúðin skptist hol/miðrými, eldhús með góðri viðarinnréttingu og borðkrók, stofu og borðstofu með fallegum gluggum, svefnherbergi með skáp, flíslagt baðherbergi með innréttingu og baðkari, svefnloft með gólfborðum og þakgluggum. Parket á gólfum. Geymslupláss er víða undir súðinni. Gler og gluggar hafa verið endurnýjaðir. Sameiginlegt þvotta- og þurrkherbergi sem og geymsla. Mjög góð staðsetning. **Verð kr. 14.500.000,-**

**Sími 534 4040**

## Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

**Virka daga kl. 8–18.**
**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.
DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

allt hús
Alla mánudaga

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 5.000 **+0,28%**

**Fjöldi viðskipta 532**
**Velta:** 22.447 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Íslandsbanki** | **+2,52%** | **KB banki** | **-1,54%** |
| **Actavis** | **+1,99%** | **SÍF** | **-1,19%** |
| **Össur** | **+1,98%** | **Mosaic Fashions** | **-1,16%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
Actavis 46,20 +2,00% ... Bakkavör 45,80 +0,90% ... FL Group 15,20 +0,70% ... Flaga 4,26 +0,20% ... HB Grandi 9,30 -0,50% ... Íslandsbanki 16,30 +2,52% ... Jarðboranir 23,00 +0,40% ... KB banki 640,00 -1,50% ... Kögun 55,60 +0,70% ... Landsbankinn 24,20 +0,80% ... Marel 64,40 +0,60% ... SÍF 4,17 -1,20% ... Straumur-Burðarás 15,60 +0,70% ... Össur 103,50 +2,50%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

**Bankastjórar í startholum**

„Við erum bara rétt að byrja," sagði Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, þegar hann kynnti kaupin á Merrion Capital fyrir starfsfólki íslenskra fjármálafyrirtækja á miðvikudaginn. Bankastjórar Landsbankans eru greinilega rétt í startholunum þegar kemur að auknum umsvifum bankans á erlendri grund. Sigurjón sagði þá aðeins komna sjö prósent af leiðinni sem þeir ætluðu. En þar sem Sigurjón er þekktur fyrir að vera fljótur að reikna leiðrétti hann sig stuttu síðar og sagði þá aðeins komna fimm prósent af leiðinni. Svo þegar menn væru komnir upp í hundrað langaði þá alltaf að fara í þúsund.

**Millistór fyrirtæki**

Sigurjón sagði að sóknarfæri Landsbankans fælist í því að nota sterkan efnahagsreikning bankans til að styrkja erlendu verðbréfafyrirtækin og bæta við þjónustu þeirra. Í mörgum verkefnum fengju fyrirtækin engar aðrar tekjur en þóknun fyrir ráðgjöf. Reyndar væri það svo að mörg smærri fjármálafyrirtæki ytra byðu frekar sérhæfða þjónustu. Stærri bankarnir byðu alhliða þjónustu og einbeittu sér að stóru fyrirtækjunum á markaðnum. Þarna lægi tækifæri fyrir Landsbankann, að snúa sér að meðalstórum fyrirtækjum, sem stóru bankarnir sinntu lítið, með alhliða þjónustu.



## MARKAÐSPUNKTAR

Hlutabréf Jarðborana hf. hafa verið færð á athugunarlista, vegna yfirtökuskyldu sem myndast hefur í félaginu. Yfirtökutilboð þarf að leggja fram til annarra hluthafa félagsins innan fjögurra vikna eftir að yfirtakan átti sér stað.

Verðmæti Íslandsbanka nemur 215 milljörðum króna samkvæmt nýju verðmati sem greiningardeild KB banka gaf út í gær. Miðað við það er verðmatsgengið 16,8 en í upphafi viðskiptadags í gær var gengi bankans í Kauphöll Íslands 15,9.

Koparverð sló met á málmmarkaði í London vegna getgáta um að Kínverjar nái ekki að standa undir söluskuldbindingum sínum. Kopar til afhendingar eftir þrjá mánuði var á 4.185 dali á tonnið sem er ellefu dölum meira en fyrra met.

# Hyggur ekki á sæti í stjórn Árvakurs

Ólafur Jóhann Ólafsson, kaupsýslumaður í New York, segir að framundan séu áhugaverðir tímar í íslenskri fjölmiðlun og Morgunblaðið leiki þar veigamikið hlutverk. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Ólafi Jóhanni sem hann sendi fjölmiðlum á miðvikudag í kjölfar þess að Forsíða ehf., félag í eigu Ólafs Jóhanns, hefur nú fest kaup á 16,7 prósenta hlut í Árvakri hf. Auk þess hefur Straumur-Burðarás keypt jafn stóran hlut.

Ólafur Jóhann er aðstoðarforstjóri Time-Warner fjölmiðlasamsteypunnar í Bandaríkjunum.

„Undanfarna áratugi hef ég verið þátttakandi í margvíslegum breytingum á alþjóðlegu fjölmiðlaumhverfi. Mig hefur lengi langað til að nýta þá reynslu á heimaslóðum og hef því þegið boð um að gerast hluthafi í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins," segir Ólafur Jóhann í tilkynningunni, en hann hyggst sjálfur ekki setjast í stjórn fyrirtækisins.

Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, segir fjárfestinguna spennandi umbreytingarverkefni. Fjárfestingin sé hugsuð til tveggja til þriggja ára, en Straumur hyggist ekki eiga í fyrirtækinu til langframa. **- hb**


**AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ**

**Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.**




**Lestur sunnudaga***

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna

*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.


# Símagjöld hækka á Íslandi en lækka í ESB

**Matvara lækkar á Íslandi en síma- og póstgjöld hækka síðastliðna tólf mánuði samkvæmt vísitölu neysluverðs sem hefur verið samræmd milli landa.**



**SÍMA- OG PÓSTGJÖLD** hafa hækkað á Íslandi um 4,9 prósent síðastliðna tólf mánuði en lækkað í ríkjum ESB samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverðs.

Matur og drykkjarvörur hafa lækkað á Íslandi um 1,7 prósent síðastliðna tólf mánuði en hækkað um eitt prósent í ríkjum Evrópusambandsins samkvæmt vísitölu með mælir neysluverð og hefur verið samræmd milli landa. Sama mæling sýnir að liður sem fellur undir gjöld fyrir póst og síma hefur hækkað um 4,9 prósent hér á landi en lækkað um 2,4 prósent í ríkjum ESB.

Frá október 2004 til október 2005 var verðbólga 2,4 prósent að meðaltali í ríkjum EES, 2,5 prósent á evrusvæðinu og 1,5 prósent á Íslandi. Verðbólgan er mæld með breytingu á vísitölu neysluverðs sem er samræmd milli landa. Kemur þetta fram í frétt frá Hagstofu Íslands.

Sé einungis horft til októbermánaðar hækkaði samræmd vísitala neysluverðs um 0,3 prósent í EES-ríkjum frá mánuðinum á undan. Á sama tíma í fyrra hækkaði þessi vísitala um 0,5 prósent.

Mesta verðbólgan á Evrópska efnahagssvæðinu á þessu tólf mánaða tímabili var 7,7 prósent í Lettlandi, 5 prósent í Lúxemborg og 4,5 prósent í Eistlandi. Minnst var verðbólgan 0,8 prósent í Finnlandi, 0,9% í Svíþjóð og 1,5% á Íslandi og í Hollandi.

Sé horft á einstaka liði vísitölunnar og breytingar þeirra síðastliðna tólf mánuði sést að liðurinn menntun hefur hækkað mest á Íslandi, um tólf prósent. Í ríkjum Evrópusambandsins hefur þessi liður hækkað um 3,2 prósent. **- bg**

# Merrion vinnur að sölu Aer Lingus

Írska verðbréfafyrirtækið Merrion Capital, sem Landsbankinn er að kaupa, hefur verið valið til að vera stjórnendum írska flugfélagsins Aer Lingus til ráðgjafar um sölu á hlut ríkisins í félaginu. Starfsmenn flugfélagsins eiga sjálfir tæp 15 prósent.

Merrion mun starfa með breska fjárfestingabankanum Goldman Sachs að þessu verkefni með það að markmiði að hámarka verð fyrir eigendur.



**JOHN CONROY** Forstjóri og einn stofnenda Merrion Capital.

John Conroy, forstjóri Merrion, segir í samtali við Fréttablaðið að framundan sé vinna við að ákveða hvort selja eigi flugfélagið til stórra fjárfesta eða fara í almennt útboð. Rekstur Aer Lingus hafi gengið vel og hagnaður verið góður. Ákvörðun um sölufyrirkomulag muni á endanum verða tekin af írskum stjórnvöldum.

Merrion hefur tekið þátt í mörgum stórum viðskiptum á írska markaðnum að því er fram kom í kynningu á fyrirtækinu hjá Sigurjóni Árnasyni, bankastjóra Landsbankans, á þriðjudag. Samanlagt verðmæti þeirra nemi yfir tólf milljörðum evra. ■

# Allir starfsmenn KB banka fá kauprétt

Stjórn KB banka hefur ákveðið að veita öllum 2.300 starfsmönnum bankans rétt til að kaupa hlutabréf í bankanum á genginu 600. Geta þeir þá keypt hlutabréfin á þessu verði þótt markaðsverðið sé hærra.

Að meðaltali mun hver starfsmaður geta keypt um 1.200 hluti. Verður þeim heimilt að nýta sér þriðjung kaupréttarins á hverju ári í þrjú ár, fyrst í janúar 2007.

Gengið í KB banka hækkaði mikið í gær og endaði í 650.

Stjórnin hefur einnig veitt 250 starfsmönnum rétt til að kaupa samtals 8,5 milljónir hluta þessu til viðbótar. Sama fyrirkomulag er á þeim rétti nema hvað samningsgengið hækkar á hverju ári. Árið 2007 geta þeir keypt þriðjung á genginu 600, annan þriðjung árið 2008 á genginu 630 og síðasta skammtinn 2009 á genginu 660.

Starfsmenn fréttu fyrst af kaupréttinum þegar hann var tilkynnur í Kauphöll Íslands síðdegis í gær. ■



**STARFSMENN KB BANKA** fá allir að kaupa hlutabréf á ákveðnu gengi í Bankanum til ársins 2009 án tillits til markaðsverðs á þeim tíma.

## Sætta sig við fimmtíu krónur

Hans Erik Andersson, forstjóri Skandia, segir að hann myndi sætta sig við 50 króna tilboð frá Old Mutual sem hefur boðið hluthöfum Skandia 43 krónur fyrir hvern hlut. „Ekki spurning,“ sagði hann við fréttamann CNBC.

Benda orð hans til þess að stjórn Skandia myndi þá falla frá andstöðu sinni til yfirtökutilrauna Old Mutual.

Andersson segir að Skandia hafi styrkst frá því að boðið var lagt fram og því endurspegli tilboðið ekki virði félagsins. Einnig hefur breska pundið styrkst gagnvart sænsku krónunni sem rýri virði þess tilboðs sem liggur fyrir.

Old Mutual hefur framlengt frestinn til að samþykka tilboðið fram í desember. Stjórnendur félagsins segja að þeir hafi tryggt sér stuðning 60 prósenta hluthafa í Skandia. ■

## Orkuveitan hagnast

Orkuveita Reykjavíkur hagnaðist um 3.560 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 546 milljónir króna á sama tímabili árið áður. Rekstrartekjur Orkuveitu Reykjavíkur á tímabilinu námu um 10.302 milljónum króna en voru rúmlega 9.061 milljón á sama tímabili árið áður. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um tæpar 1.656 milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins en neikvæðir um samtals 201 milljón á sama tímabili 2004. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBIDTA) var 4.265 milljónir tímabilinu en 3.394 árið á undan. ■

**LYKILTÖLUR 1/1-30/9 2005 (MILLJÓNIR KRÓNA)**

| | |
|---|---|
| Rekstrartekjur | 10.302 |
| Rekstrargjöld | (6.037) |
| Rekstrarhagn. f. afskr. (EBIDTA) | 4.265 |
| Hagnaður tímabilsins | 3.560 |
| HAGNAÐUR 1/1-30/9 2004 | 546,4 |









NIELS BOHR (1885-1962) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Sérfræðingur er maður sem hefur gert öll þau mistök sem hægt er að gera innan mjög þröngs sviðs.“*

DANSKI EÐLISFRÆÐINGURINN VAR EINN AF HÖFUNDUM SKAMMTAFRÆÐINNAR.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 18. NÓVEMBER 1978

# *Jim Jones fyrirskipar fjöldasjálfsmorð*

Á þessum degi árið 1978 fundust lík af 914 mönnum, þar af 276 börnum, í kommúnunni Jonestown í Guyana í Suður-Ameríku. Fólkið var allt í söfnuðinum Musteri fólksins en leiðtogi þess var Jim Jones. Jones stofnaði söfnuð sinn á sjötta áratugnum í Indíanaríki í Bandaríkjunum. Hann laðaði að sér blökkumenn þar sem hann var á móti kynþáttahatri. Árið 1971 settist söfnuðurinn að í San Fransisco en fjölmiðlar fóru fljótlega að saka Jones um ofbeldi gagnvart fylgismönnum sínum auk þess sem hann var sakaður um misnotkun á börnum. Jones flutti því söfnuðinn í frumskóga Suður-Ameríku og stofnaði kommúnuna Jonestown árið 1977.



Bandaríski þingmaðurinn Leo Ryan kom til Jonestown árið 1978 en hann hafði verið hvattur af fyrrverandi félögum safnaðarins að kanna málin. Þegar margir íbúa Jonestown leituðu til Ryans og báðu hann að koma sér til hjálpar leist Jones ekki á blikuna og lét myrða þingmanninn og förunauta hans.

Þá skipaði hann fylgismönnum sínum að stytta sér aldur og innbyrtu flestir blásýru. Þeir sem neituðu voru ýmist neyddir til þess eða skotnir þegar þeir reyndu að flýja. Aðeins rúmlega tugur manna lifði af en sjálfur skaut Jones sig í höfuðið.

JONESTOWN

## MERKISATBURÐIR

**1626** Basilíka Sankti-Péturs í Róm er vígð af páfa.

**1709** Biskupsstofan á Hólum í Hjaltadal brennur til kaldra kola.

**1916** Bardaganum við Somme í Frakklandi lýkur en hann stóð í nærri fimm mánuði.

**1920** Matthías Jochumsson, skáld og prestur, andast.

**1984** Jón Baldvin Hannibalsson er kosinn formaður Alþýðuflokksins.

**2003** George W. Bush Bandaríkjaforseti kemur í opinbera heimsókn til Bretlands.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**







Rúnar Geirmundsson  Sigurður Rúnarsson  Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990




†

*Ástkær eiginkona mín, besti vinur og móðir okkar,*

**Carla Pizarro Fernadez**

lést sunnudaginn 13. nóvember.

**Símon Jóhann Bragason**
**Sóldís Rós Símonardóttir**
**Veronica Alexandra Símonardóttir**
**Rafael Róbert Símonarson**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og systir,*

**Guðný Sóley Sveinsdóttir**

Nordåsvegen 138, Holmlige, Oslo,
áður til heimilis að Ásabraut 15, Keflavík,

lést þann 14. nóvember sl.
Útförin fer fram 22. nóvember í Osló.

**Sepehr Habibi,**
**Freyja Elísa, Alexander Nureddin og David Anis.**
**Sigurbjörg H. Sveinsdóttir**
**Erling Rafn Sveinsson**
**Guðbjörg H. Sveinsdóttir**
**Vilhjálmur Á. Sveinsson**



†

*Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ágúst Guðbrandsson**

frá Stígshúsi, Stokkseyri,

lést á Landspítalanum, Fossvogi, sunnudaginn 13. nóvember. Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 19. nóvember kl. 14.00.

**Guðbrandur Stígur Ágústsson, Brynhildur Arthúrsdóttir**
**Guðríður Bjarney Ágústsdóttir**
**Sigríður Inga Ágústsdóttir**
**Dagrún Mjöll Ágústsdóttir, Aron Hauksson**
**Hólmfríður Hlíf Steinþórsdóttir, Einar Páll Bjarnason**
**Ragnheiður Drífa Steinþórsdóttir, Logi Hjartarson**
**Kristín Steinþórsdóttir**
**Jason Steinþórsson, Hrönn Sturlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**SIGRÍÐUR SIGURBERGSDÓTTIR FORMAÐUR THORVALDSENSFÉLAGSINS** Sigríður er hér á Thorvaldsensbazar sem malað hefur gull í gegnum tíðina. Ágóðinn hefur runnið til ýmissa góðra málefna.

## THORVALDSENSFÉLAGIÐ: 130 ÁRA

# Létu leggja Laugaveginn

„Tuttugu og fjórar ungar konur voru fengnar til að prýða Austurvöllinn sem þá var óttalegt drullusvað eins og viðgekkst á þessum árum en þar átti að setja styttu af Bertel Thorvaldsen,“ segir Sigríður Sigurbergsdóttir, formaður Thorvaldsensfélagsins, um upphaf þess.

„Þegar þær ljúka verkinu með miklum sóma verður einni þeirra svo að orði: „Gaman gæti nú verið að halda hópinn og láta gott af okkur leiða.“ Þótti hinum sem mælt hefði verið úr þeirra munni.“

Þetta var 19. nóvember 1875 og síðan þá hafa konur í Thorvaldsensfélaginu heldur betur sett svip á bæinn með rausnarlegu góðgerðarstarfi. „Þær byrjuðu að prjóna og sauma föt og annað sem þær svo gáfu á fátæk heimili, halda jólatréskemmtanir fyrir fátæk börn og svo ráku þær handavinnuskóla, sunnudagaskóla og margt fleira tóku þær sér fyrir hendur,“ segir formaðurinn.

Eflaust leiða fæstir hugann að því þegar þeir ganga Laugaveginn að þakka má Thorvaldsensfélaginu að hann var lagður á sínum tíma. „Þeim rann til rifja aðbúnaðurinn sem þvottakonur bjuggu við en þær þurftu að bera þvottinn á bakinu við illar aðstæður að laugunum þar sem þær þvoðu svo berskjaldaðar fyrir allra veðra vindum.“

Thorvaldsenskonur tóku sig því til og byggðu skýli við laugarnar yfir þvottakonurnar og gáfu Reykjavíkurborg það með því skilyrði þó að borgin skaffaði þvottakonunum hestakerrur svo þær þyrftu ekki að bera þvottinn.

Ekki voru nú allir jafn hrifnir af því, til dæmis sagði einn borgarstjórnarmaðurinn að þær væru jú vinnukonur og það ætti ekkert að vera að hlaða undir þær. En það var gengið að þessu og í framhaldinu er Laugavegurinn lagður,“ útskýrir Sigríður.

Aðrar rósir í hnappagat félagsins eru vöggustofan og dagheimilið á Dalbraut en félagið hefur alla tíð gefið rausnarlega til málefna barna.

## FYRSTA STARFIÐ: SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

# *Bar út blöð sósíalista og vinstrimanna*



„Ég veit varla hvort ég vilji að þetta komi fram, en þegar ég var ellefu ára tók ég að mér fyrir vin minn að bera út blöð í hverfinu hans og rukka áskrifendur í einn mánuð. Ég áttaði mig ekki á því þá hvað ég var að gera, en geri það núna, að ég var blaðburðardrengur fyrir Nútímann, Alþýðublaðið og Þjóðviljann,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson hlæjandi en hann er í dag alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

„Ég er satt best að segja ekkert stoltur af þessu starfi,“ segir Sigurður. Þá bættist við að starfið var töluvert erfitt því hann þurfti að bera út blöðin í öllu Efra-Breiðholti en blöðin voru þó tiltölulega fá. „Það voru bara örfáir furðufuglar sem voru áskrifendur að þessum ósköpum,“ segir Sigurður, sem gekk langar leiðir á hverjum degi í þennan eina mánuð. Ekki fannst Sigurði hann fá mikið borgað fyrir ómakið. „Þeir voru nú blessaðir sósíalistarnir ekkert að gera allt of vel við sitt fólk,“ segir hann glettnislega. Hýran nægði þó til að kaupa Signus Spectrum tölvu sem var mjög vinsæl leikjatölva á þessum tíma. Það má því segja að vinstrimenn hafi fjármagnað fyrstu tölvukaup sjálfstæðismannsins Sigurðar Kára.

## ANDLÁT

**Bára Hólm**, Hátúni 11, Eskifirði, lést miðvikudaginn 16. nóvember.

**Björn Kjartansson**, verktaki, Fitjakoti, Kjalarnesi, lést þriðjudaginn 15. nóvember.

**Björn Vignir Sæmundsson**, Ránarbraut 9, Vík í Mýrdal, lést mánudaginn 14. nóvember.

**Guðbjörn Frímannsson**, Heiðarvegi 8, Selfossi, lést þriðjudaginn 15. nóvember.

**Rannveig Sigurðardóttir**, Smárabraut 15, áður Svanahlíð, Höfn í Hornafirði, lést miðvikudaginn 16. nóvember.

**Þorbjörg Sveinsdóttir**, frá Vík í Mýrdal, lést þriðjudaginn 15. nóvember.

## JARÐARFARIR

11.00 **Guðríður Jóelsdóttir**, fótaaðgerðafræðingur, Laufskógum 19, Hveragerði, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Dagbjört Elíasdóttir**, Vogatungu 61, verður jarðsungin frá Digraneskirkju.

13.00 **Guðný Jóhanna Óskarsdóttir**, Birkimel 8, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Jóna Guðmunda Jakobsdóttir** og **Ingibjörg Þórólfsdóttir** verða jarðsungnar frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

14.00 **Sólveig Björndís Guðmundsdóttir**, Kirkjuvegi 5, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Sólveig Sigurbjörnsdóttir**, Dalalandi 1, Reykjavík, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju.

## AFMÆLI



**Rannveig Gunnarsdóttir**, forstjóri Lyfjastofnunar, er 56 ára.



**Þórir Guðmundsson**, fréttamaður á Stöð 2, er 45 ára.

## BRÚÐHJÓN



**Arna E. Karlsdóttir** og **Þórr Tjörvi Einarsson** voru gefin saman á Þingvöllum 21. júlí af séra Sigrúnu Óskarsdóttur.

VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA ER VINSÆLASTA MYND OKTÓBERBÍÓFEST SÝND ÁFRAM Í HÁSKÓLABÍÓI

# LA MARCHE DE L'EMPEREUR

UN FILM DE LUC JACQUET

"**Meistarastykki**...Ferðalag keisaramörgæsanna er hreint listaverk. Hún er óður til náttúrunnar sem er svo mögnuð að við fáum aldrei skilið hana til fullnustu heldur stöndum bergnumin eftir, full lotningar og orðlaus yfir furðuverkum hennar."

- Freyr Gígja Gunnarsson, Fréttablaðið

★★★★★

"Það er eitthvað við mörgæsirnar sem er kómískt og heillandi í senn og þessar tvær hliðar dregur leikstjórinn Luc Jacquet fram af mikilli list.. fer með áhorfandann í ógleymanlegt ferðalag... **sjón er sögu ríkari**."

- Heiða Jónsdóttir, Morgunblaðið

"Það verður enginn svikinn af þessari fallegu mynd, sem er óður til lífsins...hefur allt til að bera sem prýðir góða kvikmynd... Myndin er spennandi, sorgleg og fyndin í senn... Ferð Keisaramörgæsanna er mynd sem allir geta haft gaman að, jafn börn sem fullorðnir. **Tilvalin fjölskylduskemmtun sem auðgar andann**."

- Sigríður Pétursdóttir, Rás 1



AÐSÓKNAR-HÆSTA MYND OKTÓBERBÍÓFEST

BESTA MYND OKTÓBERBÍÓFEST AÐ MATI ÁHORFENDA

ÖNNUR AÐSÓKNARHÆSTA HEIMILDARMYND SÖGUNNAR

AÐSÓKNARHÆSTA FRANSKA MYND SÖGUNNAR

Iceland Film Festival

UNE HISTOIRE RACONTÉE PAR ROMANE BOHRINGER CHARLES BERLING JULES SITRUK

MUSIQUE ORIGINALE EMILIE SIMON SCÉNARIO LUC JACQUET ADAPTATION LUC JACQUET MICHEL FESSLER IMAGE LAURENT CHALET JEROME MAISON POSTPRODUCTION JEAN-CHRISTOPHE BARRET MONTAGE SABINE EMILIANI DESIGN SONORE LAURENT QUAGLIO MIXAGE GERARD LAMPS UN FILM PRODUIT PAR YVES DARONDEAU CHRISTOPHE LIOUD EMMANUEL PRIOU UNE PRODUCTION BONNE PIOCHE AVEC LA PARTICIPATION DE BUENA VISTA INTERNATIONAL FILM PRODUCTION FRANCE et CANAL + EN COPRODUCTION AVEC APC EN COLLABORATION AVEC L'INSTITUT POLAIRE FRANÇAIS PAUL-EMILE VICTOR

BOF DISPONIBLE CHEZ BARCLAY / UNIVERSAL

Distribué par Buena Vista International (France)




## STUÐ MILLI STRÍÐA Er Líf í skókassa?

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR VILL AÐ VIÐ HUGSUM VEL UM GAMLA FÓLKIÐ



Þegar ég var unglingur starfaði ég á dvalarheimilinu Hrafnistu á sumrin. Fyrsta sumrinu eyddi ég á fjórum fótum þar sem ég reytti arfa og gróðursetti stjúpur af mikilli kunnáttu. Sumarið á eftir færði ég mig innanhúss þar sem mitt hlutverk var að gefa vistmönnum að borða milli þess sem ég skúraði gólf eða vaskaði upp klædd bleikum slopp. Þar lærði ég réttu handtökin sem ég bý ennþá að í dag. Síðasta sumarið mitt lærði ég að umgangast eldra fólk, en ég starfaði á gangi þar sem ég sá til þess að allir vistmennirnir færu örugglega á fætur, fengju að borða og herbergin væru snyrtileg og búið væri um rúm. Einhvernveginn fór mesti tími dagsins þó í spjall um heima og geima.

Á þessum tíma upplifði ég ekki annað en að vistmennirnir væru hamingjusamir og ánægðir með Hrafnistutilveruna. Það hefur gert það að verkum að ég hef alltaf séð dvalarheimili í hillingum. Hvað er betra en að geta sofið út, prjónað allan daginn, spilað, sungið og borðað á sig gat án þess að þurfa að elda sjálfur né ryksuga.

Ég verð þó að viðurkenna að þessi ímynd mín af dvalarheimilislífi hefur tekið örlitlum breytingum að undanförnu. Ég veit ekki hvort það sé almennt vont að búa í Hafnarfirði eða hvort Sólvangur sé sér á báti. Tekur því að vinna hörðum höndum að því að koma undir sig fótunum þegar næsta stoppistöð við kirkjugarðinn er skókassi í 220 Hafnarfirði? ■

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott







## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 2 | 1 | 4 | 3 | 5 | 8 | 6 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 1 |
| 4 | 3 | 1 | 6 | 5 | 8 | 9 | 2 | 7 |
| 7 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 | 4 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 9 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 9 | 7 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | | 3 | | 6 | |
| 8 | | 7 | | 5 | 1 | 2 | | |
| | 9 | | 7 | 6 | | | 1 | 4 |
| 2 | 1 | | | | | 9 | | |
| | 3 | 6 | | 8 | | 4 | 5 | |
| | | 5 | | | | | 8 | 1 |
| 7 | 8 | | | 3 | 2 | | 4 | |
| | | 1 | 8 | 7 | | 3 | | 6 |
| | 4 | | 9 | | | 7 | | |


James Bond
er kominn í BT
To BT with love!
SEAN CONNERY LJÁIR BOND RÖDD SÍNA Í SVALASTA BOND LEIKNUM TIL ÞESSA!
PlayStation 2
FROM RUSSIA WITH LOVE
SEAN CONNERY AS JAMES BOND
007
16+
PS2 XBOX
5.499
Einnig fáanlegir!
1.999
999
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

**!** **8.30-17.30**
*Hugvísindadeild og Hugvísindastofnun standa í dag fyrir Hugvísindaþingi í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Dagskráin, sem verður í gangi frá klukkan 8.30-17.30, samanstendur af um 80 erindum sem flutt verða í 22 málstofum og þar má glögglega sjá hversu vítt svið hugvísindin spanna. Dagskráin er birt á heimasíðu Hugvísindastofnunar www.hugvis.hi.is .*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fjölskyldusjúkdómurinn alkóhólismi



AL-ANON samtökin voru stofnuð á Íslandi hinn 18. nóvember 1972 og fagna því 33 ára afmæli sínu í dag. AL-ANON er félagsskapur ættingja og vina alkóhólista og er sprottin upp úr AA-samtökunum. Félagar í AL-ANON telja að alkóhólismi sé fjölskyldusjúkdómur og að breytt viðhorf geti stuðlað að bata. AL-ANON samtökin hafa aðeins einn tilgang, að hjálpa aðstandendum alkóhólista. Samtökin halda opinn afmælis- og kynningarfund klukkan 20.30 í Háteigskirkju í kvöld en þar munu tveir AL-ANON félagar og einn AL-ATEEN félagar segja sögu sína auk þess sem félagi í AA-samtökunum segir sögu sína. Félagar í AA-samtökunum og AL-ANON eiga það sameiginlegt að samhæfa reynslu sína, styrk og vonir til þess að hjálpa hver öðrum og því eru reglulegir fundir þungamiðja starfs hópanna þar sem fólk getur komið saman og deilt sögum sínum. Að loknum fundi tekur við kaffispjall.

Nafnleyndar er gætt í AL-ANON og staðinn er vörður um nafnleynd allra AL-ANON, AL-ATEEN og AA-félaga og ekkert félagatal er haldið. AL-ANON er andlegur félagsskapur en ekki trúarlegur en allir eru velkomnir hvort sem þeir tilheyra einhverjum trúarhópi eða ekki. Engra félagsgjalda er krafist af félögum AL-ANON eða AL-ATEEN deildanna og kostnaði er mætt með frjálsum framlögum félaganna á fundum.

### > Ekki missa af...

... 18. sjónþingi dr. Bjarna Þórarinssonar á Grand Rokk. Sjónþingið hófst á miðvikudaginn en Vísiakademía Bjarna er í forgrunni en hann kynnir ýmsar nýjungar sem sprottið hafa upp úr yfirgripsmiklum rannsóknum hans.

... síðdegistónleikum ungrar söngkonu sem kallar sig Mr. Silla í Gellrí HUmar eða frægð. Þessi unga og efnilega tónlistarkona hefur verið að vekja á sér verðskuldaða athygli síðustu misseri.

... tónleikum Lúðrasveitar Hafnarfjarðar í Víðistaðakirkju laugardaginn 19. nóvember. Meðal annars eru á dagskrá tveir marsar eftir Árna Björnsson, tónskáld, en hann hefði orðið 100 ára á þessu ári. Tónleikarnir hefjast klukkan 16 og er aðgangseyrir 500 krónur.






# Serbía í brennidepli

íslensk menning hefur verið kynnt í Serbíu frá því í júní undir heitinu Íslenskir menningardagar í Serbíu. Í tengslum við það hefur íslensk list og listamenn verið kynnt í þarlendum fjölmiðlum, jvikmyndahátíð og ljósmyndasýningar verið haldnar, rithöfundar verið kynntir sem og íslensk matseld, tónlist, hönnun og fleira. Þá hefur Sjón verið boðið á bókmenntahátíðina í Belgrad ásamt Tatjönu Latinovic, sem þýddi bók hans Skugga-Baldur yfir á serbnesku.

Það er Bakankult stofnunin í Belgrad sen stendur að kynningunni, en tveir fulltrúar hennar eru staddir hér á landi um þessar mundir því að ári stendur til að halda samskonar kynningu hér á Íslandi undir heitinu Serbneskir menningardagar á Íslandi.




**ÞÁTTTAKENDUR OG SKIPULEGGJENDUR** Sjón, Tatjana Latinovic, þýðandi Skugga-Baldurs, Ana Krstic og Dimitrije Vujadinovic, fulltrúar Bakankult stofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFAN




**ÍSLANDSATLAS AFHENTUR Á BESSASTÖÐUM** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra taka við fyrstu eintökum bókarinnar úr höndum Hans H. Hansen kortagerðarmanns og Arnar Sigurðssonar landfræðings.

# Stórvirki í kortagerð

**Miðvikudaginn 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu, sendi Edda útgáfa frá sér Íslandsatlas sem er viðamesta kortabók yfir Ísland sem hefur komið fyrir almenningssjónir og markar ákveðin þáttaskil í íslenskri kortasögu. Landið allt, frá hæstu tindum til annesja og eyja, er sýnt á 132 kortum í mælikvarðanum 1:100 000.**

„Þið eruð stórfurðulegir Íslendingar – ætliði nú líka að verða bestir í kortaútgáfu?“ Þetta sagði Andrew Heritage, fyrrum forkólfur hjá Times kortaútgáfunni, við Sigurð Svavarsson, útgáfustjóra hjá Eddu, þegar hann sá Íslandsatlas forlagsins á bókastefnunni í Frankfurt í síðasta mánuði. „Þá leið mér vel,“ sagði Sigurður í ávarpi sem hann flutti á Bessastöðum á miðvikudaginn, þegar fyrstu eintök bókarinnar voru afhent forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, og Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra. Sigurður sagði að það hefði glatt sig ósegjanlega að sjá hversu mikla athygli og aðdáun atlasinn vakti á sýningunni. „Menn furðuðu sig á því að einstaklingur og einkafyrirtæki á jafn dvergvöxnum bókamarkaði og þeim íslenska gætu ráðist í gerð slíks stórvirkis – án stórkostlegs opinbers stuðnings.“

„Með stafrænni kortatækni eru svipbrigði landsins sýnd með ótrúlegri nákvæmni svo hvert mannsbarn skynjar hæð fjalla, dýpt dala og víðáttur öræfanna líkt og flogið væri yfir“, segir í frétt Eddu um útgáfuna.

Íslandsatlas Eddu er unninn í samstarfi við fyrirtækið Fixlanda sem er í eigu kortagerðarmannsins Hans H. Hansen. Byggt er á grunngögnum úr gagnabanka Landmælinga Íslands, en þau eru síðan unnin í sérstöku landupplýsingakerfi með hjálp viðbótargagna úr ýmsum áttum. Í frétt frá Eddu segir að atlasinn brjóti blað í íslenskri útgáfusögu. Atlasinn, sem er í mælikvarðanum 1: 100.000, sýni landið algerlega í nýju ljósi. Aðeins einu sinni áður hafi verið unninn heilstæður atlas af landinu í þessum mælikvarða – það hafi Danir gert árið 1944 og hafi sú kortabók, *Islands kortlægning*, aðeins verið gefin út í 200 eintökum og selst upp fyrir lok stríðsins.

Í Íslandsatlasinum eru einnig stórir inngangskaflar sem skýra og styðja kortahlutann. Örn Sigurðsson landfræðingur skrifar ágrip af kortasögu Íslands, Haukur Jóhannesson gerir jarðsögu landsins skil, Oddur Sigurðsson lýsir jöklum og jöklabreytingum og Eyþór Einarsson gróðurfarssögunni.


**Skeifnasprettur**
**Hesta- og vörusýning**




**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| Vörukynningar hefjast | 13:00 |
| Íslenski hesturinn – Topp Show | 14:00 |
| Sölusýning og tískusýning | 14:20 |
| Hestahnikkingar og nudd | 16:00 |
| Heitjárning | 16:30 |

**Fyrirtækin sem kynna vörur og þjónustu eru:**
Baldvin og Þorvaldur, Fóðurblandan, Hestar og menn, Hestvit, Hestar tímarit og vefur, Plastmótun, Ragnar Valsson, Susi Braun, Vís Agría, Ölfushöllin.

**Hljómsveitin Síðasti sjens spilar á Ingólfscafé um kvöldið.**
**ATH! Happy hour milli 22:00 og 23:00.**



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ



á eftir sögunni af Ninu og Geira hefjast

# Broadway nætur

miðaverð 1000,- krónur

komdu og upplifðu ótrúlegt stuð fram á rauða nótt!

stóra sviðið



## Á móti sól

hafa aldrei verið betri

litla sviðið



## Daddi Disco

með rjómann af því besta úr íslenskri tónlist

Ásbyrgi



## Kiddi Bigfoot

partí tónlist a la bigfoot

Ásbyrgi



## Suzy & Elvis

80's, disco, rock, hip hop, rnb, íslenskt & soul

BROADWAY

sími: 533 1100 www.broadway.is

# Vonum að lagið lifi áfram

**Endurútgáfa af laginu Hjálpum þeim verður frumflutt á mánudaginn. Landslið tónlistarmanna syngur lagið, þar á meðal Bubbi, Birgitta og Rúnar Júl.**

Árið 1985 tók hópur tónlistarmanna sig saman og söng lagið Hjálpum þeim inn á plötu sem síðar var seld til styrktar bágstöddum í Afríku.

Lagið, sem Axel Einarsson og Jóhann G. Jóhannsson sömdu, seldist í tugum þúsunda eintaka og komu peningarnir sannarlega að góðum notum. Nú hefur borist neyðarkall frá Pakistan í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar. Samhliða viðgengst gleymd neyð í mörgum löndum, hróp sem illa heyrast. Landslið tónlistarmanna hefur svarað þessu kalli. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson stjórnar upptökum á nýrri útgáfu af Hjálpum þeim í samvinnu við Einar Bárðarson og eru upptökur á lokastigi.

Í Salnum í Kópavogi í gær kom hópurinn saman og söng inn viðlagskafla lagsins og á sama tíma stóð til að ljúka upptökunum og myndbandinu við það. Lokaútgáfa lagsins verður síðan frumflutt næstkomandi mánudag. Herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, er verndari verkefnisins og var staddur í Salnum í gær ásamt m.a. Jóhann G. Jóhannssyni.

„Tilgangurinn með endurgerð lagsins er fyrst og fremst sá að við höfundarnir vonum að þetta lag eigi eftir að lifa áfram,“ segir Jóhann. „Það var samið af góðum hug til að hjálpa bágstöddum og tilgangur þess í dag er að hjálpa fólkinu í Pakistan og kannski fólki sem hefur gleymst sem heimurinn hefur ekki heyrt neyðarkall frá,“ segir Jóhann.

Aðspurður segist Jóhann ekki hafa haft hugmynd um hvernig laginu yrði tekið á sínum tíma. „Þegar lagið var komið hjá Axel hrundi textinn yfir mig meðan ég var að keyra á Skúlagötunni. Ég átti fullt í fangi með að gleyma ekki að ná línunum niður. Síðan skapaðist mikil stemning þegar þetta fór að fæðast og þegar það var ljóst hvert þetta stefndi,“ segir hann. „Það var ströggl til að byrja með að fá fólk til að taka þátt því það höfðu borist fréttir að utan um að hjálparfé hefði misfarist í svona málum. Þarna mæddi mikið á Björgvini Halldórssyni og um tíma leit út fyrir þetta yrði ekki að veruleika. En allt í einu var eins og hlutirnir rynnu af stað og ótrúlegir hlutir gerðust.“

Á meðal þeirra tónlistarmanna sem syngja inn á endurútgáfuna af Hjálpum þeim eru Birgitta Haukdal, Jónsi, Bubbi, Diddú, Páll Óskar Hjálmtýsson, Hreimur Örn Heimisson, Heiðar Örn Kristjánsson, Heiða Eiríksdóttir, Eivör Pálsdóttir, Bjarni Ara, Bergsveinn Árilíus og Rúnar Júlíusson.

freyr@frettabladid.is



**HJÁLPUM ÞEIM** Hópur tónlistarmanna kemur við sögu í endurútgáfu lagsins Hjálpum þeim. MYND/VALLI



Hinsegin óperetta
Sýnt í Iðnó
Gestur
Síðasta máltíðin
Næstu sýningar:
fös. 11.nóv. kl.20:00 í Bíóhöllinni á Akranesi
lau. 12.nóv. kl.17:00 í Iðnó
lau. 19.nóv. kl.17:00 í Iðnó
lau. 26.nóv. kl.17:00 í Iðnó
lau. 3.des. kl.17:00 í Iðnó
Miðasala í Iðnó í síma 562-9700, idno@xnet.is og á www.midi.is
"Drepfyndið." Bergþóra Jónsdóttir - mbl

Kabarett í Íslensku óperunni
EKKI MISSA AF KABARETT!
18. nóv. kl. 20 (aukasýning) Örfá sæti laus
25. nóv. kl. 20 (aukasýning)
26. nóv. kl. 20 ALLRA ALLRA SÍÐASTA AUKASÝNING
Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

FRAMTÍÐ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
Málþing í Íslensku óperunni þriðjudaginn 22. nóv. kl. 9-12.30
Málþing í Íslensku óperunni, á degi tónlistar, þriðjudaginn 22. nóvember kl. 9-12.30.
Nánari upplýsingar um dagskrá á www.opera.is
Aðgangur ókeypis - allir velkomnir
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN



Vegna gífurlegrar aðsóknar
Fim. 17. nóv. kl. 19
Lau. 26. nóv. kl. 14
Sun. 27. nóv. kl. 14

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Í kvöld fös. 18/11 örfá sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus, fim. 24/11 örfá sæti laus, fös. 25/11 nokkur sæti laus, lau. 26/11 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 örfá sæti laus. Síðustu sýningar fyrir jól.
EDITH PIAF
Sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.
LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Sun. 20/11 örfá sæti laus, mið 23/11 nokkur sæti laus, mið. 30/11 örfá sæti laus. Síðustu sýningar.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Lau. 19/11 örfá sæti laus, mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 uppselt, lau. 26/11, mið. 30/11 uppselt, fim. 1/12 uppselt, fös. 2/12. Síðustu sýningar.
LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Frumsýning lau. 26/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 4/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 11/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 18/12 kl. 14:00 og kl. 16:00.
LEIKHÚSKJALLARINN
Lau. 19/11 kl. 22:30 Tangódansleikur “Milonga”.
Sun. 20/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans. Útgáfutónleikar “Ég um þig”. Agnar Már Magnússon og Kristjana Stefánsdóttir.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Stóra svið
Salka Valka
Fi 24/11 kl. 20 Fö 25/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20 Su 11/12 kl. 20
Woyzeck
Í kvöld kl. 20 Lau 19/11 kl. 20
Lau 26/11 kl. 21 Su 27/11 kl. 21
Þr 29/11 kl. 20 UPPS Fi 1/12 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 Fi 8/12 kl. 20
Kalli á þakinu
Su 20/11 kl. 14 UPPS Lau 26/11 kl. 14
Su 27/11 kl. 14 Su 4/12 kl. 14
Su 11/12 kl. 14 Má 26/12 kl. 14
Id - HAUST
Wonderland, Critic ´s Choice? og Pocket Ocean
Su 20/11 kl. 20 Mi 23/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar!
Nýja svið/Litla svið
Lífsins tré
Í kvöld kl. 20 Lau 19/11 kl. 20
Fö 25/11 kl. 20 Lau 26/11 kl. 20
Lau 3/12 kl. 20
Alveg brilljant skilnaður
Su 20/11 kl. 20 UPPSELT
Su 27/11 kl. 20 UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 UPPSELT
Su 4/12 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar!
Manntafl
Fi 24/11 kl. 20 Mi 30/11 kl. 20
GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

MENNINGARMIÐSTÖÐIN GERÐUBERG
Eggert Magnússon
"Ungur undir silfurhærum".
Laugardaginn 19. nóvember kl. 15:00
Opnun sýningar á olíumálverkum í tilefni af 90 ára afmælisári Eggerts.
Þetta vilja börnin sjá!
Laugardaginn 19. nóvember kl. 15:00.
Sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum 2005. Í ár taka tuttugu og fimm myndskreytar þátt með verkum úr yfir þrjátíu bókum.
Afhending Íslensku myndskreytiverðlaunanna
Laugardaginn 19. nóvember kl. 15:00 Dimmalimm mætir á svæðið og Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef van Oosterhout slagverksleikari segja og leika söguna um Jón bónda í tali og tónum. Verið velkomin
Sólveig Eggerz Pétursdóttir í Boganum
„Áhrif hins liðna og dagsins í dag". Hið smá og stóra, draumar og vaka. Sólveig sýnir vatnslitamyndir af náttúru og mannlífi.
Allar sýningar eru opnar
virka daga 11-17, miðv. 11-21 og um helgar 13-16.
Söngur og sund á sunnudegi
Sunnudaginn 20. nóvember kl. 13:00 Aðgangseyrir 500 kr. Íslensk sönglög að hætti hússins. Sönghópur Ingveldar Ýrar leiðir okkur um Draumalandið og aðrar söngperlur.
Töfraveröld tóna og hljóða
Sunnudaginn 20. nóvember kl. 15:00
Kynningarsýning fyrir leikskóla Reykjavíkur.
Spiluð og sungin þekkt íslensk þjóðlög, sagðar vísur og þulur við undirleik heimatilbúinna hljóðfæra.
Nánar á www.gerduberg.is eða í síma 575 7700

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
18. sýn fös 18. nóv. - örfá sæti laus
19. sýn lau 19. nóv. - örfá sæti laus
20. sýn fös 25. nóv. - Nokkur sæti
21. sýn lau 26. nóv. - Nokkur sæti
22. sýn. 2. des.
23. sýn. 3. des.

# Stærsta orðabókin í áratugi

**Stóra orðabókin um íslenska málnotkun kemur út í dag. Hún er stærsta orðabók sem út hefur komið hér á landi síðustu áratugi og sú fyrsta sem einnig er gefin út í heild sinni á rafrænu formi.**



**JÓN HILMAR OG STARFSFÓLK ORÐABÓKAR HÁSKÓLANS** Hugmyndin að því að skrifa verk á borð við Stóru orðabókina kviknaði að sögn Jóns fyrir tæpum tveimur áratugum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Jón Hilmar Jónsson hafði veg og vanda af því að ritstýra verkinu, sem telur um 1.600 blaðsíður í stóru broti, en JPV útgáfa gefur það út.

„Ég hlýt að vona að þessi bók sæti nokkrum tíðindum," segir Jón Hilmar og hlær. „Þetta er annars konar verk en eldri klassískar bækur. Ég vildi hugsa til fleiri notendahópa og gera bókina sveigjanlegri en fyrri verk."

Helsta nýjungin mun vera sú að Stóra orðabókin sameinar alhliða lýsingu á íslenskri málnotkun, þar sem orðin birtast í margs konar notkunarsamhengi, til dæmis orðasamböndum af ólíku tagi og samsetningum. „Þetta er því líka samheitaorðabók, auk þess sem það er tenging á milli íslensku og ensku, dönsku og þýsku. Þannig geta erlendir notendur nálgast í gegnum sitt mál það hugtakasvið í íslensku sem þeir hafa áhuga á."



Bókinni er skipt í tvo meginhluta; sjálfa orðabókarlýsinguna með rúmlega þrettán þúsund flettiorðum, en hins vegar er sjálfstæð skrá um öll orð og orðasambönd í orðabókartextanum, um 85 þúsund talsins. Þá fylgir bókinni einnig rafræn útgáfa á geisladiski, en þetta mun vera í fyrsta sinn sem orðabók er gefin út jöfnum höndum prentuð og á rafrænu formi. „Ég held að margir notendur verði þakklátir fyrir það, því rafræna útgáfan býður upp á margvíslega leitarmöguleika sem ekki eru fyrir hendi í prentaðri orðabók," segir Jón.

Það gefur auga leið að verk af þessari stærðargráðu verður ekki til í einu vetfangi. „Já, hún hefur verið ansi lengi í vinnslu," játar Jón Hilmar. „Ætli ég hafi ekki byrjað að hugsa um að semja verk af þessu tagi fyrir 1990 en hugmyndin tók á sig skýrari mynd eftir því sem tíminn leið."

Fyrir nokkrum árum varð hugmyndin að veruleika á sinn hátt í tveimur orðabókum sem Jón ritstýrði, Orðastað sem kom út 1994 og aftur 2001 og Orðaheimi sem kom út 2001. „En þótt þessar bækur væru samfelldar og kölluðust á leitaði ég enn að búningi sem rúmaði þær sem heildstætt verk og Stóra orðabókin er niðurstaðan af því."

Jón Hilmar kveðst ekki búast við að ráðast í annað eins þrekvirki og Stóru orðabókina á næstunni. „Ég veit svo sem ekki hvað tekur við. Ég er nú alltaf að fást við orðaforðann í starfi mínu og kannski mun ég koma einhverju fleiru til leiðar."

bergsteinn@frettabladid.is


Tónleikurinn BÍTL
Föstudag 26/11 LAUS SÆTI
Laugardag 3/12 LAUS SÆTI
"Frábær skemmtun!" VS Fréttablaðið
Landsbankinn
Loft Kastalinn ☎ 552 3000

Leikfélag Mosfellssveitar
Fjórir einþáttungar
eftir Lárus H. Jónsson og Pétur Ragnar Pétursson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
3. sýning Föstud. 18.nóv. kl. 20:00
4. sýning Föstud. 18.nóv. kl. 22:00
5. sýning Sunnud. 20.nóv. kl. 20:00
Síðustu sýningar
*Sýndir eru einþáttungarnir Húð og hitt og Það er frítt að tala í GSM hjá guði eftir Pétur R. Pétursson og Það verður að stoppa þennan mann og Einn dagur í einu eftir Lárus H. Jónsson.*
Sýningin er ekki við hæfi áhorfenda yngri en 16 ára.
Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1000,-
www.leikmos.is

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA

| | | |
|---|---|---|
| fös. | 18.11 | uppselt |
| lau. | 19.11 | uppselt |
| sun. | 20.11 | uppselt |
| fim. | 24.11 | örfá sæti laus |
| fös. | 25.11 | uppselt |
| lau. | 26.11 | uppselt |
| sun. | 27.11 | uppselt |
| fös. | 02.12 | uppselt |
| lau. | 03.12 | uppselt |
| sun. | 04.12 | örfá sæti laus |
| mið. | 07.12 | aukasýning |
| fim. | 08.12 | laus sæti |
| fös. | 09.12 | uppselt |
| lau. | 10.12 | uppselt |
| sun. | 11.12 | laus sæti |
| fim. | 15.12 | laus sæti |
| fös. | 16.12 | laus sæti |
| lau. | 17.12 | laus sæti |

Nánari upplýsingar og miðasala á www.midi.is og í síma: 562 9700
Sýnt í Iðnó kl. 20. Ósóttar pantanir seldar daglega.
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

allt tíska
Alla fimmtudaga

Live music!
Leitaðu ekki langt yfir skammt...
Pottþétt skemmtun í þínu hverfi!
Föstudagskvöld
Hörður G. Ólafsson
Spila frá kl. 23:30-3:00
Frítt inn!
Idol á risaskjá kl. 20:30
Öl og skot á 750,-
Á meða Idol stendur
Laugardagskvöld
Hljómsveitin Vírus
frá kl. 23:30-3:00
Frítt inn!
Ath. Lokað er frá kl. 19:00 - 23:30 vegna einkasamkvæmis.
Carlsberg Léttöl

Matseðill
1. Súpa dagsins með nýbökuðu brauði úr okkar rómaða bakarí kr. 490,-
2. Nachos með salsa og ostasósu kr. 520,-
3. Samloka með skinku, osti, frönskum og sósu. kr. 650,-
4. Ristað Panini með peroni, sveppum, rauðlauk, osti og sinnepssósu borin fram með salati. kr. 680,-
5. Ristað Panini með nautahakki krydduðu að hætti húsins, osti og sinnepssósu borin fram með salati kr. 680,-
6. Djúpsteiktar ostastangir með salsa og ostasósu kr. 790,-
7. Djúpsteiktir jalapenobelgir með salsa og ostasósu kr. 790,-
8. „Hlúnkurinn" samloka svanga mannsins, með skinku, osti, bacon, eggi, salati, frönskum og sósu. kr. 990,-
9. Burritos með kjúkling, salsa og ostasósu borin fram með salati og sýrum rjóma kr. 990,-
10. Súper nachos, gratinerað með krydduðu nautahakki, rauðlauk, jalapeno, salsa, ostasósu og guagamole kr. 990,-
11. „El Gringo" mexikóborgari með guagamole, salsa, ostasósu og grænmeti borinn fram með frönskum og sósu kr. 1.050,-
12. Grilluð kjúklingabringa með BBQ og gráðostasósu borin fram með frönskum kartöflum og salati kr. 1.150,-
13. Stolt staðarins. Klúbbsamloka með kjúkling, baconi, skinku, sveppum, rauðlauk, salati og hunangssinnepssósu borin fram með frönskum og sósu. kr. 1.250,-
14. Franskar kartöflur stór skammtur kr. 400 lítill skammtur kr. 200,-
Tómatsósa kr. 50.- Koktelsósa kr. 100,-

SPORTBAR HOLTAKRÁIN
Kirkjustétt 2-6, Grafarholti S. 567 8197
Samlokur • Pizzur • Hamborgarar • Franskar • Hlaðborð á föstudögum • Heimilismatur í miðri viku

NASA
FÖSTUD. 18. NÓV. 2005
IDOL STJÖRNULEIT
LAUGARD. 19. NÓV. 2005
PAPAR
...KLIKKA EKKI!!! ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
MIÐAVERÐ 1500 KR. / HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
SUNNUD. 20. NÓV. 2005
REGÍNA ÓSK
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1000 KR.
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

Í BÍÓ
Walt Disney Pictures
Litli kjúllinn
ÞEGAR ÞÚ ERT ÞETTA LÍTILL ÞÁ VERÐUR ÞÚ AÐ HUGSA STÓRT!

KRINGLUKRÁIN
- Sérréttamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill
Borðapantanir í síma 568 0878
Fimm á Richter í kvöld
www.kringlukrain.is

Nína og Geiri
söngbók Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
18. nóv. Uppselt svæði 1
19. nóv. Uppselt svæði 1
25. nóv. Uppselt svæði 1
26. nóv. Uppselt svæði 1
2. des. Uppselt svæði 1
3. des. Uppselt svæði 1
4. des. Fjölskyldu jólahlaðborð og sýning klukkan 17
9. des. Uppselt svæði 1
10. des. Uppselt svæði 1
16. des. Uppselt svæði 1
17. des. Uppselt svæði 1
28. jan.
BROADWAY
☎ 5331100 Netfang: midasala broadway.is
Ógreiddir miðar seldir hálfummánuði fyrir viðburð.

## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI



**Dikta:** Hunting for Happiness
**Dimma:** Dimma, tónmilda Ísland
**Garðar Thór Cortes:** Cortes
**Johnny Cash:** The Ring of Fire
**Madonna:** Confessions on a Dancefloor

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Tarantino og Singapore Sling

Leikstjórinn Quentin Tarantino var leystur út með mörgum gjöfum áður en hann yfirgaf land og þjóð í fyrradag.

Tarantino kíkti meðal annars við í Nonnabúð þar sem hann dressaði sig upp, auk þess sem hann fékk að gjöf tvær síðustu plötur með rokksveitinni Singapore Sling. „Hann þekkti ekki sveitina en nú verður vonandi breyting þar á,“ segir Elsa María Blöndal, starfskona Nonnabúðar, sem gaukaði að honum plötunum. „Þetta [Singapore Sling] er uppáhaldshljómveitin mín og ég átti enga aðra diska með íslenskum böndum. Annars hefði ég kannski látið hann fá þá líka,“ segir Elsa María, og bætir því við að Tarantino sé voða indæll og fínn náungi.

Tarantino er þekktur fyrir skemmtilega notkun á tónlist í mynd sínum og hver veit nema Singapore Sling eigi eftir að hljóma í einhverri af næstu myndum kappans. Tarantino hlýddi líka á angurværa tóna Þóris fyrr í vikunni og var því væntanlega ágætlega fóðraður af íslenskri tónlist fyrir heimferð sína.

Singapore Sling er að leggja lokahönd á sína þriðju plötu, sem kemur út eftir tvær til þrjár vikur. Platan nefnist Taste the Blood of Singapore Sling og hefur að geyma sjö lög. Sveitin skartar nú þremur nýjum liðsmönumm; Bíbí á bassa, Birni Viktorssyni trommara og Hákoni Aðalsteinssyni gítarleikara.

„Við stefnum á að fara til Ameríku næsta vor og síðan til Evrópu aftur,“ segir Henrik Björnsson, forsprakki Singapore Sling, um framtíðarplön sveitarinnar. Sling spilaði í Berlín í síðasta mánuði á stað sem nefnist Rio sem eiginmaður elektró-pönk gellunnar Peaches rekur.



## > Plata vikunnar



*„Með annarri plötu sinni festir Þórir sig í sessi sem einn áhugaverðasti tónlistarmaður þjóðarinnar af ungu kynslóðinni.“*

FB

## > Popptextinn

*My daddy left home when I was three*
*And he didn´t leave much to Ma and me*
*Just this old guitar and a empty bottle of booze.*

Kántríhetjan Johnny Cash er í miklu stuði í laginu A Boy Named Sue af plötunni Ring of Fire: The Legend of Johnny Cash.






**TRAVIS** Hljómsveitin Travis undirbýr nýja plötu.

# Tuttugu lög tilbúin

Skoska hljómsveitin Travis hefur tekið upp tuttugu ný lög fyrir næstu plötu sína, sem mun fylgja eftir 12 Memories sem kom út fyrir tveimur árum.

Upptökustjóri plötunnar er Nigel Godrich, sem tók upp þá plötu og einnig The Invisible Band sem kom út 2001. Hann er einnig þekktur fyrir að hafa tekið upp OK Computer með Radiohead. Nýja platan er væntanleg á næsta ári.



**THE DARKNESS** HELDUR EFSTA SÆTI X-DÓMÍNÓSLISTANS MEÐ LAGIÐ ONE WAY TICKET.

## X-DÓMÍNÓSLISTINN

TOPP TÍU LISTI X-FM

| | |
|---|---|
| 1 | **THE DARKNESS** ONE WAY TICKET |
| 2 | **BLOC PARTY** TWO MORE YEARS |
| 3 | **ARCADE FIRE** WAKE UP |
| 4 | **DEATH CAB FOR CUTIE** SOUL MEETS BODY |
| 5 | **JEFF WHO?** THE GOLDEN AGE |
| 6 | **SUPERGRASS** LOW C |
| 7 | **SYSTEM OF A DOWN** HYPNOTIZE |
| 8 | **AMPOP** MY DELUSIONS |
| 9 | **WEEZER** PERFECT SITUATION |
| 10 | **MÍNUSBARÐI** LAST AND LEAST |




**U-MYX** Rokksveitin Sign sendir frá sér nýstárlega smáskífu á mánudaginn.

# Nýstárleg smáskífa frá Sign

Rokksveitin Sign sendir frá sér nýstárlega smáskífu á mánudaginn. Lagið A Little Bit verður fáanlegt sem U-Myx smáskífa á sjö rásum sem gerir öllum kleift að endurhljóðblanda það. Þetta felur í sér að söngurinn er á einni rás, bakraddir á annarri, gítar á þriðju og svo koll af kolli. Þeir sem eiga U-Myx smáskífuna af laginu á tölvunni sinni geta síðan hækkað og lækkað eða tekið rásir út án þess að eiga til þess sérstakt tónlistarforrit.

U-Myx er breskt fyrirtæki sem hefur undanfarin tvö ár þróað þessa nýju tækni. Hingað til hafa hljómsveitir á borð við Muse, Feeder og The Killers gert prufuútgáfur af U-Myx smáskífum sem hafa spurst vel út. Um þessar mundir er U-Myx að byrja að ná hljómgrunni enn stærri nafna og ætla bæði Paul McCartney og Robbie Williams að senda frá sér U-Myx smáskífu á næsta ári.

„Þetta er svo skemmtilega einfalt að við urðum að prufa þetta," segir Egill Rafnsson, trommari Sign. „Þetta er svona smá leikfang sem allir sem hafa aðgang að tölvu geta fiktað í. Þetta er fyrirferðarlítið og einfalt og meira að segja amma getur leikið sér með þetta."

Í framhaldi af útgáfunni hér á landi verður U-Myx smáskífan af A Little Bit gefin út í Bretlandi í febrúar á næsta ári. Þessi nýjung þeirra Sign-liða verður aftur á móti einungis fáanleg á visir.is hér á landi. Í tilefni af útgáfunni mun Sign kynna þessa nýjung í BT og Skífubúðunum um helgina. ■


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Miele

Miele S371 Tango Plus ryksuga með 1800W mótór
Verð áður kr. 21.300

Tilboð:
kr. 14.910

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-gráblàu

30% afsláttur

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Full búð af nýjum vörum







Nýjar barnavörur á tilboðsverði
-50%

dare2be
CRAG HOPPERS
REGATTA
le coq sportif.

Útivistarfatnaður - Sportfatnaður/skór - Skíða/Brettafatnaður
Gönguskór - Bakpokar ofl. ofl.

Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16

ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550 Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450 Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Aðrir söluaðilar: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

# Tilboðin sem þú

Kommnir aftur!

2 Channel/DVD/CD/CDR
CDRW/VCD/SVCD/JPEG
MP3 spilari
Spilar öll kerfi (multi region)
Dolby Digital, AC3 Digital
Theatre Sound (DTS)
Valmyndakerfi NTSC
Afspilun yfir í Pal RCA, Scart,
Coax og Optical tengi
Fjarstýring

## DVD D-421 spilarinn

3999 KR.

DivX

FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI

5999 KR.

*Dolby digital AC3
*Digital Theatre Sound (DTS)
*NTSC afspilun yfir í Pal
*Scart með RGB, RCA
og Component (Y, Pb, Pr) tengi
*Coaxial tengi *Fjarstýring
*Barnalæsing

## Fjölkerfa DVD spilari

FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI
SPILAR: DivX3.11 or above, DivX4.X, DivX5, DivX Pro, Xvid files up to 10M bit-rate.
COMPATIBLE WITH DVD/DVCD/SVCD/VCD/CD/MP3/CD-R/CD-RW/DVD+RW/JPEG/Kodak picture CD
Digital Direct Progessive Scan

SERVÖRU VERSLANIR

## Baksturinn

EKKERT BRUDL

2 kíló!

Hveiti

39 KR.

Smjörlíki 500g

79 KR.

Bónus hamborgarhryggur

899 kg KR.

## Skinkan

Skinka frá SÍLD og FISK

699 kg KR.

## Glæsitilboð á gosi!

HÁLFUR LÍTRI

69 KR.

## Beikonið

Beikon frá SÍLD og FISK

799 kg KR.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# varst að bíða eftir!

**30% afsláttur** við kassann

SVÍNAHNAKKI m/BEINI
**699** kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 999kr.

BÓNUS SVÍNAHAKK
**489** kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 699kr.

BÓNUS SVÍNAKÓTELETTUR
**769** kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1099kr.

BÓNUS SVÍNAGÚLLAS
**769** kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1099kr.

BÓNUS SVÍNASNITSEL
**769** kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1099kr.

# Bónus svínakjöt á góðu verði

KRYDDAÐ LAMBALÆRI
**899** kg KR.
Merkt verð 998kr.
10% AFSLÁTTUR
VIÐ KASSANN

Holta hálfúrb. læri
**598** kg KR.
Merkt verð 997kr.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

Hálfúrbeinuð og skinnlaus
Holta kjúklingalæri

EKKERT BRUÐL

FRISE SALATBLANDA
**199** KR.
200g

Himnesk hollusta
FRISE SALATBLANDA

Kryddað Bónus
lambalæri

**98** KR.
350g

**www.bonus.is**

ERAN/Landlist

bonus.is

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Hipp og kúl hönnunarsýning

Tímaritið Hús og híbýli og Hönnunarvettvangur munu í samstarfi halda sýningu og fagstefnu, sem jafnframt verður fyrsta uppákoman af þessu tagi í nýju Laugardalshöllinni. Tilgangurinn er að skapa vettvang til að kynna allar helstu nýjungarnar í tengslum við hönnun og innréttingu heimila. Eins og nafn sýningarinnar ber með sér eru viðfangsefnin þau sömu og tímaritsins Húsa og híbýla, en það er eitt elsta og vinsælasta blað sinnar tegundar á Íslandi. Samhliða sýningunni kemur út 200. tölublað Húsa og híbýla. Júlía Margrét Alexandersdóttir og Ólöf Jakobína Ernudóttir eru ritstjórar Húsa og híbýla. Þær segja að það verði nóg um að vera á sýningunni.

„Hönnunarvettvangur verður með sýningu á nýrri íslenskri hönnun, listabraut Iðnskólans verður með hönnunarkeppni, 12 jólatré verða skreytt af 12 hönnuðum, kennsla í jólaskreytingum sem eru svolítið öðruvísi en fólk á að venjast, kennsla í brjóstsykursgerð að danskri fyrirmynd. Einnig mun stjórnendur Innlits-Útlits sýna okkur hvernig þau sjá fyrir sér framtíðarstofuna og ætla að klippa þáttinn og vinna meðan á sýningunni stendur þannig að það verður gaman að fylgjast með því. Við getum haldið áfram endalaust,“ segja Júlía og Ólöf brosandi.

Sumir segja að það sé verið að endurvekja gömlu heimilissýninguna. Er eitthvað til í því? „Já og nei. Heimilissýningin var barns síns tíma en þessi viðburður er meira í takt við nútímann. Heimilissýning með áherslu á íslenska hönnun,“ segja þær.

Hér á árum áður var hápunkturinn þegar Hólmfríður Karlsdóttir sýndi draumaíbúð sína á Heimilissýningunni. Það hefur ekki hvarflað að ykkur að sýna íbúð Gillzeneggers eða Unnar Birnu?

„Nei, við ákváðum að sleppa því, allavega þetta árið. Þó að heimili Hólmfríðar hafi átt vel við á sýningu á 9. áratugnum er maður kannski ekki að spila sömu plötuna tuttugu árum síðar. Samt er aldrei að vita nema við prófum það næst, ætlum ekki að sverja það af okkur.“

Þær stöllur segja að sýningin sé sérlega glæsileg.

„Loksins er komin sýning sem svo margir hafa beðið eftir. Við finnum það alveg hvað fólk er glatt og ánægt með þetta framtak og hvað margir hönnuðir eru þakklátir fyrir að fá loksins tækifæri til að koma fram á sýningu sem þessari hér heima,“ segir Ólöf og Júlía bætir við:

„Við hlökkum bara til að sjá ykkur í Höllinni. Við höfum fundið fyrir miklum meðbyr og eigum því ekki von á öðru en að þarna skapist gríðarlega góð stemning og þetta verði eftirminnilegt.“



Ólöf Jakobína Ernudóttir og Júlía Margrét Alexandersdóttir, ritstjórar Húsa og híbýla.

Nýja Harry Potter-myndin:

## Getur vakið börnum ótta

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir barnasálfræðingar vara foreldra við því að leyfa börnum sínum að horfa á nýju Harry Potter-myndina þar sem mörg atriði geti vakið börnunum ótta. Myndin verður frumsýnd í Svíþjóð á föstudag.



**VARAÐ VIÐ POTTER** Rowling, höfundur Potter-bókanna, með nýjustu bókina. Svíar óttast áhrif myndarinnar á börn.

Barnasálfræðingar í Bretlandi höfðu áður varað við því að myndin gæti valdið ungum börnum ótta en tugþúsundir barna um allan heim bíða spennt eftir að fá að sjá myndina.

Þetta kom fram í vefútgáfu Aftonbladet í gær. ■








**MÁLIN REIFUÐ** Birna Pálsdóttir deildarstjóri og Siggi Anton hönnuður.



**MEÐ BROS Á VÖR** Kjartan Aðalbjörnsson sölumaður, Jón Hilmar Jónsson, Sigríður Karlsdóttir.

# *Húsgagnakynning*

Á laugardaginn var húsgagnaverslun Pennans með sérstaka hönnunardaga þar sem erlendir húsgagnahönnuðir voru sérstakir gestir. Claudia Pikat og Roland Zwick frá Studio 7,5 sem hönnuðu Mirra-stólinn fyrir Herman Miller héldu fyrirlestur, en stóllinn hefur hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir framúrskarandi hönnun. Einnig var kynnt glæsileg hönnun frá Vitra design museum, og ný skrifstofuhúsgögn eftir Valdimar Harðarson, arkitekt. Gestir gæddu sér á léttum veitingum og virtu fyrir sér hönnunarverkin og aðrar nýjungar hjá Pennanum.



**HÖNNUÐIRNIR** Claudia Pukat, Jo Holmes og Roland Swick.



**ÁNÆGÐ MEÐ KYNNINGUNA** Birna Pálsdóttir deildarstjóri, Valdimar Harðarson arkitekt, Walter Haberthur markaðsstjóri, Dóra Vilhjálmsdóttir innanhúsarkitekt, Lúðvík Bjarnason sölustjóri.






**HINN FULLKOMNA HELGI: JÓN ATLI ER PARTÍTRÖLL**

## *Sameinar vinnu & skemmtun*

Jón Atli Helgason, hárgreiðslumaður og forsprakki hljómsveitarinnar Hairdoctor, á sér sína draumahelgi. „Hún byrjar á því að ég fer í hljóðverið og bý til besta lag í heimi með Árna vini mínum. Fer síðan heim til foreldra minna á Hvolsvelli með kærustunni minni og knúsa þau aðeins en við skötuhjúin förum eftir það að þeysast um á snjósleða. Næst liggur leiðin á skemmtistaðinn Sirkus þar sem ég sný skífum og slæ stólametið þegar meira en fimmtán manns standa uppi á stól og dansa,“ segir Jón Atli og bætir því við að sunnudagurinn fari í leti í Laugum og ljúki loks með góðri bíómynd.

Jón Atli telur sig reyndar yfirleitt lifa sína fullkomnu helgi að undanskilinni snjósleðaferðinni. „Ég er yfirleitt plötusnúður um helgar og fyrir partítröll eins og mig er það draumastaðan. Að fá borgað fyrir að skemmta mér,“ útskýrir hann en bætir því við að þynnkan væri ekki þegar draumahelgin væri annars vegar.



**JÓN ATLI HELGASON** Eyddi einu sinni helgi í að spila á elsta hórubar Kaupmannahafnar, sem hefur verið breytt í stað fyrir lesbíur.




FRÍTT Í 14 DAGA!

Við hjá tónlist.is höfum aukið þjónustu okkar og opnum nú sjónvarpsstöð með tónlistarmyndböndum þar sem þú stjórnar dagskránni. Yfir 1.000 myndbönd og tónleikar með íslenskum og erlendum listamönnum. Fáðu prufuáskrift í 14 daga og þar með aðgang að 50.000 íslenskum lögum og yfir 1.000 tónlistarmyndböndum.



Misstir þú af Sálinni í Köben? Þú sérð hana á Tónlist.is!

TONLIST.IS










# Uppselt á Cortes

Uppselt er á fyrri útgáfutónleika söngvarans Garðars Thórs Cortes í Grafarvogskirkju klukkan 18.00 þann 3. desember.

Enn eru til miðar á seinni tónleikana sem verða klukkan 21.00 sama kvöld. Þar kemur Garðar fram ásamt tæplega þrjátíu manna hljómsveit undir stjórn föður síns, Garðars Cortes. Fyrsta sólóplata Garðars Thórs er nýkomin út og hefur fengið góðar viðtökur. ■



**GARÐAR THÓR CORTES** Uppselt er á fyrri útgáfutónleika Garðars Thórs Cortes þann 3. desember.






# Hringnum lokað

**[DVD]**

**UMFJÖLLUN**

Sumar kvikmyndir eru þess eðlis að manni finnst maður verða að eignast þær. Allar Stjörnustríðsmyndirnar sex eru þannig þó þær séu misjafnar að gæðum. DVD-safn allra fullgildra Star Wars nörda verður nú loks fullkomnað með útkomu Episode III: Revenge of the Sith.

Þessi lokamynd seinni Stjörnustríðsþríleiks George Lucas er sú langbesta í seinni bálknum og er því miklum mun eigulegri en Episode I og Episode II sem maður er auðvitað samt löngu búinn að kaupa.

Í þessum magnaða lokakafla fylgjumst við með falli Anakins geimgengils sem rís upp sem erkiskúrkurinn Svarthöfði í lok myndar. Fallið er flott og myndin tengir þríleikina tvo smekklega saman þannig að maður er alveg til í að skella Episode IV: A New Hope í spilarann um leið og maður er búinn með Revenge of the Sith.

Það er samt ekki síst aukaefnið á DVD-diskunum sem forfallnir Stjörnustríðsaðdáendur eru á höttunum eftir og það er óhætt að segja að Lucas sjái vel um sína. Það er vel staðið að útgáfum Episode III sem kemur á tveimur DVD-diskum. Sá fyrri geymir myndina sjálfa í toppgæðum auk þess sem hægt er að hlusta á Lucas og helstu samstarfsmenn hans ræða gerð myndarinnar á meðan hún rúllar í gegn. Þessi bónus höfðar auðvitað ekki til allra en fyrir okkur sem viljum vita allt um það sem gerist í hausnum á George Lucas er þessi viðbót hvalreki.




**STAR WARS EPISODE III**

**Leikstjóri:** GEORGE LUCAS

**Niðurstaða:** Þessi lokamynd seinni Stjörnustríðsþríleiks George Lucas er sú langbesta í seinni bálknum.

Annað aukaefni stendur einnig fyllilega fyrir sínu. Tveggja tíma heimildarmynd um allar þær tæknideildir sem koma að gerð Star Wars veitir skemmtilega innsýn í gerð þessara tröllvöxnu tækniundra sem þessar myndir eru. Rúsínan í pylsuendanum eru svo vitaskuld fjórar senur sem komust ekki að í lokaklippi myndarinnar. Hér þurfa Obi-Wan og Anakin meðal annars að horfa upp á General Grievous drepa varnarlausan Jedi-riddara, Padmé þvælist í pólitík með framtíðarleiðtogum uppreisnarmanna og svo fáum við að sjá Yoda stíga frá borði þegar hann kemur í útlegð sína til Dagobah. Allt eru þetta skemmtilegar viðbætur sem hefðu sómt sér vel í myndinni þó Lucas hafi ákveðið að fórna þeim fyrir heildarhagsmunina.

**Þórarinn Þórarinsson**







## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| LORD OF WAR | KL. 5.45-8-10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR VIP | KL. 8-10.30 | |
| ELIZABETH TOWN | KL. 5.30-8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 | |
| LITLI KJÚLLINN VIP ísl. tal | KL. 4-6 | |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 4-6-8-10.10 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 10.30 | B.I. 12 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 4-6-8-10.10 | |
| FLIGHTPLAN | KL. 8.15 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 3.45 | |

## KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 |
| SERENITY | KL. 8-10.30 |
| ZORRO 2 | KL. 8 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 10.30 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 |

## AKUREYRI

| | |
|---|---|
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 |
| SERENITY | KL. 8-10.10 |
| LORD OF WAR | 8-10.10 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| SERENITY | KL. 5.45-8.10-10.30 | B.I. 16 |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 6 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8-10.30 | B.I. 12 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 4 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| LORD OF WAR | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 16 |
| ELIZABETH TOWN | KL. 8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN | KL. 6 | |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 6 | |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 8-10 | |

| | |
|---|---|
| THE MARCH OF THE PENGUINS | KL. 6-8-10 |
| VOKSNE MENNESKER | KL. 10 |
| DRABET | KL. 8 |
| HIP HIP HORA! | KL. 6 |

Háskólabíó


# Scorsese hættur að gera Hollywood-myndir

Mikill titringur er innan bandaríska kvikmyndaiðnaðarins eftir að Martin Scorsese tilkynnti á Marrakech-kvikmyndahátíðinni í Marokkó að hann væri hættur að búa til „Hollywood-myndir“. Scorsese hefur lengi verið meðal fremstu leikstjóra kvikmyndasögunnar og á að baki tímalausa snilld eins og Raging Bull og Goodfellas að ógleymdri Taxi Driver.

Leikstjórinn goðsagnakenndi sagðist vilja einbeita sér frekar að heimildarmyndum og stuttmyndum. Hann hefur fengið mikið lof fyrir mynd sína um Bob Dylan og það skyldi því aldrei vera að Scorsese fengi loksins Óskarinn fyrir heimildarmynd en það væri væntanlega saga til næsta bæjar enda hefur hann aldrei fengið styttuna góðu fyrir leiknar myndir sínar.

Það er þó ekki alveg komið að þessum tímamótum því um þessar mundir er Scorsese að leggja lokahönd á The Departed. Þá hefur hann í bígerð kvikmyndina Silence en hún fjallar um prest sem flyst til Kína í þeim tilgangi að kristna landið. Eftir að gerð hennar lýkur hyggst Scorsese hægja aðeins á ferðinni. ■



**SCORSESE OG DICAPRIO** Martin Scorsese segist vilja leggja meiri áherslu á gerð heimildarkvikmynda og stuttmynda. Hann hyggst hætta gerð „Hollywood-mynda“.



**SÁLIN HANS JÓNS MÍNS** Nýjasta plata Sálarinnar hefur notið mikilla vinsælda að undanförnu.

# Áritun á Akureyri

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns mun árita nýjustu plötu sína, Undir þínum áhrifum, í Pennanum á Glerártorgi á Akureyri næstkomandi laugardag klukkan 16.00. Síðar um kvöldið treður sveitin upp í Sjallanum.
Nýja platan hefur notið mikilla vinsælda og var í efsta sæti Tónlistans í tvær vikur. Myndbönd frá útgáfutónleikum Sálarinnar í Kaupmannahöfn er nú hægt að sjá á heimasíðunni tonlist.is. ■









# Svíng frá Bjarna Ara

Nýjasta plata Bjarna Ara, Svíng, er komin út. Á plötunni leikur Bjarni sér að íslenskum og erlendum dægurlögum við undirleik stórsveitar undir dyggri stjórn Þóris Úlfarssonar.

Á meðal laga plötunnar er Allur lurkum laminn, Undarlegt með unga menn, Ef þú ert mér hjá og Ástaróður þar sem Bjarni syngur dúett með Helga Björns. Síðasta plata Bjarna, Er ástin þig kyssir, kom út fyrir þremur árum við góðar undirtektir. ■



**BJARNI ARA** Söngvarinn Bjarni Ara hefur gefið út nýja plötu.







NFS ER KOMIN Í LOFTIÐ!

Frá morgni til miðnættis. Stilltu strax á okkur og fylgstu með frá upphafi!

digital ísland | vísir VEFTV



## FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER 2005

**07:00** Ísland í bítið
Morgunþáttur í umsjá Heimis Karlssonar og Ragnheiðar Guðfinnu Guðnadóttur.

**09:00** Fréttavaktin fyrir hádegi
Frétta-, þjóðmála- og dægurmálaþáttur í umsjá Lóu Aldísardóttur og Hallgríms Thorsteinssonar.

**12:00** Hádegisfréttir
- **12:14** Markaðurinn
- **12:15** Íþróttafréttir
- **12:20** Veðurfréttir
- **12:28** Leiðarar dagblaða
- **12:40** Hádegisviðtal

**13:00** Íþróttir
Íþróttaþáttur í umsjá Þorsteins Gunnarssonar.

**14:00** Hrafnaþing/Miklabraut
Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar (þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga). Miklabraut er í umsjá Sigurðar G. Tómassonar (mánudaga og miðvikudaga).

**15:00** Fréttavaktin eftir hádegi
Frétta-, þjóðmála- og dægurmálaþáttur í umsjá Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur og Þorfinns Ómarssonar.

**18:00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður
- **18:00** Fréttayfirlit
- **18:02** Ítarlegar veðurfréttir
- **18:12** Íþróttafréttir
- **18:30** Kvöldfréttir NFS
- **18:54** Ísland í dag
- **19:30** Yfirlit frétta og veðurs

**19:35** Kvölddagskrá
Samantekt frá því fyrr um daginn.

**20:10** Endurtekinn íslenskur fréttaþáttur frá liðinni helgi.

**21:10** 48 Hours
(Out Of The Shadows)
Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

**22:00** Fréttir, íþróttir og veður

**22:20** Samantekt af Fréttavakinni frá því fyrr um daginn.

**Fréttir og fréttayfirlit á heila og hálfa tímanum.**

NFS

**ALLTAF, ALLS STAÐAR**



## Sölvi Geir meiddur

Varnarmaðurinn Sölvi Geir Ottesen er með slitið krossband og verður frá í 7-8 mánuði. Þetta er mikið áfall fyrir Sölva Geir, sem var nýbúinn að festa sig í sessi í íslenska landsliðinu en um leið lán í óláni þar sem keppni í sænsku úrvalsdeildinni er nýlokið og ætti Sölvi því að geta leikið með þegar líður á næstu leiktíð.

**sport**
sport@frettabladid.is

GRÉTAR SIGFINNUR SIGURÐSSON: GRIPINN GLÓÐVOLGUR AF MAGNÚSI GYLFASYNI Í EGILSHÖLLINNI

# *Stóð Grétar að verki en tók engar myndir*



Deila knattspyrnumannsins Grétars Sigfinns Sigurðssonar og Víkings er langt frá því að vera til lykta leidd. Grétar lifir enn í þeirri von að geta leikið með Val á næstu leiktíð en hann neitar að æfa með Víkingum þótt hann sé samningsbundinn félaginu. Hann braut síðan samninginn á þriðjudag þegar hann mætti á æfingu hjá Val án leyfis frá Víkingi. Það reyndist ekki skynsöm ákvörðun hjá Grétari því hann var gripinn í bólinu.

„Ég fékk veður af því að hann væri að æfa með Val uppi í Egilshöll og ákvað að sjá það með eigin augum þar sem ég trúði því ekki. Svo þegar ég kom í Egilshöllina sá ég að þetta var satt því Grétar var á æfingunni," sagði Magnús Gylfason, þjálfari Víkings, í gær en hann fundaði með Grétari vegna málsins á miðvikudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hélt Magnús því fram að hann hefði tekið myndir af Grétari á æfingunni og ætti því sönnunargögn fyrir samningsbrotinu. Því neitaði Magnús í gær. „Ég sé ágætlega og þurfti ekki að taka neinar myndir til að sjá að hann var á æfingunni."



Grétar vildi lítið tjá sig um málið í gær en hann hélt utan til London seinnipartinn. Meðan hann hvílir sig á deilunni munu málsaðilar funda. Víkingar hafa sýnt mikla staðfestu í málinu en sumir þeirra eru búnir að fá um það bil nóg og því er enn vel í myndinni að Víkingur selji hann til Vals eins og Grétar hefur óskað eftir.

## > Við furðum okkur á...

... vinnubrögðum Viggós Sigurðssonar, landsliðsþjálfara i handbolta, og landsliðsvali hans en hann valdi fjóra markverði og fjóra örvhenta leikmenn í sextán manna hóp sinn í gær. Samt var ekkert pláss fyrir hinn stórefnilega örvhenta leikmann Ásgeir Örn Hallgrímsson. Viggó hefur ekki borið sig eftir upplýsingum um hvernig ástandi hann sé í og það ekki í fyrsta skipti. Stutt er síðan upp komst um slæleg vinnubrögð þjálfarans þegar hann sagði Roland Eradze meiddan á meðan hann var í fullu fjöri með Stjörnunni. Þá aflaði Viggó sér heldur engra upplýsinga og uppákoman vægast sagt neyðarleg.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

15 16 17 **18** 19 20 21

### Föstudagur

**LEIKIR**

19.15 **KA** og **Afturelding** mætast í DHL-deild karla í handbolta á Akureyri.

19.15 **Fjölnir** og **KR** mætast í Powerade-bikar karla í körfubolta í Laugardalshöll.

20.30 **Keflavík** og **Njarðvík** mætast í Powerade-bikar karla í körfubolta í Laugardalshöll.

**LEIKIR**

07.00 **Olíssport** á Sýn. Sýnt fjórum sinnum til 09.00 og svo aftur kl. 18.00.

18.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.

19.00 **Gilette-sportpakkinn** á Sýn.

20.00 **Motorworld** á Sýn.

20.00 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttaþáttur um þessa stærstu deild í heimi.

22.00 **Sýn 10 ára** á Sýn. Skemmtiþáttur í tilefni af 10 ára afmæli sjónvarpsstöðvarinnar. Endursýning frá því í gær.

23.15 **NBA** á Sýn. Sýndur verður leikur Boston og Chicago frá 1986 þar sem 21 árs gamall Micheal Jordan skoraði 63 stig.

02.40 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá einvígi Castillo og Corrales frá því í maí á þessu ári.

05.55 **A1 Grand Prix** á Sýn. Bein útsending frá heimsbikarnum í kappakstri.

Markús Máni Michaelsson:

## Gæti misst af EM

**HANDBOLTI** Þýska handknattleiksfélagið Dusseldorf og íslenska landsliðið í handknattleik varð fyrir miklu áfalli á miðvikudag þegar Markús Máni Michaelsson meiddist í leik gegn Lemgo,

Markús lenti illa með þeim afleiðingum að hnéskelin færðist úr stað. Lækni Lemgo tókst að setja hana aftur á sinn stað. Meiðslin gætu verið mjög leiðinleg og jafnvel haldið Markúsi frá keppni svo vikum skiptir, Ef það verður niðurstaðan missir hann af EM í Sviss sem fram fer í lok janúar.



**MARKÚS MÁNI** Lenti í skelfilegu óhappi.

# David May á leið til Fylkis?

**Fyrrum varnarmaður Manchester United, David May, er í viðræðum við Fylki um að spila með félaginu í Landsbankadeildinni næsta sumar. Hann mun í janúar svara Árbæingum, sem eru vongóðir um að landa stjörnunni.**

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að hafa misst fjölda leikmanna í vetur eru Fylkismenn ekki af baki dottnir, þeir hugsa stórt og jafnvel stærra en önnur íslensk félög þegar kemur að leikmannamálum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru Fylkismenn í samningaviðræðum við fyrrum stjörnu enska stórliðsins Manchester United, David May.

May, sem lék með Manchester United á Ian Rush-mótinu í Egilshöll á dögunum, hefur verið í viðræðum við Fylki í nokkurn tíma og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hann tekið vel í þá hugmynd að koma hingað og leika knattspyrnu næsta sumar. Það sem helst gæti staðið í vegi fyrir því að May komi hingað er að hann er nýbúinn að stofna fyrirtæki sem gæti tekið mikið af hans tíma.

Stjórnarmenn í Fylki vildu ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað en heimildir Fréttablaðsins herma að May muni gefa Fylki svar í janúar.

Fari svo að May komi verður hann annar fyrrum leikmaður Manchester United sem kemur hingað til lands en ekki er langt síðan Lee Sharpe lék nokkra leiki með Grindavík.

May var í frægu liði Man. Utd. sem vann þrennuna árið 1999 og hann vann einnig fjölda meistaratitla með enska félaginu. May er uppalinn hjá Blackburn en var keyptur til United árið 1994 fyrir eina milljón punda. Hann fann strax fyrir velgengni hjá sínu nýja félagi því United varð meistari 1995.

May var keyptur til liðsins sem arftaki Steve Bruce við hlið Gary Pallister í miðri vörn United. Tækifæri Mays voru af skornum skammti til að byrja með en hann fékk almennilegt tækifæri leiktíðina 1996-97 þegar Bruce var hættur. Hann tók það báðum höndum, lék mjög vel og vann sér fast sæti í byrjunarliðinu.

Hann var valinn í enska landsliðið hjá Glenn Hoddle 1997 en þurfti að draga sig úr hópnum vegna meiðsla. Samkeppnin leiktíðina á eftir var hörð með tilkomu Ronny Johnsen og Henning Berg. May var stöðugt meiddur og fljótlega kom í ljós að hann var ekki hugsaður sem framtíðarmaður.

Það varð síðan klárt þegar Sir Alex Ferguson, stjóri United, pungaði út rúmum tíu milljónum punda fyrir Hollendinginn Jaap Stam. Engu að síður var May mikilvæg varaskeifa og sem slík upplifði hann einstakt tímabil hjá Man. Utd. árið 1999 þar sem hann átti reyndar ágæta spretti á köflum.

May er 35 ára gamall og lagði skóna á hilluna fyrir einu og hálfu ári síðan. Hann yrði eflaust ekki lengi að koma sér í form kysi hann svo og sem slíkur yrði hann Fylki vafalaust gríðarlegur liðsstyrkur.

**henry@frettabladid.is**



**MARGFALDUR MEISTARI** David May sést hér lyfta Englandsbikarnum en hann vann marga sæta sigra með United, þar á meðal Meistaradeildina árið 1999.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR** Mistókst í þriðja sinn á úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina.

Ragnhildur Sigurðardóttir:

## Úr leik á Spáni

**GOLF** Ragnhildur Sigurðardóttir mun ekki taka þátt í Evrópumótaröð kvenna í golfi en hún féll úr leik á úrtökumótinu á Spáni í gær. Hún lék fyrsta hringinn á 80 höggum og í gær kom hún í hús á 84 höggum, ellefu yfir pari.

Það nægði engan veginn en aðeins 44 þáttakendur af 118 komust áfram á annað stig mótsins sem hefst í dag. Þá hefur Ólöf María Jónsdóttir keppni og vonandi gengur henni betur en Ragnhildi.

**- hbg**

Handboltalandsliðið:

## Miklar breytingar

**HANDBOLTI** Landsliðshópurinn sem mætir Norðmönnum í þrem vináttulandsleikjum um næstu helgi var tilkynntur í gær. Miklar breytingar eru á hópnum en Markús Máni Michaelsson er meiddur og Ólafur Stefánsson og Sigfús Sigurðsson eiga ekki heimangengt.

Fylkismennirnir Hlynur Morthens og Heimir Örn Árnason koma óvænt inn og Einar Örn Jónsson snýr aftur. Ekkert pláss er aftur á móti fyrir Ásgeir Örn Hallgrímsson.

**LANDSLIÐSHÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| **BIRKIR ÍVAR GUÐMUNDSSON** | **HAUKAR** |
| GÍSLI GUÐMUNDSSON | ÍR |
| **HLYNUR MORTHENS** | **FYLKIR** |
| HREIÐAR GUÐMUNDSSON | KA |
| **BALDVIN ÞORSTEINSSON** | **VALUR** |
| ALEXANDER PETERSON | GROSSWALLSTADT |
| **EINAR HÓLMGEIRSSON** | **GROSSWALLSTADT** |
| EINAR ÖRN JÓNSSON | TORREVIEJA |
| **GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** | **GUMMERSBACH** |
| HEIMIR ÖRN ÁRNASON | FYLKIR |
| **JALIESKY GARCIA PADRON** | **GÖPPINGEN** |
| RÓBERT GUNNARSSON | GUMMERSBACH |
| **SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON** | **MINDEN** |
| VIGNIR SVAVARSSON | SKJERN |
| **VILHJÁLMUR HALLDÓRSSON** | **SKJERN** |
| ÞÓRIR ÓLAFSSON | LUBBECKE |




Er Jesú uppsprettan í þínu lífi?

Linda Bergling hefur komið nokkrum sinnum til okkar áður. Fyrir fjórum árum vorum við með ráðstefnu um páska með henni sem kallast „Jesú læknar og reisir okkur upp".

Linda og maður hennar Gunnar Bergling eru með kirkju og Biblíuskóla sem heitir Arken, í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Aðalþjónusta Lindu er að fólk fái nýja sýn á lífið og sjái Jesú sem uppsprettu sína og sem lausn á öllum sínum málum

Vegurinn stendur fyrir samkomum með Lindu Bergling

Föstudagur 18. nóvember: Kl. 20:00, samkoma
Laugardagur 19. nóvember: Kl. 10:00 – 13:00
Fyrirbæn, þar sem þjónað er til folks í bæn
(Svíarnir kalla þetta Flæðisbæn)
Kl. 20:00, samkoma
Sunnudagur 20. nóvember: Kl. 19:00, samkoma

Vegurinn
Smiðjuvegi 5
200 Kópavogur
Sími 564 2355
www.vegurinn.is



**ALDO DUSCHER** Duscher ætlar sér að fara frá Deportivo í janúar.

Duscher fer frá Deportivo:

# Fer allt eftir peningunum

**FÓTBOLTI** Argentínumaðurinn Aldo Duscher, sem nú er orðaður við nokkur félög í ensku úrvalsdeildinni, segir peningana skipta öllu máli um hvert hann muni fara. „Peningarnir munu á endanum ráða úrslitum um það hvert ég mun ákveða að fara," sagði Duscher kokhraustur við fjölmiðla í gær. Manchester United og Newcastle United eru sögð vera líklegust til þess fá Duscher í sínar raðir en hann hefur einnig verið orðaður við lið á Ítalíu og á Spáni. „Þegar ég fer frá Deportivo ætla ég mér að taka skref upp á við. Vissulega eru Manchester United og Newcastle stór félög en ég mun taka mér góðan tíma í að velja hvert ég mun fara." - mh



**GYLFI EINARSSON** Gylfi hefur ekki átt fast sæti í liði Leeds United að undanförnu.

Gylfi meiddist á öxl:

# Frá í tvær til þrjár vikur

**FÓTBOLTI** Íslenski landsliðsmaðurinn Gylfi Einarsson, leikmaður Leeds United á Englandi, verður frá keppni í að minnsta kosti þrjár vikur en hann meiddist á öxl í leik með varaliði Leeds gegn varaliði Birmingham í fyrrakvöld.

Gylfi lenti illa á öxlinni eftir að hafa stokkið upp í skallaeinvígi og hitti hann sérfræðing í gær sem staðfesti að Gylfi gæti orðið frá keppni í allt að mánuð vegna meiðslanna.

Gylfi hefur ekki átt fast sæti í byrjunarliði Leeds að undanförnu og hefur þurft að sætta sig við það að sitja á bekknum löngum stundum. - mh

Slagsmálin í Tyrklandi draga dilk á eftir sér:

# Tyrkjum verður refsað harkalega af FIFA

**FÓTBOLTI** Sepp Blatter, forseti Alþjóðaknattspyrnusambandsins, lýsti þungum áhyggjum sínum yfir hegðun leikmanna og áhorfenda í Tyrklandi í gær, en mikil ólæti brutust út að leik loknum þar sem leikmenn Tyrklands og Sviss lentu í slagsmálum í Istanbul.

Leikmenn beggja liða slógust heiftarlega og var varnarmaður Tyrklands, Alpay, þar fremstur í flokki. „Það eitthvað mikið að í Tyrklandi. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ólæti brjótast út þar í landi. En ég hef aldrei séð neitt þessu líkt," sagði Blatter á blaðamannafundi í gær.

Tyrkir féllu úr keppni eftir að hafa unnið Sviss 4-2 en það dugði ekki til þar sem Sviss vann fyrri leikinn 2-0 og komst því áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli. Þegar flautað var til leiksloka ætlaði allt um koll að keyra og höfu áhorfendur að kasta öllu lauslegu inn á völlinn, auk þess sem leikmönnum lenti saman þegar þeir reyndu að forða sér af vellinum. Slagsmálin héldu svo áfram inni í göngunum sem leiða til búningsherbergja og þurfti einn leikmanna Sviss, Stephane Grichting, að fara á sjúkrahús. - mh



**HLAUPIÐ TIL BÚNINGSHERBERGJA** Leikmenn Sviss þurftu að hraða sér af vellinum í Istanbul vegna skrílsláta áhorfenda.







# Fótboltaiðnaðurinn: 1000 milljarða virði

**Evrópska knattspyrnan hefur aldrei verið vinsælli þar sem Meistaradeild Evrópu dregur vagninn. Stórfyrirtæki bíða í röðum og slást um að gera samstarfssamninga við stærstu félögin.**

Þrátt fyrir að aldrei hafi verið eins dýrt fyrir stórfyrirtæki að gera samstarfssamninga við knattspyrnufélög í úrvalsdeildum Evrópu standa þau í röðum og slást um félögin. Evrópska knattspyrnan hefur aldrei verið vinsælli og talið að velta hennar sé hátt í 1000 milljarðar íslenskra króna á ári, samkvæmt samantekt endurskoðendafyrirtækja undanfarin ár.

Heildartekjur félaganna í fimm stærstu deildum Evrópu; þeirri ensku, spænsku, ítölsku, þýsku og frönsku, námu um 500 milljörðum króna á síðasta ári, sem var tveggja prósenta aukning frá árinu áður samkvæmt úttekt Deloitte. Enska úrvalsdeildin er langstærst með 156 milljarða. Ítalska deildin var í 2. sæti með 91 milljarð en spænska deildin í 3. sæti með 75 milljarða, sem var þrettán prósenta aukning frá leiktíðinni á undan.



**ÁRANGURSRÍK SAMVINNA** Carlsberg-auglýsingin er orðin órjúfanlegur hluti af Liverpool-búningnum.

## Rekstur íslenskra félaga tekið stakkaskiptum

Meðalrekstur á knattspyrnudeild í Landsbankadeildinni virðist vera í kringum fimmtíu milljónir króna en teygir sig allt frá þrjátíu milljónum og upp í hundrað þar sem fjármagnið er mest, eftir því sem næst verður komist.

Formenn og framkvæmdastjórar knattspyrnuliða á Íslandi sem haft var samband við segja rekstur félaganna hér hafa tekið stakkaskiptum undanfarin fimmtán ár.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, tekur undir það.

„Áhugamennskan réði ríkjum að stærstum hluta fyrir fimmtán árum á Íslandi. Í dag fyrirfinnast leikmenn sem hafa lifibrauð sitt af stórum hluta af að spila knattspyrnu. Rekstur félaganna er miklu faglegri enda gerðar strangari kröfur af hálfu KSÍ. Ég fullyrði að jafnvægið í rekstri félaganna er betra og ég vænti þess að kollsteypum fari fækkandi,“ segir Geir.

Formaður í félagi í Landsbankadeildinni, sem ekki vill láta nafns síns getið, segir að því miður sé ennþá eitthvað um svartar greiðslur í fótboltanum, sérstaklega til útlendinga sem helst vilja fá greitt í evrum eða dollurum. Langstærsti hluti bókhaldsins hjá félögunum sé uppi á borði en til séu félög sem séu með allt sitt á hreinu. Í dag er skilyrt af hálfu KSÍ að til þess að félög fái keppnisleyfi í Landsbankadeild þurfi ársreikningur að vera samþykktur af löggiltum endurskoðanda.

„Þróunin er sú að reksturinn hjá flestum er í járnum. Félögin eru ekki að græða peninga, umfangið hefur margfaldast en samt ekki þessi skuldasöfnun sem vissulega var,“ segir Geir.

## Carlsberg og Wimbledon

Stór hluti tekna hjá öllum knattspyrnufélögum er í gegnum samstarfssamninga við fyrirtæki. En hvers vegna leggja fyrirtæki svona mikið upp úr því að auglýsa sig í gegnum knattspyrnuna?

Árið 1988 var sölustjóri danska bjórfyrirtækisins Carlsberg á heimleið úr vinnunni þegar fulltrúi Wimbledon hringdi í hann. Wimbledon komst þá um vorið mjög óvænt í úrslitaleik ensku bikarkeppninnar þar sem andstæðingurinn var stórlið Liverpool. Spurt var: Er Carlsberg tilbúið að greiða 15.000 pund (1.700 þúsund krónur) fyrir að setja merki fyrirtækisins framan á búninginn í bikarúrslitaleiknum?

„Þetta er líklega besta fjárfestingin okkar,“ segir Keld Strudahl, markaðsstjóri Carlsberg, við sænska blaðið GP. Leikurinn vakti mikla athygli, ekki síst fyrir þær sakir að Wimbledon vann Liverpool afar óvænt og varð bikarmeistari. Yfirmenn Carlsberg sáu einfaldlega á sölutölum hve gríðarlega góð auglýsing þessi leikur var fyrir fyrirtækið og síðan þá hefur það að mestu leyti einbeitt sér að markaðssetningu í tengslum við knattspyrnu en einnig aðrar íþróttir. Í dag er Carlsberg helsti styrktaraðili Liverpool og auglýsir framan á búningnum líkt og undanfarin þrettán ár. Carlsberg greiðir hálfan milljarð á ári fyrir það.

Carlsberg hefur verið einn af aðalstyrktaraðilum Evrópumótsins í knattspyrnu síðan 1988. Á EM í Portúgal 2004 þurfti fyrirtækið að greiða 1.200 milljónir króna fyrir EM-pakkann. Carlsberg var með eigin „stúku“ á vellinum til þess að þjónusta gesti sína. Carlsberg var með hvorki fleiri né færri en 300 manns í vinnu í tengslum við EM 2004. Þá hefur Carlsberg keypt úrslitaleikinn í Evrópukeppni félagsliða.

„Stórviðburðir í fótbolta eru úrvals tækifæri til þess að bjóða bæði okkar stærstu viðskiptavinum og lykilpersónum víða að því þeir vilja allir sjá fótbolta,“ segir Strudahl, markaðsstjóri Carlsberg, sem hefur úr rétt tæpum fimm milljörðum króna úr að spila í markaðssetningu á ári.

Flestir hefðu haldið að stóru klúbbarnir í Evrópu biðu með rauða dregla fyrir markaðsstjóra Carlsberg en þeir eru einfaldlega ekki einir um hituna.

„Áður fyrr komu félögin í röðum til okkar. Í dag hefur þróunin snúist við. Við þurfum alltaf að vera á staðnum til að hitta réttu persónurnar,“ segir Strudahl og bendir á að Meistaradeildin hafi langmesta aðdráttaraflið.



**BESTA AUGLÝSINGIN** Danski bjórframleiðandinn Carlsberg tók áhættuna fyrir bikarúrslitaleikinn 1988 þegar þeir gerðu samning við Wimbledon sem mætti Liverpool í úrslitum. Sá samningur átti heldur betur eftir að borga sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## Danir og Rosenborg til fyrirmyndar

Uppgangur fótboltans á síðasta áratug síðustu aldar var ævintýralegur. Peningastreymið í íþróttina virtist engan endi ætla að taka með sjónvarpspeningum og samstarfssamningum, sérstaklega árin 1994-2000. Norðurlöndin fóru ekki varhluta af þessari þróun. Sænska liðið IFK Gautaborg velti 800 milljónum metárið 1994 en þar af voru tekjur vegna Meistaradeildarinnar 630 milljónir! Á tíu árum þrefölduðust tekjur sænskra félaga, frá tveimur milljörðum í sex, aðallega vegna þátttöku í Evrópukeppnum og sölu á leikmönnum. Á þremur árum tvöfölduðust laun í sænsku úrvaldeildinni og sömu sögu er að segja af Noregi en Danir hafa verið í fararbroddi hvað varðar tekjuöflum.

Tekjubomba varð einnig í íslenskum fótbolta og þrjú félög stofnuðu hlutafélag.

Bæði norsk og sænsk félög líta til Danmerkur sem fyrirmyndar í að auka tekjur, sérstaklega á leikdegi. Þá eiga dönsk félög leikvangana og hafa hannað þá í þeim tilgangi að leigja út til að drýgja tekjurnar. FC Kaupmannahöfn datt í lukkupottinn með byggingu Parken. Félagið malar gull með útleigu og á þeirri þjónustustarfsemi sem fram fer í húsinu. Þrátt fyrir það gengur danska stórfélaginu ekki að komast í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Það hefur hins vegar norska liðið Rosenborg gert ár eftir ár og spilað skynsamlega úr fjármununum. Í bankanum á félagið mörg hundruð milljónir króna og hefur selt ófáa leikmenn í gegnum tíðina. Eftir þrettán meistaratitla í röð kom bakslag í ár en flestir eru á því að norsku kóngarnir verði á meðal þeirra bestu á næsta ári.



**ÍTALIR Á HAUSNUM** Lazio er eitt þeirra liða á Ítalíu sem hafa glímt við mikla fjárhagsörðugleika á undanförnum árum. Félagið hefur farið óhefðbundnar leiðir hvað varðar auglýsingar á keppnisbúningum sínum og meðal annars auglýst vörur sem eingöngu voru ætlaðar fyrir markað í Suður-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## Ítalska deildin á hausnum

Á síðustu leiktíð voru ensk og þýsk félagslið mörg hver rekin með hagnaði á meðan ítölsk og frönsk lið berjast í bökkum fjárhagslega. Fjármálasérfræðingar segja að verði ekkert að gert stefni ítalska úrvalsdeildin í gjaldþrot en uppsafnað tap ítölsku liðanna frá árinu 1995 er um 120 milljarðar króna.

Hlutfall launa og tekna skiptir öllu máli í rekstri knattspyrnufélaganna. Flest reyna þau að halda launakostnaði undir fimmtíu prósentum af veltu en fari launakostnaður yfir sjötíu prósent er hætta á ferðum.

Ekki kemur á óvart að Chelsea greiddi hæstu launin í fyrra, um þrettán milljarða. Um áttatíu prósent af tekjunum fara í launakostnað.

Í mörg hafa hafa sérfræðingar haldið að veltan í Evrópuboltanum hefði náð hámarki. Á hverju ári slær hún öll met og enn sér ekki fyrir endann á peningalegum vexti knattspyrnunnar.



ÍÞRÓTTIR
ÞORSTEINN GUNNARSSON
Knattspyrna í nýju ljósi – 2. hluti

Af hverju er sagt að vín þurfi að anda?

**Vínsýningin 2005 verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind, 19.-20. nóvember.**

Markmiðið með sýningunni er að veita gestum betri innsýn í heim vínsins og verður hún stórglæsileg í hvívetna. Meðal þátttakenda eru allir helstu vínbirgjar landsins sem kynna meðal annars vín sem henta með hátíðarmatnum. Að auki verður gestum boðið að bragða dýrindis mat með vínunum.

**Opið frá kl. 13.00 til 18.00**
**Miðaverð 1.000 kr.**
**20 ára aldurstakmark**

VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20. nóv.
í Smáralind

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

Heimir Ríkarðsson var sínu gamla félagi óþægur ljár í þúfu í fyrradag:

# Tveir sigrar gegn Fram sama kvöldið

**FÓTBOLTI** „Það er alltaf gaman að vinna og kannski ekki aðalatriðið að síðustu tveir sigrar hafi verið gegn mínum gömlu félögum,“ sagði Heimir Ríkarðsson eftir tvo sigurleiki Vals á Fram, annar í meistaraflokki og hinn í þriðja flokki, en Heimir er aðalþjálfari 3. flokks og er Óskari Bjarna Óskarssyni til aðstoðar í meistaraflokknum.

Heimir telur marga unga leikmenn í Valsliðinu eiga möguleika á því að ná góðum árangri í framtíðinni en liðið er að stórum hluta skipað leikmönnum sem urðu Íslandsmeistarar með 2. flokki Vals í fyrra. „Ég er bjartsýnn á að ungu strákarnir muni ná góðum árangri í framtíðinni og við ætlum okkur að búa til lið sem getur keppt um titlana sem í boði eru á næstu árum.“

Heimir var sérstaklega ánægður með framgöngu Fannars Friðgeirssonar og Pálmars Péturssonar, markvarðar Vals, í leiknum gegn Fram og sagði þá vera mikil efni. „Fannar átti frábæran leik og einnig Pálmar, sem mér finnst vera að stimpla sig inn sem einn allra besti markvörður landsins. Hann hefur átt jafna leiki og góða í vetur og hefur bætt sig mikið. Svo eru strákar eins og Ingvar Guðmundsson, Elvar Friðriksson og Kristján Karlsson líka bráðefnilegir og eiga eflaust eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni. Ég bind miklar vonir við efniviðinn sem nú er hjá Val og er viss um að góður árangur geti náðst ef allir sem að handboltanum koma eru tilbúnir að leggja hart að sér.“

Heimir þjálfaði hjá Fram í mörg ár áður en hann fór til Vals og hann segir ágæta frammistöðu Fram ekki hafa komið sér sérstaklega á óvart. „Hópur Fram er góður. Það eru reynslumiklir leikmenn í bland við tvo af efnilegustu leikmönnum landsins, Sigfús Sigfússon og Jóhann Gunnar Einarsson. Gengi Fram hefur verið ágætt og það hefur ekki komið mér neitt á óvart.“ - mh



**HEIMIR RÍKARÐSSON** Fór frá Fram til Vals fyrir núverandi tímabil.



**ROBERT HOYZER** Hoyzer var dæmdur fyrir mútuþægni.

Dómari dæmdur fyrir svindl:

## Hoyzer í tveggja ára fangelsi

**FÓTBOLTI** Þýski knattspyrnudómarinn Robert Hoyzer var í gær dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir að dæma meðvitað gegn öðru liðinu í nokkrum knattspyrnuleikjum til þess að freista þess að græða á veðmálum. Hoyzer játaði brot sitt og sagðist hafa verið að starfa með króatíska glæpamanninum Ante Sapina, sem borgaði Hoyzer og Dominik Marks hátt í tvær milljónir evra fyrir að hagræða úrslitunum.

Dómurinn sem Hoyzer fékk þótti þungur, en Marks fékk aðeins eins og hálfs árs bann fyrir sinn þátt í málinu, sem þótti smávægilegur.

Þetta hneyksli þykir það versta sem knattspyrnuhreyfingin í Þýskalandi hefur orðið fyrir í meira en þrjátíu ár en rannsókn þessa máls kostaði þýska ríkið meira 500 milljónir króna þar sem það var mun viðameira en talið var í fyrstu. - mh



**MICHAEL BALLACK** Ballack hefur verið besti leikmaður Þýskalands undanfarin ár.

Ballack vill reyna sig erlendis:

## Stóru félögin eini kosturinn

**FÓTBOLTI** Þýski landsliðsfyrirliðinn Michael Ballack hefur hug á því að reyna sig hjá stóru félagi utan Þýskalands en segir þó fá félög koma til greina.

„Mér líður afskaplega vel í München og Bayern er stórkostlegt félag. Það er langt síðan þýskur leikmaður lék síðast stórt hlutverk með liði í fremstu röð. Auðvitað hefði ég áhuga á því, en það eru í raun bara tvö til þrjú félög sem eru sambærileg við Bayern München,“ sagði Ballack.

Talið er að valið hjá Ballack standi nú fyrst og fremst á milli spænsku félaganna Barcelona og Real Madrid. Ballack hefur þó ekki enn útilokað að hann leiki áfram með Bayern þrátt fyrir að samningaviðræðum við hann hefi verið slitið. „Ég ætla mér bara að skoða mína möguleika. Bayern kemur til greina eins og önnur stór og metnaðarfull félög.“ - mh



Ný orð fyrir nýja tíma

# Málræktarþing
Íslenskrar málnefndar og MS



Íslensk málstefna og starfsemi Íslenskrar málnefndar

Málræktarþing undir merkjum dags íslenskrar tungu verður haldið laugardaginn 19. nóvember 2005 í hátíðasal Háskóla Íslands, kl. 11.00-13.30.

**Dagskrá**

**11.00** Þingið sett. Kvartettinn Iða syngur.
**11.10** Verðlaun fyrir gott nafn á fyrirtæki afhent.
**11.15** Verðlaun fyrir góða íslensku í auglýsingu afhent.
**11.20** Upplestur - verðlaunahafi úr Stóru upplestrarkeppninni: Halldór Bjarki Arnarson.
**11.25** Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar: *Hvar stöndum við - hvert stefnum við?*
**11.45** Kolbrún Friðriksdóttir, Íslenskri málnefnd: *Gerum kröfur!*
**12.00** Námsstyrkur MS afhentur.
**12.10** Fundarhlé. Veitingar í boði MS.
**12.30** Kvartettinn Iða syngur.
**12.35** Jóhann G. Jóhannsson, Íslenskri málnefnd: *Það er málið!*
**12.50** Örnólfur Thorsson, skrifstofustjóri forseta Íslands: *Sjitt, ég dey.*
**13.05** Upplestur - verðlaunahafi úr Stóru upplestrarkeppninni: Jóhanna Dröfn Stefánsdóttir.
**13.10** Kristín Ingólfsdóttir háskólarektor: *Málstefna Háskóla Íslands.*
**13.25** Kvartettinn Iða syngur. Þingi slitið um kl. 13.30.

Fundarstjóri Þóra Björk Hjartardóttir

ÍSLENSK MÁLSTÖÐ

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

Íslensk málnefnd í samstarfi við MS

TUNGLIÐ





**ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON** Telur sig ekki fá sanngjarna meðferð hjá Viggó Sigurðssyni, landsliðsþjálfara í handbolta, sem hefur skilið hann út úr landsliðshópnum í tvígang. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ástæður Viggós fyrir valinu eru vafasamar

**Ásgeir Örn Hallgrímsson er enn í kuldanum hjá Viggó Sigurðssyni. Ásgeir segir Viggó ekki hafa hugmynd um hvaða ástandi hann sé í þessa dagana og hvorki hafa leitað upplýsinga hjá sér né félagi sínu.**

**HANDBOLTI** Þegar Viggó Sigurðsson valdi landsliðshóp sinn fyrir æfingamót í Póllandi á dögunum ákvað hann að velja hvorki Ásgeir Örn Hallgrímsson og Arnór Atlason, sem hafa verið meðal mestu vonarstjarna í íslenskum handknattleik. Ástæðuna sagði Viggó vera þá að þeir hefðu ekki tekið framförum í Þýskalandi og svo hefðu þeir ekki staðið sig nógu vel á HM U-21 árs liða í Ungverjalandi í sumar.

Ekki voru allir handboltaspekingar landsins sammála Viggó í því að þeir hefðu ekki tekið framförum í Þýskalandi, hvað þá að þeir hefðu spilað svona illa í Ungverjalandi. Því er erfitt að skilja ákvörðun Viggós öðruvísi en að hann sé að refsa þeim tveimur fyrir gengið í Ungverjalandi, sem var langt undir væntingum.

Arnór á ekki heimangengt í leikina gegn Norðmönnum um næstu helgi og kom því ekki til greina í hópinn en Ásgeir stóð Viggó til boða. Þó Ólafur Stefánsson geti ekki leikið og Viggó hafi valið fjóra örvhenta leikmenn var ekkert pláss fyrir Ásgeir. Hann er ekki sáttur.

„Auðvitað er ég hundfúll með að vera ekki valinn. Ég verð að taka það jákvæða úr þessu og einbeita mér að Lemgo af fullum krafti í staðinn,“ sagði Ásgeir Örn, sem skilur ekki rök Viggós fyrir valinu. „Mér finnst þær ástæður sem Viggó gefur fyrir því að velja mig vafasamar.“

Ásgeir segir Viggó ekki hafa hugmynd um það hvort hann hafi tekið framförum hjá Lemgo eða ekki. „Ég held hann hafi ekki talað við neinn hjá félaginu eða mætt á leiki. Hann hefur ekki hugmynd um hvaða formi ég er í en ég get sagt þér að ég er í toppformi og hef þar að auki tekið framförum. Það er ekki skrítið enda er ég að æfa við toppaðstæður og á móti toppmönnum og þarf að hafa verulega fyrir hlutunum á hverjum degi ef ég ætla ekki að lenda undir í baráttunni,“ sagði Ásgeir Örn, sem stefnir ótrauður í landsliðið á ný.

**henry@frettabladid.is**

Haukar fengu Pays D´Aix í heimsókn í Evrópukeppni kvenna í körfubolta í gær:

# Haukastúlkur töpuðu stórt á Ásvöllum

**KÖRFUBOLTI** Haukastúlkur máttu þola enn eitt tapið í Áskorendakeppni kvenna í körfubolta í gærkvöldi og í þetta sinn biðu þær í lægri hlut fyrir stöllum sínum í Pays D´Aix frá Frakklandi, 41-105.

Eins og tölurnar gefa til kynna mættu Haukastúlkurnar algjörum ofjörlum sínum, enda Pays D´Aix talið eitt af sterkustu liðum Evrópu og spá því margir sigri í þessari keppni í ár.

Helena Sverrisdóttir var atkvæðamest Hauka eins og svo oft áður í gærkvöldi - hún skoraði 12 stig og tók sjö fráköst en liðið lék án Reishu Bristol. Jelena Jovanovic skoraði 13 stig fyrir Hauka og Ösp Jóhannsdóttir sex.

Haukar eru sem fyrr í neðsta sæti riðils síns í Evrópukeppninni og hafa ekki unnið leik en fyrir löngu er orðið ljóst að reynslan sem leikmenn liðsins fá í þessari keppni mun reynast þeim dýrmæt í framtíðinni.

**- vig**



**HELENA SVERRISDÓTTIR** Brýst hér framhjá varnarmanni Pays D´Aix í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fyrirliði kvennalandsliðsins kominn á heimaslóðir:

# Ásthildur komin til Blika

**FÓTBOLTI** Ásthildur Helgadóttir skrifaði gær undir eins árs samning við Breiðablik en hún hefur undanfarin ár leikið við góðan orðstír með Malmö FF í Svíþjóð. „Þetta var nokkuð erfið ákvörðun og á endanum var það vinnan sem réð úrslitum en ég fékk góða vinnu hjá Línuhönnun sem ég er spennt fyrir. Að auki er ég svo alin upp í Breiðabliki og aðstaðan hjá félaginu er til fyrirmyndar. Það verður spennandi að vera með Þóru systur hér á næsta ári,“ sagði Ásthildur, sem er verkfræðingur að mennt.

Það má búast við Íslands- og bikarmeisturum Breiðabliks enn sterkari á næsta ári en í sumar enda Ásthildur knattspyrnukona á heimsmælikvarða. Hún telur mikilvægt að félögin sjálf einbeiti sér að því að skapa knattspyrnukonum metnaðarfullt umhverfi. „Ég veit ekki hvort Íslandsmótið verður óspennandi en það er alveg ljóst að hvert félag fyrir sig leggur metnað í starfið og uppsker eftir því. Breiðablik er þessa stundina alveg til fyrirmyndar í þessum efnum.“

Karl Brynjólfsson, formaður meistaraflokksráð kvenna, var afar ánægður við undirskriftina. „Við byrjuðum frá grunni á síðasta ári og það var alltaf hluti af áætluninni að byggja liðið upp á uppöldum leikmönnum og Ásthildur er ein af þeim.“

**- mh**



**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** Ásthildur sagði það mikið ánægjuefni að fá að leika með systur sinni Þóru Helgadóttur.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Evrópukeppni karla í körfu:*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-BK RIGA | 121-90 |

**Stig Keflavíkur:** AJ Moye 37, Zlatko Gocevski 18, Magnús Gunnarsson 20, Arnar Freyr Jónsson 16 stig, Gunnar Einarsson 14, Sverrir Þór Sverrisson 7, Gunnar Stefánsson 5, Jón Nordal Hafsteinsson 4.

*Evrópukeppni kvenna í körfu:*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-PAYS D´AIX | 41-105 |

**Stig Hauka:** Jelena Jovanovic 13, Helena Sverrisdóttir 12, Ösp Jóhannsdóttir 6, Hanna Hálfdánardóttir 4, Sara Pálmadóttir 2, Pálína Gunnlaugsdóttir 2, Kristrún Sigurjónsdóttir 2..

*DHL-deild karla í handbolta:*

| | |
|---|---|
| ÞÓR AK.-FYLKIR | 28-37 |

**Mörk Þórs:** Aigars Lazdins 8, Guðmundur Traustason 5, Sindri Haraldsson 4, Sigurður B. Sigurðsson 3, Sindri Viðarsson 2, Rúnar Sigtryggsson 2, Atli Ingólfsson 1, Bjarni Bjarnason 1, Heiðar Þór Aðalsteinsson 1, Arnór Þór Gunnarsson 1..

**Mörki Fylkis:** Brynjar Þór Hreinsson 8, Heimir Örn Árnason 6, Arnar Þór Sæþórsson 6, Arnar Jón Agnarsson 4, Sigurður Valur Jakobsson 4, Ásbjörn Stefánsson 3, Davíð Þór Óskarsson 2, Pétur Heiðar Þorláksson 2, Guðlaugur Arnarsson 1, Ágúst Örn Guðmundsson 1.



**HELGI MÁR MAGNÚSSON** Er að finna sig mjög vel í Bandaríkjunum.

Helgi Már Magnússon:

## Finnur sig vel með Catawba

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Helgi Már Magnússon átti frábæran leik fyrir lið sitt Catawba í leik gegn hinu fræga háskólaliði North Carolina í fyrradag. Helgi Már skoraði 20 stig á aðeins 28 mínútum og hitti vel úr skotum sínum en North Carolina er í styrkleikaflokki fyrir ofan Catawba í bandaríska háskólaboltanum og fór með öruggan sigur af hólmi, 89-63.

Helgi Már var stigahæstur allra á vellinum en bróðir hans Finnur, sem leikur einnig með Catawba, lék aðeins eina mínútu en komst ekki á blað. - vig



**RONALDINHO** Verður valinn besti leikmaður Evrópu.

Besti leikmaður Evrópu:

## Ronaldinho fær gullknöttinn

**FÓTBOLTI** Það verður brasilíski miðjumaðurinn Ronaldinho sem mun fá gullknöttinn og titilinn besti knattspyrnumaður Evrópu þann 24. nóvember næstkomandi, eftir því sem spænska blaðið Marca greinir frá. Það er tímaritið France Football sem stendur að valinu, eins og það hefur gert síðustu áratugi, og segist Marca hafa öruggar heimildir fyrir því að Ronaldinho hafi orðið fyrir valinu.

Í frétt blaðsins kemur einnig fram að Frank Lampard hjá Chelsea hafi orðið númer tvö í kjörinu af þeim 50 sem tilnefndir voru í upphafi. France Football hefur enn sem komið er ekki neitað frétt Marca og þykir það gefa til kynna að fullyrðingar spænska blaðsins séu á rökum reistar. - vig

Keflavík tókst hið ómögulega í Evrópukeppninni í körfubolta:

# Frábær frammistaða Keflvíkinga

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar sýndu hreint magnaða frammistöðu á heimavelli sínum gegn BK Riga í Evrópukeppni félagsliða í gærkvöldi og sigruðu BK Riga frá Lettlandi 121-90. Fyrir leikinn var ljóst að Keflavík þurfti að vinna með að minnsta kosti 20 stiga mun til að vinna upp tapið frá því í fyrri leiknum. Það gerði Keflavík og ellefu stigum betur í þokkabót og er liðið þar með komið áfram í Evrópukeppninni.

Jafnræði var með liðunum í upphafi leiks en undir lok fyrsta leikhluta settu leikmenn Keflavíkur í fluggírinn og náðu að breyta stöðunni úr 20-19 í 30-19. Sú rispa kveikti heldur betur í þeim fjölmörgu áhorfendum sem lögðu leið sína í Sláturhúsið í gær og bættu Keflvíkingar við forystuna í 2. leikhluta. Í hálfleik var staðan 60-40 og eftir þriðja leikhluta voru Keflavík komið með 26 stiga forystu, 84-58. Í 4. og síðasta leikhluta bættu Keflvíkingar enn frekar í og fóru að lokum með 31 stigs sigur af hólmi.

Það var fyrst og fremst frábær varnarleikur Keflvíkinga sem skóp sigur þeirra og þá má segja að leikurinn í gær hafi verið sá fyrsti í Evrópukeppninni þar sem hittnin hjá leikmönnum liðsins var með eðlilegu móti. AJ Moye átti stórleik og skoraði 37 stig og tók þar að auki 12 fráköst. Zlatko



**MAGNÚS GUNNARSSON** Skoraði 20 stig fyrir sína menn í gærkvöldi og spilaði mjög vel, eins og reyndar allt Keflavíkurliðið.

Gocevski skoraði 18 stig og tók 11 fráköst og þá var Magnús Gunnarsson með 20 stig. - vig

Æfingaleikur Vals og Fjölnis:

## Arnar skoraði fyrir Val

**FÓTBOLTI** Framherjinn Arnar Gunnlaugsson var í byrjunarliði Vals í fremstu víglínu ásamt Garðari Gunnlaugssyni þegar liðið mætti Fjölni í æfingaleik í Egilshöllinni í gærkvöldi. Staðan var 1-1 þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi og skoraði Arnar mark Valsmanna. Nýju sóknarmennirnir sem Valur samdi nýlega við, þeir Jakob Spangsberg og Andri Valur Ívarsson, máttu þurfa að sætta sig við að byrja á bekknum.

Arnar yfirgaf herbúðir KR í lok síðasta sumars vegna persónulegra ástæðna en mætti á sína fyrstu æfingu hjá Val í síðustu viku. - vig



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„A good body with a dull brain is as cheap as life itself.“**

**Svar:** Battatus úr kvikmyndinni Spartacus frá árinu 1960.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON HEILLAST AF VITRINGUM Á SKJÁNUM.

# *Upprisa Sherlock Holmes*

Þegar CSI sakamálaþættirnir hófu göngu sína tók mig ekki nema nokkra þætti að fá ógeð á aðalpersónunni Gil Grissom. Þessi súri sérvitringur sem stjórnar næturvakt glæpavettvangsrannsóknardeildarinnar í Las Vegas minnti um margt á Sherlock Holmes. Hann hafði bara ekkert af sjarmanum. Grissom hefur meiri áhuga á pöddum en konum. Veit allt um 17. aldar handrit og kann táknmál. Hann hefur aldrei lent í aðstæðum sem yfirburðaþekking hans og nördaskapur hefur ekki gagnast honum. Svona gaurar eru auðvitað óþolandi nema þeir heiti Sherlock Holmes.

Hann venst nú samt furðuvel þessi leppalúði og nú veit ég fátt notalegra en að slökkva á heilanum á mánudagskvöldum fyrir framan CSI. Grissom er hættur að bögga mig þó ég fíli enn svarta manninn og hana Catherine sem stjórnar morgunvaktinni á móti Grissom. Það verður líka ekki af CSI tekið að þetta er fín framleiðsla. Allt voða vandað og flott og það segir sína sögu að Íslandsvinurinn Quentin Tarantino tók að sér að leikstýra tveggja tíma CSI þætti. Þetta eru auðvitað ekki þættir sem skilja mikið eftir sig og maður getur hæglega gleymt söguþræðinum í auglýsingahléunum en þetta er gott gláp.

Annars eru nútíma Sherlock Holmesar að sækja í sig veðrið en þar ber læknirinn Gregory House í House MD af öðrum. Hann er pillifíkill en Holmes var kókaínisti. Hann er fullkominn ruddi í mannlegum samskiptum en er samt besta skinn og hann getur sjúkdómsgreint fólk nánast bara með því að horfa á það. Skuggalega líkur Holmes og jafnvel skemmtilegri persóna en það er auðvitað fyrst og fremst snilldarleikaranum Hugh Lauri að þakka sem túlkar lækninn með miklum tilþrifum og er ljósárum frá því sem hann gerði áður best í Blackadder.



**HOSE** Þessi geðstirði læknir er Sherlock Holmes nýrra tíma.



▶ **20.10** *Barnaefni*

LATIBÆR



▶ **22.15** *Gaman*

LISTEN UP



▶ **21.15** *Bíó*

GOOD BYE LENIN!



▶ **21.00** *Keppni*

SPURNINGAÞÁTTURINN SPARK



▶ **20.30** *Knattspyrna*

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (12:26) **18.25** Villt dýr (12:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (26:26)** (Teen Titans)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Latibær**
**20.40 Rocky og Bullwinkle í ævintýrum** (The Adventures of Rocky and Bullwinkle) Bandarísk ævintýramynd frá 2000.
**22.15 Vinir á villigötum** (Made) Bandarísk bíómynd frá 2001 um tvo hnefaleikakappa og vini sem leiðast út á glæpabrautina. Leikstjóri er Jon Favreau og meðal leikenda eru Jon Favreau, Vince Vaughn, Joe Goossen og Famke Janssen. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**23.50** Með lífið að veði (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (6:145) **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Joey **13.30** George Lopez **14.00** Night Court **14.25** Fresh Prince of Bel Air **14.50** Punk'd (e) **15.15** Apprentice 3, The **16.00** Barnatími Stöðvar 2. **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Arrested Development (15:22)** (Tómir asnar)
**20.30 Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó / NASA – 1. hópur) Nú taka leikar að æsast í Idol-Stjörnuleitinni. Þrjátíu og fimm manna úrslit standa nú yfir í NASA.
**21.20 Punk'd (1:16)**
**21.50 Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó/NASA – Atkvæðagreiðsla um 1. hóp)
▶ **22.15 Listen Up (5:22)** (Takið eftir)
**22.40 Blue Collar TV (14:32)** (Grínsmiðjan)
**23.05 The Texas Chainsaw Massacre** (Stranglega bönnuð börnum)

**0.40** Concpiracy (Bönnuð börnum) **2.15** Bad City Blues (Stranglega bönnuð börnum) **3.50** Terminal Invasion (Stranglega bönnuð börnum) **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp Tíví

## SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Laguna Beach (7:11)**
**19.30 Idol extra 2005/2006**
**20.00 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**20.30 Joan Of Arcadia (20:23)**
▶ **21.15 Good Bye Lenin!** Gamanmynd sem fjallar um uppreisnargjarnan dreng í Austur-Þýskalandi árið 1989, rétt fyrir fall Berlínarmúrsins. Myndin hefur slegið í gegn út um heim allan og unnið til fjölda verðlauna. Aðalhlutverk: Daniel Brühl, Kathrin Sass og Chulpan Khamatova. Leikstjóri: Wolfgang Becker.2003.

**23.15** Weeds (7:10) **23.50** Ford fyrsætukeppnin 2005 **0.20** HEX (7:19) **1.05** David Letterman **1.50** David Letterman

## SKJÁREINN

**17.25** Cheers – 8. þáttaröð **17.50** Upphitun **18.20** Íslenski bachelorinn (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið**
**19.30 The King of Queens (e)**
▶ **20.00 Spurningaþátturinn Spark** Spark er splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta og fótboltatengt efni.
**20.35 Charmed**
**21.20 Complete Savages** Í þættinum kemur berlega í ljós hvernig fer þegar fimm venjulegir karlar menn búa saman án konu til að leggja þeim lífsreglurnar.
**21.45 Ripley's Believe it or not!** Í
**22.30 Dirty Sanchez – lokaþáttur** Í þættinum kynnumst við nýjum fleti á því hvað sársauki getur verið, þegar við fylgjumst með þremur Wales-búum og einum brjáluðum Lundúnabúa.

**23.00** Battlestar Galactica **23.45** Íslenski bachelorinn (e) **0.40** Silvía Nótt (e) **1.05** New Tricks (e) **2.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**18.00** Olíssport
**18.30 NFL-tilþrif** Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.

**19.00 Gillette-sportpakkinn**
**19.30 Timeless** (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.
**20.00 Motorworld**
▶ **20.30 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)
**21.00 A1 Grand Prix** (Heimsbikarinn í kappakstri)
**22.00 Sýn 10 ára** Í nóvember eru 10 ár síðan sjónvarpsstöðin Sýn fór í loftið. Af því tilefni verður haldin mikil afmælisveisla í sjónvarpssal þar sem margir bestu íþróttamenn landsins verða gestir og rifja upp síðustu 10 ár í íþróttasögunni.

**23.15** NBA – Bestu leikirnir **0.55** Enski boltinn **2.40** Hnefaleikar **4.25** World Poker Tour 2 **5.55** A1 Grand Prix

## STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Secondhand Lions **10.00** Agent Cody Banks **12.00** Lóa og leyndarmálið (e) **14.00** Secondhand Lions **16.00** Agent Cody Banks **18.00** Lóa og leyndarmálið (e) **20.00 Hearts in Atlantis 22.00 Robocop 2** Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Alien Resurrection (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Harley Davidson and the Marlboro Man (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Robocop 2 (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**6.00** Guilty **7.00** Guilty **8.00** E! Entertainment Specials **9.00** E! News **9.30** Fashion Police **10.00** Style Star **10.30** Behind the Scenes **11.00** Style Star **11.30** Extreme Close-Up **12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Craziest TV Moments **15.00** 101 Craziest TV Moments **16.00** 101 Craziest TV Moments **17.00** 101 Craziest TV Moments **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** The Soup UK **20.00** 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts **21.00** 101 Craziest TV Moments **22.00** Rich Kids: Cattle Drive **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** The Soup UK **1.00** Rich Kids: Cattle Drive **2.00** 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**19.00 Upphitun**
**19.30 Spurningaþátturinn Spark (e)**
**20.00 Spurningaþátturinn Spark** Spark er splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta og fótboltatengt efni.
**20.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)** Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið.
**21.30 Upphitun (e)**
**22.00 Dagskrárlok**


# ERTU EKKI MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI?



Sjáðu NFS, RÚV, Sirkus og Popptíví í stafrænum hágæðum.
Þú getur leigt myndlykil fyrir aðeins 500 kr. á mánuði.*

Myndlyklar frá Digital Íslandi fást í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild á Krókhálsi.

*Leigja verður myndlykilinn minnst í þrjá mánuði.

digital ísland

NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Idol – Stjörnuleit 3** **Stöð 2 kl. 20.30**

*Það eru aðeins 35 keppendur eftir í Idolleitinni*

### *Símakosning hefst*

Nú tekur alvaran við í Idol-Stjörnuleitinni þar sem 35 manna úrslit hefjast í Nasa við Austurvöll í kvöld. Í hverjum þætti fá sjö keppendur að spreyta sig en aðeins tveir þeirra komast áfram í sjálf 12 manna úrslitin sem fram fara í Smáralindinni. Nú er komið að sjónvarpsáhorfendunum að dæma um það hverjir eiga skilið að halda áfram þátttöku. Menn geta látið skoðun sína í ljós í símakosningu sem fram fer eftir að keppendur hafa lokið söng sínum.



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.37** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Heimsókn **20.30** Kvöldtónar **21.00** Rithöfundurinn C. S. Lewis **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari **10.03** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar

**18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**07.00** *Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi Frétta-, þjóðmála- og dægurmálaþáttur í umsjá Lóu Aldísardóttur og Hallgríms Thorsteinssonar.

**12.00** Hádegisfréttir. **12.15** Íþróttafréttir. **12.20** Veðurfréttir. **12.28** Leiðarar dagblaða. **12.40** Hádegisviðtal.**13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður**
**19.35 Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn. 20.10 Sögur af fólki e.
**21.10 48 Hours** (48 stundir)(Out Of The Shadows)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**21.55 Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn. 20.10 Sögur af fólki e.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Football: World Cup Germany **14.00** Skeleton: World Cup Lake Placid **15.00** Skeleton: World Cup Lake Placid **15.30** Skeleton: World Cup Lake Placid **16.30** All sports: WATTS **17.00** Football: Top 24 Clubs **17.30** Football: World Cup Germany **18.30** Bobsleigh: World Cup Lake Placid **19.30** Skeleton: World Cup Lake Placid **20.00** Bobsleigh: World Cup Lake Placid **21.00** TNA Wrestling: USA **21.30** TNA Wrestling: USA **22.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.30** Adventure: Escape Special **23.00** Xtreme Sports: Xgames 05 **0.00** Adventure: X – Adventure Raid Series

**BBC PRIME**

**12.00** To the Manor Born **12.30** Dad's Army **13.00** Ballykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Monty the Dog **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** 50/50 **16.00** The Life Laundry **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** Children in Need **22.00** Manchild **22.40** Children in Need **2.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Insects from Hell **13.30** Insects from Hell **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Katrina: Unnatural Disaster **16.00** War of the Worlds – The Real Story **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Explorations **18.30** Demolition Squad **19.00** Pests from Hell **20.00** War of the Worlds – The Real Story **21.00** Unlocking da Vinci's Code **22.00** Descent Into Hell **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Unlocking da Vinci's Code **1.00** Explorations **1.30** Demolition Squad

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Eye of the Tiger **15.00** Animal Cops Detroit **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Animal Precinct **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** K9 Boot Camp **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Animal Precinct

**DISCOVERY**

**12.05** Venom **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Lake Escapes **14.00** Leonardo's Dream Machines **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Thunder Races **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Brainiac **21.00** Biker Build-Off **22.00** Spy **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files


Stressless®

# Hafðu það gott!



Allir hlutar STRESSLESS® eru vandlega hannaðir til að tryggja þér hámarks þægindi

Mismunandi stærðir,
- þú velur þína stærð

Sjálfvirk hnakkapúðastilling

Sérstakur mjóbakstuðningur

Þyngdarstýring

Sterk fjaðrandi stálgrind

Kaldsteyptur svampur

Úrvals nautaleður - Yfir 50 litir

Öflug viðargrind - Fæst í 6 litum

Borð fyrir fartölvur



Sjálfvirk hnakkapúðastilling veitir bestu mögulegu þægindi.



Líf&List
HÚSGÖGN
Ármúla 44, sími 553 2035

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



## HRÓSIÐ

*...fær Jóhanna Vigdís Arnardóttir fyrir frábæran geisladisk.*

REYKJAVÍKURNÆTUR HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST ÚTLITIÐ EKKI VERA ALLT

# *Er útlitið allt?*

Vinur minn kom að tali við mig um daginn og spurði mig mjög fyndinnar spurningar. Hún var þessi: er ég hrikalega „sjalló“ ef mér finnst útlitið vera allt? Spurningin kom mér í sjálfu sér ekki á óvart þar sem þessi vinur minn er mjög grunnhygginn og heldur að þeir sem eru ófríðir séu leiðinlegir og vitlausir. Hann er þó vinur minn vegna þess að hann er hrikalega skemmtilegur og gefur mikið af sér þrátt fyrir þennan stóra vankant sinn.

Málið var það að hann var hrifinn af stelpu sem honum fannst svakalega skemmtileg og góð manneskja og laðaðist að henni vegna þeirra kosta. Hann var þó sannfærður um það að fólki þætti hún ekki sérlega fríð. Þrátt fyrir að hann gæti svosum vel hugsað sér að horfa á hana daglega fannst honum erfiðara að hugsa sér að fara með hana út á meðal fólks þar sem hún væri til sýnis sem kærastan hans. Hann viðurkenndi það fúslega að það sem stæði í vegi fyrir því að hann léti reyna á þetta væri álit annarra. Hvað heldur fólk um mig þegar það sér mig með hana undir arminum? Er hann alveg búinn að missa það eða er hann bara orðinn svona „desperate“ að ganga út?

Ég varð, eins og ég sagði áðan, ekki sérlega hissa á þessari yfirlýsingu hans en hugsaði þó með mér: hversu grunnhygginn getur einn maður verið, er þetta yfir höfuð hollt og getur þetta talist eðlilegt?

Það verður þó að viðurkennast að það er afskaplega gaman að eiga kall sem er glæsilegur og maður getur verið montinn af en getur maður í raun og veru verið montinn þegar maður er ekki hamingjusamur undir niðri? Þá veit maður betur og fólk sér í gegnum mann. Litla skeifan á munninum getur ekki endalaust verið í öfuga átt þegar manni líður ekki vel.

Ég verð líka að segja það að ég hef verið með karlmanni sem var afar myndarlegur maður og mér þótti gaman að sjást með en svo þegar við vorum ein var hann drepleiðinlegur og gat ómögulega fengið mig til að hlæja. Í það skipti dugði fegurðin skammt, ég fékk leið og lét mig hverfa. Ég hef líka átt vini sem mér fannst frábærir að vera með og létu mér líða vel. Þeir karlmenn verða fallegir þegar maður kynnist þeim og með tímanum fer maður að sjá þá í öðru ljósi. Eins og einhver vitur maður sagði þá verður fólk fallegt ef það er fallegt að innan.

Með þessar minningar ofarlega í huga sagði ég honum að hrista af sér þessar kjánalegu hugsanir, láta ekki álit annarra fá á sig og eyða tíma með konunni sem honum þætti svona mikið til koma. Það væri þá loksins að hann fyndi sér almennilega konu og gengi út! Með þessar pælingar í farteskinu myndi hann að sjálfsögðu pipra!





**LÁRÉTT** **2** sett **6** austurland **8** örn **9** tjara **11** frá **12** framrás **14** helmings **16** tveir eins **17** struns **18** stúlka **20** tveir eins **21** svara.

**LÓÐRÉTT** **1** bannhelgi **3** samtök **4** grasútsæði **5** ganghljóð í klukku **7** land **10** knæpa **13** spíra **15** mjög bjartur **16** tunna **19** þys.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** lagt, **6** al, **8** ari, **9** bik, **11** af, **12** útrás, **14** hálfs, **16** áá, **17** ark, **18** mey, **20** ææ, **21** ansa.

**LÓÐRÉTT:** **1** tabú, **3** aa, **4** grasfræ, **5** tif, **7** litháen, **10** krá, **13** ála, **15** skær, **16** áma, **19** ys.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1. 4.986 stig.
2. Þóra Ákadóttir.
3. Jordan Bratman.

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON: TARANTINO ER MIKILL ORKUBOLTI

# Ræddi við leikstjórann um land og þjóð og kvikmyndalistina

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók á móti Quentin Tarantino og Eli Roth ásamt föruneyti þeirra á Bessastöðum. Ólafur var reyndar nýkominn heim frá útlöndum og hafði því ekki gefist tími til að sjá Hostel, myndina sem þeir voru að kynna. „Ég sagði það nú reyndar við þá,“ útskýrir forsetinn en sjálfur segist hann ekki vera mikill hryllingsmyndakarl þó auðvitað fari það mikið eftir efni þeirra.

Það fór vel á með kvikmyndaleikstjóranum og forsetanum og sagði Ólafur Ragnar að þetta hefði verið mjög ánægjulegur og fróðlegur fundur. „Við ræddum saman um land og þjóð sem hann hefur hrifist mikið af, sem og kvikmyndalistina,“ útskýrir hann og bætir við að Tarantino hafi sagst ætla að efna til kvikmyndahátíðar hér á landi innan skamms þar sem hann ætlaði að sýna kvikmyndir sínar. „Hann hefur safnað mörgum myndum, bæði löngum og stuttum, og þetta ætti að verða skemmtileg viðbót,“ sagði Ólafur Ragnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Tarantino hug á að halda hér tveggja daga Kung Fu- og hryllingsmyndahátíð um eða eftir áramót og svo sérstaka QT-hátíð en slíkri hátíð hefur hann staðið fyrir í Austin.

Ólafur segist reyna að fylgjast vel með því sem sé að gerast í kvikmyndaiðnaðinum og hann hafi mikinn áhuga á verkum Tarantino. „Mér finnst hann sýna í hnotskurni breytingarnar og umrótið sem hafa átt sér stað í þjóðfélaginu,“ segir Ólafur og telur jafnframt kvikmyndalistina vera stundum skarpari en aðrar listgreinar í þeirri rýni. „Tarantino er meðal áhrifamestu manna í þessum geira og það er augljóst að hann á margt eftir,“ segir Ólafur og bætir við að þeir Tarantino og Eli séu miklar orkuboltar. „Tarantino sagðist skynja vel orkuna í landinu.“

Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Októberbíófest, var hægri hönd kvikmyndaleikstjóranna og segir þá hafa verið í skýjunum eftir heimsóknina á Bessastaði. „Þeir lofuðu forsetann í hástert og sögðust ekkert skilja í því hvernig 260 milljóna manna þjóð eins og Bandaríkin gæti kosið George W. Bush en 300 hundruð þúsund manna þjóð ætti jafn gáfaðan forseta og Ólaf,“ segir Ísleifur og bætir við að þeir hafi enn fremur verið mjög hrifnir af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. „Hápunkturinn hjá mér var hins vegar þegar Tarantino dró mig og Eli Roth afsíðis og las fyrir okkur kafla úr sinni nýjustu mynd, Grindhouse. Mér skilst að hann hafi nánast klárað það í Lounge-herberginu á Nordica og á Pizza Hut.“ freyrgigja@frettabladid.is



**ÓLAFUR RAGNAR OG TARANTINO** Ólafur Ragnar hefur fylgst vel með verkum Tarantino og telur hann einn af áhrifamestu kvikmyndagerðarmönnum heims.



**HÓPURINN HLUSTAR AF ATHYGLI** Þeir gátu nú varla fengið betri leiðsögumann en forseta Íslands til að leiða sig í gegnum sögu Bessastaða. Bæði Eli Roth og Tarantino voru yfir sig hrifnir af forsetanum.







# Ræð öllu sem ég vil ráða

Það verður kvennaáramótaskaup í ár hjá RÚV. Allir okkar fremstu kvenhandritshöfundar koma að skrifum fyrir það en meðal þeirra eru þær Hlín Agnarsdóttir og Helga Braga Jónsdóttir en upptökustjóri verður Kristín Pálsdóttir. Leikstjóri verður hins vegar engin önnur en Edda Björgvins en hún snýr aftur eftir fimm ára hlé frá skaupinu. „Ég ákvað að koma aldrei að þessu aftur fyrr en ég fengi að ráða öllu,“ segir Edda og hefur nú fengið því framgengt. Þá segir hún að þetta verði í fyrsta skipti sem konur verði í meirihluta í áramótaskaupinu síðan 1984. „Það var reyndar besta skaupið sem hefur verið gert,“ lýsir hún yfir og hlær. „Þá var gert grín að Rás 2 og konur máluðu með brjóstunum,“ bætir hún við.

Þetta er í fyrsta skipti sem Edda leikstýrir skaupi þó fáar konur hafi eflaust komið jafn oft fram í þessum árvissa spéspegli og hún. Edda segir að það sé eiginlega vandræði með efni því hafsjór sé af möguleikum. „Þjóðfélagið okkar er eiginlega orðið hálfgert skaup,“ útskýrir hún og skellir upp úr. „Við vitum eiginlega ekki hvernig eigi að toppa fréttatímana í dag,“ bætir hún við.

Upptökur á Skaupinu eru nú hálfnaðar og segir Edda að hún hafi yfir miklum reynsluboltum að ráða sem aðstoði hana mikið. „Leikhópnum má skipta í tvennt. Annars vegar hef ég bestu grínleikara landsins og hins vegar leikara sem aldrei áður hafa komið í skaupið,“ segir hún en vill ekkert gefa upp hverjir það eru. „Annars er ég náttúrlega bara logandi hrædd við að vera hengd upp á afturlappirnar ef þjóðin hlær ekki á gamlárskvöld,“ segir hún. „En þetta er hlutur sem allir ganga í gegnum.“ - fgg



**EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR** Ætlar að endurtaka leikinn frá 1984 þegar konur voru í meirihluta leikara. Edda segir það vera besta skaupið sem nokkurn tímann hafi verið gert.

# Íslensku dívurnar

ásamt 25 manna stórhljómsveit, 150 manna kór skipuðum félögum úr Karlakór Fóstbræðra, Léttsveit Reykjavíkur og Stúlkna- & Kammerkór Bústaðakirkju og fjórum af þekktustu karlsöngvurum landsins




Regína Ósk · Vala Guðna · Margrét Eir · Hansa · Védís Hervör · Ragga Gísla · Guðrún Árný

## STÓR-JÓLATÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL LAUGARDAGINN 10. DESEMBER KL. 20:00

Þann 10. desember næstkomandi verða haldnir stærstu jólatónleikar Íslandssögunnar í Laugardalshöll. Fram koma allar þær helstu söngkonur sem skipað hafa sæti hinna Íslensku díva undanfarin þrjú ár ásamt nokkrum okkar fremstu karlsöngvurum.

Á dagskrá tónleikanna verða öll vinsælustu lög undanfarinna tónleika Frostrósa auk þess sem eitthvað mun koma skemmtilega á óvart. Nýuppgerð Laugardalshöllin verður svo sannarlega færð í jólabúning og engu til sparað svo sviðið verði sem glæsilegast.

**20% AFSLÁTTUR AF MIÐAVERÐI Í LOKAÐRI FORSÖLU VISA LAUGARDAG OG SUNNUDAG**

FORSALA FYRIR VISA KREDITKORTHAFA HEFST Á MORGUN, LAUGARDAGINN 19. NÓVEMBER KL: 10:00 Á www.2112.is og í símum 517 1010 og 517 1001.

Forsalan er opin milli 10:00 og 18:00 laugardag og sunnudag en allan sólarhringinn á netinu.

NÚMERUÐ SÆTI!

**ALMENN MIÐASALA HEFST KL. 10:00 MÁNUDAGINN 21. NÓVEMBER Á www.2112.is**

Verð í A svæði: Kr. 3.990,-

Verð í B, C og D svæði: Kr. 2.990,-



**FROSTRÓSIR 2004 OG FROSTRÓSIR 3 Í VERSLANIR Á MORGUN, LAUGARDAG!**

...ein glæsilegasta tónlistarútgáfa ársins í hljóði og mynd

CULTURE 2112 COMPANY

BYLGJAN 98,9 — Allir eru að hlusta!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20.nóv. í Smáralind
ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN




BAKÞANKAR
SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

## Réttlæti

Stundum er pínulítið erfitt að skilja hvers vegna sum mál þurfa að vera vandamál. Allir menn eiga að njóta sama réttar samkvæmt lögum og allir menn eru jafnir gagnvart Guði. Samt hefur slíkur misbrestur verið á að stundum hef ég velt því fyrir mér hvort ríki og kirkja skilji sínar eigin reglur, sinn eigin boðskap.

**SVO** loksins koma stórgóðar fréttir mitt í öllum þeim leiðindum sem gúrkutíð í fjölmiðlum getur verið. Frumvarp til laga um að samkynhneigðir njóti sama réttar og aðrir þegnar landsins hvað varðar skráningu sambúðar, gervifrjóvgun og ættleiðingar að ekki sé talað um rétt barna samkynhneigðra sem fá með þessu frumvarpi það foreldri viðurkennt sem ekki er líffræðilegt.

**Í** frumvarpinu felst viðurkenning á því að samkynhneigð snúist ekki um að kynhvötin beinist í aðrar áttir en lög og Biblía geri ráð fyrir, heldur tilfinningar. Þegar tveir samkynhneigðir einstaklingar fella hugi saman, er það ekki spurning um afbrigðilega kynhvöt, heldur ást. Og hvað er fallegra en ástin, sannara en ástin? Hvernig er hægt að dæma ástina? Hvers vegna á fólk að þurfa að réttlæta tilfinningar sínar fyrir mönnum og kirkju?

**EINA** óljósa atriðið í frumvarpinu er íslenska þjóðkirkjan. Hvers vegna kemur það ekki á óvart? Þótt vissulega hafi fjölmargir prestar áttað sig á því að samkynhneigð er ekki galli, hvorki meðfæddur né áunninn, er stofnunin sem slík þversum, veifandi Biblíunni eins og illa artaður miðaldaklerkur með harðlífi í munnvikum og ofsa í augum, berandi fyrir sig krossinn helga eins og vopn gegn mennskunni. Leyfið börnunum að koma til mín og bannið þeim það ekki er sagt að séu orð Guðs og samkvæmt Biblíunni erum við öll Guðs börn. Ég man ekki eftir klausu eftir honum hafða um að samkynhneigðir séu þar undanskildir. Hvaða vald er kirkjan að taka sér með því að meina fóki sem elskast að vígja ást sína Guði? Er þessi jarðneska ríkisstofnun að taka sér guðlegt vald með „túlkun“ sinni á orðum Dorttins? Dæma menn á grundvelli bókar sem varar við því að fella dóma?

**ÞAÐ** vill svo til að það eru til aðrar leiðir að Guði en leiðir þjóðkirkjunnar. Hafni hún börnum Guðs fara þau annað.


Undraveröld hinna smáu






Skordýr sem dulbúa sig sem blóm eða laufblöð. Kónguló sem snarar bráð sína. Bjalla sem sannfærir býflugu um að gæta afkvæma sinna. Hið smágerða dýralíf er fagurt, mikilvægt og fjölbreytilegt svo undrun sætir – langt yfir milljón tegundir.

Fjölskrúðugt mannlíf í máli og myndum




Hér er tekið hús á 13 nýjum Íslendingum frá öllum heimsálfum og rætt við þá um ástæðu þess að þeir settust hér að. Lesendur fá að kynnast þeirri matarmenningu sem fólkið flutti með sér til Íslands og birtar eru uppskriftir að fjölbreytilegum réttum.



Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




15% AFSLÁTTUR

HORIZON/3000 – LÁRÉTT OG LÉTT
Ný hönnun frá HTH sem einkennist af fallegum ávölum gripköntum á skápum og skúffum. Innréttingarnar eru klæddar hvítri slitsterkri filmu og hönnunin undirstrikar fegurðina í einföldu samspili hvítra eininga og viðaráferðar.
Nú er einstakt tækifæri að eignast þessa glæsilegu innréttingu með 15% AFSLÆTTI.

Aðeins 15 innréttingar í boði. Fyrstur kemur – fyrstur fær!

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
eldhús • bað • fataskápar • þvottahús
ORMSSON
ORMSSON · SMÁRALIND
Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18. Sími 530 2900